

**FLOTTASTI EÐALVAGNINN**  
Rolls-Royce frum-  
sýndur á Íslandi  
• ferðir • bílar • heimili  
**allt** í MIÐJU BLÁDSINS



**NYLON Á FULLU Í BRETLANDI**  
Umvaðar breskum  
stjörnum  
Fengu kærastana út í heimsókn.  
**FÓLK 74**



**SIGURJÓN SIGHVATSSON**  
Zidane vekur athygli  
Mynd Sigurjóns um Zidane frumsýnd.  
**FÓLK 65**



# FRÉTTA BLAÐIÐ

FRÍTT

27. maí 2006 – 142. tölublað – 6. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 550 5000

**Rauði dregillinn í Cannes**  
Fræga fólkið skartaði sínu fegursta á kvikmyndahátíðinni í Cannes eins og sjá má í myndasýrpu frá hátíðinni.  
**TÍSKA 46**

**Formenn flokkanna óska eftir stuðningi**  
Formenn stjórnmalaflokkanna skrifa greinar í Fréttablaðið þar sem þeir óska eftir stuðningi kjósenda við sinn flokk í sveitarstjórnarkosningunum í dag. Allir leggja þeir áherslu á góða þjónustu sveitarfélaga víðs vegar um landið.  
**KOSNINGAR 28**

**Fleiri bækur á leiðinni**  
Brynhildur Þórarinsdóttir, bæjarlistamaður Akureyrar, hefur í nógu að snúast. Endursögn Laxdælu kemur út í haust og þá ætlar hún að byrja á nýrri skáldsögu.  
**VIÐTAL 40**

**Leikmaður umferðarinnar**  
Viktor Bjarki Arnarson var frábær í 4-1 sigurleik Víkings gegn Breiðabliki í vikunni og er leikmaður 3. umferðar Landsbankadeildarinnar hjá Fréttablaðinu.  
**ÍDRÓTTIR 68**

**VEÐRIÐ Í DAG**

**HÆGLÆTISVEÐUR** - Í dag verður yfirleitt hæg breytileg átt. Víða skúrir en úrkomultíð lengst af degi á landinu suðvestan og vestan til en hætt er við skúrum þar síðdegis. Hiti 5-12 stig, mildast suðvestan til.  
**VEÐUR 4**



Á **DRUAMASTADNUM** Kært var með oddvitum flokkanna fimm sem bjóða fram í höfuðborginni þegar ljósmyndari hitti þá í gær við Ráðhús Reykjavíkur, sem þeir hafa barist um sæti í vikum og mánuðum saman. Á myndinni eru frá vinstri; Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson, oddviti Sjálfstæðisflokksins, Björn Ingi Hrafnsson, oddviti Framsóknarflokksins, Svandís Svavarsdóttir, oddviti Vinstrihreyfingarinnar - græns framboðs, Ólafur F. Magnússon, oddviti Frjálslynda flokksins og Dagur B. Eggertsson, oddviti Samfylkingarinnar.  
**FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN**

Frambjóðendur í sveitarstjórnarkosningunum eru tæplega 2.700:

## Gengið til kosninga í dag

**KOSNINGAR** Ríflega 216 þúsund Íslendingar geta í dag kosið sér nýja fulltrúa í bæjar- og sveitarstjórnir landsins. Hefur kjósendum fjölgað um rúmlega ellefu þúsund frá síðustu kosningum en um 16.500 hafa rétt til að kjósa í fyrsta sinn. Sveitarfélögum hefur hins vegar fækkað úr 105 í 79. Kosið er milli tveggja eða fleiri framboðslista í 58 þessara sveitarfélaga, flestir eru listarnir á Akur-



eyri eða sex. Í 19 sveitarfélögum fer fram óbundin kosning og í tveimur er sjálfkjörið þar sem einungis einn listi býður fram. Frambjóðendur í kosningunum eru tæplega 2.700 og þar af eru karlar liðlega 1.500. Meðalaldur

frambjóðenda er tæp 44 ár. Sveitarstjórnarsæti sem keppt er um eru 529. Erlendir ríkisborgarar á kjörskrá eru fleiri nú en nokkru sinni eða tæplega 4.500, flestir frá Póllandi. Kjörfundur hefst víðast hvar klukkan 9 eða 10 og stendur til klukkan 22. Búist er við að fyrstu tölur um úrslit verði birtar fljótlega eftir lok kjörfundar.  
**- ssa**

## Ný könnun í Reykjavík: Kjósendur eru vel upplýstir

**SKOÐANAKÖNNUN** Samkvæmt nýrri skoðanakönnun Fréttablaðsins telja rúmlega 80 prósent Reykvikinga sig hafa nægar upplýsingar um stefnu flokkanna til að taka afstöðu í borgarstjórnarkosningunum í dag. Rúm 18 prósent telja sig ekki hafa nægar upplýsingar um stefnu flokkanna. Ekki var spurt hvaðan svarendur hefðu fengið upplýsingarnar, né heldur hvort þeir hefðu leitast eftir upplýsingum frá framboðunum.  
**- ss / sjá síðu 4**

Landlækni bærust 86 kvartanir vegna þjónustu á Landspítalanum:

## Mest kvartað yfir geðdeild

**HEILBRIGÐISMÁL** Kvörtunum og kærnum almennings vegna heilbrigðisþjónustu fjölgaði um tæp 19 prósent milli árána 2004 og 2005 úr 244 skráðum málum í 290. Í þessum 290 málum var oftast kvartað undan rangri eða ófullnægjandi meðferð. Ef litið er á kvartanir og kærur eftir sviðum eru heimilislækningar í fyrsta sæti. Matthías Halldórsson aðstoðarlandlæknir segir fjölda kvartana hafa farið hægt vaxandi undanfarin ár. „Það geta verið margvíslegar skýringar á því. Fólk er orðið meðvitaðra um að þessi kvörtunarleið er til staðar. Einnig koma fleiri að kvörtunum hjá embættinu en áður sem bætir aðgengi fyrir fólk að koma þeim áleiðis.“ Matthías segir

að heilbrigðisþjónustan sé sömu-leiðis sífellt að verða flóknari og fleiri sem að henni koma. Oftast var kvartað yfir Landspítalanum, eða 86 sinnum, og voru flestar kvartanir á hendur geðdeild. Þar næst komu skurð- og lyflækningadeildir ásamt bráða- og slyslækningadeild. Kvörtunum á hendur Landspítalans hefur þó fækkað hlutfallslega og telur Matthías það skýrast af því að starfsemi sé í auknum mæli að færast á einkastofur. Næstmest var kvartað undan einkastofum, einkum stofum sérfræðilækna. Kvartanir á hendur dvalar- og hjúkrunarheimilum hefur fjölgað. Að sögn Matthíasar stafar það vafalaust af mikilli umræðu um þessar stofnanir. „Sé

umræða í gangi hvetur það fólk til að koma sínum kvörtunum áfram.“ Niðurstöður fengust í 241 máli fyrir febrúarlok 2006. Þar af voru 57 staðfest og 34 staðfest að hluta. Þær aðgerðir sem embættið grípur til eru ábending, aðfinnsla, lögformleg áminning og leyfissvipting. Í fyrri voru tvær leyfissviptingar og þrjár lögformlegar áminningar. Við sviptingu er oft um áfengis- eða lyfjamisnotkun heilbrigðisstarfsmanna að ræða að sögn Matthíasar. Einnig geta elli-glöp verið ástæðan. Við lögformlega áminningu er algeng ástæða óvarkárni lækna í lyfjagjöf. Matthías vildi ekki gefa upp hverjar ástæðurnar væru í þessum tilvikum sem um ræðir.  
**- sgd**

vinbud.is

**Breyttir tímar á laugardögum**

LAUGARDAGSOPNUN VINBÚÐA

**11-18**

Á HÖFUDBORGARSVEÐINU

**VÍNBUÐ**  
lífum, lærum & njötum

Pað besta fyrir Kópavog

xdkop.is

**XD**





## SPURNING DAGSINS

Haraldur, eru þetta kornin sem fylltu mælinn?

„Mælirinn er allavega orðinn tómur.“

Akrar kornbænda fjúka burt vegna vinda og slæmrar veðráttu. Haraldur Benediktsson er formaður Bændasamtakanna.

Óvenju margir hafa nú þegar kosið í Reykjavík en um 86 þúsund eru á kjörskrá:

# Tíu þúsund hafa þegar kosið

**KOSNINGAR** Allt benti til þess í gær að atkvæði greidd fyrir kjördag í Reykjavík yrðu allt að 10 þúsund eða um 45 prósentum fleiri en greidd voru utan kjörfundar í borgarstjórnarkosningunum árið 2002.

Adólf Adólfsson, lögfræðingur hjá Sýslumannsembættinu í Reykjavík, segir að venjan sé að um 70 prósent þeirra sem greiða atkvæði utan kjörfundar skili sér á kjörstað síðustu dagana fyrir kosningar. „Vel á fimmta þúsund hafa komið síðustu þrjá dagana til að kjósa.“

Líðlega 85.600 manns eru á kjörskrá í Reykjavík. Verði kos-



**RÁÐHÚS REYKJAVÍKUR** Áttundi hver kjósendi hefur þegar kosið þegar kjördagur rennur upp í Reykjavík.

ingabátttakan svipuð og fyrir fjórum árum, eða um 84 prósent, má búast við að heildarfjöldi greiddra atkvæða nú verði um 72 þúsund. Samkvæmt þessu hafa nærri 14 prósent kjósenda í Reykjavík greitt atkvæði utan kjörfundar frá 1. apríl síðastliðnum.

Utankjörfundaratkvæði eru að venju talin sérstaklega eftir að búið er að telja atkvæði sem greidd eru á kjördegi. Ekki er ljóst hver samsetning þessa hóps er, en Adólf segir að nýbúar hafi verið áberandi að undanförunu meðal þeirra sem greitt hafa atkvæði utan kjörfundar. Nýbúar á kjörskrá í Reykjavík eru á fimmta þúsund. **sjá síðu 34 - jh**

Síðasta könnun Gallup:

## Allir ná manni í borgarstjórn

**KOSNINGAR** Sjálfstæðisflokkurinn eykur fylgi sitt frá síðustu raðkönnun Gallup fyrir fréttastofu Ríkisútvarpsins og fengi 45 prósent atkvæða og sjö menn kjörna. Fylgi Framsóknarflokksins mælist 5,9 prósent og dalar eilítið. Flokkurinn kemur þó manni inn og togast hann á við áttunda manns Sjálfstæðisflokksins. Samfylkingin bætir við sig tveimur prósentustigum, fengi 27,3 prósent og fjóra menn kjörna. Vinstri græn fengu tvo menn kjörna með 14,5 prósentu fylgi. Frjálslyndi flokkurinn fengi 7,3 prósent atkvæða sem er nokkur minna en í síðustu könnun og einn mann kjörinn. **- jh**

Örtröð myndaðist í lestum:

## 50.000 fóru yfir Stórabelti í gær

**DANMÖRK** Mikil örtröð skapaðist á aðalstarstöðinni Hovedbanegården í Kaupmannahöfn í gær, þegar lestarfyrirvöld buðu alla miða á miklum afslætti. Kostaði lestar-miðinn yfir Stórabelti til dæmis einungis 50 danskar krónur, eða 625 íslenskar krónur, en aðrir miðar voru á verðbilinu 312 til 1250 íslenskar krónur.

Strax klukkan hálf fimm í gærmorgun var orðið fullt út að dyrum í lestarstöðinni, en glatt var þó á hjalla í Hovedbanegården þrátt fyrir örtröðina og sátu Danir sælir á svip með kaffibolla í höndum og biðu rólegir eftir næstu lest.

Gerðu yfirvöld ráð fyrir því að um 50.000 manns hefðu nýtt sér afsláttinn í gær með því að ferðast yfir Stórabelti. **- smk**

Fréttablaðinu seinkar:

## Beðið eftir niðurstöðum

Vegna sveitarstjórnarkosninganna í dag verður ritstjórn Fréttablaðsins að störfum fram eftir nóttu. Reynt verður eftir megni að færa lesendum sem gleggsta mynd af niðurstöðum kosninganna í blaði morgundagsins. Þess vegna mun dreifingu Fréttablaðsins seinka í fyrramálið.

## BANDARÍKIN

**Olíuborun heimiluð** Fulltrúadeild Bandaríkjaþings heimilaði í fimmta sinn á fimmtudag olíuborun á náttúrufrílandi í Alaska, en líklegt þykir að öldungadeildin stöðvi borunina, líkt og hún hefur gert hingað til. Óttast vísindamenn mjög um afdrif fjölmargra hreindýra, sauðnauta og ísbjarna, hefjist borun á svæðinu.

## INNFLYTJENDAMÁL

**Kennsla í íslensku** Sumarskóli fyrir nýbúa, sem hafa búið á Íslandi skemur en fjögur ár, verður starfræktur í sumar. Boðið verður upp á kennslu í íslensku og fræðslu um íslenskt samfélag.



**BRUNI Á VESTURGÖTUNNI** Eldur kom upp á Vesturgötu 17 snemma í gærmorgun, fimm voru fluttir á slysadeild.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Skelfilegt að vakna upp við eldsvoðann

Ragnhildur Árnadóttir, íbúi við Vesturgötu, komst út af sjálfsdáðum þegar eldur kom upp í íbúð hennar. Hún hljóp þegar í stað yfir til systur sinnar í næstu íbúð. Þær voru ásamt öðrum íbúa fluttar á slysadeild með snert af reykeitrún.

**BRUNI** „Það er alveg ótrúlegt hvað þeir voru fljótir að koma, þetta var svo skelfilegt þegar ég vaknaði,“ segir Ragnhildur Árnadóttir, íbúi á Vesturgötu 17, en eldur kom upp í íbúð hennar snemma í gærmorgun. Ragnhildur komst út af sjálfsdáðum og gat gert öðrum íbúum viðvart. Hún segist vera mjög þakklát slökkviliði og lög-reglu fyrir að bregðast skjótt við. Ragnhildur hljóp út og fór til systur sinnar í næstu íbúð og hringdi þaðan á Neyðarlínu. „Maður náttúrulega byrjar að hafa áhyggjur af nágrönnum, þarna er gamalt fólk og öryrkjar.“

Að sögn Ragnhildar ætla Rúm-fatalagerinn að lána henni rúm og aðra muni meðan hún býr hjá syni sínum. Ragnhildur og aðstandendur hennar vilja koma til skila



**RAGNHILDUR ÁRNADÓTTIR** Íbúi í íbúðinni sem brann í gær, tölurverðar skemmdir eru á henni en persónulegir munir björguðust.

FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

miklu þakklæti til þeirra sem stóðu að björguninni.

Tilkynning barst til Neyðarlínunnar klukkan hálfsex og fóru allar þrjár stöðvar slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins á staðinn. Að sögn Friðjóns Daníelssonar, varðstjóra hjá slökkviliði höfuðborgarsvæðisins, var mikill reykur í

íbúðinni en eldurinn breiddist ekki út um húsið.

Systurnar, sem búa í íbúðum hlið við hlið, voru fluttar á slysadeild Landspítalans í Fossvogi með snert af reykeitrún ásamt öðrum íbúa hússins. Að sögn vakthafandi læknis var þeim gefið súrefni en þær voru útskrifaðar fyrir hádegi í gær. Tveir lögreglumenn fóru inn í húsið til þess að vekja aðra íbúa þess en mikill reykur myndaðist í stigahúsinu og voru þeir einnig fluttir á slysadeild vegna reykeitrúnar.

Slökkvistarf gekk vel en því var lokið klukkan tuttugu mínútur yfir sex og að sögn Friðjóns unnu sextán menn að því að slökkva eldinn. Íbúðin er um 60 fermetrar og að sögn lögreglu er talið að eldurinn hafi kviknað í stofunni.

gudrun@frettabladid.is



**JÓHANN HJARTARSON ER Í HÓPI LANDSLÍÐSMANNA.**

Ólympíuskákmótið í Tórínó:

## Jafntefli í fimmtu umferð

**SKÁK** Íslensku skáklandsliðin gerðu bæði jafntefli í fimmtu umferð Ólympíumótsins í Tórínó á Ítalíu á fimmtudag. Karlaliðið tefldi gegn Rúmeníu og lyktaði viðureigninni með tveimur vinningum gegn tveimur. Kvinnaliðið mætti Portúgal og þar fóru leikar einn og hálfur vinningur gegn einum og hálfum.

Stefán Kristjánsson og Lenka Ptacnikova unnu sínar skákir og Hannes Hlífur Stefánsson, Helgi Ólafsson og Guðlaug Þorsteinsdóttir gerðu jafntefli.

Að loknum fimmtu umferðum er karlaliðið í 17.-27. sæti með 13 vinninga en kvinnaliðið er í 57.-68. sæti með 7 vinninga. Frí var frá taflmennskunni í gær en sjötta umferð verður tefld í dag. **- bps**

Kosningarnar í Hrísey:

## Atkvæðunum siglt og ekið

**KOSNINGAR** Atkvæði sem greidd eru í Hrísey í kosningunum í dag verða talin á Akureyri enda Hrísey hluti af Akureyrarbæ eftir sameiningu sveitarfélaganna á síðasta ári.

Kjörfundi í Hrísey lýkur klukkan 18 og verður kjörkassinn fluttur með ferjunni til Árskógsands klukkan 19. Þangað verða þau sótt og flutt með lögreglubíl til Akureyrar. 132 eru á kjörskrá í Hrísey. **- bps**

Björgólfsfeðgar kaupa hlutabréf í Gretti, Landsbankanum og TM:

# Herða tök sín á Straumi

**VIÐSKIPTI** Ópera, félag í eigu Björgólfsfeðga, hefur keypt tæp sextán prósent í Fjárfestingarfélaginu Gretti af Sundi, fjölskyldu Óla í Olís. Kaupverðið hefur ekki verið gefið upp.

Stærsti eignarhlutur Grettis liggur í Straumi-Burðarási og er talið líklegt að Björgólfsfeðgar hafi þar með tryggt sér meirihluta í stjórn Straums en á dögnum fengu þeir heimild Fjármálaeftirlitsins til að fara með yfir 20 prósent eignarhlut. Ætla má að hlutur Björgólfsfeðga í Straumi fari með beinum eða óbeinum hætti yfir 40 prósent en Grettir, sem er í eigu Landsbankans, TM og Óperu, á sextán prósent í Straumi og sjálfir eiga Björgólfsfeðgar hátt í fimmtungshlut.

Átök voru milli Björgólfs Thors Björgólfsfson, stjórnarformanns Straums, og Magnúsar Kristins-



**BJÖRGÓLFUR THOR BJÖRGÓLFSSON** Félag í eigu Björgólfsfeðga voru umsvifamikil í gær þegar tilkynnt var um kaup þeirra í Gretti, Straumi og TM.

sonar varaformanns í stjórn Straums, og með þessu hefur sá fyrrnefndi styrkt stöðu sína. Í stjórn Straums sitja Björgólfur Thor, Eggert Magnússon, Magnús, Kristinn Björnsson og Páll Þór Magnússon, framkvæmdastjóri Straums, sem situr fyrir hönd Grettis.

Jafnframt hefur Sund selt

þriðjungshlut sinn í TM til Blá-tjarnar sem er í helmingseigu Björgólfsfeðga og Sunds. Kaupverð hlutarins er 10,4 milljarðar króna.

Samson eignarhaldsfélaga, félag Björgólfsfeðga, keypti einnig eitt prósent hlutfjár í Landsbankanum í gær og fer með 41,2 prósent hlut í bankaum. **- eþa**

## Barnaborgin Reykjavík

Það er ekki undirbúningur fyrir lífið að vera barn.

Það er lífið.

Forgangsröðum í þágu barnanna í borginni.

## Kjósum Vinstri græn



VINSTRIHREYFINGIN grænt framboð



**Svandís Svavarsdóttir** 1. sæti í Reykjavík



Aðeins  
laugardag og  
sunnudag



Sólboði 3stk 999



20 stk  
Stjúpur  
799



Lísa  
Krýsi  
Begónía

Blómstrandi  
stofublóm 399

# Stjúputilboð

-hvergi betra verð



5 lítra  
úðakútur  
999

  
heillandi heimur

Skútvogur - Keflavík - Selfoss - Akureyri  
Grafarholt - Kringlan - Smáralind



| GENGIÐ                      |               |              |
|-----------------------------|---------------|--------------|
| GENGI GJALDMÍÐLA 26.05 2006 |               |              |
| KAUP SALA                   |               |              |
| Bandaríkjadalur             | 72,41         | 72,75        |
| Sterlingspund               | 135,47        | 136,13       |
| Evra                        | 92,71         | 93,23        |
| Dönsk króna                 | 12,429        | 12,501       |
| Norsk króna                 | 11,855        | 11,925       |
| Sænsk króna                 | 9,952         | 10,01        |
| Japanskt jen                | 0,6463        | 0,6501       |
| <b>SDR</b>                  | <b>107,86</b> | <b>108,5</b> |

*Gengisvísitala krónunnar*  
128,2582

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Þrír menn eru í haldi lögreglu eftir alvarlega líkamsárás á Akureyri á fimmtudag:

# Klipptu framan af fingri

**LÍKAMSÁRÁS** Alvarleg líkamsárás var framin um hádegi á fimmtudag á Akureyri þar sem klippt var framan af fingri manns með garðklippum. Árásarmennirnir voru þrír menn á þritugsaldri sem eru þekktir úr fíkniefnaheiminum og fyrir ofbeldi.

Alls urðu þrír fyrir árásum af hálfu manna, einn missti framan af fingri eins og áður sagði, annar er talinn hafa nefbrotnað en ekki er vitað um þann þriðja. Sá sem missti framan af fingri var á fimmtugsaldri en hinir tveir á svipuðum aldri og árásarmennirnir. Að sögn Björn Jósefs Arnviðarsonar, sýslumanns á Akureyri, voru árás-

irnar gerðar í heimahúsi á Akureyri og vitni voru að atburðinum.

Lögreglan hefur farið fram á gæsluvarðhald yfir mönnum til 6. júní en dómari hefur tekið sér frest þangað til í dag til þess að taka ákvörðun um það.

Mennirnir voru í mjög annarlegu ástandi þegar þeir voru handteknir svo ekki var unnt að hefja yfirheyrslur fyrr en í gærdeg. Ekki fengust upplýsingar um líðan mannsins sem missti fingurinn.

- spg

**LÖGREGLUSTÖÐIN Á AKUREYRI** Árásarmennirnir eru nú í haldi lögreglu en dómur um gæsluvarðhald verður kveðinn upp á laugardag. FRÉTTABLAÐIÐ/KRISTJÁN



Reykjavíkurborg:

# Veitir Hrafnistu 223 milljónir

**SAMNINGUR** Steinunn Valdís Óskarsdóttir borgarstjóri og Guðmundur Hallvarðsson, formaður Sjómannadagsráðs, undirrituðu á fimmtudag samning um 223 milljón króna kostnaðarhlutdeild Reykjavíkurborgar í nýrri 60 rýma hjúkrunarálmu á lóð Hrafnistu í Reykjavík. Með samningnum fær borgin rétt til að ákvarða hverjir nýta 18 af hjúkrunarrýmum. Ríkisvaldið hefur áður samið við Hrafnistu um sömu kostnaðarþátttöku.

Álman er tæpir 4.000 fermetrar á tveimur hæðum og starfsmenn hennar eru rúmlega 60.

- sh



FOGH RASMUSSEN OG AL-MALIKI Ráðherrarnir hittust í Bagdad á miðvikudag.

# Öryggi tryggt á næsta ári

**ÍRAK. AP** Nouri al-Maliki, hinn nýi forsætisráðherra Íraks, fullyrkti á miðvikudag að Íraskar öryggisveitir yrðu færar um að tryggja öryggi í landinu innan hálfis annars árs. Hann tók þó fram að enn sem komið væri skorti þessar veitir meiri mannafla, þjálfun og tækjabúnað.

Þetta sagði al-Maliki í yfirlýsingu sem hann sendi frá sér eftir að hafa rætt við Anders Fogh Rasmussen, forsætisráðherra Danmerkur. Á mánudag sagði al-Maliki að öryggisveitir Íraks myndu taka að sér öryggismál í nokkrum héröðum landsins strax í næsta mánuði.

# Lítið snjóflóð féll á Siglufirði: Sólbráð setti snjóflóð af stað

**SNJÓFLÓÐ** Lítið snjóflóð féll á Siglufirði í gærdeg og stöðvaðist á nýjum varnargarði ofan við bæinn. Ekki urðu nein slys á fólki og samkvæmt upplýsingum frá sýslumanni og formanni bæjarráðs var aldrei nokkur hættu á ferðum.

Hlýtt hefur verið í bænum og sólskin og líklegt er að sólbráð hafi valdið flóðinu.

„Þetta var bara svona það sem við köllum spýju,“ sagði Ólafur Kárason, formaður bæjarráðs. „Það eru svona spýjur hérna úti um allan fjörð.“

# Kjósendur telja sig nægilega upplýsta

Mikill meirihluti Reykvíkinga telur sig vita nægjanlega mikið um stefnumál stjórnmalaflokkanna í Reykjavík til að velja á milli þeirra fyrir kjördag í dag.

**SKOÐANAKÖNNUN** Samkvæmt nýrri skoðanakönnun Fréttablaðsins segjast 78,5 prósent Reykvíkinga hafa fengið nægar upplýsingar um stefnumál þeirra stjórnmalaflokka sem eru í framboði í Reykjavík til að gera upp hug sinn fyrir borgarstjórnarkosningarnar sem fram fara í dag. 17,5 prósent segjast ekki hafa nægar upplýsingar, 3,4 prósent eru óviss hvort þau hafi nægar upplýsingar og 0,6 prósent neituðu að svara spurningunni.

Ef einungis er tekið tillit til þeirra 96 prósentna sem tóku afstöðu til spurningarinnar segjast 81,8 prósent hafa nægar upplýsingar, en 18,2 prósent telja sig ekki vita nóg um stefnumál flokkanna til að gera upp hug sinn í dag. Ekki var spurt hvaðan svarendur hefðu fengið upplýsingar sínar, eða hvort þeir hefðu leitað sérstaklega eftir þeim.

Kosningastjórar framboðanna eru sammála um að þeir hafi notað þær leiðir sem mögulegar eru til að koma sínum stefnumálum á framfæri til kjósenda. Einungis Frjálslyndi flokkurinn sagðist ekki hafa notað sjónvarpsauglýsingar, utan skjáauglýsinga, og bar við fjárskorti.

Jón Kr. Snæhólm, aðstoðarmaður Vilhjálms Þ. Vilhjálmssonar, segir aðaláherslu Sjálfstæðisflokksins hafa verið að frambjóðendur hitti

fólk og komi skilaboðum þannig áleiðis, með vinnustaðafundum og með því að vera á fjölförnum stöðum. Stofnumálin hafi svo verið ítrekuð með auglýsingu.

Sæunn Stefánsdóttir, sem situr í kosningastjórn Framsóknarflokks, segir flokkinn hafa háð nútímalega kosningabaráttu, þar sem allir miðlar hafi verið notaðir og að ekki sé hægt að segja að einhver ein aðferð sé betri en önnur til að koma stefnumálunum áleiðis. „Okkur hefur tekist að vera sýnileg í umræðunni og leitt hana að einhverju leyti,“ segir Sæunn.

Margrét Sverrisdóttir, framkvæmdastjóri Frjálslynda flokksins, segir að auk hefðbundinna leiða séu viðtöl við frambjóðendur í fjölmiðlum mjög dýrmæt leið til að koma stefnu flokkanna á framfæri. Það sem virki best sé að vera trúverðugur og raunsær í málflutningi.

Elfás Jón Guðjónsson, kosningastjóri Vinstri grænna, er ekki sammála Margréti og segir flokkinn ekki hafa verið nógu ánægðan með umræðubætti, þar sem fjölmiðlafólkið stjórni umræðunni og gefi því frambjóðendum ekki næg tækifæri til að tjá sig um þau málfein sem þeir vilja leggja áherslu á. Hann segir að best virki að vera á fjölförnum stöðum og ræða við fólk.



Jón Kr. Snæhólm



Jón Kristinn Snæhólm




Magnús Orri Schram



Margrét Sverrisdóttir



Sæunn Stefánsdóttir



Hann viðurkennir að það sé seinvirkasta aðferðin, en segir hana áhrifaríkasta.

Magnús Orri Schram, kosningastjóri Samfylkingarinnar, segir að ein nýbreytni hafi virkað mjög vel fyrir flokkinn. „Við leigðum tvo strætisvagna og í stað þess að bjóða upp á kaffi á kosningamiðstöðinni, höfum við farið með kaffi út til fólksins. Þá er auðveldara fyrir fólk að koma til okkar og spjalla, því það er ákveðin yfirlýsing að labba inn á kosningamiðstöð.“

Hringt var í 800 Reykvíkinga, jafnmarga karla og konur, 25. maí. Spurt var: Telur þú þig hafa fengið nægar eða ónógar upplýsingar um stefnumál þeirra stjórnmalaflokka sem eru í framboði í Reykjavík til að gera upp hug þinn fyrir sveitarstjórnarkosningarnar á laugardag? 96 prósent svarenda tóku afstöðu til spurningarinnar. svanborg@frettabladid.is

# Kjörkassarnir í Reykjavík: Sumir allt að sextíu ára

**KOSNINGAR** Margir kjörkassarnir sem notast er við í Reykjavík geyma langa sögu. Við suma þeirra hefur verið notast í allt að sextíu ár og þá jafnt í borgarstjórnar-, alþingis- og forsetakosningum. Skipt er um kassa þegar þurfa þykir en oft líða nokkur ár á milli kosninga og þeir því lítið notaðir.

79 kjördeildir eru í Reykjavík og verður skipt um kassa í öllum í dag, utan Kjalarness þar sem ekki þykir ástæða til þess. Verða því notaðir 157 kjörkassar við kosningarnar í borginni.



# Afleiðingar kuldakastsins: Hálandisvegir enn lokaðir

**SAMGÖNGUR** Hálandisvegir á landinu eru allir lokaðir vegfarendum enn sem komið er. Samkvæmt upplýsingum frá Vegagerðinni er ekki gert ráð fyrir að þeir verði opnaðir fyrr en um miðjan júní-mánuð.

Ástand hálandisveganna er nokkuð svipað því sem verið hefur undanfarin ár á þessum árstíma en nýafstaðið kuldakast mun að líkindum seinka opnun þeirra í einhvern tíma.

# LANDHELGISGÆSLAN

**Nýr flugrekstrarstjóri** Geirþrúður Alfréðsdóttir hefur verið ráðin flugrekstrarstjóri Landhelgisgæslunnar. Geirþrúður hefur starfað sem flugstjóri hjá Ícelandair, deildarstjóri flugöryggisdeildar Flugmálastjórnar og formaður rannsóknarnefndar flugslysa.

**Kynjaborgin Reykjavík**

Við Vinstri græn viljum að stelpur og strákar eigi jafna möguleika á að láta drauma sína rætast.

Forgangsröðum í þágu kvenfrelsis.

**Kjósum Vinstri græn**

**Svandís Svavarsdóttir**  
1. sæti í Reykjavík

**VEÐURSPÁ**

um hádegi »

» á morgun

» mánudagur

|  |               |                 |                 |               |            |                 |
|--|---------------|-----------------|-----------------|---------------|------------|-----------------|
| Sigurður Þ. Ragnarsson, veðurfræðingur   | Kaupmannahöfn | 13°C hálfskýjað | London          | 16°C skúrir   | Alicante   | 26°C hálfskýjað |
| <b>KOSIÐ Í DUMBUNGI</b>  | Billund       | 13°C skúrir     | Paris           | 20°C skúrir   | Mallorca   | 25°C heiðskirt  |
| Enda þótt góðviðri sé í kortunum á þessum kjördegi mætti óneitanlega vera bjartara á landinu. Kjördagur er jú ávallt dagur mannamóta og því skemmtilegra að það sé sól og blíða. En í dag og á morgun má búast við skúraveðri, einkum við norður- og austurströndina og jafnvel suðvestan- og vestan til síðdegis. Á hinn bóginn er vindur hægur þannig að vel ætti að vera hægt að spjalla undir regnhlífi. | Oslo          | 15°C hálfskýjað | Frankfurt       | 19°C rigning  | Krít       | 26°C hálfskýjað |
| <b>VEÐURHORFUR Í BORGinni</b>  | Stokkhólmur   | 15°C hálfskýjað | Friedrichshafen | 18°C rigning  | Las Palmas | 26°C heiðskirt  |
| Hæg norðlæg átt. Skýjað og hætt við stöku skúrum síðdegis. Hiti 7-10 stig.   | Gautaborg     | 13°C hálfskýjað | Berlin          | 17°C alskýjað |            | 22°C hálfskýjað |

\* Hitatölur sýna hæstu hitagildi. Vindhraði er í metrum á sekúndu.





# TÍMI TIL AÐ BREYTA

## Kæru Reykvíkingar.

Í dag kjósum við nýja borgarstjórn. Samhentur listi Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík hefur kynnt framtíðarsýn sem er metnaðarfull, trúverðug og raunhæf.

## Nú er tími til að breyta.

Um leið og ég þakka mótframboðum Sjálfstæðisflokksins fyrir málefnalega og drengilega kosningabaráttu óska ég eftir stuðningi ykkar sem borgarstjóri næstu fjögur árin og legg til grundvallar reynslu mína og þekkingu.

Ég mun kappkosta að vinna að málefnum Reykvíkinga í hvítetna með þeirri hógværd og þjónustulund sem góðum borgarstjóra sæmir.

Með vinsemd og virðingu,





## KJÖRKASSINN

Ertu spenn(ur) fyrir sveitarstjórnarkosningunum?

|     |     |
|-----|-----|
| Já  | 67% |
| Nei | 33% |

### SPURNING DAGSINS Í DAG

Heldurðu að FH-ingar verði Íslandsmeistarar í fótbolta karla?

Segðu skoðun þína á vís.is

VÍSIR

Mánaðarlaun bæjarstjóra allt frá 300 þúsund upp í 900 þúsund krónur:

# Laun bæjarstjóra afar misjöfn

**KJARAMÁL** Bæjarstjórnir í 500 til 999 íbúa sveitarfélögum eru með á bilinu þrjú hundruð til átta hundruð þúsund krónur í laun á mánuði. Hlunnindagreiðslur til þeirra nema auk þess allt að tvö hundruð þúsund krónum. Algengast er að þeir fái á milli 500 til 600 þúsund krónur í laun.

Bæjar- og sveitarstjórnir í sveitarfélögum með íbúafjölda frá þúsund og upp í 1.999 hafa á bilinu sex hundruð þúsund til níu hundruð þúsund krónur í laun á mánuði.

Þetta kemur fram í könnun hag- og upplýsingasviðs Sambands íslenskra sveitarfélaga á

## LAUN BÆJARSTJÓRA Í 500 TIL 999 ÍBÚA SVEITARFÉLÖGUM

|                |      |
|----------------|------|
| <399 þúsund    | einn |
| 400-499 þúsund | þrjú |
| 500-599 þúsund | sjö  |
| 600-699 þúsund | þrjú |
| 700-799 þúsund | einn |

Heimild: Samband íslenskra sveitarfélaga

launakjörum stjórnenda sveitarfélaganna. Hlunnindagreiðslur nema allt að 200 þúsund krónum á mánuði, en eru í einhverjum tilfellum undir fimmtíu þúsund krónum.

Gunnlaugur Júlíusson, sviðs-

stjóri hag- og upplýsingasviðs, segir þetta í þriðja sinn sem launakjör bæjarstjóra séu könnuð. „Í minnstu sveitarfélögum tíðkaðist hér áður að ekkert væri greitt fyrir nefndarstörf. Það er eiginlega horfið. Síðan hafa launin farið hækkandi eftir því sem sveitarfélögin stækka.“

Sjö af níu sveitarfélögum með yfir fimm þúsund íbúa skiluðu inn tölum. Í einu þeirra fær bæjarstjórn greiddar 700 til 800 þúsund krónur í mánaðarlaun. Í hinum sex nema launin 800 til 900 þúsund. Hlunnindagreiðslur bæjarstjórnanna ná sumar allt að 150 þúsund krónum.

Margrét Þórhildur með gigt:

## Drottningin í aðgerð á hné

**DANMÖRK** Margrét Þórhildur Danadrottning mun gangast undir aðgerð á vinstra hné í næstu viku. Hnéd er illa farið vegna slitgigtar og því hefur drottningin þurft að draga töluvert úr vinnu undanfarin misseri. Aðgerðin verður framkvæmd á sjúkrahúsinu í Árósum.

Margrét drottning er nú í opinberri heimsókn í Grikklandi. Það er í fyrsta skipti sem meðlimur dönsku konungsfjölskyldunnar fer þangað í opinbera heimsókn síðan konungdæmi var aflagt í landinu árið 1974, en Anna María, systir Margrétar, er eiginkona Konstantíns, síðasta konungs Grikkja.

Sigfús Vilhjálmsson í Mjóafirði:

## Eins og hver annar kjósandi

**KOSNINGAR** Sigfús Vilhjálmsson, hreppstjóri í Mjóafirði til áratuga, hefur engum opinberum skyldum að gegna í kosningunum í dag. Teljast það tíðindi því ekki hafa farið fram kosningar í Mjóafirði í háa herrans tíð án hans aðkomu.



SIGFÚS VILHJÁLMSOHN

„Jú, þetta er nokkuð sérstakt, ég neita því ekki,“ sagði Sigfús en Mjóáfjörður sameinast Fjarðabyggð við kosningarnar. Um leið hættir hann alfarið afskiptum af sveitarstjórnarmálum.

Atkvæðin verða talin á Reyðarfirði. Þæfingur var á veginum yfir Mjóáfjarðarheiði í gær og þurfti að skafa af veginum. Vonir standa til að hægt verði að flytja þau á bifreið en í þingkosningum hefur komið fyrir að Sigfús hafi farið yfir Mjóáfjarðarheiðina á vélsleða eða sent atkvæðin sjóleiðina vegna ófærðar.

# Viðurkenna að hafa gert mistök í Írak

Bush og Blair viðurkenndu að hafa gert ýmis mistök í Íraks-málinu. Blair hvetur til sáttu og vill gera víðtækar breytingar á Sameinuðu þjóðunum.

**WASHINGTON, AP** Tony Blair, forsætisráðherra Breta, vill að gerðar verði víðtækar breytingar á Sameinuðu þjóðunum. Í ræðu sem hann flutti í Washington í gær lagði hann meðal annars til að framkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna fengi meiri völd til þess að bregðast hratt við þegar neyðarástand kæmi upp í heiminum.

Einnig fór Blair fram á víðtæk-an alþjóðlegan stuðning við uppbyggingu lýðræðis í Írak og sagði að nú væri kominn tími til að leita sáttu á alþjóðavettvangi.


Blair sagðist hafa sannfærst um það í heimsókn sinni til Íraks nú í vikunni að leiðtogarnir þar í landi vildu raunverulega lýðræði. „Þeir vilja réttarríki, ekki ofbeldi,“ sagði hann í ræðu sinni.

„Ef Írakar geta sýnt trú sína á lýðræðið með því að greiða því atkvæði, ættum við þá ekki að sýna trú okkar með því að veita þeim stuðning?“

Á sameiginlegum blaðamannafundi þeirra Blairs og George W. Bush Bandaríkjaforseta á fimmtudag viðurkenndu þeir báðir að þeim hefðu orðið á margvísleg mistök varðandi Írak. Báðir fóru þeir í vörn þegar talið barst að Írak, þótt þeir hefðu kosið að fagna því að loks hefði tekist að mynda starfhæfa stjórn í Írak.

Bush viðurkendi meðal annars að blóðbaðið í Írak hefði verið svo mikið að umheimurinn ætti skiljanlega erfitt með að sýna því skilning. Blair sagði ofbeldið hafa verið „skelfilegt“.

Meðal mistakanna sem þeir nefndu var sú illa meðferð sem fangarnir í Abu Ghraib-fangelsinu sættu af hálfu bandarískra her-



TONY BLAIR OG GEORGE W. BUSH Forsætisráðherra Breta heimsótti Bandaríkjaforseta á fimmtudag. Þeim varð tíðrætt um ýmis mistök sem þeir hefðu gert í Írak.

manna. Bush sagðist einnig hafa áttað sig á því að hann ætti ekki vera jafn óvarkár í orðavali.

„Ég lærði ýmsilegt um að tjá mig kannski með svolítið fagaðra orðfæri, skilurðu,“ sagði Bush lágrí röddu.

Blair sagði einnig að bæði hann og Bush hefðu vanmetið styrk uppreisnarmanna.

Hvorki Bush né Blair vildu

segja neitt um það á blaðamannafundi sínum hvenær breskir og bandarískir hermenn gætu farið frá Írak.

Blair hélt í opinbera heimsókn til Bandaríkjanna á fimmtudag. Þeir Bush og Blair hittust þann dag og síðan áttu þeir annan fund í gær, eftir að Blair hafði flutt ræðu sína í Washington.

gudsteinn@frettabladid.is



VIBBÚNAÐUR Lögreglan í Washington brást skjótt við.

Uppnám í Washington:

## Skothvellur í þinghúsinu

**WASHINGTON, AP** Lögreglan í Washingtonborg brást skjótt við í gær þegar tilkynning barst um að heyrst hefði skothvellur í einni af byggingum Bandaríkjaþings á Capitol Hill. Enginn fannst þó byssuáðurinn og enginn hafði orðið fyrir skoti.

Byggingunni var lokað meðan rannsókn stóð yfir. Lögreglan hefur aðstöðu til skotæfinga í kjallara byggingarinnar, en ekki var talið að hljóðið kæmi þaðan.

„Mín ágiskun er að aukasprengring hafi orðið í útblæstri bifreiðar, eða blaðra hafi sprungið,“ sagði einn starfsmanna í byggingunni.

Ný könnun í Danmörku:

## Dönsk börn drekka minna

**DANMÖRK** Töluvert hefur dregið úr áfengisdrykkju og reykingum meðal danska barna á aldrinum ellefu til fimmtán ára samkvæmt nýrri könnun.

Fram kom að reykingar meðal ellefu til þrettán ára barna heyra næstum sögunni til. Þrátt fyrir þessar jákvæðu niðurstöður halda Danir efsta sætinu yfir þau Evrópulönd þar sem reykingar og áfengisdrykkja meðal barna og unglinga er algengust.

## KJARAMÁL

**Laun hækkuðu** Laun hækkuðu að meðaltali um 0,4 prósent í apríl samkvæmt mælingu Hagstofu Íslands. Launavísitalan mældist 286,4 stig. Undanfarið ár hafa laun því hækk- að um 8,4 prósent á sama tíma og vorðlag hefur hækkað um 5,5 prósent. Kaupmáttur hefur vaxið um 2,7 prósent síðustu tólf mánuði.

## PALESTÍNA

**Hamas-liðar farnir** Hamas-stjórnin kallaði vopnaðar sveitir sínar burt af götum Gaza-borgar í gær. Spenna hafði magnast milli Hamas-liðanna og palestínsku lögreglunnar, sem er hlíðholl Abbas forseta, eftir að Hamas-samtökin sendu eigin hersveitir út á götur Gaza.

## Náttúruborgin Reykjavík

Umhverfis- og náttúruvernd er okkar hjartans mál.

Við Vinstri græn höfum löngun til að skapa heilnæmara andrúmsloft og blómlegra mannlíf í borginni.

Forgangsröðum í þágu náttúrunnar.

Kjósum Vinstri græn



VINSTRIREYFINGIN grænt framboð



Svandís Svavarsdóttir 1. sæti í Reykjavík

Pingnefnd í Þýskalandi birtir skýrslu um ólöglegar njósnir leyniþjónustunnar:

## Njóснаð var um blaðamenn

**ÞÝSKALAND, AP** Þýska leyniþjónustan stundaði það árum saman að njósna um þýska blaðamenn án þess að hafa til þess lagalegar heimildir af nokkru tagi. Leitað var í rusli blaðamannanna og vandlega farið í gegnum allar rannsóknir sem blaðamennirnir stunduðu í þeirri von að geta komist að því hverjir hefðu leikið í þá upplýsingum.

Þýska þingið birti í gær skýrslu, þar sem greint er frá þessu. Í skýrslunni gerir rannsóknarnefnd þingsins, sem farið hefur ofan í saumana á þessu máli, ítarlega grein fyrir niðurstöðum sínum.

Í síðustu viku lagði þýska stjórnin bann við því að leyniþjónustan, sem á þýsku nefnist Bundesnachrichtendienst, eða BND, njóснаði um blaðamenn, en þá höfðu kaflar úr skýrslunni leikið til fjölmiðla.



ADALSTÖÐVAR ÞÝSKU LEYNIÞJÓNUSTUNNAR Inngangurinn að aðalstöðvum þýsku leyniþjónustunnar í Pullach lætur lítið yfir sér, eins og vænta má af slíkri starfsemi.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Ernst Uhlar, yfirmaður leyniþjónustunnar, baðst í gær afsökunar á þessum njósnum og sagði að gripid yrði til ráðstafana til að koma í veg fyrir að slíkt endurtæki sig.

„Sem forstjóri BND biðst ég afsökunar á þeim brotum á rétt-

indum sem leiddu af athöfnum BND,“ sagði Uhlar.

Angela Merkel, kanslari Þýskalands, sagði í gær að ríkisstjórnin hefði ekki vitað af því að BND hefði njóснаð um blaðamenn fyrr en rannsókn á því hófst í janúar síðastliðnum.

- gb



# Grillum saman




Úr fiskborði  
grillpinnar

**GOTT  
Á  
GRILLIÐ**



Kryddlegin  
hreindýrasteik

**GOTT  
Á  
GRILLIÐ**



Svínaríf, elduð úr kjötborði  
BBQ hunangslegin

**GOTT  
Á  
GRILLIÐ**

## Fóti FEL



Dijon hunangs sósa



Rósapípar sósa



Basil & hvítlauks sósa

Mest seldu grillsósurnar  
í Hagkaupum!

Hefur þú prófað?



Eggaldin

**GOTT  
Á  
GRILLIÐ**



Zucchini

**GOTT  
Á  
GRILLIÐ**



Steinselju rót

**GOTT  
Á  
GRILLIÐ**

Gildir á meðan birgðir endast.

**HAGKAUP**  
Skemmtilegast að versla





### VEISTU SVARID?

- 1 Hvað heitir sigurvegarinn í spurningakeppninni Meistararum á Stöð 2?
- 2 Hvað heita forstjórnar Enron sem hafa verið dæmdir sekir?
- 3 Hvaða fótboltaíð hefur keypt Fernando Morientes?

SVÖRIN ERU Á BLS. 74

Yfirkjörstjórn Mosfellsbæjar segir bæjarstjórnann ekki hafa brotið kosningalög:

## Fór að ráði fjármálastjórans

**SVEITARFÉLÖG** Yfirkjörstjórn Mosfellsbæjar hafnar kvörtun Vinstri hreyfingarinnar - græns framboðs um að bæjarstjórnin Ragnheiður Ríkhardsdóttir hafi brotið kosningalög þegar hún sendi bæjarbúum undirritaða ávísun fyrir afslætti fasteignagjalda. Eins er með yfirkjörstjórnina í Kópavogi vegna hliðstæðs máls þar.

Þorbjörg Inga Jónsdóttir, formaður yfirkjörstjórnar Mosfellsbæjar, segir að Ragnheiður hafi einungis verið að framkvæma ákvörðun bæjarstjórnarinnar um að greiða fasteignaafláttinn út og farið að ráðum fjármálastjórans þegar ákveðið var að gefa út ávís-



**RAGNHEIÐUR RÍKHARÐSDÓTTIR** Bæjarstjóri braut ekki lög að mati yfirkjörstjórnar í Mosfellsbæ.

anir. „Jafnvel þó að tvær setningar sem falla ekki beint við ákvörðun bæjarstjórnarinnar fari í

niðurlag bréfsins finnst okkur það ekki ganga svo langt að hægt sé að fella það undir kosningaspjöll, enda stóð bæjarstjórnin saman að ákvörðuninni um afsláttinn.“

Ólafur Þór Gunnarsson, oddviti Vinstri grænna í Kópavogi, segir að þrátt fyrir að ávísanamálið sé metið tæknilega löglegt í Kópavogi, sé það að þeirra mati grímulaus tilraun til atkvæðakaupa. Atvikin verði skoðuð með öðrum eftir kosningar og þá metið hvort framkvæmd þeirra hafi verið með eðlilegum hætti.

Bjarki Bjarnason, formaður vinstri grænna í Mosfellsbæ, segir stöðuna metna eftir kosningar. - **gag**

Bátur suður af Höfn:

## Fékk veiðarfæri í skrófuna

**BJÖRGUN** Báturinn Ragnar SF 550 óskaði eftir aðstoð snemma í gærmorgun eftir að hafa fengið veiðarfæri í skrófuna. Björgunarskipið Ingibjörg fór frá Höfn í Hornafirði og kom til þjargar.

Báturinn, sem er 15 tonn og gerður út frá Höfn, var staddur um tíu sjómílar suður af Höfn. Björgunarskipið tók bátinn í tog og flutti hann til hafnar.

Ekkert amaði að þeim þremur mönnum sem um borð voru í bátinum og enginn þeirra var nokkurn tíma í hættu. Veiðrið á þessum slóðum var mjög gott og vel gekk að koma bátinum til hafnar. - **gþg**

Byggjum íþróttakademíu við Vatnsenda með knatthúsi, skóla og fjölbreyttri íþróttastöðu

Ásthildur Helgadóttir skipar 4. sæti á lista Sjálfstæðisflokksins

Það besta fyrir Kópavog



### SVEITARSTJÓRNARKOSNINGAR 2006

**VINSTRI GRÆN** Svandís Svavarsdóttir, oddviti Vinstri grænna, var í hrókasamræðum við Orkuveitustarfsmann á matstofu Orkuveitunnar á Bæjarhálsi þegar ljósmyndara bar að garði. Umhverfismál hafa löngum verið Vinstri grænum tungutóm og því má leiða að því líkur að talið hafi af og til beinst að virkjanamálum í bland við stefnumálin í borginni.

Reykjavík

**AO**

Takk fyrir okkur.

53%



15%

16%

16%

Samkvæmt könnun Félagsvísindastofunnar í mars 2006.

Flestir Reykjavíkingar kjósa að Atlantsolía fái að reisa mannlausa bensinstöð í nágrenni sínu. Við þökkum traustið. Nánari upplýsingar um könnunina eru á [www.atlantsolia.is](http://www.atlantsolia.is).

## Á þönum um allan bæ á síðustu stundu

Frambjóðendur í Reykjavík hafa komið víða við í kynningarherferðum sínum um borgina. Í gær var síðasti möguleikinn fyrir þá til að láta ljós sitt skína.



**FRAMSÓKNARFLOKKUR** Forsætisráðherrann Halldór Ásgrímsson mætti í Kringluna í fjarveru Björns Inga Hrafnssonar, oddvita flokksins.



**SAMFYLKINGIN** Læknirinn Dagur B. Eggertsson heilsaði upp á starfsfólk Landspítalans í Fossvogi og sló þar á léttu strengi með fyrrum kollegum sínum. Líklegt má telja að heilbrigðismál hafi þar verið skeggraðd fram og aftur og að umræða um hátækisjúkrahús hafi farið hátt.

BÍLL DAGSINS

**SUZUKI GRAND VITARA XL-7**

Nýskr 01.03 - Sjálfskiptur - Ekinn 92 þús km. - Allt að 100% lán.



Verð áður: 2.060.000,-  
Tilboð: 1.660.000,-

50.000kr.

af bensini fylgja öllum notuðum bílum



Ingvar Helgason

NOTAÐIR BÍLAR

Opið: Alla virka daga kl. 9:00 - 18:00 og laugardaga kl. 12:00 - 16:00.



**SJÁLSTÆÐISFLOKKUR** Vel virtist fara á með starfsmönnum Ríkisútvarpsins og þeim Gísla Marteini Baldurssyni, Þorbjörgu Helgu Vigfúsdóttur og Hönnu Birnu Kristjánsdóttur, frambjóðendum Sjálfstæðisflokksins, þegar þremmingarnir litu við í Efstaleitinu í gær og spjölluðu um málefni liðandi stundar. Ekki liggur fyrir hvort fjölmiðlafrumvarpið bar þar á góma eða hvort reynt hafi verið að lokka Gísla aftur til starfa.



**FRJÁLSLYNDIR** Ólafur F. Magnússon, oddviti Frjálslyndra, spígsporaði um Kringluna og kastaði kveðju á unga jafnt sem aldna Íslendinga með innkaupapoka og -kerru.





**8.999**

**Sláttuvél**  
Texas, 1000W, safnari  
5085121

**2.499**

**Sláttuorf**  
Al-KO, 250W, 20 sm  
sláttubreidd  
5087499

**7.995**

**Sláttuorf**  
Texas, 18V, hleðslu,  
26 sm sláttubreidd  
5087488

Práðlaust  
engin snúra

# Gæðavélar á lægra verði



**Sláttuorf, CG 330 B**  
Texas, tvígengis, 30 cc, 2 línur  
5085594 **18.999**



**Sláttuvél, Mega**  
Briggs & Stratton, 3,5 HP, upphækkun,  
hliðarútkast, 50 sm sláttubreidd  
5085241 **19.999**



**Sláttuvél, Mega**  
Briggs & Stratton, 6 HP, drif, safnpoki,  
upphækkun, 51 sm sláttubreidd  
5085244 **44.999**



**Sláttuorf, CG 260 E**  
Texas, tvígengis, 25 cc, 2 línur  
5085592 **12.985**



**Sláttuorf**  
Black & Decker, 300W, 25 sm sláttubreidd  
5083655 **3.495**



**Sláttuvél**  
Classic, hæðarstilling, 28 sm sláttubreidd  
5085120 **6.999**

# Gæðin færðu hjá okkur!



**HÚSASMÍÐJAN**  
...ekkert mál





Tilkynning:

**B&L** frumsýnir í fyrsta sinn á Íslandi **Rolls-Royce Phantom EWB.**

Frumkýningin fer fram í Ásmundarsafni laugardaginn 27. maí og sunnudaginn 28. maí.

Opið verður frá kl. 12 til 16 báða dagana og eru allir velkomnir.

Rolls-Royce Motor Cars

Verkalýðsfélögum innan Starfsgreinasambandsins fækkar úr 29 í 24:

## Von á frekari sameiningum

**VINNUMARKAÐUR** Félögum innan Starfsgreinasambands Íslands hefur fækkað vegna sameiningar stéttarféлага. Í byrjun júní verður svo enn frekari sameining þegar Verkalýðsfélag Óxarfjarðar og Verkalýðsfélag Húsavíkur sameinast í Verkalýðsfélag Húsavíkur og nágrennis.

Verkalýðsfélag Borgarness, Verkalýðsfélagið Hörður í Hvalfirði og Verkalýðsfélagið Valur í Búðardal hafa ákveðið að sameinast í Verkalýðsfélag Vesturlands. Þá hefur Afl á Austurlandi, Verkalýðsfélag Reyðarfjarðar og Vökull á Höfn sameinast á Austurlandi og verkalýðsfélag á Vestfjörðum í

Verkalýðsfélag Vestfirðinga. Kristján Gunnarsson, formaður Starfsgreinasambandsins, segir að fréttirnar séu glimrandi gleðilegar. Einingarnar styrkist til að geta tekist á við aukna upplýsingaskyldu og aukin réttindi félagsmanna.

Búið er við áframhaldandi þróun í þessa átt. Góður skriður er á sameiningarmálum á Eyjafjarðarsvæðinu. „Þar er jákvæð og góð þróun í

gangi þó að viðræður séu enn á frumstigi,“ segir hann. Sameining hefur einnig átt sér stað hjá lífeyrissjóðum stéttarféлага. Þannig samþykktu Vestlendingar nýlega að sameinast Lífeyrissjóði Suðurlands. - ghs



KRISTJÁN GUNNARSSON

Fjölmarar sameiningar hafa átt sér stað innan Starfsgreinasambandsins upp á síðkastið. „Jákvæð og góð þróun,“ segir Kristján Gunnarsson formaður.

## Héraðsdómur Reykjavíkur: VÍS greiði konu milljón króna

**DÓMSMÁL** Váttryggingafélag Íslands var á mánudag dæmt í Héraðsdómi Reykjavíkur til að greiða konu um 1,2 milljónir króna í bætur vegna slyss sem hún varð fyrir árið 1995. Konan lenti þá í umferðarslysi á gatnamótum Glerárgötu og Höfðahlíðar á Akureyri.

VÍS mat örorku konunnar 35 prósent á sínum tíma þrátt fyrir að dómskvaddir matsmenn hafi talið örorkuna 45 prósent og greiddi henni fimm milljónir króna í bætur í samræmi við það. Dómurinn taldi sannað að VÍS hefði vanmetið örorkuna og ætti að greiða henni milljón til viðbótar. - sh

## Dæmdur í lífstíðarfangelsi fyrir árás

Eini eftirlifandi árásarmaðurinn á barnaskólann Beslan í Rússlandi árið 2004 var í gær dæmdur í lífstíðarfangelsi. 331 fórst í árásinni, margir þeirra börn.

**RÚSSLAND, AP** Rússneskur dómari sagði í gær að sá eini eftirlifandi af þeim sem réðust á rússneskan barnaskóla árið 2004 ætti dauðarefsingu skilda, en dæmdi hann síðan í ævilangt fangelsi því dauðarefsing er bönnuð í Rússlandi.

Tsjetsjeninn Nur-Pashi Kulayev var fundinn sekur um að taka gísla, að bera ábyrgð á dauða 331 manns og að hafa valdið skemmdum fyrir 34 milljónir rúblna (93 milljónir íslenskra króna). Dómurinn sagði Kulayev hafa sprengt sprengju sem særði bæði gísla og hermenn ríkisins sem sendir höfðu verið á vettvang, og að lát sextán gíslna sem árásarmennirnir tóku af lífi fyrsta dag umsátursins væru að hluta til Kulayev að kenna.

Kulayev var einnig fundinn sekur um að skjóta börn og aðra gíslna sem reyndu að sleppa út úr skólanum á þriðja degi árásarinnar, sem er jafnframt dagurinn þegar flestir létust.

Kulayev sjálfur hefur viðurkennt að hafa tekið þátt í árásinni, en segist ekki hafa drepð neinn. Í réttarhöldunum kröfðust sak-



LÍFSTÍÐARFANGELSI Nur-Pashi Kulayev var í gær dæmdur í lífstíðarfangelsi fyrir þátttöku í árás á Beslan barnaskólann í Rússlandi árið 2004. Hann sat í þessu glerbúri meðan á réttarhöldunum stóð. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

sóknarar dauðarefsingar, en Rússar hættu þeim refsingum þegar þeir gengu í Evrópuráðið fyrir áratug. Jafnframt höfðu margir aðstandendur hinna 330 sem fórust í árásinni krafist þess að Kulayev yrði tekinn af lífi fyrir aðild sína.

Þegar dómurinn las upp dómurinn fleygðu svartklæddar mæður nokkurra fórnarlambanna sér æpandi á glerbúrið sem Kulayev hefur setið í meðan á réttarhöldunum hefur staðið og áttu lögregluþjónar fullt í fangi með að hafa hömlur á þeim. smk@frettabladid.

## Í fremstu röð

Metnaðarfullt og framsækið nám

# 9

 námsleiðir

- Nám sem uppfyllir kröfur atvinnulífs í örrí þróun.
- Um 150 námskeið í boði á hverju skólaári.
- Einvalalið sérfræðinga annast kennsluna.
- Öflugt alþjóðlegt samstarf.
- Krefjandi og áhugaverð störf að námi loknu.

[www.vidskipti.hi.is](http://www.vidskipti.hi.is)

V

Viðskipta- og hagfræðideild Háskóla Íslands



## Getur verið að þú sért með ofnæmi?



Lóritín og Histasín  
fást án lyfseðils

**Byrjar þú að hnerra um leið og allt fer að lifna við á vorin?**  
Þannig er um marga án þess að þeir átti sig á því að um ofnæmi geti verið að ræða.

Það er engin ástæða til að láta sér líða illa á besta tíma ársins. Komdu og fáðu ráðgjöf hjá okkur.

**Lyf & heilsa**  
Við hlustum!

Lóritín 10 mg töflur. Hver tafla inniheldur 10 mg Loratadin. Notkunarsvið: Lóritín inniheldur virka efnið loratadin sem hefur kröftuga og langvarandi verun við algengustu tegundum ofnæmis. Lyfið er ætlað við frjókorna- og dýraofnæmi, sem og ofnæmi af völdum rykmaura. Varúðarreglur: Gæta þarf sérstakrar varúðar hjá börnum með alvarlega nýrna- og lifrarsjúkdöma. Sjúklingar með skerta lifrarstarfsemi þurfa minni skammta. Aukaverkanir: Lóritín þolst yfirleitt vel en algengustu aukaverkanirnar eru munþurrkur og höfuðverkur. Svimi getur einnig komið fyrir. Skömmtun: Ein tafla af Lóritíni er tekin daglega. Börnum 2-14 ára sem eru undir 30 kg að þyngd nægir hálf tafla á dag. Lyfið er ekki ætlað börnum yngri en 2ja ára. Lesið vandlega leiðbeiningar sem fylgja lyfinu. 13.07.04

Histasín 10 mg töflur. Hver tafla inniheldur 10 mg Cetirizin. Notkunarsvið: Histasín er ofnæmislyf. Histasín virkar gegn öllum algengustu tegundum ofnæmis, svo sem frjófnaemi og rykofnaemi. Histasín er líka notað við ofnæmisbólgu í nefi og ofnæmiseinkennum eins og útbrotum og kláða. Varúðarreglur: Lyfið getur dregið úr viðbragðslyfti og skal það haft í huga við akstur og nákvæmnisvinnu. Aukaverkanir: Einstaka sinnum veldur lyfið munþurrki og syfju. Skömmtun: 1 tafla á dag fyrir fullorðna og börn frá 12 ára aldri. Börnum 6-12 ára sem eru undir 30 kg að þyngd nægir hálf tafla á dag. Lyfið er ekki ætlað börnum yngri en 6 ára. Lesið vandlega leiðbeiningar sem fylgja lyfinu. 13.07.04

Skoðanakannanir samhliða sveitarstjórnarkosningum:

## Kosið um nöfn á sjö sveitarfélögum

**ATKVÆÐAGREIÐSLA** Samhliða sveitarstjórnarkosningunum í dag verða greidd atkvæði um nýtt nafn á sjö sameinuðum sveitarfélögum í landinu og stendur valið yfirleitt milli fjögurra eða fimm nafna. Niðurstaðan er ekki bindandi nema áður hafi verið ákveðið að svo skyldi verða.

Í sameinuðu sveitarfélagi Skilmannahrepps, Hvalfjarðarstrandarhrepps, Innri-Akraneshrepps og Leirá- og Melahrepps verða greidd atkvæði um nöfnin Hafnarbyggð, Heiðarbyggð, Heiðarsveit, Hvalfjarðarbyggð og Hvalfjarðarsveit.

Í sameinuðu sveitarfélagi Borgarbyggðar, Borgarfjarðarsveitar, Hvítársíðahrepps og Kolbeinsstaðahrepps gefst kjósendum kostur á að velja á milli fjögurra nafna. Þessi nöfn eru Borgarbyggð, Brákarbyggð, Mýrarbyggð og Sveitarfélagið Borgarfjörður.

Kjósendum í sameinuðu sveitarfélagi Broddaneshrepps og Hólmavíkurhrepps gefst kostur á að

greiða atkvæði um nöfnin Strandarhreppur, Strandabyggð og Sveitarfélagið Strandir.

Í sameinuðu sveitarfélagi Siglufjarðarkaupstaðar og Ólafsfjarðarbæjar gefst kjósendum kostur á að velja á milli fjögurra nafna: Fjallabyggð, Hnjúkabyggð, Tröllaskagabyggð eða Ægisbyggð.

Í Húsavíkurbæ, Kelduneshreppi, Óxarfjarðarhreppi og Raufarhafnarhreppi greiða kjósendur atkvæði um Gljúfrabyggð, Norðausturbyggð eða Norðurþing.

Í sameinuðu sveitarfélagi Þórs-hafnarhrepps og Skeggjastaðarhrepps greiðir fólk atkvæði um fjögur nöfn: Gunnólfsbyggð, Hafnarbyggð, Langanesbyggð og Langaneshreppur.

Í sameinuðu sveitarfélagi Gaulverjabæjarhrepps, Hraungerðis-hrepps og Villingaholtshrepps gefst kostur á fjórum nöfnum: Flóabyggð, Flóahreppur, Flóamannahreppur og Flóasveit.

**ATKVÆÐAGREIÐSLA UM NAFN** lbúar í sjö nýsameinuðum sveitarfélögum víðs vegar um landið greiða atkvæði um nafn á sameinað sveitarfélag í dag.

- ghs



# Margrét Sverrisdóttir er í baráttusætinu!

ATKVÆÐI ÞITT GETUR RÁÐIÐ ÚRSLITUM



- ✓ Forgangsröðun til fólksins
- ✓ Flugvöllinn áfram
- ✓ Lifi Laugavegurinn
- ✓ Betri strætó
- ✓ Meira íbúalýðræði
- ✓ Verndum náttúruna
- ✓ Eflum þekkingariðnað







**SAMBASTÚLKUR** Brasilískar stúlkur dansa samba við Thermoplan-fótboltavöllinn í Weggis í Sviss, en landslið Brasilíu er þar í æfingabúðum áður en það heldur til Þýskalands til að taka þátt heimsmeistarakeppninni í fótbolta.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Forseti Íslands flutti ræðu á ráðstefnu í London ásamt viðskiptajöfrum:

## Einfaldleikinn skiptir máli

**RÁÐSTEFNA** Forseti Íslands, Ólafur Ragnar Grímsson, flutti ræðu á ráðstefnunni Iceland in London – Partnering for Success á fimmtudag í Lancaster House í London, sem af mörgum er talið eitt virðulegasta hús í London. Jón Ásgeir Jóhannesson og Hannes Smáráson voru einnig á meðal ræðumanna.

Ráðstefnan þótti takast afar vel, að því er fram kemur í fréttatilkynningu frá Útflutningsráði. Hún var sótt af um 170 manns og ráðstefnustjóri var Sverrir Haukur Gunnlaugsson, sendiherra Íslands í Bretlandi.

Á ráðstefnunni kom fram að Breski markaðurinn hefði tekið vel



**GÝLLTIR VEGGIR** Ráðstefnan fór fram í Lancaster House, sem er talið með glæsilegri húsum í London.

á móti íslenskum fyrirtækjum og fjárfestum og allir framsögumenn mæltu eindregið með Bretlandi sem vænlegum markaði fyrir íslensk fyrirtæki.

Mikið var rætt um einkenni íslenskra viðskiptamanna og voru

flestir sammála um að til að ná árangri skipti mestu einfaldleiki, traust, heiðarleiki og gott orðspor.

Ráðstefnan er hluti af viðskiptasendinefnd Útflutningsráðs Íslands, en ríflega tuttugu íslensk fyrirtæki eru með í för.

- sh

Malarflutningabílar:

## Sextán öku- menn kærðir

**LÖGREGLUMÁL** Ökumenn 16 malarflutningabíla voru nýlega kærðir vegna ófullnægjandi frágangs á farmi. Einn þeirra var kyrrsettur með bifreið sína.

Það voru lögregluliðin í Árnes-sýslu, í Reykjavík og í Kópavogi sem höfðu fyrir fáeinum dögum sérstakt eftirlit með frágangi farms á malarflutningabílum sem ekið var um Suðurlandsveg. Margar kvartanir höfðu borist frá vegfarendum, bæði til lögreglu og til umferðarstofu, um sandfok af farmi þessara bíla sem hefðu valdið skemmdum á lakki og rúðum bifreiða annarra vegfarenda.

- jss

## Heil og sæl námskeið með Þorbjörgu og Umahro

### 10 grunnreglur og allt gott á grillið!

Á námskeiðinu eru kynntar nýjar hugmyndir fyrir sumarið þar sem bragðgóð hollusta ræður ríkjum. Lærðu að búa til ilmandi marineringu á fiski, kjúklingi og grænmeti. Undursamleg og holl salöt og gómsætir sumareftirrettir. Einnig er leiðbeint um val á hollum og hagkvæmum vörum í matarkassann fyrir sumarbústaðinn og tjaldferðirnar.

### Matseðillinn okkar er m.a.:

Grillaður vanillusítrónukjúklingur - Marinerað rauðlauks- og mangósalat - Ávaxatsalat með kasjúhnetukremi - Mjólurlaus bananais án sykurs - Lamba ribeye í himneskum legi - Vanillugrillaðar rauðrófur og gulrætur - Sperglasalat með appelsínunum og möndlum - Appelsínu og myntu Gazpacho - Sítrónu og chilli epli.

Námskeiðin eru haldin í Heilsuhúsinu á Smáratorgi í Kópavogi, 30. og 31. maí, 13., 14. og 15. júní.

Verð 7.500 kr. Námskeiðið er ein kvöldstund frá kl. 19:00 – 23:00. Mæting 18:45 með skriffæri.

Innifalið í verði er uppskriftir, gögn og afsláttur í Heilsuhúsinu. Bókanir í síma 692 8489 eða á [namskeid@10grunnreglur.com](mailto:namskeid@10grunnreglur.com) Nánari upplýsingar á [www.10grunnreglur.com](http://www.10grunnreglur.com) eða [www.heilsa.is](http://www.heilsa.is) og í Heilsuhúsinu Smáratorgi.

náttúrulega  
**heilsuhúsið**

Skólavörustíg • Kringlumni • Smáratorgi • Selfossi • Hveragerði

Lordi í Finnlandi:

## Mynd birt af söngvaranum

**FINNLAND** Finnar eru æfir yfir því að finnska vikublaðið Seitsemän päivää, Sjö dagar, hafi birt andlitsmynd af herra Lordi, manningu á bak við



LORDI

grímu höfuðpaursins í sigursveitinni í Eurovision-keppninni um daginn, þó að meðlimir sveitarinnar hafi óskað eftir því að það yrði látið ógert. Vefútgáfa Helsingin Sanomat segir að yfir 100 þúsund Finnar hafi skrifað undir lista til að mótmæla myndbirtingunni og allir aðrir fjölmiðlar hafa ákveðið að birta myndina ekki. Í verzlunum er Seitsemän päivää snúið við í hillunum því að viðskiptavinirnir eru óskureiðir yfir myndinni. - ghs

### TÆKNI OG VÍSINDI

**Vakna með svefnpillum** Bandarískir vísindamenn hafa komist að því að ákveðin tegund svefnlyfja eykur starfsemi í heila sjúklinga sem liggja í djúpu dái. Um var að ræða sjúklinga sem legið höfðu sex ár eða lengur í dái.

**Viðvörunarbjöllur í Asíu** Monsún-rigningarnar í suðurhluta Asíu eru lífsnauðsynlegar yfir milljarði manna en ýmislegt bendir til að loftslagsbreytingar í heiminum séu að hafa alvarleg áhrif. Árleg úrkoma hefur minnkað um átta prósent á 50 árum yfir Indlandi.



**FARÞEGAR Í LEIFSTÖÐ** Farþegar frá Bandaríkjunum þurfa bráðum að fara í gegnum vopnaleit á Leifstöð. FRÉTTABLAÐIÐ/VALGARÐUR

## Þurfa í aðra vopnaleit ytra

Óvíst er hversu lengi íslenskir farþegar þurfa að sæta vopnaleit við komuna til Evrópulandanna. Ósamræmi í aðgerðum ESB og Bandaríkjanna veldur farþegum vandræðum.

**KEFLAVÍKURFLUGVÖLLUR** Ekki náðist málamiðlun á milli Evrópusambandsins og Bandaríkjanna um flugverndaradgerðir. Þess vegna uppfyllir flugvöllurinn í Keflavík ekki þær kröfur sem Evrópusambandið setur um skoðun farþega sem koma frá löndum sem standa utan við Evrópusambandið og Evrópska efnahagsvæðið. Farþegar frá Íslandi á leið til Kaupmannahafnar, Stokkhólms og Amsterdam hafa þess vegna undanfarið þurft að fara í gegnum aðra vopnaleit þegar út er komið.

Evrópusambandið krefst þess að farþegar og farangur þeirra sem fara í gegnum Ísland á leið til landa innan sambandsins fari í gegnum leit en það hefur hingað til ekki verið gert.

Ráðamenn á Íslandi vonuðust lengi til að samkomulag næðist á milli Evrópusambandsins og Bandaríkjanna vegna þess kostnaðar sem flugvöllurinn verður fyrir við auknar öryggisráðstafanir.

Að sögn Stefáns Thordersen, yfirmanns öryggisviðs Flugmála-

stjórnar á Keflavíkurlflugvelli, þá kemur tækjabúnaður fljótlega til landsins en eftir á að ráða og þjálfa starfsfólk.

Hann segir að mörgu að hyggja, meðal annars að flugáætlanir flugfélaganna raskist ekki og að farþegar verði fyrir sem minnstum óþægindum. Óvíst er hvenær hægt verður að hefja leit á farþegum frá þriðju löndunum svokölluðu, þar með töldum Bandaríkjunum, en leitast verður við að gera það á sem hagkvæmasta hátt. Það hamlar verkinu nokkuð að núna er mesti ferðamannatíminn hafinn en reynt verður að takmarka það rask sem af þessu hlýst.

Ekki er búið að reikna út kostnaðinn við þessar framkvæmdir en að sögn Stefáns verður hann töluverður. „Það verða stjórnvöld sem taka ákvörðun um það hvernig þetta verður greitt,“ segir Stefán að lokum.

Búast má við að flugvöllurinn hækki þjónustugjöldin á vellinum og flugfélögin velti síðan þeim kostnaði yfir á farþegana.

gudrun@frettabladid.is



Kaffiveitingar, grill, tónlist, hoppukastali, blöðrur og andlitsmálun fyrir börnin kl.12-16

## Fjölskylduhátíð

Allir velkomnir



Kosningamiðstöð B-listans að Suðurlandsbraut 24 er opin í dag frá kl. 10-22



Ertu með?

### Akstur á kjördag

Þeir sem óska eftir akstri á kjörstað vinsamlegast hafið samband við kosningaskrifstofuna í síma 599 3900

**exbé**





# Í baráttusætinu

Ég tel mikilvægt að Framsóknarflokkurinn  
eigi öfluga rödd í borgarstjórn.  
Það getur oltið á aðeins örfáum atkvæðum.


Ég bið um þinn stuðning.  
Hann skiptir miklu máli.



**Ertu með?**

Kosningaskrifstofa B-listans í Reykjavík  
Suðurlandsbraut 24, 108 Reykjavík  
Sími: 599 3900 · Netfang: reykjavik@xb.is  
www.xbreykjavik.is





**VINSTRIHREYFINGIN**  
**grænt framboð**







# Verum samferða á kjördag



Pólitík snýst um sýn. Okkar sýn er skýr.  
Atkvæði greitt Vinstri grænum í þessum kosningum er krafa um sterk umhverfis- og náttúruverndarsjónarmið, kvenfrelsi og félagslegt réttlæti.  
Kjósum hreinar línur, kjósum Vinstri-græn.

## Kjördagur í Reykjavík

### Símanúmerin:

Kosningamiðstöðin Suðurgötu 3 552 8871 og 552 8872  
Utankjörfundaratkvæði 691 6438  
Kjörskrá 691 8438  
Akstur á kjörstað 691 6838

### Kaffihúsið:

Á planinu við kosningamiðstöðina  
opið kl. 12:00 – 17:00


### Kosningavakan:

Í Tónlistarhúsinu Ými  
Skógarhlíð 20



Húsið opnar kl. 21:00

Stórir sjónvarpsskjáir  
VG – tríóið og Bardukha halda uppi fjörinu



VINSTRIHREYFINGIN  
grænt framboð





**NÝFÆTT JARÐSVÍN** Jarðsvínið Paatsy er nýjasta viðbót Brookfield dýragarðsins í Illinois í Bandaríkjunum, en hún fæddist 30. mars síðastliðinn. Jarðsvín eru afrískar mauraeitur. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Eftirstöðvar íbúðalána hafa hækkað verulega á aðeins einu ári:

## Skipta hundruðum þúsunda

**ÍBÚÐALÁN** Eftirstöðvar íbúðalána hafa hækkað verulega á örskömmum tíma, jafnvel svo nemur milljónum króna, eftir því hver upphafleg fjárhæð lánsins var og til hversu langs tíma það var tekið. Hækkun eftirstöðva getur skipt hundruðum þúsunda króna og jafnvel allt upp í milljón.

Hjá Glitni fást þær upplýsingar að 10 milljóna króna lán, sem tekið var 1. júní í fyrra miðað við 7,5 prósentu verðbólgu í eitt ár aftur í tímann, standi nú í tæplega 10,2 milljónum króna hafi lánið verið tekið til 25 ára með jöfnum mánaðarlegum afborgunum. Ef lánið hefur verið tekið til 40

ára með jöfnum mánaðarlegum afborgunum stendur það í rúmlega 10,3 milljónum króna.

Hjá Kaupþingi banka eru eftirstöðvar af 10 milljónum króna láni sem tekið var í maí í fyrra með 4,15 prósentu vöxtum og jöfnum afborgunum nú tæplega 10,3 milljónir króna hafi það verið tekið til 25 ára. Hafi það verið tekið til 40 ára eru eftirstöðvarnar rúmar 10,4 milljónir króna.

Hafi lántaki fengið 25 milljónir króna að láni til 25 ára eru eftirstöðvarnar nú ríflega 25,7 milljónir króna og 40 ára lánið stendur nú í rúmlega 26,1 milljón. Það er hækkun upp á 1,1 milljón. - ghs

### HÖFUÐSTÓLLINN HÆKKAR

Íbúðalán tekið hjá Kaupþingi banka í maí í fyrra með 4,15 prósentu vöxtum og jöfnum afborgunum. Annars vegar er það 10 milljónir og hins vegar 25 milljónir króna.

|           |       |                         |
|-----------|-------|-------------------------|
| 10 millj. | 25 ár | Eftirstöðvar 10.299.977 |
| 10 millj. | 40 ár | Eftirstöðvar 10.440.359 |
| 25 millj. | 25 ár | Eftirstöðvar 25.749.945 |
| 25 millj. | 40 ár | Eftirstöðvar 26.100.894 |

Eins og sjá má er 25 milljóna króna lán sem tekið var til 40 ára í maí í fyrra búið að hækka um rúma 1,1 milljón króna á einu ári. 10 milljóna króna lán hefur hækkað um tæplega hálf milljón.

Hjartasjúkdómarannsókn:

## Áfengisdrykkja hollari körlum

**ÁFENGI** Einn áfengur drykkur á dag getur komið í veg fyrir hjartasjúkdóma hjá karlmönnum, en ekki hjá konum, samkvæmt nýrri danskri rannsókn sem fjallað var um í breska læknafréttiritinu British Medical Journal í vikunni.

Rannsóknin náði til 50.000 manna og kom í ljós að karlar sem drukku daglega voru 41 prósentum minna líklegir til að fá hjartasjúkdóma, á móti 7 prósentu minni líkum hjá þeim sem drukku einu sinni í viku.

Sérfræðingarnir sögðu að óhófleg drykkja væri eftir sem áður óholl fyrir bæði kynin. - smk

Vísindamenn staðfesta gamlan grun um HIV:

## Kom úr mannöpum

**VÍSINDI, AP** Þó að 25 ár séu liðin síðan fyrstu alnæmisjúklingarnir voru greindir hafa vísindamenn fyrst nú fengið staðfestan gruninn um að HIV-veiran hafi upphaflega borist úr mannöpum í mannfólki. Þetta kemur fram í bandaríska tímaritinu Science á föstudag.

Vísindamenn hefur lengi grunnað að veiran kæmi úr simpösum, en hingað til hefur enginn getað fært sönnur á það. Nú hefur veiran fundist í simpösum í Suður-Kamerún, en þeir eru í útrýmingarhættu þó að HIV-veiran valdi þeim engum skaða.

Yfir 1.300 saursýnum var safnað úr öpunum, en áður höfðu vísindamenn eytt sjö árum í að prófa leið til að erfðagreina vírusinn sem lifir í öpunum án þess að þurfa að taka simpösumum blóð.

Enn er óljóst hvernig veiran barst í mannfólki, en líklegt þykir




**MANNAPAMÓDIR** Vísindamenn hafa staðfest að HIV-veiran barst úr mannöpum í fólk. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

að mannapi hafi bitið íbúa í Kamerún eða að maður hafi skorið sig á meðan hann var að gera að mannahræi og smitast þannig. Veiran hafi síðan borist um allan heim með þeim hætti sem hún smitast nú. Læknar telja að fyrstu alnæmisjúklinganna hafi orðið vart í Kongó árið 1930. - smk



## Þú hefur aldrei séð annað eins! Sölusýning í dag frá kl. 10-15



### Léttbyggð hjólhýsi með fortjaldi

#### Helstu mál:

|              |        |
|--------------|--------|
| lengd á húsi | 305 cm |
| breidd       | 195 cm |
| hæð          | 181 cm |
| þyngd        | 750 kg |

#### Hjólhýsunum fylgja:

Fortjald 2 x 3,5 m • Hjólagrind fyrir tvö hjól • Vardekk • Tröppur 5 kg gaskútur með þrýstijafnara • Tengikapall 220 volt



Ótrúleg verð!

Óflugar smágröfur á frábæru verði!

Næsta sending væntanleg!

#### Kerrur í miklu úrvali

Jeppakerrur – fólksbilakerrur – bílafutningakerrur og kerrur með uppákeystubúnaði fyrir smávælar og motorhjól.

Velkomin í nýja verslun og sýningarsal

## VÉLARÞJÓNUSTA

Járnhálsi 2 110 Reykjavík Sími 5 800 200 www.velar.is



## Í tilefni dagsins

**SVP - Samtök verslunar og þjónustu þakka sveitarstjórnunum í landinu samstarfið á því kjörtímabili sem nú er að líða og hvetja nýjar sveitarstjórnir til að nýta hin fjölmörgu tækifæri til að búa fyrirtækjunum enn betri starfsskilyrði.**

### Það verður meðal annars gert með því

- Að færa verkefni frá sveitarfélögum til einkarekinna þjónustufyrirtækja ef þau geta rekið verkefni hagkvæmar.
- Að við þróun skipulags verði tryggt nægt framboð lóða fyrir verslunar- og þjónustufyrirtæki á samkeppnisfæru verði.

SVP óska landsmönnum til hamingju með daginn og hvetja fólk til að nýta kosningaréttinn og að hafa þannig áhrif á hverjir fara með stjórn sveitarfélaganna næstu 4 árin.

SVP- Samtök verslunar og þjónustu eru málsvari verslunar- og þjónustugreina á Íslandi. Samtökin ryðja nýjum hugmyndum braut og koma á framfæri röksemdum fyrir jákvæðu starfsumhverfi atvinnulífsins.



Samtök verslunar og þjónustu





2. sæti  
Hafsteinn

5. sæti  
Ingibjörg

1. sæti  
Guðríður

4. sæti  
Flosi

3. sæti  
Jón Júl

6. sæti  
Kristín

# Tilbúin að taka við

## Samfylkingin ætlar að leiða framfarir í Kópavogi:

Stóratök í málefnum aldraðra • Meira fé til leikskóla – framúrskarandi skólar • Virkt samráð við íbúa í skipulagsmálum • Íþróttaiðkun og listnám standi öllum börnum til boða • Átak við uppbyggingu grænna svæða – frumkvæði í umhverfismálum • Gott framboð lóða, sérbyli fyrir eldri borgara og leiguíbúðir • Endurskipuleggjum Hamraborgina og Kársnesið • Ókeypis í strætó – öryggi í umferð

**Kjósum Samfylkinguna í dag!**

**Höfnum hreinum meirihluta Sjálfstæðisflokksins**





## KAUPHÖLL ÍSLANDS [Hlutabréf]

ICEX-15 5.547 +2,43% Fjöldi viðskipta: 321  
Velta: 7.076 milljónir

## MESTA HÆKKUN

Avion +5,83%  
Straumur-Burðarás +5,10%  
Össur +4,76%

## MESTA LÆKKUN

Marel -1,42%

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** Actavis 66,00 +1,07% ... Alfesca 3,80 +3,54% ... Atorka 5,60 +1,82% ... Bakkavör 48,50 +2,11% ... Dagsbrún 5,56 -0,00% ... FL Group 18,90 +1,07% ... Flaga 3,98 +0,00% ... Glitnir 16,90 +1,81% ... Kaupþing banki 754,00 +1,89% ... Landsbankinn 21,50 +3,87% ... Marel 69,30 -1,42% ... Mosaic Fashions 16,90 +4,32% ... Straumur-Burðarás 16,50 +5,10% ... Össur 110,00 +4,76%

## viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

## Peningaskápurinn ...

## Danska umræðan léttist

Umræðan um fjárfestingar Íslendinga í Danmörku virðist aðeins vera að fá á sig annan svip. Danir fylgdust í forundran með fjárfestingargleði Íslendinga og töldu hana mikinn leyndardóm. Skýringarnar voru gjarnan peningavottur á rússagulli eða geigvænleg útlán íslensku bankanna til fjárfesta sem sennilega kynnu fótum sínum ekki forráð. Umræðan nú er í meira jafnvægi og í gær mætti Már Músson viðskiptafulltrúi í morgunþátt TV2 ásamt ritstjóra Börsen, Leif Beck Fallesen. Danskir ritstjórnir útskýrði hvaðan peningarnir kæmu. „Þeir koma af alþjóða fjármálamarkaði eins og peningar danskra fyrirtækja,“ sagði hann. Eitt af því sem dregið var fram í þessari umræðu var að Íslendingar vinna mun meira en Danir eða sem nemur sex vikum lengur að meðaltali á ári.

## Allt undir „kontról“

Þeir sem kvarta yfir vaxtaokri og óðaverðbólgu ættu að bara líta til Símbabve. Stýrivextir seðlabankans í Símbabve hafa verið hækkaðir um 50 punkta og standa nú í 850 prósentum. Verðbólgan í síðasta mánuði mældist 1.043 prósent en stjórnvöld prenta gífurlegt magn af peningum til að halda hjólum efnahagslífsins gangandi. Kennir Robert Mugabe útlendingum um þróun mála. Seðlabankastjórnin Gideon Gono vonast til að ná verðbólgunni niður og biður alþýðu manna að örvænta ekki, því verðbólgan sé langt frá því að vera jafn slæm og í Þýskalandi á þriðja áratug síðustu aldar. Gono verður gjarnan fótaskortur á tungunni. „Hver sem ræðst inn á bændabýli er ekki að vinna að hagsmunum þjóðarinnar frá okkar bæjarðyr- um séð. Það er glæpsamlegt og viðkomandi ætti að vera á bak við lás og slá fram yfir uppskeruna.“



## MARKAÐSPUNKTAR...

Markaðir réttu úr kútnum í gær eftir lækunarhrinu síðustu vikna. Af norrænum mörkuðum hækkaði mest sænska markaðsvísitalan OMX, um 4,2 prósent. Norska markaðsvísitalan OBX kom næst og hækkaði um 4,0 prósent.

Eignaverðsvísitala Greiningardeildar Kaupþings lækkaði um 1,2 prósent að raunvirði í apríl. Vísitalan vegur saman verð á fasteignum, hlutabréfum og skuldabréfum. Bankinn telur að lækkan á eignaverði verði til að dragi úr vexti einkaneyslu.

Fitch Ratings hafa varað itölsku ríkisstjórnina við því að 75 prósent líkur séu á að lánsþæfismat landsins verði lækkað á næstu þremur til fimm mánuðum, að því er fram kom á Bloomberg í gær.

## Hampiðjan tapar

Hampiðjan tapaði tæpum 59 milljónum króna (630 þúsund evrum) á fyrsta ársfjórðungi og skýrist afkoman af hluteild félagsins í tapi HB Granda en einnig voru fjármagnsliðir neikvæðir.

Stjórnendur Hampiðjunnar segja að reksturinn hafi verið ívið betri en áætlanir gerðu ráð fyrir

en rekstrarhagnaður fyrir afskriftir (EBITDA) var um 158 milljónir króna og hækkaði um 8,5 prósent milli ára.

Útlit er fyrir að erfiðleikar verði á þeim veiðarfæramörkuðum sem Hampiðjan starfar á en sjávarútvegur á undir högg að sækja á Írlandi, Nýfundnalandi og í Danmörku.

- eþa

## Sjælsø kaupir IBI

Danska fasteignafélagið Sjælsø Gruppen, sem að hluta er í eigu Íslendinga, hefur samþykkt að kaupa Ikast Byggeindustri (IBI).

Sjælsø greiðir 800 milljónir danskra króna, eða tæpa 10 milljarða íslenskra króna, fyrir IBI. Með kaupnum er Sjælsø sagt fylgja eftir stefnu sem mótuð var með aðkomu íslenskra fjárfesta. Samson Properties, sem er í eigu

Björgólfs Guðmundssonar og Björgólfs Thors Björgólfssonar, á í félagi við Straum-Burðarás Fjárfestingabanka og fleiri Íslendinga helmingshlut í eignarhaldsfélaginu SG Nord AG.

Hinn helminginn á danska fyrirtækið Rönje Holdings. SG Nord AG er síðan stærsti einstaki hluthafinn í Sjælsø Gruppen með ríflega 25 prósent eignarhlut.

- óká

## Grandi tapar vegna falls krónu

HB Grandi skilaði 1.337 milljóna króna tapi á fyrsta ársfjórðungi samanborið við 763 milljóna króna hagnað árið áður. Tapið skýrist einkum af gríðarlegum viðsnúningi fjármagnsliða sem voru neikvæðir um tvo milljarða króna en félagið er skuldsett í erlendri mynt og hafði gengisfall krónunnar og verðbætur lána mikil áhrif.

Að mati greiningar Glitnis er ljóst að félagið verður gert upp með talsverðu tapi á árinu miðað við óbreytta stöðu krónunnar þrátt fyrir bætt ytri rekstrarskilyrði.

Sölutekjur námu 3.675 milljónum króna og hækkuðu um tíu prósent þrátt fyrir að afli á loðnuvertíð hafi minnkað verulega á milli ára. Glitnir bendir á að hátt afurðaverð skýri tekjuvöxt auk þess sem hátt hlutfall loðnafla fór til manneldis.

Rekstrarhagnaður fyrir af-



ENGEY FLAGGSKIP HB GRANDA Gengisfall krónunnar hafði veruleg áhrif á afkomu Grandi á fyrsta ársfjórðungi.

skriftir (EBITDA) nam tæpum 760 milljónum króna, um 20,7 prósentum af veltu, en var 852 milljónir, um 22,8 prósent af veltu, á sama tíma í fyrra.

Heildareignir félagsins voru 30,5 milljarðar í lok fjórðungsins. Eigið fé stóð í 9,1 milljarði og lækkaði eiginfjárlutfall úr 35,2 prósentum í 29,8 prósent.

- eþa



## Karen Jónsdóttir

í bæjarstjórn á

ATKVÆÐI ÞITT SKIPTIR MÁLI!

Akranesi!







# Þetta munum við gera

1. Komum á **þjónustutryggingu fyrir aldraða**. Ef aldraðir fá ekki þá þjónustu sem þeir eiga rétt á fá þeir greiðslur.
2. Ljúkum við að gera **leikskólana gjaldfrjálsa**.
3. Tryggjum byggingu a.m.k. **200 hjúkrunar-rýma** fyrir eldri borgara.
4. Hefjum **uppbyggingu í Vatnsmýri** á grundvelli niðurstaðna úr alþjóðlegri hugmyndasamkeppni.
5. Ráðumst í metnaðarfulla **endurgerð Lækjartorgs** samhliða byggingu Tónlistar- og ráðstefnuhúss.
6. Setjum **Sundabraut alla leið** og Öskjuhlíðargöng í forgang og útfærum Miklubraut í stökk.
7. Kryddum borgarlífið með **kaffihúsi í Hljómskálagarði**, afþreyingarsvæði unglinga í Gufunesi og fjölda annarra skemmtilegra hugmynda.
8. Tryggjum byggingu **800 stúdentaíbúða** við Hlemm, í Skuggahverfi, Vatnsmýri og í nýju bryggjuhverfi á Slippasvæðinu og komum á öflugum leigumarkaði.
9. Þjóðum **200 sérbýlishúsalóðir** í grónum hverfum til viðbótar við lóðaframboð í Úlfarsárdal og Vatnsmýri.
10. Skerum upp herör gegn rusli, fegrum borgina með skipulagningu 10 hverfatorga, **aukum gróðursetningu** og eflum hverfabækistöðvar.
11. Eflum útivist og hreyfingu með gerð 20 sparkvalla og 20 körfuboltavalla um alla borg, **fjögum hjólreiðastígum** og endurgerum 15 leikvelli.
12. Ráðumst í stórfellda **uppbyggingu skólalóða** og grænna svæða.
13. Samhæfum íþrótt-, lista- og tómstundastarf við starf grunnskólanna.
14. Byggjum **menntaskemmtigarð** og **sjávardýrasafn** í Laugardalnum.
15. **Útrýmum kynbundnum launamun** hjá Reykjavíkurborg.
16. Setjum borgarfulltrúum siðareglur.
17. **Birtum þennan lista fyrir næstu kosningar með yfirliti yfir efndir.**



  
Dagur B. Eggertsson  
borgarstjóraefni Samfylkingarinnar

**Framtíðin er hér**  
**kjósum borgarstjóra**





LA Z BOY®

HM þægindi á tvo vegu



# VAXTALAUST

Nú býðst þér einstakt tækifæri til að eignast LA-Z-



VAXTALAUST  
Í 12 MÁNUÐI

**5.900**  
á mánuði\*



**BENNET** LA-Z-BOY stóll klæddur  
svörtu leðri á slitflötum. Ruggustóll,  
hægt er að halla baki, þrjár stillingar  
á skemli. B 90 x D 95 x H 48/95 cm  
kr. **70.800**

**OPIÐ ALLA DAGA**

Mánudaga - Föstudaga 10-19 • Laugardaga 10-18 • Sunnudaga 12-18





**NR.1 MEST SELDI  
HVÍLDARSTÓLL Í HEIMI**  
LA-Z-BOY er skrásett vörumerki og  
fæst aðeins í Húsgagnahöllinni

## DEKURDAGUR

með hverjum keyptum  
LA-Z-BOY fyrir HM 2006

Komdu í Húsgagnahöllina og keyptu LA-Z-BOY, fyrir HM og þú færð dekurdag hjá Baðhúsinu fyrir konuna með í kaupbæti:

Andlitsnudd og maski, augnmaski, Paraffin maski á hendur, ljósaftími, heit laug, vatnsgufa og hvíldarhreiður.



# Í 12 MÁNUÐI\*

BOY. Vaxtalaust tilboð í 12 mánuði, gildir til 11. júní

\* + lántökugjald -stimpilgjald



VAXTALAUST  
Í 12 MÁNUÐI

**4.500**  
á mánuði\*



**BENNET** LA-Z-BOY stóll. Ruggustóll, hægt er að halla baki, þrjár stillingar á skemli. Litir: Natur, rauður, blár, og mosagrænn. B 90 x D 95 x H 48/95 cm kr. **54.000**



VAXTALAUST  
Í 12 MÁNUÐI

**4.100**  
á mánuði\*



**ASHLEY** LAZYBOY stóll. Ruggustóll, hægt er að halla baki, þrjár stillingar á skemli. Litir: Mosabrúnn, grænn, hvítur. B85 x D85 x H45/102 cm kr. **49.200**



VAXTALAUST  
Í 12 MÁNUÐI

**3.900**  
á mánuði\*



**ASPEN** LA-Z-BOY stóll. Ruggustóll, hægt er að halla baki, þrjár stillingar á skemli. Litir: Grænn, blár, svartur, rústrauður. B 85 x D 85 x H 45/102 cm kr. **46.800**



# skoðun

SJÓNARMÍÐ  
ÞORSTEINN PÁLSSON

Kostir og kosningar:

## Á liggjandanum

Kjördagur er rétt eins og liggjandinn stilla milli aðfalls og útfalls eða kyrrðarstund milli kosningabaráttu og þess veruleika sem felst í niðurstöðum kosninganna.

Mikilvægt er að kjósendur hafi tækifæri á kjördag til þess að taka upplýsta ákvörðun. Í skoðanakönnun þessa blaðs hefur komið fram að kjósendur í Reykjavík telja sig hafa fengið fullnægjandi upplýsingar í kosningabaráttunni. Ekki er ástæða til að ætla að annað sé upp á teningnum í öðrum sveitarfélögum að þessu leyti.

Í aðdraganda kosninga er það skylda frambjóðenda að gera upp við liðna tíð og boða nýjan tíma. Kjósendur geta að vísu tekið ákvörðun á hvaða forsendum sem vera skal. En hvernig svo sem því vikur við þarf málefnaumræðan að vera nægjanlega skýr til þess að geta verið grundvöllur ákvarðanatöku fyrir allan almenning.

Það er því í þessu ljósi góðs viti að kjósendur skuli svara því til að þeir hafi fengið nauðsynlegt viðbit. Stjórnmalaflokkarnir geta að því leyti verið sáttrir við kosningastarfið. Aukheldur sýnast fjölmíðlarnir hafa staðið við sitt með því að koma skilaboðum áleiðis og vera vettvangur umræðu.

Mynstur íslenskra stjórnmála er á þann hátt óskýrt að kjósendur hafa sjaldnast möguleika á að draga einn aðila til ábyrgðar fyrir liðna tíð og veita honum eða öðrum meirihlutaumboð fyrir komandi tíð. Oftast nær eru samningar um meirihluta eitt-hvað sem forystumenn flokka véla um sín á milli eftir kosningar.

Ýmislegt bendir til að kjósendur kalli í vaxandi mæli eftir skýrari kostum að þessu leyti og þar af leiðandi meiri völdum sér til handa á kostnað forystumanna flokka. Þar um eru tvenns konar kennimerki:

Annars vegar hafa sterkir bæjarstjórnir í nokkrum bæjarfélögum myndað slíka stöðu og þannig opnað möguleika fyrir kjósendur á skýrari kostum. Hins vegar háttar sums staðar svo til að einstakir flokkar hafa reynt að búa vígstöðu af því tagi til með sameiginlegum framboðum.

Par sem þessar aðstæður eru fyrir hendi verður ábyrgð stjórnmálamanna gleggri og kjósendur hafa meiri áhrif á hverjir endanlega bera bagga valdanna. Um margt er þetta til styrktar lýðræðinu. Í sveitarstjórnarkosningum geta aðstæður vitaskuld verið æði ólíkar frá einum stað til annars. Alhæfingar eiga því ekki endilega við.

Í Reykjavík hafa aðstæður jafnan verið með þeim hætti að kjósendur hafa átt skýrt val um meirihluta. Það er hins vegar meir á reiki nú en áður.

Forystumenn Sjálfstæðisflokksins og Samfylkingarinnar í Reykjavík hafa hins vegar bætt nokkuð úr skák með afdráttarlausum yfirlýsingum sem í raun réttir þýða að þeir hafa útilokað samstarf þessara flokka.

Í ljósi skoðanakannana merkir þetta að í meginatriðum eru tveir kostir í boði í höfuðborginni:

Annars vegar gæti Sjálfstæðisflokkurinn hugsanlega náð hreinum meirihluta eða farið fyrir meirihlutasamstarfi núverandi minnihluta flokka ellagar, með minni líkum, ríkisstjórnarflokkanna. Hins vegar gæti Samfylkingin hugsanlega endurreist útvíkkaðan Reykjavíkurlista eða jafnvel myndað meirihluta stjórnarandstöðuflokkanna.

Aðalatriðið er að menn standi við þær yfirlýsingar sem skapað hafa þessa kosti.

### FRÁ DEGI TIL DAGS

#### Heppinn

Fjölismenn efndu til happdrættis á heimaleik sínum gegn Haukum í fyrstu deildinni í knattspyrnu á dögunum. Giltu aðgöngumiðarnir sem happdrættismiðar og var farseðill til einhvers af áfangastöðum Ícelandair í vinning. Talsverðrar spennu gætti meðal áhorfenda þegar kom að því að draga út vinninginn enda kætir farseðill út í heim flesta landsmenn. Heyra mátti saumnál detta þegar kynir las upp vinningsnúmerið og í kjölfarið skráf í miðum þegar fólk athugaði hvort það hefði



#### Óvænt

„Við treystum Degi B. Eggertssyni og Samfylkingunni best til þess að leiða áframhaldandi uppbyggingu Reykjavíkur...“ segir meðal annars í auglýsingu sem birtist í Fréttablaðinu á fimmtudag og prýddi myndir af fjölmörgu þekktu fólki. Athygli vekur að Grímur Atlason þroskaþjálfari er í þeim hópi en hann tók þátt í prófkjöri Vinstri grænna vegna kosninganna nú. Hafði hann ekki erindi sem erfiði og virðist hafa snúið baki við flokknum í kjölfarið. Í það minnsta treystir hann Degi og Samfylkingunni betur en Svandís og VG.

#### Ólíkar fléttur

Svandís Svavarsdóttir gerði athugasemd við val á þáttarstjórnendum á kosningavökum NFS í umræðum oddvitanna í Reykjavík á fimmtudag. Taldi hún óhæft að aðeins karlar kæmu að verkinu og spurði hvar konurnar væru eiginlega. Sigmundur Ermir Rúnarsson spurði á móti hvers vegna í ósköpunum Árna Þór Sigurðsson væri í öðru sæti hjá VG, hvers vegna þar væri ekki kona líka. Svaraði Svandís því til að framboðið notaði fléttulista og því væri þetta svona. „Þetta er okkar fléttulisti,“ sagði þá Sigmundur og benti á Egil Helgason.

bjorn@frettabladid.is

## Við kjósum í dag

Í dag er gengið til kosninga. Auðvitað væri freistandi að nota tækifærið og hvetja lesendur til að kjósa rétt. Kjósa eins og ég. Ætli það sé ekki nokkuð ljóst hvern ég styð.

En ég féll ekki fyrir þessari freistingu. Mér finnst ekki viðeigandi að ryðjast inn á ykkur, lesendur góðir, með áróðri, þegar kjördagur er runninn upp og svo er líka hitt að sjálfsagt mundi enginn taka mark á mér og kannske eru þið öll búnin að gera upp hug ykkar og ég get engu breytt um afstöðu fólks sem er nú þegar harðakveðið hvernig það ætlar að rádstafa atkvæði sínu. Það er í rauninni með ólíkindum hvað lagt er í málatilbúnað, auglýsingar, fundahöld og áróður hjá öllum flokkum, þegar það er haft í huga, að langflestir kjósendur eru fyrirfram ákveðnir og hvorki loforð, lausnir né lóðari frambjóðenda breyta þar neinu um. Frambjóðendur geta talað af sér, lofað upp í ermina á sér, drukkið sig fulla, ekið á ljósastaura eða bullað út og suður, án þess að það haggi hinum staðfasta kjósenda: ég er sjálfstæðismaður, ég er vinstri grænn, ég er jafnaðarmaður segir hinn tryggi fylgismaður og kjósendi, sama hvað á gengur og krossar svo við sinn flokk, þegar í kjörklefann er komið.

Ég man eftir því í árdaga, þegar ég vann á kosningaskrifstofu fyrir minn gamla flokk, að aðalvinnan var fólgin í því að merkja kjósendur í næsta húsi, í hverfinu, á vinnustaðnum og sjá svo um að koma þessu rétrúnaðarfólki á kjörstað. Og þá var nóg að vita hvar fjölskyldufaðirinn stóð í pólitíkinni. Það var jafnan gengið út frá því að eiginkonan, börnin, já fjölskyldan öll stæði og sæti eins og húsbóndinn gerði og segði til um og sjálf-sagt var það rétt mat.

### Í DAG KOSNINGAR



ELLERT B. SCHRAM

*Og þá var nóg að vita hvar fjölskyldufaðirinn stóð í pólitíkinni. Það var jafnan gengið út frá því að eiginkonan, börnin, já fjölskyldan öll stæði og sæti eins og húsbóndinn gerði og segði til um og sjálf-sagt var það rétt mat.*

Eitthvað hafa þessi tryggðar-bönd flosnað upp ef maður gefur sér að jafnréttisbaráttan hafi skil- að einhverjum árangri, en er það ekki makalaust hvað flokksholl-usta gengur í erfiðir, hvernig maður fram af manni, kynslóð eftir kynslóð, fetar í fótspor feðra sinna og fylgi flokkanna skilar sér í nokk-urnveginn sömu prósentunum, kosningar eftir kosningar? Og það þrátt fyrir allan áróðurinn og aug- lýsingaflóðið. Hvern er verið að blekkja? Hverja er verið að tala við? Eða er þetta friðþægingar-árátta gagnvart sjálfum sér? „Gerðu eitthvað maður, vertu sýni- legur, ræddu við kjósendur,“ segja spunameistararnir og frambjóð- endur fara á taugum og hamast við að bjóða allt sitt gull og alla sína grænu skóga, sundabrautir í stokk, flugvöll út í sjó, ókeypis leikskóla, ókeypis allt, bara ef þú kýst mig. Sem maður gerir auðvitað, hvort sem er, hvað sem á gengur, því þetta er minn flokkur og þetta var flokkurinn hans þabba og flokkur-

inn sem börnin mín kjósa, þegar þau verða stórir.

Æ, ég veit það ekki, fjallið tók jóðsött og fæddist lítil mús. Jú, það eru víst einhverjir óákveðnir kjó- sendur til í þessu landi, eftir því sem skoðanakannanir benda til, einhverjir sem ekki eru flokks- bundnir, einhverjir landlausir hringhugar, sem skipta um lit og flokk, af því að þeir hafa ekki fen- gið rétt uppeldi og enga pólitíska fótfestu að erfðum. Verst er að það er oftast vegna þess að þeir hafa engan áhuga á stjórnmálum eða kosningum og hlusta bara ekki neitt. Og kjósa víst ekki heldur.

En svona er lýðræðið og við erum öll þátttakendur í þessu sjónarspili og vissulega má ekki gera lítið úr gildi þeirra mannrétt- inda að fá að kjósa og velja þannig þá einstaklinga og þá flokka, sem við treystum best. Jafnvel þótt við vitum úrslitin fyrirfram.

Og svo snýst þetta vitaskuld um völd. Pólitík er barátta um völd. Heilir stjórnmálaflokkar geta jafn- vel dagað uppi með sín úreltu við- horf, en lifað engu að síður sjálfa sig, í krafti þeirra hagsmunatengsla sem hafa orðið til í krafti valdsins. Og það getur enginn bannað þeim að halda lífi, meðan kjósendinn ljær þeim atkvæði sitt til að vernda þá hagsmuni sína sem felast í því að flokkurinn heldur völdum. Sem hefur ekkert með öll loforðin að gera og ekkert með hagsjónir að gera, heldur bara hitt, að eiga góða að.

Við skulum samt vona að ein- hver hugsi sig um, að þetta sé ekki allt til einskis og þessir nokkur þúsund kjósendur, sem segjast vera óákveðnir, láti ekki kylfu ráða kasti, heldur láti hjartað og sann- færinguna og dómgreindina ráða för. Og bjargi því að kosninganóttin verði spennandi.

## MARKAÐURINN

### Mest lesna viðskiptablaðið

FYLGIR FRÉTTABLAÐINU ALLA MIÐVIKUDAGA



AUGLÝSINGASÍMI  
550 5000

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 – prentmiðlar RITSTJÓRNAR: Kári Jónsson og Þorsteinn Pálsson FRÉTTARITSTJÓRN: Sigurjón M. Egilsson AÐSTODARRITSTJÓRN: Jón Kaldal FRÉTTASTJÓRNAR: Arndís Þorgeirsdóttir, Pétur Gunnarsson og Trausti Hafliðason RITSTJÓRNARFULLTRÚI: Steinunn Stefánsdóttir RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skafthlíð 24, 105 Reykjavík AÐALSÍMI: 550 5000 SÍMBRÉF Á FRÉTTAÐEILD: 550 5006 NETFÖNG: ritstjorn@frettabladid.is og auglysingar@frettabladid.is VEFFANG: visir.is UMBROT: 365 – prentmiðlar PRENTVINNLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. dreifing@posthusid.is Fréttablaðinu er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabörnum án endurgjalds. ISSN 1670-3871





# SÖLUSÝNING

á Grand Hótel Reykjavík dagana 26. - 28. maí 2006

Frábærar vörur á frábæru verði, milliliðalaus viðskipti við framleiðanda.



**Tungusófi 1+2+2**  
Verð aðeins 99.000.-



**Sófasett 3+1+1 Svart hamrað leður**  
Verð aðeins 169.000.-



**Borð náttúru eik. Stærð 150x85**  
Verð aðeins 27.500.-  
**Borðstofustólar PU svartir eða hvítir með chrome fótum**  
verð aðeins 7.500.-  
**Borðið + 4 stólar**  
á enn betra verði aðeins 49.900.-



**Borðstofuborð náttúru eik. Stærð 150x150**  
Verð aðeins 59.000.-  
**Borðstofustólar PU svartir, dökkbrúnir eða hvítir með ljósum eikarfótum**  
verð aðeins 9.900.-  
**Borðið + 6 stólar**  
á enn betra verði aðeins 99.500.-



**Baðinnrétting 105x60x200 með spegli, vaski og blöndunartækjum.**  
Verð aðeins 59.000.-

**Sjón er sögu ríkari**



**Stofuskenkur 150x46x85 náttúru eik.**  
Verð aðeins 65.000.-



**Sjónvarpsskenkur 180x58x50,5 náttúru eik.**  
Verð aðeins 59.000.-

**Mikið úrval af fallegum húsgögnum**



**Legubekkur bycast Litir: hvítur, svartur.**  
Verð aðeins 59.500.-



**Egglaga stóll PU**  
Litir: svartur, hvítur, rauður.  
Verð aðeins 59.500.-



Sigtún 38  
104 Reykjavík

**Opið:**  
**Föstudag 12-19**  
**Laugardag kl. 10-18**  
**Sunnudag kl. 10-18**

Visa og MasterCard létt- og raðgreiðslur

**BOHEMIA**  
vöruhús



# ASUS

## fartölvur á ótrúlegu verði!

**A6V**


**Skjár:** 15.4" SXGA (colorshine LCD) M/innb. vefmyndavél  
**Örgjörvi:** Intel Pentium M 740 1,73Ghz  
**Skjákort:** ATI Radeon X700 Pro,  
**Minni:** 512MB DDR2/ mest 1B  
**Harður diskur:** 60GB - 4200rpm  
**Hljóðkort:** AC97 - Soundblaster Pro  
**Netkort:** 10/100/bráðlaust 802.11b/g  
**Kortalesari:** 4-in-1  
**Geisladrif:** DVD dual double layer brennari/geislaskrifari/DVD  
**Tengi:** 4x USB 2.0, 1x FireWire IEEE 1394, 1x TV út, 1x EPP/ECP Parallel o.fl.  
**Stýrikerfi:** Windows XP Professional o.m.fl.

**129.900 kr.-**
**ASUS A5E**
**INNBYGGT SJÓNVARPS-KORT**


**Skjár:** 15.4" SXGA(colorshine LCD/Clare type)  
**Örgjörvi:** Intel Pentium M 740 1,73 Ghz  
**Skjákort:** Intel Graphics  
**Minni:** 512mb mest 1024mb  
**Harður diskur:** 80gb 4200rpm  
**Hljóðkort:** High Definition audio compliant audio chip, with 3D effect & full duplex  
**Netkort:** 10/100 og bráðlaust 802.11b/g  
**Kortalesari:** 4-in-1 (SD/MMC/MS/MS PRO)  
**Geisladrif:** 8x DVD dual double layer brennari/geislaskrifari/DVD  
**Tengi:** 4x USB 2.0, 1x FireWire IEEE 1394 Blue tooth, 1x TV út, 1x EPP/ECP Parallel 1x SIR 115,2Kbps, 1x SPDIF, 1x Headphone, 1x Mic  
**Stýrikerfi:** Windows XP Pro o.m.fl.

**144.990 kr.-**
**W2U - 17"**


**Skjár:** 17" SXGA (Colorshine LCD / Clare type) **Upplausn:** 1680x1050  
**Örgjörvi:** Intel Pentium Mobile 770 (2,13 GHz/2MB L2)  
**Skjákort:** ATI Radeon X700 128MB Hyper Memory  
**Minni:** 1GB DDR2 / mest 2GB  
**Harður diskur:** 100GB 5400rpm  
**Hljóðkort:** 8 rása - Intel High Definition - 4.1 hljóðkerfi (subw.)  
**Netkort:** 10/100/1000 og bráðlaust 802.11b/g  
**Kortalesari:** 4-in-1  
**Geisladrif:** DVD dual double layer brennari/geislaskrifari/DVD  
**Tengi:** 4x USB 2.0, 1x FireWire IEEE 1394, 1x TV út, 1x EPP/ECP o.fl.  
**Annað:** Sjónvarp-/FM kort Analog TV/Digital TV með 2x fjarstýringum - Bluetooth, léttmálmshúsi W2Vc styður Microsoft Media center.  
**Stýrikerfi:** Windows XP Professional o.m.fl.


**222.900 kr.-**
**ÖLLUM TÖLVUM FYLGIR TASKA, MÚS OG ÖFLUGUR HUGBÚNAÐAR-PAKKI**

Vegna sérsamninga getum við boðið þessar hágæða-fartölvur á lækkuðu verði.

# TASK

## TÖLVUVERSLUN



**TASK**  
**BRAUTARHOLTÍ 10-14**  
**S: 588 1000**  
**WWW.TASK.IS**

**Opíð:**  
**10-18 virka daga**  
**12-16 laugardaga**

**MAÐUR VIKUNNAR**

## Sagnfræðingur hennar hátignar

**GUÐNI TH. JÓHANNESSON**  
 SAGNFRÆÐINGUR

Guðni Th. Jóhannesson sagnfræðingur hefur vakið athygli fyrir opinberanir sínar á símhlerunum stjórnvalda á kaldastríðstímanum. Fátt hefur verið um annað talað og má með rökum halda því fram að kosningarnar í dag og sú barátta sem slíkum dansi fylgir hafi í byrjun vikunnar fallið í skuggann af stjórnárum fortíðarinnar. Fyrir það eitt á Guðni skilið að vera maður vikunnar.

Guðni fæddist í Reykjavík 26. júní 1968 en fluttist barnungur í Arnarnesið í Garðabæ þar sem hann ólst upp og bjó alla tíð. Hann er elsti sonur Jóhannesar Sæmundssonar, ífróttakennara í Menntaskólanum í Reykjavík og landsliðsþjálfara í frjálsum ífróttum, handknattleik og körfuknattleik. Jóhannes lést árið 1983. Móðir Guðna er Margrét Thorlacius, ritstjóri og barnakennari í Garðabæ. Guðni á tvo yngri bræður, Patrek, sem Guðni minnir á að skipar 10. sæti Sjálfstæðisflokksins í Garðabæ fyrir sveitarstjórnarkosningarnar í dag auk þess að hafa spilað handknattleik á tímabili, og Jóhannes Ólaf sem er kerfisstjóri hjá Intrum innheimtubjónustu.

Að loknum barnaskóla fór Guðni í Menntaskólann í Reykja-

vík og útskrifaðist þaðan 1987 en árið eftir hóf hann nám í sagnfræði við Warwick-háskólann í Englandi þaðan sem hann útskrifaðist árið 1991 með BA-gráðu. Guðni útskrifaðist með Masters-

spennusagnahöfundinn Stephen King á sama tíma og hann vann að sagnfræðirannsóknunum og kenndi sögu við gamla menntaskólann sinn og Háskóla Íslands. Guðni hefur skrifað fjölda bóka auk blaða- og tímaritsgreina.

Eigin-konu sinni, Elizu Reid blaðamanni á Iceland Review, kynntist hann í Oxford en hann á dótturina Rut með fyrri eiginkonu sinni Elínu Haraldsdóttur.

Guðni er áhugamaður um ífróttir og ætti engum að koma á óvart að þar stendur handboltinn honum næst. Guðni hætti að keppa í þessari ífrótt þegar Patrekur bróðir hans, sem er fjór- um árum yngri, var orðinn betri en hann. Guðni minnir þó á að hann varð enskur bikarmeistari í handknattleik með stórlíðinu Warwick Jaguars á



gráðu í sagnfræði frá Háskóla Íslands árið 1997 og doktorspróf frá Queen Mary, University of London árið 2003 eftir að hafa einnig tekið MST-gráðu í sömu fræðum við Oxford-háskóla.

Guðni hefur áður verið í fréttum því hann vann með námi á fréttastofum útvarps og Bylgjunnar. Miklu spennuþoli kom Guðni sér upp við að þýða fjölmargar bækur eftir bandaríska

skólaárum sínum í Englandi.

Guðna er lýst af vinum sínum sem miklum húmorista og traustum vini. Hann er fylginn sér, en jafnframt frekar feiminn og hlédrægur. Nokkrir vinir hans minnst á að Guðni væri sælkeri, lífsnautnamaður jafnvel en niðurstaða allra er ein-tóna. Hann er drengur góður og allir eru ríkari sem eiga hann að.

## Könnun á hreyfingu landsmanna

**UMRÆÐAN**  
 LÝÐHEILSA

**SVANDÍS SIGURÐARDÓTTIR OG ÞÓRARINN SVEINSSON**  
 KENNAÐAR VIÐ HÍ

Mörgum hefur óneitanlega reynst erfitt að hafa sig í að hreyfa sig reglubundið þótt flestir viti að það er ein besta leiðin til að vernda og bæta heilsuna.

Þessa dagana hafa 1600 Íslendingar á aldrinum 18-80 ára fengið í hendur spurningalista frá sjúkrahúsfunarskor Háskóla Íslands.

Spurningarnar snúast um hreyfingu fólks á ýmsum sviðum daglegs lífs, t.d. í vinnu, heima við og í frístundum.

Þau sem fengu listana voru valin af handahófi úr þjóðskrá.

Tilgangurinn með könnuninni er að afla nýrra upplýsinga og ítarlegri en áður um hreyfingu og hreyfingarleysi Íslendinga. Þar með er hægt að fara í aðgerðir, hvatningu og fræðslu til almennings með markvissari hætti, í von um að fleiri hugsi sér til hreyfings. Til dæmis ættu hollráð Lýðheilsustöðvar um hreyfingu að geta byggt á niðurstöðunum. Mörgum hefur óneitanlega reynst erfitt að hafa sig í að hreyfa sig reglubundið þótt flestir viti að það er ein besta leiðin til að vernda og bæta heilsuna.

Meðal ávinninga af hollri hreyfingu er léttari lund og betri dagleg líðan. Spurningalistinn er

alþjóðlegur að því leyti að hann er þróaður í samvinnu margra fræðimanna víða að úr heiminum og hefur verið lagður fyrir í þó nokkrum löndum.

Hér heima eru það tveir kennarar við sjúkrahúsfunarskor í Háskóla Íslands, Svandís J. Sigurðardóttir lektor og dr. Þórarinn Sveinsson dósent sem sjá um undirbúning, dreifingu og úrvinnslu.

Niðurstöðurnar eiga að geta aukið þekkingu og skilning á hreyfimáta Íslendinga og hvernig hann tengist heilsu þeirra. Með samanburði á hreyfingu Íslendinga við aðrar þjóðir má geta sér til um áhrif hreyfingar á lýðheilsu. Miklu máli skiptir að landsmenn taki vel við sér og svari spurningalistunum sem fyrst og sendi til baka. Aðeins verður hægt að taka mark á niðurstöðunum ef heimtur verða góðar.





ARGUS / 06-0120

# Kýst þú frelsið?

Barátta Íslendinga fyrir fullu frelsi hefur staðið í hundruð ára og við höfum náð mörgum glæsilegum sigrum á því sviði. Draugar fortíðarinnar eru þó lífseigir. Sem dæmi um þá fjötra, sem nú eru við lýði í íslensku samfélagi, má nefna að hjá ýmsum bankastofnunum tíðkast að setja fram þvingandi skilyrði um önnur viðskipti í allt að 40 ár vilji menn taka hjá þeim íbúðalán.

**Opin íbúðalán SPRON eru án slíkra skilyrða.**  
Fórnaðu ekki frelsinu, kynntu þér málið á **spron.is**



Íbúðalán SPRON eru háð útlánareglum SPRON.  
Upplýsingar í næsta útibúi SPRON, í síma 550 1200, 550 1400 eða á [spron.is](http://spron.is)



# Kosningaveisla í Nóatúni!

LAMBAGRILLSTEIK  
Í TÓMAT OG BASIL

**2.998** kr.  
kg

Úr  
Kjötborði  
Nóatúns

Úr  
Kjötborði  
Nóatúns

NAUTAFILLET  
Í RAUÐVÍNSPIPMARINERINU

**3.298** kr.  
stk.

Úr  
Kjötborði  
Nóatúns

FYLLTAR GRÍSA LUNDIR  
ÚR KJÖTBORÐI

**2.698** kr.  
kg

Úr  
Fiskborði  
Nóatúns

SVERÐFISKUR  
Í HVÍTLAUKSMARINERINU

**2.998** kr.  
kg

PICKWICK  
TE

**199** kr.  
pk.

HOT SPOT  
SÓSUR

**299** kr.  
stk.

KJÖRIS PINNAR  
GRÆNIR OG GULIR

**199** kr.  
pk.

KNORR  
BOLLASÚPUR

**149** kr.  
pk.

Tszzz



# Avúmp

Bestir í kjöti

## NÓATÚN

í 40 ár

Úr  
Kjötborði  
Nóatúns

Úr  
Kjötborði  
Nóatúns



GRILLSPJÓT  
LAMBAINNRALÆRI  
Í TOSCANA

**698** kr. stk.



SMÁSPJÓT:  
NAUFAFILLET  
GRÍSAFILLET

**298** kr. stk.

## Grillsumar Nóatúns



Nú er glæsilegur grillbæklingur  
Nóatúns kominn í allar verðslanir!



Úr  
Fiskborði  
Nóatúns

TÚNFISKSTEIK  
Í TERYAKI OG CHILI

**2.798** kr. kg



Úr  
Fiskborði  
Nóatúns

TÍGRÍSRÆKJUR ÁN SKELJA  
Á SPJÓTI

**2.998** kr. kg



KRYDDAÐIR KARTÖFLUBÁTAR  
BEINT Á GRILLIÐ

**399** kr. pk.

# Lifðu lífinu í lit!

## NÓATÚN



SVEPPIR Í BOXI  
169 kr. 250 g



CAESAR SALAT  
Florette 269 kr. pk.



BLÁBER Í BOXI  
299 kr. 125 g



HINDBER  
399 kr. kg.



AVOCADO  
349 kr. kg



...mmm

## NÓATÚN

-hljómar vel!





## Samhengi hlutanna

Á ferðum mínum um landið hef ég orðið var við mikla bjartsýni og sóknarhug. Aðstæður eru vissulega misjafnar en trúin á framtíðina er bjargföst og alls staðar blasir við mikill árangur.

Þegar við framsóknarmenn tókum sæti í ríkisstjórn 1995 var atvinnuleysi yfir 6%, það er nú 1,5%. Við töldum mestu skipta að allar vinnufúsar hendur fengju verk að vinna. Við töldum að með meiri verðmætasköpun og öflugra atvinnulífi gætum við tekist á við brýnar þarfir í fjölmörgum málum, ekki síst menntunar- og velferðarmálum. Og hvað hefur gerst? Þrátt fyrir skattalækkun hafa tekjur ríkis- og sveitarfélaga aukist gífurlega sem notaðar hafa verið til að bæta þjónustuna.

*„Við þurfum öflugri skóla og leikskólarnir eiga að vera jafnsettir öðrum skólum.“*

Allt þetta hangir saman. Kröftugt efnahags- og atvinnulíf skilar bættum lífskjörum og öflugri velferðarsamfélagi. Þetta hefur tekist á undanförunum áratug en verkinu er ekki lokið, nú verður að halda áfram. Hvarvetna blasa við áskoranir. Við þurfum öflugri skóla og leikskólarnir eiga að vera jafnsettir öðrum skólum. Það vantar meiri heimþjónustu við aldræða og fleiri hjúkrunarheimili. Það vantar betri efnahagsárangurs en þannig lengi telja. En hvað þarf til? Traust efnahagslíf og áráði til að byggja upp fjölbreytt atvinnulíf sem skapar þessi verðmæti sem þarf til.

Við erum stolt af þeim árangri sem Ísland hefur náð. Grunnurinn er traustur sem eftirfarandi umsögn Alþjóðagjaldeyrissjóðsins sýnir.

„Efnahagshorfur á Íslandi eru áfram öfundsverðar. Stofnanir eru öflugar og stefnumótunarumgjörð sterk. Markaðir eru opnir og sveigjanlegir, auk þess hefur verið faglega staðið að stjórnun á náttúruauðlindum landsins sem hefur aukið fjölbreytileika hagkerfisins og lagt sitt af mörkum til að tryggja sjálfbærni þess. Þetta umhverfi er einnig mótað af menningu sem einkennist af frumkvöðlakrafti sem leitt hefur til betri efnahagsárangurs en búast mætti við af svo smáum hagkerfi.“

Í dag verður ákveðið hverjir móta framtíð sveitarfélaganna og jafnframt hvort menn vilji halda áfram á þeirri miklu framfarabraut sem einkennt hefur samfélagið að undanförunum.

Framsóknarflokkurinn býður fram í eigin nafni undir lista- bókstafnum B og í samstarfi við aðra. Við erum tilbúin að vinna af bjartsýni og heilindum að þínum hag.

Við óskum eftir stuðningi þínum til að halda verkinu áfram.



HALLDÓR ÁSGRÍMSSON  
FORMAÐUR FRAMSÓKNARFLOKKSINS

## Góður byr með Sjálfstæðisflokknum

Hlutverk sveitarstjórna á Íslandi er mikilvægt og sívaxandi. Margir málaflokkar sem næst standa íslenskum fjölskyldum eru á ábyrgð sveitarfélaga. Af þeim sökum er ákaflega mikilvægt að á vettvangi sveitarstjórna veljist til forystu dugmikið og hæft fólk sem hefur metnað fyrir hönd síns sveitarfélags og starfar eftir skýrri stefnu og hugmyndafræði.

Skoðanakannanir benda til þess að víðast hvar sé góður byr með frambjóðendum Sjálfstæðisflokksins. Einkum er eftirtektarvert hversu mikill stuðningur hefur mælst við flokkinn í þeim sveitarfélögum þar sem hann hefur verið í forystu undanförunum ár. En staðan er víðar sterk og góðir möguleikar á meirihluta eða forystu í meirihlutasamstarfi í fleiri sveitarfélögum en áður. Aukinn styrkur Sjálfstæðisflokksins í sveitarstjórnunum um land allt nú í vor mun veita flokksmönnum byr í seglin á aðdraganda næstu þingkosninga.

Í höfuðborginni eygjum við möguleika á því að Sjálfstæðisflokkurinn fái óskorað umboð næstu fjögur ár til þess að hrinda stefnumálum sínum í framkvæmd. Stefna og stefnuleysi R-listans í Reykjavík hefur fyrir löngu beðið skipbrot. Það væri mikil gæfa fyrir Reykjavíkings ef Sjálfstæðisflokkurinn undir forystu Vilhjálmssonar fengi tækifæri til þess að stjórna borginni á komandi kjörtímabili.

Málefnið eru mörg og áherslur misjafnar eftir sveitarfélögum. Það er þó rauður þráður í stefnu Sjálfstæðisflokksins að lofa ekki upp í erminu á komandi kynslóðum með óábyrgum hugmyndum og auknum skuldum. Örugg fjármála- stjórn er aðalmerki Sjálfstæðis-

*„Stefna og stefnuleysi R-listans í Reykjavík hefur fyrir löngu beðið skipbrot“*

flokksins jafnt í sveitarstjórnunum sem ríkisstjórn. Hlutverk sveitarstjórna er að tryggja að fólk og fjölskyldur hafi öruggan aðgang að góðri þjónustu, góðum skólum og mannvænlegu umhverfi. Staða Sjálfstæðisflokksins er sterk enda býður hann ætíð fram undir eigin merkjum svo kjósendur hafa tækifæri til þess að bera saman orð hans og efndir. Því miður hefur réttur kjósenda til þess að gera upp við valdhafa sums staðar verið tekinn af þeim þar sem vinstri flokkarnir skipta um nafn og umbúðir áður en kjósendur fá færi til þess að fella dóm yfir verkum þeirra. Sjálfstæðismenn óttast ekki slíkan dóm á kjördag.

Ég hvet sjálfstæðismenn til þess að draga hvergi af sér nú á lokaspretti kosningabaráttunnar.



GEIR HAARDE  
FORMAÐUR SJÁLFSTÆÐISFLOKKSINS

## Berjumst fyrir fólkið og framtíðina

Allsstaðar þar sem Frjálslyndir koma að frambjóðsmálum til sveitarstjórna er forgangsröðun okkar í þágu fólksins, velferðar þess, menntunar og atvinnu.

Sveitarfélögin eru mjög missett fjárhagslega og geta þeirra til framkvæmda og aukinna verkefna í velferðarmálum afar misjöfn. Almennt eru stærri bæjarfélögin, og þar sem fólksfjöldun er, vel sett og hægt að bæta hag fólksins án þess að skuldsetja sveitarsjóðina og þar með fólkið í sveitarfélaginu.

Sem dæmi um velferðar- áherslur flokksins, má nefna, að Frjálslyndi lokkurinn hefur á hverju ári sl. 6 ár barist fyrir því á Alþingi og í fjölmiðlum að vinna því fylgi að lágmarksbætur Tryggingastofnunar ríkisins verði ekki skertar þó fólk fái greitt úr lífeyrissjóði 50 þúsund krónur eða minna á mánuði.

Við í Frjálslynda flokknum þurfum góðan stuðning í þessum kosningum frá öllu vel hugsandi fólki sem vill bæta velferð fólks í landinu. Frjálslyndi flokkurinn býður fram víða um land, frá

*„Fólkið á landsbyggðinni og þeir sem þaðan hafa flutt á höfuðborgarsvæðið hljóta að horfa til okkar afstöðu til þess að viðhalda Reykjavíkurflogvelli í borginni.“*

Skagafirði í norðri til Vestmannaeyja í suðri. Forystufólk á þeim listum er efnilegt fólk, áhugasamt um sínar heimabyggðir. Við vonumst eftir stuðningi kjósenda við stefnu þeirra. Fólkið á landsbyggðinni og þeir sem þaðan hafa flutt á höfuðborgarsvæðið hljóta að horfa til okkar afstöðu til þess að viðhalda Reykjavíkurflogvelli í borginni og halda góðum samgöngum til og frá Reykjavík og þeirri þjónustu sem allir landsmenn eiga rétt á í höfuðborginni.

Nú horfir þannig að við eigum raunhæfan möguleika á að fá þá ágætu og dugmiku konu Margréti Sværissdóttur inn í borgarstjórn. Þar fer mikil öndvegis kona og verðugur fulltrúi kvenna í hvaða trúnaðarstarfi sem henni væri falið. Það er því áskorun mín til kjósenda í Reykjavík að veita henni fullan stuðning.

Ég hef unnið með mörgum ágætiskönum á minni starfsævi og á enga þeirra hallað, ekki einu sinni systurnar mínar sjö, þó á Margréti beri ég lof og þris. Ég skora á konur að tryggja fylgi við Frjálslynda sem fleyti bæði Ólafi F. og Margréti í borgarstjórn.



GUÐJÓN A. KRISTJÁNSSON  
FORMAÐUR FRJÁLSLYNDA FLOKKSINS

## Það skiptir máli hverjir stjórna

Í dag er hátiðisdagur. Við stöndum frammi fyrir því mikilvæga verkefni að velja þá pólitíska fulltrúa sem við treystum best til að stjórna bæjarfélaginu okkar næstu fjögur ár. Þessi ár geta skipt miklu fyrir framtíð barnanna okkar og vellíðan elstu kynslóðarinnar sem lagði grunninn að velferð okkar. Þau geta haft afgerandi þýðingu fyrir skipulagsmál, náttúruvernd og gæði okkar nánasta umhverfis og ráðið úrslitum um hvort mörkuð verður skýr sýn til framtíðar fyrir okkar heimabyggð. Samfylkingin býður nú fram lista í eigin nafni í fimmtán sveitarfélögum um land allt og á ennfremur aðild að fjölmörgum sameiginlegum framboðum. Samfylkingin leggur í

*„Þó flokkarnir séu stundum margir, og virðist líkir, er á endanum tekist á um tvær meginleiðir. Sérhagsmunagæslu Sjálfstæðisflokksins eða frjálslynda jafnaðarstefnu Samfylkingarinnar.“*

þessum kosningum áherslu á hugsjónina um sterkara samfélag þar sem allir einstaklingar fá tækifæri til að njóta hæfileika sinna og geta treyst á örugga almannaþjónustu þegar þeir þurfa hennar með. Samfylkingin vill jafnframt auka áhrifavald íbúanna, t.d. með almennum atkvæðagreiðslum um mikilvæg mál svo sem á sviði skólamála, skipulagsmála og umhverfismála.

Samfylkingin er nýr flokkur, stofnaður fyrir einungis sex árum, þó hann eigi rætur allt aftur til ársins 1916. Með stofnun Samfylkingarinnar varð að veruleika áratuga draumur margra jafnaðarmanna um að sameinast í einum stórum flokki sem gæti látið verkin tala. Allt frá fyrstu tíð hefur Samfylkingin dregið að sér kraftmikið hugsjónafólk sem hefur þekkingu og atorku til að gera hugmyndir að veruleika. Í þessum kosningum er ég einstaklega stolt af þeim glæsilega hópi sem býður sig fram til starfa undir merkjum Samfylkingarinnar. Það skiptir máli hverjir stjórna. Valið í kosningum er skýrt. Þó flokkarnir séu stundum margir, og virðist líkir, er á endanum tekist á um tvær meginleiðir. Sérhagsmunagæslu Sjálfstæðisflokksins eða frjálslynda jafnaðarstefnu Samfylkingarinnar. Samfylkingin er flokkur með skýra sýn og leiðsögn um spennandi framtíð þar sem menntun, jafnrétti, öflug velferðarþjónusta, umhverfisvernd og skapandi atvinnustefna skipa öndvegi. Við leggjum okkar verk og framtíðarsýn með stolti í dóm kjósenda. Megi dagurinn í dag verða landsmönnum öllum til heilla.



INGIBJÖRG SÓLRÚN GÍSLADÓTTIR  
FORMAÐUR SAMFYLKINGARINNAR

## Vinstri græn sókn!

Í dag ganga landsmenn að kjörborðinu og kjósa fulltrúa í sveitarstjórnir næstu fjögur ár. Skoðanakannanir jafnt og tilfinning reyndra þátttakenda í stjórnmálum gefa skýrar vísbendingar í þá átt að við vinstri grænum nú góðan hljómgrunn meðal kjósenda með okkar stefnumál og siglum í meðbyr. Vísbendingar benda til góðs sigurs V-listans, Vinstri grænna, í Reykjavík sem kann að skipta sköpum hvað varðar möguleika á félagslegum meirihluta. Sama gildir um Akureyri þar sem sterk útkoma Vinstri grænna er mikilvæg til að fella núverandi meirihluta ríkisstjórnarflokka í bænum og skapa skilyrði til breytinga. Góðar horfur eru á að við fáum mann kjörinn í Kópavogi, öðru stærsta sveitarfélagi landisins sem verður gríðarleg lyftistöng fyrir starf okkar þar og gott fyrir samfélagið um leið.

Á stöðum eins og Hafnarfirði, Akranesi og Árborg benda kannanir til þess að við séum að tvöfalda eða meira en tvöfalda fylgi okkar og eigum ágæta möguleika á að fá kjörna fulltrúa. Í Reykjanesbæ hefur frísklegt framboð okkar komið á óvart og svo mætti áfram telja. Í sveitarfélaginu Skagafirði hafa vinstri græn starfað í meirihluta og náð miklum árangri. Í Mosfellsbæ, Hveragerði, Dalvíkurbyggð, nýsameinuðu sveitarfélagi í Þingeyjarsýslum þar sem Húsavík er stærsti þéttbýliskjarninn og síðast en ekki síst í Dalabyggð, býður Vinstrireyfingin - grænt framboð fram og ríkir alls staðar góð baráttustemning og bjartsýni á úrslitum.


*„Vísbendingar benda til góðs sigurs V-listans, Vinstri grænna, í Reykjavík sem kann að skipta sköpum hvað varðar möguleika á félagslegum meirihluta.“*

Meðbyr Vinstri grænna nú má þakka sterkri málefnaþstöðu flokksins, vaskri frambjóðenda- sveit og jákvæðri og uppbyggilegri kosningabaráttu. Við getum verið stolt af þeirri baráttu og því að hafa látið öðrum eftir yfirborðsstjórnmálin og glórulaust auglýsinga- og loforðaflóð. Vaxandi skilningur er á mikilvægi þess að sterkasta rödd umhverfis- verndar og félagslegs réttlætis fái gott gengi í sveitarstjórnarkosningunum. Í þeim er kosíð um þessi mál alveg eins og í alþingiskosningum. Ég færi öllum þeim sem lagt hafa hönd á plóginn í okkar þágu bestu þakkir. Landsmenn hvet ég til þess að nýta kosningaréttinn og fylgja samvisku sinni einni að málum, láta málefni ráða.



STEINGRÍMUR J. SIGFÚSSON  
FORMAÐUR VINSTRI GRÆNNA





ENNEMM / SIA / NM2169

Nú sigli ég  
minn eigin sjó

## KB LÍFEYRIR

... þú átt það inni!

Þegar þú þarft ekki lengur að mæta til vinnu eftir langa starfsævi viltu njóta lífsins. Búðu þig undir spennandi starfslok með því að ávaxta skyldu- og viðbótarlífeyrissparnaðinn þinn hjá KB banka í KB Lífeyri.

Yfir 70 þúsund einstaklingar eru með lífeyrissparnað sinn í KB Lífeyri og þeir sem eru einnig í viðskiptum við KB banka njóta enn betri kjara í bankapjónustu.

Kynntu þér KB lífeyri í næsta útibúi eða í síma 444 7000.





# „Taumlaus græðgi heimtar blóð“

Í Dagbók Práins Bertelssonar er fjallað sláttuvél og hitaeiningar, fátækt og græðgi og fjallað um utanríkismál, Kammersveit, Listaháskóla, sólskinsblett í tilverunni og 111. meðferð á skepnum.

## FÖSTUDAGUR, 19. MAÍ

### Tvær flugur í einu höggi

Í dag keypti ég handsláttuvél. Í næsta húsi, Vinaminni, er til sláttuvél með bensínmotor. Því miður hefur mér aldrei tekist að ná góðu sambandi við þá háværu og daunillu maskínu. Um handsláttuvélina gegnir öðru máli. Hún lék í höndunum á mér meðan hún brenndi á hljóðlátan hátt þeim hitaeiningum sem héldu að þær væru komnar í örugga framtíðarvist hangandi framan á maganum á mér. Trúlega er þetta kallað að slá tvær flugur í einu höggi.

## LAUGARDAGUR, 20. MAÍ

### Rétt hleðsla

Þetta hefur verið stífur dagur. Sennilega verð ég að slá garðinn daglega til að verjast þeim hitaeiningum sem sitja um mig við hvert fót-mál.

Í morgun fórum við í fermyngarathöfn í Fáskrúðarbakkakirkju á Snæfellsnesi. Það var falleg athöfn hjá séra Guðjóni Skarphéðinsyni og engin hættu á að Ingibjörg Sædís vinkona okkar gleymi fermyngarsystkinum sínum því að hún var eina fermyngar-

leg forhlað. Sé forhlaðið rétt saman sett hefur maður betra rými fyrir sjálft sprengiefnið, hnallþóru og hvers konar sæta-brauð.

Þetta er kennt í guðfræðideildum við alla betri háskóla sem og tertuskurður.

Ég ók rólega í bæinn til að gefa meltingarfærunum ráðrúm til að undirbúa næstu lotu. Það var stúðentsveisla, Jón Þór, frændi okkar var að setja upp hvíta kollinn. Þar leið tíminn í dýrlegum fögnuði þar til tími var kominn til að fara heim og horfa á Evróvisjón, en sú hátíð hefur verið mér hugleikin allt frá því ég var í Dyflni árið 1970 þegar írski mærin Dana vann frægan sigur með laginu „All Kinds of Everything“ sem allir kunna.

## SUNNUDAGUR, 21. MAÍ

### Gjaldprot og þunglyndislyf

Mætti kl. tólf í Silfur Egils að spjalla við skemmtilega menn um fjármál og kosningar.

Ég er að koka á að kjósa Villa Þ. Kann ekki við hann í bleiku.

Annaðhvort nær Sjálfstæðisflokkurinn



fer alltaf að snúast um fjárhag ríkisins eða stórfyrirtækja.

Ég hef meiri innsýn í fjármál einstaklinga. Til dæmis langar mig að hjálpa vinkonu minni sem á í basli. Hún er einstæð móðir með tvö börn og vinnur við umönnun sjúklinga. Hún fær um 120.000 kr. útborgaðar og greiðir 90.000 kr. í leigu. Auðvitað fær hún barnabætur (30.000) og húsaleigubætur (50.000)

svo að þegar hún er búin að borga leiguna á hún um 100.000 kr.

En þá er margt eftir: Leikskólagjald 15.000, gsm- og heimasími 8000, afborgun af tölvukaupaláni 9500 kr., bíltrygging 4200 kr., heimilstryggingar 1600 kr., mánað-

svona: „Hennar útibú er tilbúið að fella niður þá vexti sem koma um næstu mánaðamót. Ef lagt er inn fyrir 29. maí þá er skuldin á námsláninu kr. 359.149.“

Þetta eru afarkostir. Ég er reiðubúinn til að hjálpa vinkonu minni að greiða þær skuldir sem hún stofnaði til svo að lánardrottinn beri ekki skaða. En það dugir ekki til, taumlaus græðgin heimtar blóð, okurvexti og innheimtukostnað.

Í kvöld fór Sólveig með mig á Mozarttónleika í Langholti-kirkju til að skola Evróvisjón-skólpinu úr hlustunum á mér.

Í meira en 30 ár hefur Rut Ingólfssdóttir verið leiðari og listrænn stjórnandi Kammersveitar Reykjavíkur og lyft Grettistaki í íslensku tónlistarlífi. Á tónleikumum í kvöld heyrðum við í tveimur ungum heyringum, Unu Sveinbjarnardóttur, sem var einleikari í fiölu-

barnið. Svo tók við glæsileg fermyngarveisla. Kúnstir í veislum er að setja saman rétta hleðslu og byrja á hinum óskykrudu kræsingum sem myndu nauðsyn-



8 mönnum í borgarstjórn og hreinum meirihluta, ellegar B-listanum (sem hét áður Framsóknarflokkur) tekst að fella 8. mann íhaldsins og Björn Ingi kemst í borgarstjórn sem ég held að væri til góds. X-B.

Ekki tókst mér að segja margt gáfulegt í þættinum. Gallinn við fjármálaumræðu í ljósvakamiðlum er að hún

argjald til RÚV 2700 kr. Þetta gera 41.000 kr. Þá eru eftir 59.000 til að kaupa mat og fatnað, jafnvel leikföng, og sjá til þess að börnin fái að sækja námskeið og fái það sem talið er sjálfsgætt að öll börn fái – auk þess að kaupa bensín á bílinn (sumardekk vantar og viðgerð fyrir skoðun). Kannski væri þetta hægt fyrir 59.000 kr. En því miður hefur vinkona mín ekki getað látið enda ná saman og nú er hart sótt að henni.

Í fyrsta lagi er gjaldfallin skuld við Lánasjóð Íslenskra námsmanna. Upphæðin er 47.500 kr.

Sem ég vil gjarna hjálpa henni að greiða. Gallinn er sá að þessi skuld er komin í innheimtu til fyrirtækis sem heitir Legalis og er orðin 80.897 kr. með innheimtukostnaði og dráttarvöxtum.

Ég hringdi í Lánasjóð og sagði að ég vildi borga skuldina svo að Lánasjóður biði ekki tjón af viðskiptunum; hins vegar hefði ég ekki efni á því að borga lögfræðingum herra kaup fyrir að senda út stöðluð innheimtubríf en skáld fá fyrir að semja bókmenntir.

Svarið sem ég fékk var að hægt væri að semja um 70.000 kr. staðgreiðslu til að ljúka þessari 47.500 kr. skuld.

Hin skuldin sem heldur vöku fyrir vinkonu minni er við KB-banka út af námsláni. Ég hafði samband og vildi semja um að staðgreiða einhverja upphæð til að ljúka skuldinni í eitt skipti fyrir öll.

Svarið sem ég fékk í netpósti var

ertinum og Víkingi Heiðari Ólafssyni sem var einleikari í pianókonertinum og stjórnadi hljómsveitinni af glæsileik, og svo lék hinn síungi Einar Jóhannesson klarinettukonsert sem ég elska – og hef aldrei heyrt betur leikinn.


## MÁNUDAGUR, 22.

### Til að engan gruni neitt!

Borðaði hádegismat á „Vín og skel“ með Lísu. Ekki hef ég brjóst í mér til að skrifa umsögn um þann veitingastað. Við ræddum stjórnmál af mikilli alvöru, enda er Lísa diplómat að atvinnu.

Eðlileg brottför herliðsins eftir hálftrar aldar viðskipti við Íslendinga, sem hafa gert marga ríka, virðist stefna í að verða að vandamáli.

Versta mögulega laus á viðskilnaði okkar við bandaríska setuliðið er að íslensk yfirvöld grenji út einhverja



## Kæra Dagbók

Práinn Bertelsson skrifar



málamynda-nærveru til að reyna að bjarga andlitinu, í von um að þjóðin haldi að „okkar menn“ hafi rúllað Kananum upp í samningaviðræðum.

Sýndarvarnir eru verri en engar varnir. Falskt öryggi er verra en ekkert öryggi. Við eigum að þakka Bandaríkjamönnum fyrir og kveðja þá með kurt og pí. Tími til kominn.

Núna eru sagnfræðingar búnir að staðfesta að ofsóknarbrjáláðir ráðherrar hafi fyrirskipað fáránlegar símahleranir. Um slíka andlýðræðislega tilburði skrifaði ég heila bók, Valkyrjur, því að enn í dag er verið að púkrast með drauma um að stofna innlenda nýsnaþjónustu og kalla hana „greiningardeild“ eða „öryggisdeild“, til að engan gruni neitt.

## ÞRIÐJUDAGUR, 23. MAÍ

### Sólskinsblettur í tilverunni

Í dag fór ég í heimsókn austur í

Grímsnes að Sólheimum. Ólýsanlegur dagur.

Mér fannst ég vera staddur á sólskinsbletti í tilverunni – á stað þar sem áratugum saman hefur verið starfað af óþrjótandi kærlleika við að hjálpa okkar smæstu bræðrum og systur til að lifa innihaldsríku lífi með reisu og virðingu.

## MÍÐVIKUDAGUR, 24. MAÍ

### 111. meðferð - á skepnum

Gunnar Helgi Kristinnsson prófessor skoðaði 111 stöðuveitingar í æstu störf ríkisins á síðustu árum og segir að 44% stöðuveitinga í æstu embætti ríkisins séu af pólitískum toga.

Þetta er greinilega nútímaútgáfa af svokallaðri 111. meðferð á skepnum. Soldið vantar enn upp á að samfélag okkar verði eins og hjá síðmenntuðu fólki.

Reyndar er mikið til hér af síðmenntuðu fólki. Það sá ég á útskriftarhátíð Listaháskóla Íslands. Það er glæsilegur skóli þótt hann sé í húsnæðishraki. Þar er Sólveig mín búin að starfa frá því að skólinn var stofnaður.

Lukum góðum degi með frábærri máltíð í Grillinu.

Ég sá ekki betur en garðsláttuvélina sendi mér íbyggið augnaráð þegar við komum heim.

## sjálfvirka moppan komin í nettó

bylting í þrifum heimilisins



Robomop er tæki sem hreinsar gólf, parket, marmara, flísar, granít, línoliumdúk og eiginlega alla slétta fleti.

Tækið samanstendur af lítilli rafhlöðu drifinni kúlu sem dregur hringlaga plasthlemm með sér en undir honum er sérstakt filt sem tekur ryk, ló, dýrahár ofl. Hægt er að tímastilla tækið á einn og hálfan tíma, heilan tíma eða hálf tíma. Þegar tækið verður rafmagnslaust þá er það endurhlaðið, hleðslutæki fylgir. Þegar filtið er fullt er nýtt sett í staðinn, eitt handtak, 25 stk. í pakka, 500 kr. Þegar tækið reks í eitthvað breytir það um stefnu. Tækið þrífur 60m<sup>2</sup> á 1 klst. 98%. Tækið fer undir rúm, sófa ofl. sem er yfir 8,5 cm.

Þeir sem hafa eignast Robomop eru sérlega ánægðir með það.

Það vinnur á meðan þú ert í vinnu eða úti í garði!

allt í matinn á einum stað

www.netto.is - Verð birt með fyrirvara um prentvillur

netto

Alkanes - Akureyri - Grindavík - Mjódd Reykjavík - Salahlóðir Kópavogi



**KÓPAVOGSBÚAR**

# Tryggjum Samúel Erni sæti í bæjarstjórn

Samúel Örn Erlingsson kemur ferskur inn í stjórnmalin í Kópavogi. Hann starfar nú sem forstöðumaður íþróttadeildar Ríkisútvarpsins og hefur einnig komið víða að í félagsmálum með góðum árangri. Samúel Örn mun reynast Kópavogsbúum vel.



## Höldum áfram



JAWAHARLAL NEHRU (1889-1964)  
LÉST PENNAN DAG.

„Lýðræðið er gott. Þetta segi ég vegna þess að hin stjórnkerfin eru verri.“

Jawaharlal Nehru var fyrsti forsætisráðherra Indlands eftir að landið hlaut sjálfstæði.



# tímamót

timamot@frettabladid.is

## PETTA GERÐIST: 27. MAÍ 1703

### Pétur mikli stofnar Pétursborg

Pennan dag árið 1703 lagði Pétur fyrsti hornstein að virki þar sem Pétursborg stendur nú. Dagurinn hefur síðan verið talinn stofndagur borgarinnar.

Frá stofnun borgarinnar var Pétur fyrsti ákveðinn í því að gera Pétursborg að stórkostlegri borg sem hann kallaði „Evrópugluggann“ sinn. Uppbyggingin fór hratt af stað og var til dæmis fyrsta steinhöllin risin árið 1714 fyrir Alexandr Danilovich Menshikov en tveimur árum áður hafði Pétursborg verið gerð höfuðborg Rússlands í stað Moskvu. Þótti borgin bera mikinn þokka og voru listamenn frá gervöllu Rússlandi fengnir til að aðstoða við að gefa borginni fagurt yfirbragð. Hún var þó ekki eingöngu fögur heldur gríðarlega mikilvæg því höfnin í Péturs-



borg stækkaði mjög hratt og varð miðpunktur viðskipta til og frá Rússlandi.

Frá upphafi var mikið bil milli aðalsins í Pétursborg og verkamannanna sem fór ört fjölgandi. Pétursborg varð miðpunktur baráttu rússneskra verkamanna fyrir betri kjörum frá 1825. Verkaþólinu tókst svo að velja stjórnvöldum af stóli í rússnesku

byltingunni svonefndu árið 1917 sem hófst í Pétursborg en breiddist út um allt Rússland.

Eftir byltinguna varð Moskva aftur höfuðborg Rússlands og Pétursborg var nefnd Leníngrád árið 1924. Eftir að Sovétríkin liðu undir lok kusu borgarúar að taka aftur upp Pétursborgarnafnið í júní 1991.

## MERKISATBURÐIR

- 1857** Danskir embættismenn þurfa frá og með þessum degi að þreyta íslenskupróf áður en þeir taka við embætti á Íslandi.
- 1923** Fyrsti Le Mans-kappaksturinn fer fram.
- 1933** Teiknimyndin Grísirnir þrír er gefin út.
- 1983** Hús verslunarinnar í Reykjavík er tekið í notkun.
- 1991** Landsbankinn tekur yfir síðasta útibú Samvinnubankans.
- 1993** Hryðjuverkaárás er gerð á Offizi-safnið í Flórens og veldur hún nokkurri eyðileggingu.
- 1999** Alþjóðadómstóllinn í Haag gefur út ákæru á hendur Slobodan Milosevic fyrir stríðsglæpi og glæpi gegn mannkyninu.

## AFMÆLI



**Karl Steinar Guðnason**, forstjóri Tryggingastofnunar ríkisins, er 67 ára.



**Anna Kristinsdóttir** borgarfulltrúi er 43 ára.



**Hjördís Rut Sigurjónsdóttir** fréttakona er 31 árs.

## ANDLÁT

**Guðjóna Guðnadóttir**, Hrauntungu 119, Kópavogi, lést á Landspítala Fossvogi þriðjudaginn 23. maí.

**Magnús S. Jósefsson** bóndi, Fremri Hrafnabjörgum, Dalasýslu, lést á hjúkrunarheimilinu Skjólí miðvikudaginn 24. maí.

**Sóley Þorsteinsdóttir**, Álfaskelví 64b, Hafnarfirði, lést á Landspítala við Hringbraut mánudaginn 22. maí.

**Sveinborg Símonardóttir**, fædd 9. ágúst 1915, lést föstudaginn 12. maí. Útför fór fram í kyrkju.

**Una Thorberg Elíasdóttir** lést á sjúkrahúsi Patreksfjarðar föstudaginn 26. maí.

**Porkell Bjarnason** á Laugarvatni er látinn.

## JARÐARFARIR

**11.00 Þórdís Pétursdóttir**, Seli, Grímsnesi, verður jarðsungið frá Skálholtsdómkirkju.

**13.00 Guðmundur Hjartarson**, Sóltúni 43, Selfossi, áður bóndi á Grænhóli í Ölfusi, verður jarðsungið frá Kotstrandarkirkju.

**14.00 Hilmar Sigurbjörnsson**, Herjólfsgötu 7, Vestmannaeyjum, verður jarðsungið frá Landakirkju.

**14.00 María Ólafsdóttir** frá Vindhæli, Hléskógum 5, Reykjavík, verður jarðsungið frá Hólaneskirkju á Skagaströnd.

**14.00 Þórhallur Jónsson** frá Lóni verður jarðsungið frá Húsavíkurkirkju.



VALGARÐUR SIGURÐSSON FRUMULÍFFRÆÐINGUR Landspítali - háskólasjúkrahús veitti Valgarði viðurkenningu fyrir rannsóknarstörf sín en ásamt rannsóknarteymi hefur hann unnið með stofnfrumur í brjóstskirtli.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## VALGARÐUR SIGURÐSSON: UNGUR VÍSINDAMAÐUR ÁRSINS Á LHS

# Heldur ótrauður áfram

„Þetta er auðvitað mikil viðurkenning fyrir mig og rannsóknarhópin.“ segir Valgarður Sigurðsson, sem á dögunum fékk viðurkenninguna Ungur vísindamaður ársins frá Landspítala - háskólasjúkrahúsi fyrir rannsóknarstörf sín. Valgarður er ekki nema 28 ára og fékk viðurkenningu fyrir rannsóknir sem eru hluti af doktorsverkefni hans en áður höfðu dönsku krabbameinssamtökin veitt honum viðurkenningu fyrir sama verkefni.

„Ég er í doktorsnámi við læknadeild Háskóla Íslands og leiðbeindur mínir í því verkefni eru Þórarinn Guðjónsson og Magnús Karl Magnússon. Doktorsverkefnið er beint framhald af meistaraufverkefni sem ég lauk á síðasta ári. Þessar tvær viðurkenningar komu skemmtilega á óvart og eru mikil hvatning fyrir mig og rannsóknarhópin fyrir framhaldið,“ segir Valgarður. Rannsóknarteymið sem hann er hluti af hefur verið að vinna með stofnfrum-

ur í brjóstskirtli. „Við erum að rannsaka hvernig stofnfrumurnar haga sér í samspili við umhverfi sitt. Megináherslan hefur verið á að þróa þrívítt frumuræktunarlíkan sem líkir eftir aðstæðum sem finnast í líkamanum. Nálgunin sem við notum er nýstárleg og getur bæði nýst til að svara grundvallarspurningum um tilurð og framþróun æxlisvaxtar og til lyfjaleitar.“

Rannsóknirnar hafa að mestu farið fram á rannsóknarstofu Krabbameinsfélags Íslands í sameinda- og frumulíffræði en einnig á blóðmeinafræðideild LSH og í Læknagarði HÍ. „Rannsóknir af þessu tagi eru mjög dýrar en rannsóknarhópurinn hefur náð góðum árangri í styrkjaöflun, meðal annars með Öndvegisstyrk RANNÍS og styrkjum úr Rannsóknasjóði Háskóla Íslands, Vísindasjóði LSH og frá European Science Foundation auk annarra minni en góðra styrkja.“

Niðurstöður rannsókna geta

skipt sköpum í áframhaldandi rannsóknum á krabbameinsvexti. „Vefja-stofnfrumurnar sem við erum að rannsaka, það er brjóstastofnfrumurnar, sjá um viðhald brjóstskirtilsins og það er talið að stór hluti brjóstakrabbameina eigi upptök í þessum frumum. Við höfum verið í samstarfi við mjög öflugan rannsóknahópa á þessu sviði bæði í Kaupmannahöfn og Kaliforníu sem hefur gefið mér tækifæri til að kynna alþjóðlegu rannsóknahverfi og efla tengsl við erlenda vísindamenn.“

Valgarður stígur þó varlega til jarðar þegar rætt er um mögulegar niðurstöður rannsókna. „Þetta verður mikil þrautaganga eins og venjan er í þessum rannsóknum en með markvissum vinnubrögðum, öruggu aðgengi að rannsóknaraðstöðu og áframhaldandi árangri í fjáröflun til rannsókna er bjart framundan hjá okkur og þangað stefnum við ótrauð.“

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli, andlát og jarðarfarir í smáletursdálkinn hér að ofan má senda á netfangið [timamot@frettabladid.is](mailto:timamot@frettabladid.is).

Auglýsingar á að senda á [auglysingar@frettabladid.is](mailto:auglysingar@frettabladid.is) eða hringja í síma 550 5000.

Fróðleikur af gardur.is



Skipstjóri og athafnamaður í Reykjavík:

## Ellert Schram

Ellert Kristófer Schram var f. 11. febr. 1865 að Öndverðarnesi í Grímsnesi, sonur Kristjáns G. Schram, bónda og trésmiðs, síðast í Vesturheimi, og f.k.h. Hallbjargar Guðmundsd. Tekinn í föstur í Njarðvíkum, en 1884 réðst hann í vinnuþensku, reri á sexæring á vertíðinni, en á sumrin sendur í róða á Seyðisfjörð. Lauk prófi frá Stýrimannaskólanum 1889. Réðst sem háseti á kútt Margrétu hjá Geir Zoega,

síðar á hákarlaskipið Geir. Skipstjóri á kútt Sigríði hjá Liverpoolverzlun í átta ár, en síðan á kútt Jósefinu í eigu Geirs. 1905 keypti hann með öðrum kútt Björgvin; seinna seldu þeir skipið, en Ellert var áfram skipstjóri þar til 1917; fór síðast með það utan til að setja vél í það. Var alls á þilskipum aldarþriðjung, skipstjóri aldarfjórðung. Á hverju skipi voru um 24-26 menn. Lenti sjaldan í lífsháska, enda hafði hann vaðið fyrir neðan sig, t.d. með því að rífa seglin í tíma, áður en ofviðri skylli á. Setti á stofn og rak um áratuga skeið seglasaumastofu með Finni Finnss. skipstjóra. Var og meðstofnandi útgerðarfélag. Njörður hf. Hann var þróttmikill maður og fyrimannlegur og lést 96 ára gamall 6. marz 1961. — K.h. (1894) var Magdalena Arnadóttir (1874-1958), en börn þeirra Kristján skipstjóri, Gunnar rítmastjóri, Carl verzlstj., Margrét húsmóðir og Björgvin stórkaupm. (faðir Magdalenu, Bryndisar og Ellerts B. Schram).

Meira um hann á [gardur.is](http://gardur.is)



Hengt er að setja inn auðvíg lúttina íslendinga með því að hringja í síma 585 2700 eða á [gardur.is](http://gardur.is).



**MAMMA, MÁ ÉG FÁ PÁFAGAUK?** Líklegt hlýtur að teljast að þessi ungi drengur geti illa án gáragauka verið eftir athyglina sem þeir sýndu honum á sýningu í borginni Omaha í Bandaríkjunum.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

## Gróðurblót í Esjuhlíðum

Ásatrúarmenn standa í dag fyrir Gróður- og grillblóti meðan beðið er eftir niðurstöðum sveitarstjórnarkosninga. Blótið er árlegur viðburður og er haldið í Aronsbústað við Mógilsá.

Jóhanna Harðardóttir, Kjalnesingagoði, helgar blótið að þessu sinni og bakar skógarbrauð fyrir blótsgesti. Blótið er fjölskylduskemmtun þar sem grillað er úti í skógnum og börnin leita eggja milli trjána, en gestir eru beðnir um að taka sjálfir eitthvað með sér á grillið. Einnig verður gestum boðið upp á að sjá ófrumsýnda kvikmynd sem tekin var á Íslandi



ESJAN Gróður- og grillblót ásatrúarmanna verður haldið í Aronsbústað við Mógilsá.

í fyrrasumar og ber heitið „Huldufólk 102“.

Blótið hefst klukkan 14.00 og eru allir velkomnir. Mögulegt er að láta sækja

sígr í strætósýlið við göngu-leiðina upp að Esju en frekari upplýsingar um tilhögun þess er að finna á heimasíðu Ásatrúarfélagins.



# Æsandi fagur.

Æsandi fögur upplifun frá klukkan 12 til 16.

BMW Z4 Coupé og BMW Z4 Roadster.

BMW Z4 Coupé og BMW Z4 Roadster halda athygli þinni frá fyrstu sýn. Í dag verður framhald á heimsfrumsýningu B&L á BMW Z4 Coupé og Íslandsfrumsýningu BMW Z4 Roadster, í sýningarsal okkar að Grjóthálsi 1. Komdu og upplifðu það besta í evrópskri sportbílamenningu.



BMW Z4

[www.bmw.is](http://www.bmw.is)



Sheer  
Driving Pleasure



Með bílinn handa þér

B&L, Grjóthálsi 1, 575 1200, [www.bmw.is](http://www.bmw.is)



## UMMÆLI VIKUNNAR

„Þegar horft er til þessa tíma í ljósi þess ástands, sem þá ríkti, er í raun eftirtektarvert, að símhlerunum skuli ekki hafa verið beitt í ríkara mæli og ljóst, að stjórnvöld hafa farið mjög varlega með það vald.“

Leiðarahöfundur Morgunblaðsins síðastliðinn þriðjudag, 23. maí.

# stjórnsmál

stjornmal@frettabladid.is

nánar á visir.is

## Úr bakherberginu...

### Maður tortrygginn

Sjálfsagt bjóst Guðni Th. Jóhannesson sagnfræðingur ekki við allri þeirri athygli sem athuganir á símhlerunum á kaldastríðsárunum hafa vakið. En stóra símhlerunarmálið er dæmt til að stækka. Leiðarahöfundur Morgunblaðsins tók hraustlega á málinu í vikunni. Taldi hann hleranirar ekki aðeins réttlætunarlegar heldur lífsnauðsynlegar sjálfstæði þjóðarinnar á tímum þegar þjóðhættulegir kommúnistar náðu allt að 20 prósentu fylgi í þingkosningum. Hér er margt ósagt. Komid ef þið þorið, vakti í orðum hans.

Í bók Hannesar Hólmsteins Gissurarsonar um Benjamín J. Eiríksson, hagfræðing og ráðgjafa stjórnvalda á örlagatímum eftir seinni heimsstyrjöldina, greinir Benjamín Hannesi frá eftirfarandi atriði um Bjarna

Benediktsson, utanríkis- og dómsmálaráðherra: „Ég varð var við það að Bjarni var maður tortrygginn og ekki allur þar sem hann var séður. Hann fylgdist vel með, hafði menn í þjónustu sinni, sem litu eftir því sem gerðist... menn í kringum hann voru honum eins og brúður í leikhúsi.“

### Hvað gerðist?

Meðal stuðningsmanna Dags B. Eggertssonar í auglýsingum dagblaða í vikunni er ungur maður að nafni Grímur Atlason þroskaþjálfari. Sem væri ekki í frásögur færandi ef ekki væri fyrir það að þetta er sami Grímur og sat í fjórða sæti framboðslista Vinstri grænna í Reykjavíkarkjördæmi norður fyrir þingkosningarnar árið 2003. Þetta er líka

sami Grímur og tók þátt í 750 manna prófkjöri Vinstri grænna í október í fyrra og hafnaði þar í fimmta sæti.

Hinn 5. janúar á þessu ári samþykkti félagsfundur VG í Reykjavík endanlegan framboðslista sinn í borginni. Þótt leitað sé dyrum og dyngjum meðal þrjátíu efstu manna á framboðslistanum er þar engan Grím Atlason að finna.

Hann hefur þó ekki með öllu gúfað upp því nú er hann fram kominn í stuðningsmannaliði Dags eins og áður segir.



## VIKA Í PÓLÍTÍK

JÓHANN HAUSSON

### Teflt á tæpasta vað



Menn höfðu fyrir satt á Seyðisfirði fyrir þingkosningarnar í júní 1956 að Björgvin Jónsson, þá kaupfélagsstjóri og frambjóðandi Framsóknarflokksins til Alþingis, hefði lofað konum saumavélum ef þær greiddu honum atkvæði sitt. Björgvin komst á þing fyrir Seyðfirðinga og var stjórnarþingmaður til ársins 1959. Ekki er vitað hvernig fór með saumavélarnar.

Björgvin var áreiðanlega hinn vænsti athafnamaður og gekk sjálfsagt allt gott til með uppátæki sínu með saumavélarnar. Meira að segja er ekki víst að hann hafi séð neitt athugavert við þetta sérstæða kosningaloforð. Voru menn ekki í pólitík til þess að vinna fyrir fólk? Létta því lífið?

Auka lífsgæði þess og velmegun?

Frambjóðendur í sveitarstjórnarkosningum á Íslandi árið 2006 ná kjöri án þess að lofa konum saumavélum. Enda varðar við lög, ekki aðeins kosningalög heldur einnig hegningarlög að bera fé á kjósendur. Í lögum um sveitarstjórnarkosningar segir til dæmis í 92. grein, að til óleyfilegra kosningastjalla teljist að bera á mann fé eða fríðindi til að hafa áhrif á hvort hann greiði atkvæði. Jafnframt að heita á mann fé eða fríðindum ef kosning fari svo eða svo.

Í nokkrum tilvikum virðast frambjóðendur hafa seilst býsna langt í viðleitni sinni til þess að afla fylgis og atkvæða. Vafasamt er hvort það sé góð stjórnsýsla og ódýrasti kosturinn fyrir kjósendur að senda þeim sérstakar ávísanir vegna endurgreiðslu á fasteignagjöldum. Venjan er sú að skuldjafna hafi hið opinbera oftekið skatta eða önnur gjöld af kjósendum. Fasteignagjöld ársins gjaldfalla ekki fyrir en í ágúst og við allar venjulegar kringumstæður hefði afslátturinn verið notaður til skuldajöfnunar. Enda ódýrara. Af þessum sökum er gagnrýni réttmæt.

Nýbúar í Reykjavík hafa verið áberandi hjá embætti sýslumannsins í Reykjavík þar sem þeir hafa greitt atkvæði utan kjörfundar undanfarna vikur. Utankjörfundaratkvæði eru nú sjálfsagt orðin um 10 þúsund eða allt að 40 prósentum fleiri en í borgarstjórnarkosningunum fyrir fjórum árum. Þessi atkvæði geta skipt sköpum um úrslit borgarstjórnarkosninganna í dag. Þau eru talin eftir að búið er að telja atkvæði sem greidd eru á kjördegi.

Fróðlegt verður að sjá hvort hlutfallslegt fylgi framboðslistanna í Reykjavík er hið sama í utankjörfundarkassanum og í hinum kjörkössunum sem talið verður upp úr í dag.

# Nýbúar í Reykjavík gætu náð einum borgarfulltrúa

Nýbúar með atkvæðisrétt í höfuðborginni eru um 4.300 en það er ekki fjarri þeim fjölda atkvæða sem þarf til þess að fá einn mann kjörinn í borgarstjórn. Það er því eftir nokkru að slægjast fyrir frambjóðendur allra flokka í höfuðborginni.

Sú regla er í gildi samkvæmt lögum um sveitarstjórnarkosningar að Norðurlandabúar geta öðlast kosningarétt í sveitarstjórnarkosningum hér á landi eftir þriggja ára samfellda búsetu. Fólk af öðru þjóðerni öðlast þennan rétt eftir fimm ára búsetu.

Tveimur dögum fyrir borgarstjórnarkosningarnar í dag höfðu 9.200 manns kosið utan

kjörfundar en fyrir fjórum árum höfðu 6.800 kosið á sama tímapunkti fyrir kjördag. Um 35 prósentum fleiri greiða því atkvæði utan kjörfundar nú en fyrir fjórum árum.

Adolf Adolfsson hjá Sýslumanninum í Reykjavík annast kosningu utan kjörfundar í höfuðborginni. Hann segir að nýbúar hafi verið nokkuð áberandi undanfarna daga. Ekki sé gengið sérstaklega úr skugga um að þeir fullnægi áður-greindum skilyrðum til að kjósa enda verði það gert við talningu upp úr kjörkössum eftir að kjörfundi lýkur.

### Drjúgur á kjörstað

„Það hefur verið mikil aðsókn síðustu daga en venjan er að um 70 prósent þeirra sem greiða atkvæði utan kjörfundar gera það allara síðustu dagana fyrir kjördag. Nýbúar hafa verið drjúgur yfir lengri tíma, en atkvæðagreiðsla utan kjörfundar hófst 1. apríl síðastliðinn,“ segir Adolf og giskar á að nokkur hundruð nýbúar hafi greitt atkvæði utan kjörfundar. „En undanfarna daga hafa milli fjögur og fimm þúsund manns neytt atkvæðisréttar síns,“ segir Adolf.

Framboðin fimm í Reykjavík skoða nýbúana sem sérstakan markhóp og reyna að höfða til hans eftir öðrum leiðum en annarra kjósenda. Skilningur og tungumál skiptir þar höfuðmáli. Á vef Alþjóðahússins er unnt að komast í samband við félag íbúa af ólíkum uppruna. Flest framboðin hafa gefið út efnis á ensku og jafnvel tungumálum fjölmennustu félagsanna.

### Verðmæti atkvæðanna

Heyrst hafa sögusagnir af smölum meðal nýbúa og vitað er að þeir eru fjölmennir í hópi þeirra sem greitt hafa atkvæði utan kjörfundar.

„Við leggjum áherslu á að nýbúar njóti sama réttar og aðrir borgarar og þurfi ekki að gjalda fyrir uppruna sinn með neinum hætti. Við leggjum áherslu á að tungmál og uppruni hindri ekki aðgengi nýbúanna að samfélaginu um leið og við viljum að þeir fái svigrúm fyrir eigin uppruna og menningu,“ segir Elías Jón Guðjónsson, kosningastjóri Vinstri grænna. Hann segir VG ekki greina á milli neinna þjóðfélagsþópa og leggi ekki sérstaka rækt við að koma

einum hópi á kjörstað umfram annan.

„Við gefum út stefnumálin á ensku og komum þeim á framfæri á fleiri tungumálum,“ segir Rúnar Hreinsson kosningastjóri Framsóknarflokksins í Reykjavík. Ég held að við beitungu öðrum aðferðum en önnur framboð við að afla okkur fylgis,“ segir Rúnar. Hann kannast ekki við kerfisbundna atkvæðasmölu meðal nýbúa í höfuðborginni.

„Við sendum öllum Pólverjunum sérstakt bréf. Við höfum nálgast nýbúa í gegnum Alþjóðahúsið, sem hefur veitt mjög góða þjónustu,“ segir Margrét Sværrisdóttir, framkvæmdastjóri Frjálslynda flokksins. „Við vorum auk þess með slagorðin okkar í bæklingi á mörgum tungumálum, þar á meðal á tálensku og tungu Fillipseyinga.“ Margrét segir að Frjálslyndi flokkurinn hafi ekki farið með einn einasta mann til að greiða atkvæði utan kjörfundar.

„Við erum með heila skrifstofu sem sér um að veita nýbúum upplýsingar og afla fylgis meðal þeirra,“ segir Jón Kristinn Snæhólm á kosningaskrifstofu Sjálfstæðisflokksins. „Við gefum út efnis á fjölda tungumála og meira að segja sérstaklega fyrir nýbúa í Breiðholti. Við byggjum baráttu okkar talsvert á því að hafa samband við fólk. Hér eru 300 sjálfboðaliðar að störfum og hringingarnar nema tugum þúsunda,“ segir Jón Kristinn.

Magnús Orri Schram, kosningastjóri Samfylkingarinnar, segir að flokkurinn hafi gefið út efnis á öðrum tungum fyrir kjósendur af erlendum uppruna. „Við gerðum dreifirit á ensku og sömu-leiðis er að finna slíkt efnis frá okkur á vefnum. Við höfum einnig gert grein fyrir stefnumálum okkar í blaði Alþjóðahússins. Þetta er mjög hefðbundið og við höfum ekki stundað smölum meðal þeirra sem kjósa utan kjörfundar,“ segir Magnús Orri.

johannh@frettabladid.is

**Lög um sveitarstjórnarkosningarnar**  
Óleyfilegt er að bera á mann fé eða fríðindi til að hafa áhrif á hvort hann greiðir atkvæði eða hvernig hann greiðir atkvæði, að svipta mann eða ógna manni með sviptingu atvinnu eða hlunninda í sama skyni, að heita á mann fé eða fríðindum ef kosning fari svo eða svo, að torvela öðrum sókná kjörfundar eða tilutankjörfundar kjörstaðar, svo og að beita þvingunarráðstöfunum í sambandi við kosningarnar.



MAGNÚS ORRI SCHRAM X-S

ELÍAS JÓN GUÐJÓNSSON X-V

## Réttu tækin í þrifin

Nilfisk-ALTO háþrýstidælar á tilboðsverði

Vortilboð RV  
Nilfisk-ALTO háþrýstidælar



26.888 kr.  
Nilfisk-ALTO E 140 X-TRA  
Þrýstingur: 140 bör  
Vatnsmagn: 500 l/klst.

6.888 kr.  
Nilfisk-ALTO C 100  
Þrýstingur: 100 bör  
Vatnsmagn: 440 l/klst.

48.888 kr.  
Nilfisk-ALTO P 150 X-TRA  
Þrýstingur: 150 bör  
Vatnsmagn: 610 l/klst.

### Rekstrarvörur

- vinna með þér  
Réttarhálsi 2 • 110 Reykjavík  
Sími: 520 6666 • Fax: 520 6665  
sala@rv.is • www.rv.is



TUNCLA RV/06A

Bjarnþór Þorláksson  
bilstjóri RV

Tilboðið gildir út maí 2006  
eða meðan birgðir endast.



JÓN KRISTINN SNÆHÓLM X-D

MARGRÉT SVÆRRISDÓTTIR X-F

RÚNAR HREINSSON X-B



# Ótrúlegt verð



Regnjakki  
2.999 kr

Öndunarjakki  
4.999 kr

Öndunarbuxur  
2.999 kr

Regnbuxur  
2.999 kr

TILBOÐ  
Flispeysa  
3.999 kr  
Verð áður 4.999.-

TILBOÐ  
Golfsett  
19.999 kr  
Verð áður 29.999.-

Golfjakki  
6.999 kr

Golfbuxur  
4.499 kr

Regnjakki  
2.999 kr

Regnbuxur  
1.999 kr

Flispeysa  
1.999 kr

Gallabuxur  
4.999 kr

## weather<sup>TM</sup> report

Vandaður útivistarfatnaður á verði  
sem þú finnur ekki  
annars staðar

Gildir á meðan birgðir endast.

**HAGKAUP**  
Sæmmtilegast að versla



**40%**  
afsláttur



**719** kr. kg  
~~1199~~  
Móa kjúkíngalæri BBQ

**1.311** kr. kg  
~~1.639~~  
KEA Londonlamb



**20%**  
afsláttur

**30%**  
afsláttur



**412** kr. pk  
~~589~~  
Fjörfisnur Spjátrungur  
Frysubitar 800 gr.



Goða skinka  
**269**  
kr/pk

**25%**  
afsláttur



Sýrður rjómi  
4 tegundir  
verð frá  
**149**  
kr/pk



Clatronic  
samlokugrill  
**1.990**  
kr/stk



**25%**  
afsláttur

GRAND ITALIA  
VÖRUR Á FRÁBÆRU  
VERÐI!

Virk  
Sam-  
keppni

Náttúru hefðbundin  
salatblanda  
**189**  
kr/stk



Cheerios 567 gr  
**299**  
kr/pk

SKEIFAN / BÍLDSHÖFÐI / HRINGBRAUT / BREIÐHOLT / NORÐURBRÚN / HVALEYRARBRAUT / MOSFELLSBÆR / SELFÖSS / VESTMANNAEYJAR / ÞORLÁKSHÖFN  
virkir dagar 11-19 / laugardagar 11-19 / sunnudagar 12-18 / virkir dagar 11-19 / laugardagar 11-19 / sunnudagar 12-19 / virkir dagar 11-19 / laugardagar 11-19 / sunnudagar lokað / virkir dagar 11-21 / laugardagar 11-21 / sunnudagar 12-21 / virkir dagar 11-21 / laugardagar 11-21 / sunnudagar 12-21 / virkir dagar 11-21 / laugardagar 11-21 / sunnudagar 12-21 / Allir dagar 12-23 / virkir dagar 11-19 / föstudagar 11-20 / laugardagar 11-19 / sunnudagar lokað / virkir dagar 11-19 / laugardagar 11-19 / sunnudagar lokað / virkir dagar 11-19 / laugardagar 11-19 / sunnudagar lokað



# KRONAN

VIRK SAMKEPPNI



**30%**  
afsláttur

**30%**  
afsláttur

**1.499** kr. kg  
~~1698~~  
Purrkryddaðar svínakótilettur  
eða úrbein, svína-  
hnakki með mexikókryddi



Stjörnumix með papriku  
eða salt/pípar  
**149**  
kr/stk



Góu tvenna  
**329**  
kr/pk

Pepsi Max  
2 lítrar  
**129**  
kr/stk



Pop Secret  
örhyggjupopp  
**139**  
kr/pk

Roka núðlur  
í boxi  
**49**  
kr/stk



Roka núðlur  
í poka  
**19**  
kr/stk



**1.298**  
Charmin Salernispappír  
24 rúllur



Persil þvottaefni  
5,13 kg  
**998**  
kr/pk

**20%**  
afsláttur  
AFSLÁTTUR AF  
VÖLDUM  
HREINLÆTIS-  
VÖRUM



Alltaf frábær tilboð alla daga





**BÚIÐ AÐ KJÓSA** Kjósendur á Akureyri ganga frá kjörstað í Oddeyrarskóla. Myndin er að líkindum frá 1982.

# Það er kosið í dag

Landmenn ganga að kjörborðinu í dag og velja sér fulltrúa til setu í borgar-, bæjar- og sveitarstjórnunum til næstu fjögurra ára. Jafnan er hátíðlegur blær yfir fólki á kjördegi, margir klæðast betri fötunum og sumir hafa fyrir sið að fá sér kaffi og kökur eftir að hafa farið á kjörstað. Flokksbundnir fara í kosningakaffi hjá sínum mönnum, taka púlsinn á stemningunni og leggja jafnvel starfinu lið á síðustu metrunum. Í kvöld er svo viðbúið að fólk safnist saman

fyrir framan viðtækin og fylgist með talningu atkvæða og þeir hörðustu ganga ekki til náða fyrr en síðasta atkvæðið hefur verið

talið. Oftlega er líf og fjör á veitinga- og skemmtistöðum á kosninganóttu þar sem fólk ýmist fagnar góðum sigri eða grætur ófarir.



**KASSARNIR BORNIR ÚT** Ekki dugir minna en lögreglumenn til að flytja kjörkassana frá kjörstöðum og þangað sem talið er.



**FÍN Í TAUINU** Margir klæðast sínu finasta á kjördegi. Myndin var tekin fyrir utan Hagaskóla þegar kosið var til borgarstjórnar Reykjavíkur árið 1962. Sjálfstæðisflokkurinn fékk þá níu borgarfulltrúa, Alþýðubandalagið þrjá, Framsóknarflokkurinn tvo og Alþýðuflokkurinn einn. Óháðir bindindismenn buðu einnig fram 1962 en náðu ekki kjöri.



**MERKI SELD Á KJÖRSTAÐ** Maður kaupir merki af tveimur stúlkum og styrkir þar með gott málefni. Lögregluþjónn fylgist vökulum augum með.



**BORGARSTJÓRA RÉTTUR ATKVÆÐASEÐILL** Davíð Oddsson á kjörstað í borgarstjórnarsíni 1990. Ári síðar bauð hann sig fram til Alþingis og varð forsætisráðherra.



**MÁLIN SKEGGRAEÐD** Ólafur Thors heilsar kjósendum við Austurbæjarskóla. Myndin var tekin 1962 en þá var Ólafur forsætisráðherra.

**KALDÁRSEL**  
sumarbúðir fyrir Káta Krakka  
Skráningarsími  
588 8899

## TEC hjólhýsin

-hafa slegið rækilega í gegn á Íslandi



Tjaldvagnland  
SEGLAGERÐIN ÆGIR

www.seglagerdin.is

Eyjarslóð 5, sími 511 2200



**KJÖRKASSARNIR KOMNIR Í HÚS** Allt klárt og hægt að fara að telja upp úr kössunum. Myndin er frá borgarstjórnarkosningunum 1978, þegar Alþýðubandalagið vann góðan sigur og myndaði meirihluta með Alþýðuflokki og Framsóknarflokki. Sjálfstæðisflokkurinn vann svo stórsigur í næstu kosningum.





## SLÉTT DEKK ERU ÓNÝT DEKK

Einar Elí Magnússon pistlahöfundur bendir á að sumardekkinn þurfa að vera jafngóð og vetrardekkinn þó öðruvísi séu.

BÍLAR 3



## INNIBLÓM VERÐA ÚTIBLÓM

Pelargóniur eru ein þeirra blómategunda sem voru vinsæl stofublóm en sjást nú í görðum.

HEIMILI 7

# allt

FASTEIGNIR HEIMILI HEILSA HÚS BÖRN NÁM FERÐIR MATUR BÍLAR TÍSKA ATVINNA BRÚÐKAUP TILBOÐ O.FL. FRÉTTABLAÐIÐ

## ALLT HITT

[FERÐIR BÍLAR HEIMILI]

**Maradalur** er næsti áfangastaður Útivistar. Farið verður miðvikudaginn 31. maí og lagt af stað klukkan 18.30 frá Toppstöðinni í Elliðaárdal. Ekið verður eftir Suðurlandsvegi, beygt inn á veginn í átt til Nesjavalla og að Dyradal þar sem gangan hefst. Allir eru velkomnir með í för.

**Ikea** hefur gefið út sumarþækling sinn fyrir sumarið 2006. Þæklingurinn er 32 síður sem fullar eru af hugmyndum sem auðveldla heimilisunnendum að gera sumarið lítrikt og skemmtilegt.

**Volkswagen Golf**, söluhæsti bíllinn í Evrópu árið 2005, býst nú í sérstakri sumarútfærslu hjá Heklu. Meðal staðalbúnaðar má nefna rafstýrða sóllúgu, 16 tommu álfelgur, armþúða milli framsæta, samlit á listum og hurðarhúnum, vindskeið og leðurstýri.



## GÓÐAN DAG!

Í dag er laugardagurinn 27. maí, 147. dagur ársins 2006.



| Sólarupprás    | Hádegi | Sólarlag |
|----------------|--------|----------|
| Reykjavík 3.36 | 13.25  | 23.16    |
| Akureyri 2.53  | 13.09  | 23.30    |

Heimild: Almanak Háskólans



Smáauglýsingasími 550 5000

Auglýsingasími Allt 550 5880

Þú getur pantað smáauglýsingar á visir.is



Harald Hofmarksrichter, framkvæmdastjóri sölusviðs Rolls-Royce, og Erna Gísladóttir, forstjóri B&L, við hinn magnaða Rolls-Royce Phantom sem nú er til sýnis í Ásmundarsafni. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Rolls-Royce frumsýndur á Íslandi

*Frægasti og þekktasti eðlagn heimsins er nú í fyrsta skipti fáanlegur hér á landi í gegnum B&L.*

B&L frumsýnir í fyrsta skipti á Íslandi Rolls-Royce-bifreið nú um helgina en af því tilefni efndi umboðið til blaðamannafundar þar sem Harald Hofmarksrichter, framkvæmdastjóri sölusviðs Rolls-Royce, kynnti blaðamönnum bíllinn.

Rolls-Royce á geysilega langa og merka sögu að baki en árið 1998 keypti BMW vörumerkið Rolls-Royce og byrjaði þá að smíða Rolls Royce-bíla frá grunni að nýju. Reist var verksmiðja í Greenwood í suðausturhluta Bretlands og árið 2003 kom á markaðinn Rolls-

Royce Phantom en hann fæst nú í tveimur útgáfum. Á næsta ári er gert ráð fyrir nýrri útgáfu bílsins með blæju.

Útgáfan sem nú er til sýnis í Ásmundarsafni er af lengri gerðinni, 25 sentimetrum lengri en sú styttri, en sú lengdaraukning er einungis notað til aukinna þæginda fyrir farþega í aftursætum. Rolls-Royce hefur algjöra yfirburðastöðu á eðlagnamarkaðnum en framleiddar eru um 800 bifreiðar á ári, um fjögur stykki á hverjum degi sem verksmiðjan er í gangi. Gríðarlega mikil vinna liggur að baki hverjum bíl og er allt sérstaklega unnið fyrir hvern og einn bíl. Meðal annars má nefna að skinnið sem leðrið í bílnum er unnið úr er af nautgripum sem hafa ekki verið á ökrum þar sem eru girðingar, til þess að koma í veg fyrir rispur í leðrinu.

Vélin í bílnum er einnig sérstaklega öflug en bíllinn er búinn einni fullkornustu V12-vél sinnar tegundar, sem er 6,75 lítra og skilar 453 hestöflum með fullum afköstum. Gríðarlegur kraftur hennar sést ef til vill best á því að við 100 km/klst er 75% af vélaraflinu enn til ráðstöfunar. Einnig er merkilegt að bíllinn er einstaklega léttur miðað við stærð og nemur bensínnotkunin aðeins um 15,9 lítrum á hverja hundrað kílómetra.

Þessi stórglæsilega bifreið verður til sýnis í dag og á morgun í Ásmundarsafni í Sigtúni frá klukkan 12 til 16. Fyrir áhugasama má einnig nefna að bifreiðin kostar um 70 milljónir króna. „Við teljum að það sé raunhæft að selja eitt til tvö stykki hér á landi,“ sagði Hofmarksrichter á fundinum í gær.

steinthor@frettabladid.is



# ÚT ÚR BÆNUM

TAKTU NÆSTA SKREF

LÁNSTÍMI ALLT AÐ 15 ÁR

60% LÁNS HLUÐFALL

5,35% VEXTIR

## SUMARHÚSALÁN

Talaðu við okkur ef þú ætlar að byggja, kaupa eða breyta sumarhúsi og þú færð hagstætt lán fyrir allt að 60% af verðmæti eða 75% af byggingarkostnaði sumarhúss. Komdu til okkar í Lágmúla 6, hringdu í 540 5000 eða sendu okkur póst á frjalsi@frjalsi.is. Við viljum að þér líði líka vel um helgar!

DAEMI UM MÁNADARLEGA GREIÐSLUBYRÐI AF 1.000.000 KR.\*

| Lánstími     | 5 ár       | 10 ár      | 15 ár     |
|--------------|------------|------------|-----------|
| 5,35% vextir | 19.030 kr. | 10.780 kr. | 8.090 kr. |

\*Lán með jafngreiðsluáferð án verðbóta

FRJÁLSI  
FJÁRFESTINGARBANKINN

FRJÁLSI FJÁRFESTINGARBANKINN





**KT jeppa & útivistarverslun**  
S:466-2111  
**Pallhús loftdælur skriðgírar lægra lágadrif**

**TOYOTIRES**  
Bestu dekkín í USA 8 ár í röð

**www.kliptrom.is**

**SÉRHÆFD ÞJÓNUSTA FYRIR**

**Jeep CHRYSLER DODGE**

**BÍLJÖFUR**  
BIFREIÐAVERKSTÆÐI

Smiðjuvegi 34 - gul gata Kópavogi • Sími 544 5151 • biljofur@biljofur.is

**Sláttuvélarnar eru komnar í hús**  
**Flottar vélar - frábær verð**

**SENTINEL**

**HVELLUR.com**  
... í einum grænum

G. Tómasson ehf. • Súðarvogi 6 • sími: 577 6400 • www.hvellur.com • hvellur@hvellur.com

**BIFREIÐASTILLINGIN**

**Vissir þú að 90% af sjálfskiptingum bíla vegna hitavandamála?**

Láttu skipta um olíu og síu á sjálfskiptingunni. Sjálfskiptingar, stillingar og alhliða viðgerðir.

**Bifreiðastillingin ehf. • Smiðjuvegi 40d • Sími 557 6400**

**FRAM NIPPARTS**

**SÍUR**

**Bíla naust**  
535 9000

Akureyri • Egilsstöðum • Hafnarfirði • Höfn • Keflavík • Kópavogi • Reykjavík • Selfossi



Leifur og tryllitækið sem fer kvartmiluna (um 400 m) á 9,45 sekúndum.

FRETTABLAÐIÐ/STEFÁN

## 767 hestafla ofurbíll úr heimasmíðaðri vél

**Leifur Rósinbergsson renni-smiður á sér kraftmikið áhugamál. Hann er núverandi Íslandsmeistari í ofurbílaflokki í kvartmílu.**

Leifur var einn af frumkvöðlunum kvartmílukeppna á Íslandi. „Ég var í Kvartmíluklúbbnum árið 1975 þegar brautin var lögð. Ég keppti á Chevrolet Vega '71 bíl í þrjú ár en árið 1980 seldi ég hann,“ segir Leifur. „Áhuginn var þó hvergi nærri horfinn og alltaf var ég á leiðinni út á braut aftur.“

Árið 2003 kom svo að því. „Þegar um hægðist heima fyrir keypti ég bílinn sem ég er á núna,“ segir Leifur. „Hann er fyrsti kvartmílubíllinn sem sérsmíðaður er á Íslandi og því er hann nokkuð sérstakur.“ Skelin af bílnum er af

Ford Pinto árgerð 1974. Upp úr 1980 var honum gjörbreytt, smíðuð var ný grind hérlendis og allur búnaður var sérpantaður að utan. Úr varð fyrsti kvartmílubíllinn sem kalla mætti íslenskan.

Þegar Leifur fékk bílinn í hendurnar var hann í miðri upprisu, en verið var að gera hann algjörlega upp í annað sinn. „Það var nýbúið að rífa hann allan í sundur og setja saman aftur og ég kláraði þá vinnu. Ég boraði meðal annars út nýja vél sjálfur,“ segir Leifur. Það er því ljóst að fingraför Leifs eru víða á bílnum.

Er Leifur sneri aftur á brautina voru 24 ár síðan hann keppti síðast. Hann virðist engu hafa gleymt. Nú er hann Íslandsmeistari í ofurbílaflokki sem verður að teljast mjög góður árangur, sérstaklega í ljósi þess að þar keppa dragsterbílar.

Heilmikill tími fer í viðhald á bílnum og keppnir. „Konunni finnst þetta ágætt þó hún kvarti undan því að það fari of mikill tími í þetta,“ segir Leifur og hlær. „Ég sé sjálfur um allar viðgerðir og boddívinnu og flest fríkvöld á sumrin fara í það. Allur veturinn fer svo í að auka afl bílsins.“

Leifur hefur greinilega nýtt veturna vel því bíllinn er orðinn heil 767 hestöfl. „Ég keyri kvartmílu best á 9,45 sekúndum og næ þá 139 mílna hraða (224 km/klst),“ segir Leifur. Það er borin von að sjá Leif rúnta á bílnum niður Laugavegin á blíðviðrisdögum. Hann er númeralaus auk þess sem í hann vantar allan staðalbúnað eins og rúðuþurrkur. „Bíllinn er bara löglegur á brautinni sjálfri en þangað verð ég að keyra hann á kerru,“ segir Leifur.

tryggvi@frettabladid.is

## Öryggisbúnaður bíla batnar enn

**Þrátt fyrir miklar framfarir í öryggisbúnaði bíla er enn hægt að gera betur.**

Þegar öryggisprófanir á bifreiðum í Bandaríkjunum hófust fékk yfir helmingur bifreiðanna einkunnina „í lagi“ eða „lélegt“. Í dag fá hins vegar langflestar bifreiðar einkunnina „gott“ og enginn fær einkunnina „lélegt“. Að því er fram kemur í frétt CNN virðast bílaframleiðendur þannig hafa lært af öryggisprófunum, sérstaklega þeim sem prófa öryggisbúnað bílanna að framan og að aftan. Dauðsföllum vegna árekstra að framan hefur þannig fækkað verulega á undanföllum árum en á sama tíma hefur hlutfall dauðsfalla í umferðinni vegna hliðarárekstra hækkað.

Mesta þróunin í öryggismálum bíla næstu árin verður því væntanlega á hliðarbúnaði bifreiða. Til dæmis hafa ýmsir aðilar bent á að koma þurfi upp sérstökum loftþúðum fyrir höfuð farþega. Aðrir hafa þó sagt að ekki sé áhrifaríkast að bæta árekstrarprófanir heldur þurfi að þróa tölvustýrð öryggiskerfi sem eiga að geta spáð fyrir eða jafnvel komið í veg fyrir óhöpp.



Gríðarlegar framfarir hafa orðið á öryggisbúnaði bifreiða á undanföllum en betur má ef duga skal.

Tölvustýrður öryggisbúnaður er líka hentugur kostur að því leyti að hægt er að koma honum fyrir í eldri bílum.

Slíkur tölvubúnaður er kominn í marga lúxusbíla en þróunin gæti orðið svo hröð á næstu árum að slíkur búnaður yrði í flestum eða öllum nýjum bílum. Helsta verkefni þeirra aðila sem fram-

kvæma öryggisprófanir á bílum er því að finna staðla og hanna próf sem kanna þessa nýju þætti tölvustýrðs öryggisbúnaðar. Hin mikla og ánægjulega framför sem hefur orðið á öryggisbúnaði bifreiða á undanföllum árum er því ekki á enda og ljóst er að enn er hægt að gera talsverðar umbætur.

steinthor@frettabladid.is





## Áfram veginn

Einar Elí Magnússon kemst leiðar sinnar

## Sumardekkin í lagi líka

Ég var að skoða bíl vinnufélaga míns fyrir nokkrum dögum. Gamlan jálk sem hann hafði keypt tjónaðan fyrir litið fé. Hreint ekki slæm kaup ef maður sættir sig við að vera á svolítið krambúleruðum bíl. Eftir að hann hafði talið upp hvað var að bílnum varð ég þess óendanlega feginn að það væri hann, en ekki ég, sem kæmi til með að keyra, eiga og gera við þennan annars ágæta bíl.

Sem ég lét hugann reika um þessa nýfundnu hamingju-eyju mína varð mér litið á hjólbarða bifreiðarinnar. Þeir voru að minnsta kosti af tveimur gerðum (sit á mér að segja fimm) og mjög misslitnir. Eigandinn bar fyrir sig að vera nýbúinn að kaupa bílinn og að þetta stæði allt til bóta.

Það er nefnilega þannig að maður þarf ekki bara góð dekk að vetri til. Veggríp er alltaf grundvallaratriði í því hvernig bíll lætur að stjórn – og hvort hann lætur eitthvað stjórnast yfir höfuð. Fyrir utan að hemlunarvegalengd eykst eftir því sem mynstrið verður minna missa slitin dekk líka hæfileika sinn til að ræsa vatni í gegnum sig og

fljóta því ofan á veginum um leið og byrjar að rigna. Og það gerist víst einstaka sinnum á Íslandi. Líka á sumrin.

Við þetta bætist að með minnkuðu veggrípi, sem fylgir því að mynstrið minnkar, verður stýrisviðbragð bílsins minna og honum getur hætt til að skrika til þegar reynt er að sveigja framhjá óvæntum hindrunum – svo eitthvað sé nefnt. Loks skal svo hugað að því að þegar dekkinn eru af misjafnri tegund, misslitin, misstór eða jafnvel bara með mismikið loft í sér, er búið að rugla því jafnvægi sem þarf að ríkja á milli veggríps-punkta bílsins.

Ímyndaðu þér hest. Hann er með eina venjulega hests-löpp. Önnur er af sauðkind, og töluvert styttri. Sú þriðja er gamalt kútskaft og það fjórða er önnur hestslopp, en ójárn- uð og snýr öfugt. Myndi þig langa á bak?

Ekki blekkja þig með því að halda að mikið slitin dekk séu sumardekk. Slík dekk eru hættuleg, koma niður á akstur-seiginleikum bílsins og geta svikið þig þegar verst stendur á. Mikið slitin dekk eru ónýt dekk.

# Vélahjólin þanin

Alþjóðlegt þolakstursmót á torfæruvélahjólum fer fram á Kirkjubæjarklaustri í dag.

Keppnin er orðin að árlegum viðburði en þetta er í fimmta skipti sem hún er haldin og er hún orðin að einum stærsta íþróttaviðburði landsins með hátt í 600 keppendum. Keppnin reynir svo sannarlega á þolið því hún fer þannig fram að öllum keppendum er startað á sama tíma. Þeir aka síðan brautina í sex tíma samfleytt en ökumenn í tvímenning-keppni geta skipt akstrinum á milli sín milli hringja. Sá sigrar sem flesta hringi eður á þessum

tíma. Keppendur í kvenna og unglíngaflokki aka þó einungis í 45 mínútur.

Brautin er heldur ekki auðfarin. Hún er í afar erfiðu landi og er hún alls um sautján kílómetrar. Þeir fljótustu eru um tuttugu mínútur að keyra einn hring. Þeir sem fara flesta hringina hafa því lagt að baki um 300 kílómetra vegalengd.

Áhorfendur á síðasta ári voru yfir tvö þúsund og allt gistirými á Kirkjubæjarklaustri og í næsta nágrenni er fullbókað. Það er því óhætt að segja að keppnin er mikil lyftistöng fyrir ferðaþjónustuna á svæðinu.

- sha



Vinsældir torfæruvélahjólaksturs virðast alltaf vera að aukast.

## GM endurskipuleggur

General Motors lætur ekki deigan síga þrátt fyrir mikið mótlæti.

Stærsta fyrirtæki heims, General Motors, hefur gengið í gegnum gríðarlega erfiðleika undanfarið misseri. Söluölur hafa lækkað mikið og hefur fyrirtækið neyðst til þess að segja upp fjölmörgu starfsfólki, aðallega í Bandaríkjunum.

Nú mun Evrópa einnig fá að finna fyrir slæmu gengi GM því forstjóri fyrirtækisins, Bob Lutz, hefur tilkynnt að fjölmörgum starfsmönnum verði sagt upp, verksmiðjum lokað og þær sameinaðar öðrum. Meðal annars verður dregið úr umsvifum í Svíþjóð. Í Svíþjóð hafa 130



manns starfað við að framleiða um 60 þúsund Saab-bílvélar á ári. 40 af þeim hefur verið sagt upp störfum. Vélaframleiðslan fyrir Saab flyst nú til vélaverksmiðju Opel í Kaiserslautern í Þýskalandi.

GM er hins vegar langt frá því að leggja árar í bát. Fyrirtækið stefnir nú að umfangsmikilli gagnsókn og hyggst meðal annars hefja framleiðslu á þremur til fjórum nýjum gerðum af bílum á allra næstu árum. Fyrstur á markað af þeim verður Opel Antara jepplingurinn.

- sha

General Motors hefur verið í mikilli niðursveiflu að undanförmum.

www.volkswagen.is

# Frábært sumar framundan ... á nýjum Golf



Vertu í sólskinsskapi á glæsilegum og ríkulega búnum Golf í sumar. Frábærir akstur-seiginleikar og aflmikil vélin spilla svo ekki fyrir ánægjunni.

### Ríkulegur sumarpakki

- 16" álfelgur
- sóllúga
- leðurstýri
- þokuljós
- armpúði milli framsæta
- samlitur
- vindskeið

**Aðeins 225.000 kr. útborgun**

Mánaðarleg afborgun er 27.780 kr. m.v. bílasamning SP til 84 mánaða og blandaða myntkórðu. Verð 2.250.000 kr.



Aus Liebe zum Automobil



**Varahlutir**  
Aukahlutir  
**BMW - Benz - Opel**  
Bestu fáanlegu gæði frá Þýzkalandi

**VERÐRYGGI**  
Besta verðið miðað við sambærileg gæði  
Ekta xenonsett í alla bíla

**Bifreið.is**  
Hjallahraun 4 - s: 555 0885

www.bifreið.is



# Módelflug fyrir byrjendur

20. maí síðastliðinn stóð Flugmódelklúbburinn Þytur fyrir byrjendakynningu. Fjölmargir áhugamenn mættu, bæði byrjendur sem lengra komnir.

Flugmódelflug hefur verið stundað á Íslandi frá því fyrir seinna stríð ef ekki lengur. Flugmódelklúbburinn Þytur er félag flugmódeláhugamanna á Stór-Reykjavíkursvæðinu en félagsaðstaða og flugvöllur klúbbsins er á Hamranesi fyrir sunnan Hafnarfjörð, rétt við Hvaleyrarvatn. Völlurinn var vígður 1988 og er ein glæsilegasta aðstaða af sínu tagi hér á landi.

Fjöldi áhugamanna mætti á byrjendadaginn. Þar á meðal áhugamenn sem engin módel eiga, þeir sem lengi hafa átt módel en aldrei flogið þeim, og auðvitað þeir sem eru að stíga sín fyrstu skref í módelflugi. Módelin voru einnig af ýmsum toga, tvíþekjur, þýrlur, svifflugur og jafnvel þotur.

Það er hvorki ráðlegt né auðvelt að komast í gang og læra módelflug án aðstóðar. Módeláhugamönnum er því kappsmál að þeir sem vilja kynna áhugamálinu fái góðar viðtökur og leiðbeiningar svo þeir komist klakklaut af stað og njóti þess. Bylting hefur orðið á síðustu árum í þjálfun nýliða með tilkomu flugherma. Hægt er að fá búnað sem tengir fjarstýringu módelna við tölvu þar sem forrit tekur á móti öllum skipunum. Í herminum er svo hægt að æfa flugtak, aðflug og landingu án þess að eiga á hættu að skemma dýrar vélar.

Meðlimir Þyts eru rúmlega 100 talsins en módelin eru töluvert fleiri en það. Margir hafa smíðað módel sín sjálfir, fengið teikningar og efni að utan en smíðað vélarnar hér heima. Nú er hins vegar algengara að vélarnar séu keyptar nærri fullbúnar og aðeins þurfi að setja þær saman. Sumir vilja nákvæmar eftirlíkingar venjulegra flugvéla, aðrir sækja í eitthvað meira framandi á meðan aðrir kjósa að kveikja á þotuhreyflinum og þjóta af stað. Hægt er að fá byrjendapakka á um 60.000 krónur en dýrast er að byrja sportið. Þegar lagt hefur verið út fyrir stofnkostnaði, stýribúnaði, fjarstýringu og slíku, er kostnaðurinn hins vegar lítil.

Þytur stendur fyrir fjölda



Fjölmargir mættu á byrjendakynningu flugmódelklúbbsins Þyts.

MYND/ÞYTUR



Tilkoma flugherma hefur gjörbreytt allri þjálfun módelflugmanna.

FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL



Módelin eru af ýmsum gerðum og það er eins gott að hafa fulla stjórn á öllu.

FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL

keppna árlega þar sem keppt er í ýmsum flokkum og greinum. Hápunkturinn er Íslandsmótið en sigur þar veitir þátttökurétt á heimsmeistaramótinu í módelflugi, sem að þessu sinni fer fram í Skotlandi. Þess má til gamans geta að lengsta módelflug sem farið hefur verið átti sér stað þegar Bödvar Guðmundsson, formaður Þyts, flaug Piperceb-flugvél sinni frá Hamranesi til Hellu. Alla leiðina sat hann í farþegasæti í bíl á Suðurlandsvegi á meðan hann hélt flugvélinni fyrir framan bílinn.

Þeim sem vilja vita meira um starfsemi Þyts er bent á heimasíðu þeirra, www.pytur.is.

tryggi@frettabladid.is

**Ducati sýning**

**DUCATI**

**Ducati sýning**

Ducati stórsýning laugardaginn 27. maí kl. 12 - 16 að Malarhöfða 2a (Fiat og Alfa Romeo umboðið). Ný hjól og gömul. Óbreytt og mikið breytt. Hóperð Ducati klúbbsins frá umboðinu kl. 16. Allir velkomnir í ferðina.



uppfylling

## Nýr Mazda2 til landsins

BRIMBORG HEFUR FENGIÐ TIL SÍN NÝJU ÚTGÁFUNA AF MAZDA2.

Mazda2 hefur vakið mikla athygli erlendis fyrir að vera þægilegur í akstri. Mazda2 kom til Brimborgar í gær og segja aðstandendur fyrirtækisins að ljóst sé að nýja Mazdan muni auka verulega úrvalið á snaggarlegum smábílum hér á landi.

Mazda2 er fimm gíra beinskriptur bíll og hér á landi verða tvær útgáfur fáanlegar. Önnur þeirra er með 1,4 lítra vél en hin með 1,6 lítra vél.

Bílaáhugamenn geta lagt leið sína í Brimborg um helgina og barið gripinn augum.



# Jeppadekk

Sendum frítt um land allt!



**TRIANGLE TR246**

27" 215/75R15 (TR249)  
28" 235/75R15  
30" 245/75R16  
31" 31x10.50R15  
32" 265/75R16

**GT Radial Adventuro AT**

28" 235/75R15 (hv.stafir)  
30" 215/85R16 (hv.stafir)  
30" 245/75R16  
31" 31x10.50R15 (hv.stafir)  
31" 275/70R16 (hv.stafir)  
32" 235/85R16  
32" 265/75R16 (hv.stafir)

**GT Radial Adventuro MT**

31" 31x10.50R15 (hv.stafir)  
32" LT265/75R16 (hv.stafir)  
33" LT305/70R16  
33" 33x12.50R15

**TRIANGLE**  
GT RADIAL

31" heilsársdekk  
verð frá kr. **11.900**

**ALORKA**

Vagnhöfða 6 • 110 Reykjavík • Sími 577 3080

www.alorka.is

VÍKURVAGNAKERRURNAR  
**ÞESSAR STERKU**



Allar gerðir af kerrum  
Allir hlutir til kerrusmiða



Víkurvagnar ehf • Dvergshöfða 27  
Sími 577 1090 • www.vikurvagnar.is

AUGLÝSINGASÍMI  
**550 5000**  
FRÉTTABLAÐIÐ





Ford Escape-sýningarbilar eru til sölu hjá Brimborg.

## Sýningarbílar til sölu

Nú er hægt að fá Ford Escape-sýningarbíla á hagstæðu verði hjá Brimborg til loka maí.

Brimborg býður sértílað á nokkrum Ford Escape-sýningarbílum en tilboðin gilda meðan birgðir endast og ekki lengur en til 31. maí.

Á tilboði eru Ford Escape XLT sportjeppi á 3.240.000 krónur en hefðbundið verð er 3.390.000 krónur.

ur. Einnig er Ford Escape Limited á sérlega hagstæðu verði á 3.490.000 krónur en sá bíll kostar að annars 3.670.000 krónur.

Báðir þessir jeppar hafa notið mikilla vinsælda enda eru þeir í hávegum hafðir meðal eigenda þeirra. Á tilboðinu eru aðeins nokkrir bílar og því er magnið takmarkað. Gildir því lögmálið um að sá fær sem fyrstur nær og því er betra að bruna strax af stað sé áhugi fyrir hendi.

## Benz verða elstir bíla

Í Noregi hefur verið rannsakað hvaða bílar endast lengst og er niðurstaðan sú að Mercedes-Benz verði allra bíla elstir.

Rúmlega 100 þúsund bílar enduðu á norskum ruslahaugum í fyrra. Við nánari skoðun kom í ljós að elstu bílar á þeim haug voru af gerðinni Mercedes-Benz, meðalaldur þeirra á brotajárnsaugum er tæp 22 ár. Fast á hæla þeirra

fylgja Volvo og Saab sem einnig endast lengur en tuttugu ár.

Bílarir sem endast styst eru Seat og Skoda sem endast að meðaltali í rúmlega ellefu og tæplega þrettán ár. Að því er fram kemur í frétt norska blaðsins Aftenposten endast bílar betur í dag en fyrir tuttugu árum þegar fyrst var farið að rannsaka málið. Flestir bílarnar sem enduðu á haugunum í Noregi í fyrra voru af tegundinni Ford.

## Vespan - sextug og alltaf fersk

Þegar ítalski verkfræðingurinn Corredino D'Ascanio sýndi frumgerð vespannar í Piaggio-verksmiðjunni á Ítalíu 1946 grunaði áreiðanlega engan að vespan myndi enn lifa góðu lífi, lítið breytt, sextíu árum síðar.

„Þetta er eins og vespa,“ var það fyrsta sem Enrico Piaggio, eigandi Piaggio-verksmiðjunnar, sagði þegar hann barði gripinn augum. Avöl form, breiður afturhluti, þar sem vélin er staðsett, og viðamikil vindhlífir að framan gerðu að verkum að Vespan líktist engu öðru tveggja hjóla farartæki.

Ítalskur efnahagur var í rúst eftir stríðið og ástand vega afleitt. Piaggio-menn töldu að í uppbyggingunni reyndist einmitt þörf á litlu handhægu ökutæki en líklega var vespan í upphafi heldur of dýr til að slá strax í gegn. Raunar gekk salan svo treglega að á tímabili lá við að framleiðslu yrði hætt.

Skyndilega tók þó salan við sér. Það var árið 1948 og gerðist ekki í kjölfar markaðsátaks af nokkru tagi heldur fremur vegna þess að Ítalir tóku ástfóstri við gripinn og hann varð smám saman hluti af þjóðarsál þeirra og ímynd.

Norski vísindamaðurinn Thomas Brandt ver í næsta mánuði doktorsritgerð um vespuna við Tækniháskólann í Prándheimi. Hann telur meðal annars að það að Ítalir áttu þess kost að eignast vespuna með afborgunarkjörum hafi gert að verkum að hún varð sú almannaeygn sem raun bar vitni. Ekki spillti heldur fyrir vinsældunum að Audrey Hepburn og Gregory Peck þeystu um á vespu í myndinni Roman Holiday frá 1953. Kannski hafði það þau óbeinu áhrif að einnig konur féllu fyrir vespunni þó að þær væru alls ekki í upphaflega markhópnum.

Vespan hefur fyrst og fremst náð vinsældum í Evrópu og Asíu



Vespa í reykvisku borgarlandslagi sextíu árum síðar.

þar sem þröngar götur eru algengar og fjarlægðir yfirleitt ekki miklar. Hins vegar hafa Bandaríkjamenn aldrei fallið sérstaklega fyrir farartækinu. Þeir eru meira fyrir stærri tæki enda fjarlægðir þar iðulega meiri.

Enn í dag er vespan vinsæl þó að útlit hennar hafi lítið breyst þessi sextíu ár sem hún hefur verið til. Hún þykir nú vera ták borgarmenningar samtímans. Spurning er svo hvort vespan muni lifa af önnur sextíu ár. - stt

Veldu HYUNDAI gæði, veldu TUCSON

### TUCSON

2.0L bsk. 142. hö  
Kr. 28.233 á mánuði

- ESP stöðugleikastýring
- ABS með EBD og TCS spólvörn
- 4x4 aldrif með læsingu
- 6 loftpúðar
- Hiti í framsætum
- Hiti í framrúðu við þurrkublið
- 16" álfelgur
- Aftengjanlegur öryggisþúði farþegamegin
- Verðlaunabíll í sínum flokki

**STÓRI HM LEIKURINN**

Félag íslenskra fótballaðhugmanna  
www.soccer.is

Langar þig að upplifa stærsta íþróttaviðburð í heimi?

Þú kemst í pottinn með því að reynsluaka Hyundai hjá B&L, borða á McDonalds eða fara inn á Icelandair.is

- ✓ 4 VIP miðar á úrslitaleikinn í HM 9.júlí
- ✓ 2 miðar á leik í undanúrslitum
- ✓ 2 miðar á leik í 16-liða úrslitum
- ✓ 2 miðar á leik Brasilíu og Króatíu í F-röð
- ✓ 10 helgarferðir fyrir tvo með Icelandair
- ✓ 400 máltíðir frá McDonalds
- ✓ 500 Hyundai HM-leiðubollar

HYUNDAI | i'm lovin' it

ISL. LEIÐUBOLLAR

HYUNDAI Official Partner

Með bílinn handa þér

Bíll á mynd: Tucson Sport á 17" álfelgum.  
\* Biltasamningur 18.84 mánaða með 30% útborgun. Mánaðarlegar greiðslur eru háðar vaxta- og gengisþróun.

HYUNDAI hefur gæðin

Umoðsmenn um land allt

Keflavík 421 4444

Akranes 431 2622

Akureyri 461 2533

Egilsstaðir 471 2524

B&L Grjóthálsi 1 110 Reykjavík 575 1200 www.bl.is





## KOLAPORTIÐ

# Kompudagar um helgina fullt af fínu kompudóti

Bókin okkar fínasundi: Útsala á öllum bókum mikið af bókum frá 100 kr.

**OPIÐ** um helgina frá kl. 11-17

## GLEÐISALA

**-25% af Öllum vörum í 5 daga**

Frá föstudegi 26.mái til þriðjudagsins 30. maí

Ég ætla að mæta !!!!



## GLUGG-INN

Tákalóni 11, RSK, s.8611004

Baráttuvani 12, 110, s.8614177

## Gosbrunnar í garðinn

Gosbrunnar og litlar tjarnir setja oft fallegan svip á garðinn. Mörgum garðeigendum þykir niðurinn úr gosbrunninum fullkomna stemninguna á kyrrlátum sumardegjum. Nokkur fyrirtæki sérhæfa sig í gosbrunnnum og tjörnum í gördum hjá fólki.

Meðal þeirra er fyrirtækið Gosbrunnar.is sem selur allt sem þarf til þess að láta draum um tjörn og gosbrunn verða að veruleika. Svavar Björgvinsson hjá Gosbrunnar.is segir fyrirtækið sérhæfa sig í öllu sem tengist vatnsrennsli í víðustu mynd. „Hvort sem það eru gosbrunnar, tjarnir eða bara allt sem tengist vatnsrennsli þá sérhæfum við okkur í því,“ segir Svavar.

Það er ekki flókin framkvæmd að koma lítilli og einfaldri tjörni fyrir í garðinum og kostnaðurinn þarf heldur ekki að vera hár. „Lítill tjörn með dælu kostar 15.000 krónur og er dúkurinn um fjórir fermetrar á stærð þegar að búið að breiða úr honum.“

Fyrirtækið býður fólki upp á að taka myndir af garðinum og setja svo saman tölvumynd sem sýnir hvernig garðurinn myndi líta út með tilkomu gosbrunnins. „Þá getur fólk séð nokkrar útfærslur af tjörnunum þannig að þetta er mjög sniðugt,“ útskýrir Svavar.

Svavar segir að vilji fólk einfaldar lausnir þá geti það hæglega komið tjörninni fyrir á einni kvöldstund í garðinum hjá sér. „Við erum líka í samstarfi við lærða skrudgarðyrkjumenn og aðra fagmenn sem geta hannað umhverfið og komið tjörninni fallega fyrir.“

Margir vilja gefa tjörnunum enn meiri sjarma með því að hafa gullfiska í þeim og segir Svavar að gullfiskarnir geti lifað góðu lífi í tjörnunum fyrir utan harðasta veturinn. „Gullfiskarnir eru það harðgerðir að þeir geta alveg lifað þarna, aðrir skrautfiskar eins og Coy-fiskar geta hins vegar ekki lifað utandyra.“



Flott er að koma litlum gosbrunni fyrir í steinum.



Upplýstur gosbrunnur er fallegur allan ársins hring.



Gosbrunnar geta verið af ýmsum toga.



Vatn setur mjög skemmtilegan blæ á garðinn.

Margir garðeigendur hafa haft efasemdir um tjarnir þar sem þær geta verið hættulegar litlum börnum. „Tjarnirnar eru oftast ekki meira en 40 cm á dýpt en

sniðug öryggisútfærsla er að strengja net yfir tjörnina á 15 cm dýpi þannig börn geti ekki farið sér að vöðva,“ segir Svavar að lokum.

valgeir@frettabladid.is



## Frábærar útskriftargjafir

Lampar 4.900.-

Púðar m/fyllingu: 3.390.- margir litir

**b**  
broste  
COPENHAGEN

**blómaval**  
heillandi heimur

Skútuvegur - Keflavík - Selfoss - Akureyri  
Grafarholt - Kringlan - Smáralind





Pelargóníurnar þóttu mikið stáss í stofugluggum en þykja nú sjálfsgöðar í útiker.

## Komnar út á hlað

Ýmis blóm sem áður prýddu íslenska stofuglugga eru orðin vinsæl útiblóm.

Pelargóníur og nellikur eru dæmi um blóm sem algeng voru í gluggum fyrir nokkrum áratugum en þykja nú jafn sjálfsgöð í útiblómaker og potta. Fjölmargar tegundir eru til af pelargóníum og eru sumar þeirra þykkblöðungar og aðrar ekki. Blómin eru líka með ýmsu móti og ólíkum litum, en yfirleitt standa þau í klösum. Þær eru duglegar að blómstra, einkum ef blómstónglarnir eru brotnir af um leið og blómin fara að visna.

Nellikur eru líka til í ótal afbrigðum. Sumar eru skriðplönt-



Nellikur heita drottningarblóm á íslensku.

ur og henta vel í steinhæðir en aðrar vaxa upp. Þær eru viljugar að blómstra og yfir þeim er viss drottningarbragur enda er íslenska heitið þeirra drottningarblóm. -gg



Þægilegt andrúmsloft er í barnahorni Next.

## Barnahorn í útrás

Í nýrri verslun Next í Kringlunni er að finna barnahorn sem hefur mælst vel fyrir.

Þegar teikningarnar af fyrstu Next-versluninni hér á landi litu dagsins ljós hlógu erlendir eigendur að hugmyndinni um barnahorn og kaffiherbergi að sögn Tinnu Jóhannsdóttur, verslunarstjóra Next. „Þeim fannst þetta

eitthvað sem aldrei myndi ganga upp. Við vorum með lítið kaffi- og barnahorn í gömlu versluninni og það var alltaf fullt. Okkur finnst bara nauðsynlegt að fólk geti pústað er það verslar,“ segir Tinna.

Reynslan af barnahorninu er svo góð að verslunareigendur úti eru farnir að renna hýru auga til hugmyndarinnar. Íslenska útrásin á sér ýmis birtingarform.

## Handgert eða sjálfgert

ER HANDGERT ESPRESSO KAFFI BETRA EN ÞAÐ SEM ER GERT Í VÉL?

Kaffimeningin hér á Íslandi er orðin mun fágaðri en hún var hér á landi fyrir um fimm árum. Allt í einu eru allir orðnir kaffifræðingar og láta sko ekki bjóða sér hvað sem er. Espresso-vélar eru komnar inn á mörg heimili en margir „sérfræðingar“ deila um hvort sé betra, espresso sem er gert í handvirkri vél (þar sem þú þarft sjálfur að hleypa þrýstingnum á með handfangi) eða með sjálfvirkum vélum. Gæði hins handgerða kaffis fer að visu alveg eftir þeim sem gerir það en slíkt kemur með æfingunni.

Flestir kaffisérfræðingar kjósa hins vegar hálfjálfrirka kaffivél þar sem þarf að skipta um kaffibaunir fyrir hvern bolla en vélin sér sjálf um að dæla vatninu. En eins og með flest annað er smekkur manna mismunandi og því er erfitt að segja hvort kaffi úr sjálfvirkri eða handvirkri vél sé betra.



# Sizzle King



GASGRILL smíðað úr ryðfríu stáli • Fjórir massívir brennarar úr pottjárni 18,4KW/h • Grindur yfir brennum úr áli • Grilleinn og rafmagnsmótor • Ábreiða • Hágæða elektrónískur kveikjari • Tvö sett af grillgrindum annarsvegar úr krömuðu stáli og hinsvegar úr pottjárni (ein heil plata) • Skápur fyrir gaskútinn og tvær stórar skúffur • 4 hjól 2 með bremsu • Skúffa í fullri stærð undir brennum sem tekur við fitu • Skúffa á hliðarborði til að geyma t.d. krydd og drykki • Hitamælir á loki • Grillflötur 78 x 46cm • Utanmál með loki H:124cm B:159cm D:59cm • Afhent samsett ef óskað er.

**Kynningarverð 99.900**

ECC Skúlagötu 63 – Sími 511 1001

[www.ecc.is](http://www.ecc.is)

# ECC



## Afmælissýning Braga Ásgeirssonar

Málverkasýning í tilefni  
75 ára afmælis Braga Ásgeirssonar  
verður opnuð í Galleríi Fold við Rauðarárstíg  
í dag kl. 15.00.

Allir velkomnir



LISTMUNASALA  
**fold**

Rauðarárstíg 14 · sími 5510400 · [www.myndlist.is](http://www.myndlist.is)

Gallerí Fold · Rauðarárstíg





## Sprett úr spori

Á Leirubakka í Landsveit er hestamennska í ýmsum myndum liður í ferðaþjónustunni.

Hestaleiga verður starfandi á Leirubakka í sumar eins og undanfarin ár. Boðið verður upp á stuttar og langar ferðir, allt frá einni klukkustund upp í dagsferðir. Reiðleiðirnar kringum Leirubakka eru einstaklega fjölbreyttar enda er hægt að panta allt að sex daga ferðir skipulagð-

ar þannig að riðið er frá Leirubakka nýja og nýja leið á hverjum morgni og komið aftur síðdegis.

Einnig er boðið upp á sýningar á íslenska hestinum. Þar er sagt frá uppruna hans og helstu kostum og í tengslum við þær eru sérstakar kynningar á íslenska fjárhundinum. Þessar sýningar eru einkum ætlaðar útflendingum, en þó er líka boðið upp á hestasýningar fyrir þá Íslendinga sem heimsækja Leirubakka í hópum.



Fjölmargar fallegar reiðleiðir eru í nágrenni Leirubakka.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



**Ótrúlegt tilboð til Mexíkó**  
Síðustu sætin 7. júní, 13 nætur  
á aðeins 99.900 kr.

Á Real Playa Del Carmen hótelinu með allt innifalið:

Ótakmarkaður matur og drykkir, óáfengir og áfengir, öll afþreying, skipulögð skemmtidagskrá og stórsýningar (show) á hverju kvöldi.

Brottfarir: 24. maí (uppselt) og 7. júní laus sæti, 13 nætur.



**Trans - Atlantic**  
Sími 588 8900 • www.transatlantic.is



Hér hefur Gísli Ólafur lokið við að kanna vaðið og þá er óhætt að aka af stað.

AF VEFNUM: WWW.SIMNET.IS/GOP

## Gætni grundvallaratriði

Þegar ferðast er um óbyggðir Íslands verða vatnsföll oft á vegi fólks. Þá er vissara að viðhafa gát.

„Með tækni deya allar listir út, líka sú að velja vöð til að komast í búðina,“ segir Halldór Kiljan í Grikklandsárinu. Vissulega eru fáir í dag sem þurfa að velja vöð til að versla í matinn en þeir eru þó til. Hálandisferðir verða hins vegar sívinsælli og þegar komið er að óbrúðum ám reynir á útsjónarsemina. Gísli Ólafur Pétursson kennari ólst upp í Fjótshlíðinni og kynntist því í æsku að finna bestu leiðir yfir vatnsföll. Þá kunnáttu hefur hann oft notað síðan og miðlað öðrum af. En hver eru aðalatriðin?

„Stígvélin eru nauðsyn því þó verið sé á bíl er alltaf vissara að kanna vötn áður en keyrt er út í, til að vita hvernig botninn er. Kjarninn er því sá að hafa með sér stígvél og járnstaf. Smám saman fer fólk svo að gera sér grein fyrir hvað er óhætt. Ég hef komið að á, alvopnaður með vöðlur og staf en ég steig aldrei út í ána. Hún var það ljót. Það er ágætt að eiga svo-

leiðis minningar og geta sagt frá þeim til að fólk átti sig á að einn af möguleikunum í stöðunni er alltaf sá að snúa við. Gætni verður að vera grundvallaratriði.“

Að sögn Gísla Ólafs á að hafa hnén dálítið bogin þegar vaðið er í straumvatni. „Það er nauðsynlegt til að halda jafnvæginu,“ segir hann sannfærandi og kemur með reynslusögu. „Þegar ég byrjaði að vaða þá ætlaði ég aldrei að detta. Ég teygði mig bara upp til að detta ekki en svo datt ég og þá skipti ég strax um pólitík.“

Hann segir líka nauðsynlegt að áætla hvar best sé að fara, áður en vaðið er af stað, skref fyrir skref. Alls ekki má horfa ofan í strauminn þegar út í er komið, nema nokkrar sekúndur í einu, heldur upp á bakkann og landslagið hinum megin. Oftast segir hann hægt að finna brot á ám sem renni um malaraura og þar sé best að fara yfir. En hvað er brot?

„Brot er grynning eða hryggur í ánni. Hryggurinn myndast þegar áin breytir um stefnu. Hún spyrnir í bakkann sem hún beygir frá og verður þá dýpri þar og hún spyrnir líka í bakkann sem hún kemur að



„Ég teygði mig bara upp til að detta ekki en svo datt ég og þá skipti ég strax um pólitík,“ segir Gísli Ólafur um listina að vaða í straumvatni.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

svo þar myndast dýpi. Vatnsmagnid verður minna þarna á milli og því myndast hryggur. Þegar ekið er yfir, skal reynt að slá aðeins undan straumi og vera í lágum gir. Farsælast er hafa vélin á nokkrum snúningshraða svo hún blási vatninu frá þúströrinu og ökutækid nái hæfilegri spyrnu.“

Gísli Ólafur tekur fram að stórvarasamt sé að festa bíl í jökulá, bæði vegna þess að grafið geti undan honum og hins að jökulleirinn fer inn í slitfleti og nagar þar og sargar þegar akstur hefst á nýjan leik. „Eina ráðið getur verið að rífa allt í sundur og þrífa eftir slík böð,“ segir hann. Vert er að geta þess að Gísli Ólafur heldur úti ferðavefnum simnet.is/gop og þar er meðal annars að finna leiðbeiningar um það hvernig best er að haga sér gagnvart íslenskum ám.

gun@frettabladid.is



Gísli Ólafur kennir vatnamennsku á námskeiðum hjá Ferðafélagi Íslands.

AF VEFNUM: WWW.SIMNET.IS/GOP



Margir bíða eftir að komast yfir ána.

AF VEFNUM: WWW.SIMNET.IS/GOP

## Efri-Vík enn í sókn

Í Efri-Vík í Landbroti er unnið að byggingu hótels.

„Við stefnum að því að opna herbergin til gistingar 1. júlí og matsalinn með haustinu,“ segir Eva Björk Harðardóttir vert í Efri-Vík. Hún tekur fram að álman sem nú er í byggingu sé aðeins 1. áfangi af þremur og því eru það 16 herbergi af 62 sem tekin verða í gagnið í sumar.

Þegar eru samt fjölbreyttir gistingualeikar í Efri-Vík enda var hún meðal fyrstu ferðaþjónustubæja á landinu og hefur orð á sér sem fjölkskylduvænn staður. Efri-Vík er staðsett um fimm kílómetrum sunnan Kirkjubæjar-



Hörður Davíðsson hefur stundað ferðaþjónustu í áratugi og nú byggir hann stórt. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

klausturs og auk gistingar og tjaldstæðis er þar gjöfult veiðivatn og

golfvöllur. Veitingaaðstaða fyrir hópa er í einkar vel búinni hlöðu.



# allt - sem þig vantar

[ ALLAR SMÁUGLÝSINGAR VIKUNNAR Á [visir.is](http://visir.is) ]

**SMÁUGLÝSINGASÍMINN**  
ER OPINN ALLA DAGA  
KL. 8-22

**TIL BIRTINGAR NÆSTA**  
DAG ÞARF AÐ PANTA  
FYRIR KL. 13.30

**SMÁUGLÝSINGASÍMINN**  
ER 550 5000  
[smaar@frettabladid.is](mailto:smaar@frettabladid.is) / [visir.is](http://visir.is)

**AFGREIÐSLAN ER OPIN:**  
**MÁNUDAG TIL MIÐVIKUDAGS** 8-18  
**FIMMTUDAG OG FÖSTUDAG** 8-19  
**LAUGARDAG 9-17 SUNNUDAG** 11-16

**notaðir bílar**  
Ingvar Helgason



Y1099 Land Rover Range Rover nýskrj10/98 ssk .ek.116.þús.km. Verð.2.130.000.Tilboð.2.030.000 Allt að 100%lánamöguleikar, sími 525-8020



SD232 Volkswagen Vento nýskr.05/97 bs. Ek.160.þús.km. Verð.380.000 Allt að 100%lánamöguleikar, sími 525-8020



PF255 Subaru Forester CS nýskr.06/99 ssk. Ek.108.þús.km. Verð.890.000 Allt að 100%lánamöguleikar, sími 525-8020



MK966 Nissan Terrano Sport nýskr.05/04 bs. Ek.33.þús.km. Verð. 2.580.000 Allt að 100%lánamöguleikar, sími 525-8020



NZ381 Opel Combo C Van nýskr.03/03 bs. Ek.27.þús.km. Verð.1.050.000 Allt að 100%lánamöguleikar, sími 525-8020



JZ201 Suzuki Grand Vitara XL-7 nýskr.01/03 ssk .ek.92.þús.km. Verð.2.060.000.Tilboð.1.660.000 Allt að 100%lánamöguleikar, sími 525-8020



RT998 Nissan Terrano Sport nýskr.03/04 bs. Ek.53.þús.km. Verð.2.890.000 Allt að 100%lánamöguleikar, sími 525-8020

**Ingvar Helgason**  
Sævarhöfða 2, 110 Rvk.  
Sími: 525 8000  
[www.ih.is](http://www.ih.is)

**notaðir bílar**  
Ingvar Helgason



YP571 Opel Astra 1.8 ENJOY nýskr.10/05 ssk .ek.9.þús.km. Verð.1.880.000 Allt að 100%lánamöguleikar, sími 525-8020




ER887 Subaru Impreza GX nýskr.03/03 ssk. Ek.83.þús.km. Verð.1.280.000 Allt að 100%lánamöguleikar, sími 525-8020



LR192 Opel Corsa Comfort nýskr.06/01 bs. Ek.60.þús.km. Verð.590.000.Tilboð.390.000 Allt að 100%lánamöguleikar, sími 525-8020



OM449 Ford Focus STW. Nýskr.01/05 ssk. Ek.11.þús.km. Verð.1.790.000.Tilboð.1.590.000 Allt að 100%lánamöguleikar, sími 525-8020



RH771 Opel Zafira Comfort nýskr.06/00 bs. Ek.150.þús.km. Verð.1.090.000.Tilboð. 870.000 Allt að 100% lánamöguleikar, sími 525-8020



UT250 Peugeot Partner nýskr.12/05 bs. Ek.1.þús.km.Verð.1.280.000 Allt að 100%lánamöguleikar, sími 525-8020



SA167 Isuzu Crew Cab DOUBLE CAB nýskr.11/05 ssk. Ek.8.þús.km. Verð.2.980.000 Allt að 100%lánamöguleikar, sími 525-8020

**Ingvar Helgason**  
Sævarhöfða 2, 110 Rvk.  
Sími: 525 8000  
[www.ih.is](http://www.ih.is)

**notaðir bílar**  
Ingvar Helgason



SA520 Nissan Primera Elegance nýskr.05/02 ssk. Ek.62.þús.km. Verð.1.040.000.Tilboð.830.000 Allt að 100%lánamöguleikar, sími 525-8020



LR192 Opel Corsa Comfort nýskr.06/01 bs. Ek.60.þús.km. Verð.590.000.Tilboð.390.000 Allt að 100%lánamöguleikar, sími 525-8020



OM449 Ford Focus STW. Nýskr.01/05 ssk. Ek.11.þús.km. Verð.1.790.000.Tilboð.1.590.000 Allt að 100%lánamöguleikar, sími 525-8020



RH771 Opel Zafira Comfort nýskr.06/00 bs. Ek.150.þús.km. Verð.1.090.000.Tilboð. 870.000 Allt að 100% lánamöguleikar, sími 525-8020



RH771 Opel Zafira Comfort nýskr.06/00 bs. Ek.150.þús.km. Verð.1.090.000.Tilboð. 870.000 Allt að 100% lánamöguleikar, sími 525-8020



SM781 Suzuki Baleno GLX nýskr.12/97 bs .ek.90.þús.km. Verð.470.000.Tilboð.290.000 Allt að 100%lánamöguleikar, sími 525-8020



RX623 Ford Escort CLX nýskr.04/98 bs. Ek.81.þús.km. Verð.300.000.Tilboð.190.000 Allt að 100%lánamöguleikar, sími 525-8020

**Ingvar Helgason**  
Sævarhöfða 2, 110 Rvk.  
Sími: 525 8000  
[www.ih.is](http://www.ih.is)


**notaðir bílar**  
Ingvar Helgason



OV022 Saab 9-3 3.dyra nýskr.02/99 bs. Ek.102.þús.km. Verð.1.120.000.Tilboð.980.000 Allt að 100%lánamöguleikar, sími 525-8020



UP908 Nissan Pathfinder nýskr.12/94 ek.200.þús.km. Verð.580.000.Tilboð 290.000 Allt að 100%lánamöguleikar, sími 525 8020.



OM449 Ford Focus STW. Nýskr.01/05 ssk. Ek.11.þús.km. Verð.1.790.000.Tilboð.1.590.000 Allt að 100%lánamöguleikar, sími 525-8020



RH771 Opel Zafira Comfort nýskr.06/00 bs. Ek.150.þús.km. Verð.1.090.000.Tilboð. 870.000 Allt að 100% lánamöguleikar, sími 525-8020



BK030 Hyundai Matrix nýskr.08/04 bs. Ek. 20 þús. km. Verð 1.290.000 Allt að 100%lánamöguleikar, sími 525 8020.



PB115 Nissan Almera SLX nýskr. '04/98 ssk. Ek. 140 þús. km. Verð.450.000. Tilboð 340.000 Allt að 100%lánamöguleikar, sími 525 8020.



BO488 Nissan Primera Acenta nýskr.06/04 ssk. Ek.47 þús. km. Verð 1.690.000 Allt að 100%lánamöguleikar, sími 525 8020.

**Ingvar Helgason**  
Sævarhöfða 2, 110 Rvk.  
Sími: 525 8000  
[www.ih.is](http://www.ih.is)

**bilaland.is**  
Ójafthólat  
bila land 575 1230  
www.bilaland.is




CHRYSLER CROSSFIRE Nýskr: 12/2004, 3200cc 2 dyra, Sjálfskiptur, Svartur, Ekinn 9.700 þ. Verð: 3.890.000



RENAULT SCENIC Nýskr: 03/2003, 1600cc 5 dyra, Fimmgíra, Ljósgrár, Ekinn 57.000 þ. Verð: 1.460.000



OM449 Ford Focus STW. Nýskr.01/05 ssk. Ek.11.þús.km. Verð.1.790.000.Tilboð.1.590.000 Allt að 100%lánamöguleikar, sími 525-8020



RENAULT AT MASTER Nýskr: 07/2003, 2500cc 6 dyra, Fimmgíra, Gulur, Ekinn 126.000 þ. Verð: 2.150.000



TOYOTA LAND CRUISER Nýskr: 06/1999, 3400cc 5 dyra, Sjálfskiptur, Brúnn, Ekinn 131.000 þ. Verð: 1.950.000



VOLKSWAGEN GOLF Nýskr: 06/2003, 1600cc 5 dyra, Sjálfskiptur, Svartur, Ekinn 81.700 þ. Verð: 1.470.000



DAEWOO NUBIRA skjálfskiptur Skr. 01/1999 Ekinn: 155.000km Asett verð 490.000kr Tilboð: 390.000kr. S: 570 9900

**Bilaland, B & L**  
Grjótháls 1, 110 Rvk.  
Sími: 575 1230  
[www.bilaland.is](http://www.bilaland.is)

**BILAHÖLLIN**  
BILDHÖFÐA 5  
www.bilahollin.is



Toyota Rav4 4WD 2.0 4/2005. Ekinn 14.000 km. Sjálfskiptur. Verð kr. 2.890.000.- ath skipti á óð.

**Bilahöllin**  
Bildshöfða 5, 112 Rvk  
Sími: 567 4949  
[www.bilahollin.is](http://www.bilahollin.is)

**-PRO**  
www.protrade.is



Audi Allroad 2001, ek 98 þús. km, 4x4, 2.7 T, ásett verð 3.2 millj., vill skipti á dý/óð jeppa eða pallbíll, Hafid samband í síma 897 7571.



Toyota Avensis 2001, ekinn 87 þús. km, 1.8 vti, sjálfskiptur, mjög góður bíll á góðu verði, hafið samband í síma 897 7571.

**PRO ehf**  
Hvaleyrarbraut 3, 220 Hafnarfjörður  
Sími: 897 9599  
<http://www.protrade.is>

**FIAT**



Fiat Stilo Active 1.6 Skr. 05/2004 Ekinn 56.000km 100% lán og 18.200kr á mán. Tilboðsverð: 990.000kr.



Fiat Stilo Active 1.6 Skr. 05/2004 Ekinn 56.000km 100% lán og 18.200kr á mán. Tilboðsverð: 990.000kr.





Fiat Stilo Station 1.6 Skr. 05/2004 Ekinn  
54.000km 100% lán og 18.200kr. á  
mán Tilboðsverð: 990.000kr.



100% lán 6 manna bíll 6 manna Fiat  
Multipla Dynamic Skr. 01/2005 Ekinn  
16.000 km Mjög vel búinn. Tvær sóllúg-  
ur, bakskynjari, leðurstýri og gírstöng,  
16" álfelgur, loftkæling, sjálfvirk mið-  
stöð, auka loftpúðar, Áhvilandi  
1.954.000kr 34.000 pr. mán 100% lán  
Ásett verð: 2.300.000kr. Tilboð:  
1.954.000kr. (nývirði 2.946.000kr) S.  
570 9900 / 690 1025.



Alfa Romeo 156 Selespeed Kr.  
03/2003 Ekinn 36.000km Sjálfskiptur  
með F1 skiptingu Leður, Bose hljómkafi  
o.fl. Ásett verð: 1.600.000kr. S: 570  
9900 / 690 1025



Renault Clio 1.4 Skr. 03/2000 Ekinn  
72.000km Ásett verð: 690.000kr. Til-  
boðsverð: 420.000kr. S: 570 9900 &  
690 1025.

**Fiat og Alfa Romeo umboðið**  
**Malarhöfða 2a, 110 Reykjavík**  
**Sími: 570 9900**  
**www.fiat.is**



Nýr 2006 Jeep Grand Cherokee CRD  
Með nýrri 3,0 L Benz Diesel vél sem eyð-  
ir 10,2 L á 100 km. Limited útfærsla  
með öllu sem hægt er að fá í bílinn.  
Einn bíll eftir á gamla genginu. Sýning-  
arbíll á staðnum. Okkar verð: 5.490  
þús.

**Sparibíll ehf**  
**Skúlagötu 17, 101 Reykjavík**  
**Sími: 577 3344**  
**www.sparibill.is**



Bmw 525 diesel turbo árgærd 06/2002  
ekinn 87 þ. km, sjálfskiptur, leiðsögu-  
kerfi, topplúga, hraðastillir, 16" álfelgur  
o.fl. Verð 2.790.000. gott lán áhvilandi.  
Toppbilar Kletthálsi 2 sími 587 2000  
eða toppbilar.is



Toyota Landcruiser LX 90 D-4, árgærd  
2002, ekinn 76þkm, 5gíra, Gullfallegur  
bíll. Verð 2.450.000. stgr Toppbilar Kletthálsi  
2 sími 587 2000 eða toppbilar.is



Toyota Landcruiser GX 90 árgærd 2000,  
ekinn 126 þ. km, sjálfskiptur, 33" breyt-  
ing. Verð 2.280.000. Toppbilar Kletthálsi  
2 sími 587 2000 eða toppbilar.is

**Toppbilar**  
**Kletthálsi 2, 110 Rvk.**  
**Sími: 587 2000**  
**www.toppbilar.is**



PORSCHE CAYENNE TURBO Árgærd  
2003, ek 37 þús. Verð 9.900. þús.

**Höfðahöllin**  
**Kletthálsi 2, 110 Rvk.**  
**Sími: 567 4840**  
**www.hofdahollin.is**



Toyota Hilux Double Cab 38". Full-  
breyttur dísel, árg. 2003, ek. 55 þ. km.  
Verð 3.670 þ. Tilboð 3.370 þ. Þessir eru  
sjaldan til sölu! S. 567 4000. Sjáðu  
hann á heimsbilar.is

**Heimsbilar**  
**Kletthálsi 2, 110 Reykjavík**  
**Sími: 567 4000**  
**www.heimsbilar.is**

**VAGNASMÍÐJAN**  
**HÚSVAGNAR ehf.**  
Eldshöfða 21 - 110 Reykjavík  
Sími 587 2200 / 894 6000



#### Tilboð Vikunnar.

Hobby Landhaus 2006 uppseld í Þýska-  
landi. Eigum eitt á lager. Verð aðeins  
3.000.000 Kr. Fyrstur kemur, fyrstur fær.  
Öll Hobby á frábæru verði, allt að 100%  
lán. Vagnasmiðjan-Húsvagnar ehf. S:  
587 2200, 894 6000 www.vagna-  
smidjan.is

**Vagnasmiðjan - Húsvagnar ehf**  
**Eldshöfða 21, 112 Reykjavík**  
**Sími: 587 2200**

#### Bílar til sölu

islandus.com



NYTT!  
Leitar-Velmenni




Bílar á lægra verði!  
Abyrgð fylgir öllum bílum

islandus.com

NYTT! Bílaleitar-Velmenni. Finnur bílinn  
á augnarbíl! Tóti er tengdur fleiri  
hundrað bílasölum með yfir þrjár millj-  
ónir bíla á söluskrá. Smelltu á Tóta á is-  
landus.com og hann finnur bílinn um  
leið, reiknar út verð í Íslenskum krónum  
með flutningsgjöldum tolli og VSK á  
augabráði og sýnir þér niðurstöður  
strax á islandus.com vefsíðunni. Í dag  
fylgir Abyrgð frá Vörður-Íslandstrygging  
á öllum bílum Islandus.com og hægt  
að fá viðbótarabyrgð í allt að 5 ár! Við  
seljum bíla langt undir markaðsverði.  
Sími þjónustuværs 552 2000 og net-  
spjall við sölumenn er á www.is-  
landus.com



PORSCHE CAYENNE S 03/2003 um-  
boðsbíll. 340 hö hlaðinn aukabúnaði  
s.s. navi, 20" felgum o.fl. Ásett verð  
6.950 þús. Staðgreislu tilboð 6.500 þús.  
Upplýsingar í síma 860-8213



Til sölu Benz 230e '89, ssk., vel m. far-  
inn, toppl., cd, sumar- og vetrard., sími:  
866-6766.



Subaru Legacy skráður 08/98. Góður  
fjölskyldubíll, ekinn 140 þús km. Sjálf-  
skiptur. Sumar- og vetrardekk. Verð Yfir-  
taka á láni upp á 512 þús + 75 þús.  
Uppl. s. 848 6287



#### Mini Cooper S

Nýskráður 2/2003, ek. 65 þ. km, svartur,  
ABS hemlar, spólvörn, fjarstýrðar  
samlesingar, geislaspihari, leðuráklæði,  
Xenon aðalljós, loftkæling, rafdrifnar  
rúður o.fl. Reyklaus. Áhvilandi  
2.480.000. 1. gjald. 5. júní '06. Verð  
3.290.000. Uppl. í síma 897 4583.



Subaru Legacy árg. 10.05 Ekinn 13 þús.  
Vetrar- og sumardekk á álfelgum, drátt-  
arkúla, beinskiptur, hátt og lágt dríf.  
Verð 2,500 þús. Gott lán fylgir, afborgun  
28 þús á mán. Útborgun 650 þús. Uppl.  
S. 895 0543.



Geggjað verð vegna flutnings! Bens  
220E árg. '95 til sölu. Yfirf. af umb. Vél  
yfirf. í 170 Þ. Ssk., innb sími, CD  
magasín, krók. sk. '06. V. 529000. Uppl.  
898 8080 / 863 5678.



Subaru Legacy, S/D 2.0 awd, árg. '00  
ek. 113 þ. Verð 1.050 þ. Uppl. í s. 898  
2956.



VW Polo 1400 dyra árg. '98 ek. 87 þús.  
S/v dekk, 2 álfelgugangur. Vel með far-  
inn bíll. V. 450 þús. Skipti mögulega á  
nýjum smábíl. Uppl. 822 0694



Nissan King Cap árgærd 2000 er í góðu  
ástandi. Verð 700.000. Upplýsingar í  
síma 820 2727.



Toyota Corolla, árg. '98 ek. 177 þús.,  
beinskiptur, 1300cc. Nagladekk á felg-  
um fylgja með og geislaspihari. Skoðað-  
ur '07, búið að skipta um tímareim.  
Verð kr. 390 þús. Uppl. gefur Jens 899  
4434.



NISSAN MICRA GX, árg. '99 ek. 109 þús.  
km. Beinskiptur, 3 dyra, 1300cc. Nagla-  
dekk fylgja, búið að endurnýja bremsu-  
kerfið. Verð kr. 400 þús. Uppl. Guðbjörn,  
847 1595.



Toyota Corolla 2003. Beinsk. Ekin 80  
þús. Sumar og vetrardekk. Áhvilandi ca  
980 þús. Verð 1.230.000. Engin skipti.  
S. 695 1522.



Nissan Skyline R33 GTS árg. '94, ek. 134  
þ. km. Bsk. 17" krómfelgur. Ný kúpling.  
Frábær bíll í toppstandi. Verð 800 þ.  
Uppl. í s. 865 1546 & 869 7688.



Til sölu Dodge Ram 1500 árg. '96 ek.  
103 þús. Verð 1200 þús. Fæst á 800  
þús. stgr. Uppl. í s. 858 8370.



Til sölu Honda Accord árg. '98 ek. 126 þ.  
2000 lsi, ssk., 17" felgur, þjófavörn.  
Verð 590 þ. Uppl. í s. 695 3868, Kristinn.



Til Sölu Hyundai Getz GLS 2004 Ekinn  
32 þús. 1600cc. Sjálfsk., 4dyra, álfelgur,  
CD. Uppl. í síma 894 1564.



Mercedes Bens 300 SEL '87. 1 eigandi.  
Einstakur ráðherra bíll. Verðtilboð.  
Toyota Carina '96, sjálfsk. Verð 330 þús.  
S. 895 8956.



Bens E190 árg. '84 ekinn 205 þús. Ssk.  
Skoðun 07 Verð 150 þús. Uppl. 554  
1012 og 697 7479.



Til sölu Renault Kangoo '99 ek. 121  
þús. Verð 550 þús., áhv 270 þús. Uppl.  
866 3495.



TIL SÖLU einstakt eintak af MAZDA-6  
ekinn 31 þús. 06/03. Verð 1.850 þús,  
engin skipti. Uppl. í s. 663 6308.



Chevrolet Corvette árg. '92. Ek. aðeins  
83 þús. Nánar á bilverkba.is. Uppl. í  
síma 482 2224, 482 2024 & 899 5424.

#### TIL SÖLU

**Brenderup 1205 P**

Innanmál: 203x116x35 cm  
Burdargeta: 600 kg  
Dekk: 13"

Verð: 131.000,-



Lyfta.is • 421 4037 • www.lyfta.is • lyfta@lyfta.is

**50cc**

- Fyrir 6-12 ára
- Góður öryggisbúnaður
- Tilbúin til afgreiðslu
- Verð 119.000,-

Nánari upplýsingar í síma  
848 1512 milli kl. 13-15  
og á [www.btm.is](http://www.btm.is)

#### Þýskar álkerrur



fyrir fjölskylduna, verktakann,  
sveitarfélagið. Vandaðar kerrur  
frá einum stærsta framleiðanda  
Evrópu. Kerrur sem slegið hafa í  
gegn síðustu ár.  
Sumarsendingin nýkomin. Leitið  
upplýsinga og skoðið hið mikla  
úrval. Margar stærðir og gerðir.

**Bæjardekk** Langatanga 1a - Mosfellsbæ - Sími: 566 8188  
Fjarðanet hf. - Grænigarður - Ísafjörður - S.470 0836

**allt** bílar

Alla laugardaga

**Fjarstýrðir bensinbilar**  
Verð frá kr.  
39.990

Fjarstýrðar  
rafmagnsflugvélar  
verð frá kr 19.900

**ICEHOBBY**  
Sími: 421 4037

**GRÖFUAFI**

Tökum að okkur  
að grafa fyrir  
einbýlis og  
raðhúsum ásamt  
annari jarðvinnu.  
Fjarlægjum og  
sköflum efni,  
einnig grjóthleðsla.  
Uppl. í síma 696-9697.





Audi A3 árg. 2002, ekinn 57,5 þús. ssk, mjög hagstætt lán áhvílandi. Verð 1.350.þús Sími: 861-3489



Mazda 2, 08 2005 árg. 1.6L 100 HÖ, 15" álfelg. Löprófil og vetrar dekk. 6 Há-talarar, öryggis loftþúðar allan hringinn, þokuljós, o.m.f. Rúmgóður smá bill sem er lipur og eyðir lítillu! Uppl. í s. 897 7698.

Toyota Hiace árg. '95, Dísel 4x4. Hátt og lágt drif dráttarkúla. Bilinn er í mjög góðu lagi og lítur vel út. Vönduð innrétting fyrir 10 farþega og hópleyfisaköðun, verð 550 þús. Einnig til sölu polo árg. '98. og Volkswagen golf 4X4 station árg.'96. Upp. í síma 661 7264.

Ford Escort árg. '96 Ekinn 160 þús. Svartur á lit, cd, 1400 mótör. Verðtilboð. Uppl. S. 862 0279

Þriggja dyra Hyundai accent á götuna 12/99. Ný tímæreim ek. 96 þús. Verð 300 þús. Uppl. í síma 697 8323.

Til sölu eru Subaru E12 sendibíll árg '95, Honda Accord árg '91 mmc gala93. S. 868 3069

Nissan Sunny, 1,6 '94, ek. 160 þ. Verð 130 þ. Uppl. í s. 894 9002.

Saab 9000 árg '91 verð 120 þús. Nissan Micra 5 dyra árg '97 verð 120 þús. Uppl. S. 696 4255

Ford Fiesta 1200 árg. '98, ek. 98 þús. Verð 180 þús. Uppl. í s. 898 5830.

Gmc rally van árg '95 Extra langur, 9 manna. Skoðaður '07. Verð 450 þús. Einnig Musso árg '97 skoðaður '07 þarfnast lagfæringa. Ökuhæfur, verð 350 þús. Uppl. S. 899 4096.

Dökkblár Citroen C4, sjálfskiptur, 16" álfelgur, vetrar og sumardekk fylgja, ekinn 18 þús. Fæst gegn yfirtöku á láni. Uppl. í s. 820 1505.

#### yfirtaka á láni

Volveagen passat árg. '00 ek. 105 þús. Yfirtaka á láni + 40 þús kr í peningum. Uppl. s. 840 0709.

Ford Mustang blæjubíll, hvítt leður, krómfelg, 6xCD, 200 hð. Áhvil. 1200 þús. Ásett verð 2590 þús. Frábær strg.afsáttur. Uppl. 823 2449.

Honda Civic, 97árg. 3 dyra, ekinn 126 þ. km., ný tímæreim, ný dekk. Verð 450 þús. Uppl. í s. 896 9443.

Honda Civic 1,4 árg. '98. Ekinn 117 þús km. Smurbók, mjög gott eintak. Ásett verð 530 þús. Uppl. s. 690 8778

#### Mercedes Benz

C 280 á góðu verði. Gerður mér tilboð sem ég get ekki hafnað. S. 693 7585.

#### 0-250 þús.



Til sölu Renault Winnebago 1983, ek. 86 000 milur, oliumiðstöð, isskápur, gaseldavél, sólarcella, TV loftnet. Upplysingar í síma 895 6287.



#### Mini 2003

Ek. 28 þ. km, 90 hð. Rauður, mjög vel með farinn. Áhvílandi 2.040.000. Sjóvá. Verð 2.490.000. Tilboð 100 þúsund út + yfirtaka. Uppl. í s. 897 4583.



Range Rover, árg. '85, ek. u.þ.b. 180 þús km. Verð: 250000. Uppl. í síma 8615988



Til sölu Hyundai Elantra 1998, ssk., ek. 109 þ., verð tilboð s. 897 9145.



VW Golf, árg. '96. Ekinn 168 þ. km. Sk. okt. 06. Vetrard. á felgum. Tilboð S. 669 9843.



Nissan Sunny '93. Frábær bíll í góðu standi! Verð 150 þús. Sími 692 0245.



TILBOÐ! Þjófavörn með sæmlæsingum. Aðeins 29.900 kr MEÐ ISETNINGU. Pyle.is, Stórhöfða 24, sími: 893-1994.



Húsibíll Dethleffs Globetrotter húsibíll, Fiat Ducado 2.8JTD, ekinn 16 þús km, skráður 06/03, markísa, fortjald, bakmyndavél, hjólagrind, útvarp/CD, sjónvarpsloftnet + magnari, svefnpláss f. sex. Sérniðin gólfteppi. Allur húsb. fylgir. Verðh. 3,0 - 3,3 millj. Nánari upplýsingar, Guðjón s. 897 4661.



Til sölu Hyundai Accent '96 í góðu standi, ek. 85 þús. Verð 90 þús. S. 867 0759.



## TILBOÐ ## Til Sölu Nissan Almera '98, sjálfsk., ný skoðaður '97, rafm í rúðum, dráttar kúla, v rauður. Ekinn 125 þús. ásett v 460 þús. ## TILBOÐ 299 þús. ## Friðrik s. 867 2789.



#### Tilboð 170 þús.

Til sölu VW Golf 1.4 árg. '95, station. S. 899 4275.

Til sölu Ford Explorer '91.í góðu lagi. Skoðaður '07. Uppl. í síma 820 4128.

Hyundai Pony Glxi 1.6 árg. '93, ekinn 125 þús. á vél. Sk. '05. Þarfnast einhverra lagf. Verð 55 þús. Magnús, s. 899 6756.

4 captain stólar og bekkur sem er hægt að leggja niður til sölu. Uppl. í síma 847 4096.

Til sölu Ford Escort árg. '95, ek. 130 þús. beinsk. 4 dyra. Nýleg heilsársdekk. Verð 50 þús. S. 695 1632.

Mitsub. Colt 1500, árg. '91, ek. 128 þús. Beinsk, 5 girá. Verð 50 þús. S. 860 8704.

Subaru Legacy Station, 1993, 2.0, ssk, grár, gott eint. kr. 170 þ. MM441, stendur við Sólningu Smiðjuvegi. 869 3278.

Ódyrir ágætir bíllar!! Primera '92 ssk. Heill bill. V. 70 þ. Legecy Sedan '93 ssk. V. 70 þ. S. 844 6609.

Til sölu Mazda 323F árg. '92, í góðu ástandi, lítur vel út. Verð 235 þús. Uppl. í s. 895 3534.

Nissan Sunny 1600 árg. '94 ssk. sk. '07 dökkar rúður, sumar- og vetrardekk á felgum, mikið af varahlutum geta fylgt með. Verð 150 þús. Uppl. S. 893 5945

Mmc pajero langur, turbo dísel, árg. '91, ssk., 32" og 31" dekk sk. '07, v. 165 þ. s. 694 4561.

Suzuki Baleno '98, ek 116 þ., ssk., ný tímæreim, góður og sparneitinn 8L/100 v. 240 þ. s. 869 8780.

Renault Megane 1.4, 4ra dyra 1997. Toppbill ek. 93 þús. Ásett verð 380 þús. Tilboð 250 þ. S. 898 1378.

Sjálfsk. corolla árg. '88 til sölu ek. 117 þús km. Fallegur bíll í góðu lagi fyrir utan bíluð bremsurör. Uppl. 699 3210 & 551 113.

Til sölu MMC SpaceWagon árg. '97, 7 manna, 4x4, ek. 150 þús., í ágætis ástandi. Uppl. í s. 555 0211.

#### 250-499 þús.



MMC Pajero, árg.'91, V6-3000, ek. 247 þ.km. verð 290 þ. kr. nánari uppl. Sími 894 3131 eða www.mar-eind.is/pajero.htm



Ford Mondeo Ghia station árg. '98, 2L vél, ssk, ek. 124 þ. Ný tímæreim og kerti, s+v dekk. Fæst á góðu verði, s. 694 7627.



Til sölu Hilux 2.4 bensín, árg. '88, ssk, ek. 180 þ., loftblás ofl. gott. Mjög góður að utan sem innan. S. 896 2564. Ak.



Útsala! Útsala! Til sölu Passat árg. '97 1600, ek. 135 þús. Verð áður 480 þús. verð nú 380 þús. S. 692 7601.



Honda Accord '95, ek. 185 þ. 2.0 vél, sjálfsk., spoiler, söllúga, CD, rafm. í rúðum, speglum og sætum, 16" álf., ný bridgestone sumardekk. Ný viftureim og stýrisreim, nýleg tímæreim. Verð 350 þ. Uppl. í síma 847 7913.



Nissan Almera árg. '98, beinsk., ek. 88 þús., sparneitinn, finn bill. Verð 350 þús. S. 897 2352.



Fiat Punto Sporting, skr. 09/2000, 3 dyra, 6 girá - mjög skemmtilegur bíll, einn eigandi. Bíluð rafstýring. Ásett verð 670 þ., selst á 380 þ. strg. Björn, 898 6898.

Mazda 626 árg. '96, ek. 112 þ, ssk., 2000cc, C-control, air cond. Topp bill. V. 400 þús. Uppl. í s. 588 1399.

Ford Explorer árg. '91, 38" breyttur, ek. 230 þús., læsingar, aukatankur, ný kúpling, lega, pressa og dæla, skipti á mjög ódyrum bil. Verð 450 þús. Uppl. í s. 865 7496.

Polo árg. '98. ek. 96 þ. 3 dyra, dökkblár 13" & 15" álfelgur. 2 eigendur. s. 861 5066.

Til sölu rauð Toyota Corolla 1300 árg. 1996, 5 dyra, sjálfskiptur, álfelgur, ekinn 83þús. Topp bíll í topp standi. Verð 450þús. Sími: 8214530 og 5614531.

Til sölu Toyota Corolla 1300 árg. 1996, 5 dyra, sjálfskiptur, álfelgur, ekinn 83þús. Topp bíll í topp standi. Verð 450þús. Sími 8214530 og 5614531.

Toyota Avenis 1,8. 2001,ek. 110.000, bein sala. uppl. í síma 894 0154.

Til sölu Patrol 1993. Mjög góður bíll. Nýskoðaður í topp standi. Allar nánari upplýsingar í síma 690 8325 Fyrstur kemur fyrstur fær. Verð 380 þús. staðgreitt.

Toyota Corolla 1.6 XLI árg. '97, vel með farinn bíll., verð 320 þús. S. 864 3175.

#### TIL SÖLU

### Subaru Impreza WRX



Toppbill !!!!!  
í Toppstandi !!!

Subaru Impreza WRX,  
árgerð 2004, ek. 41 þús  
Mjög hagstæðar afborganir.  
Verð 1.960 milj.  
Uppl. í síma 869 0280.



Hummer H 3 árg 2006 ek. 1þús. Verð 4800 þús., áhv 3450 þús



Range Rover árg 2002 ek. 54 þús. Verð 6790 þús. Einn með öllu



Benz E 500 árg 2003 ek. 53 þús. Verð 5900 þús.



Harley Davidson Road King árg 2001 ek. 10 þús. Verð 2290 þús



Harley Davidson Sportster 1200 árg 2004, ek. 11 þús. Verð 1350 þús



Nissan Almera Luxury 1,8 árg 2003 ek. 63 þús. Verð 1120 þús.



Subaru Impreza GX 4x4 árg 2004, ek. 91 þús. Verð 1390 þús.



Mini Cooper One árg 2003 ek. 83 þús. Verð 2290 þús, áhv 1740 þús.



Ford F-150 Regular Cab árg 1997, ek. 98 þús. Verð 1500 þús.



Suburban 2500 SLE árg 1996, ek. 182 þús. Verð 1290 þús.



Land Rover Discovery TD árg 1999, ek. 110 þús. Verð 2100 þús., áhv 900 þús



Renault Scenic árg 1999, ek. 102 þús. Verð 760 þús.



Terracan V6 árg 2002 ek. 48 þús. Verð 2230 þús.



Kia Grand Sportage árg 1999, ek. 108 þús. Verð 730 þús.



Renault Laguna V6 árg 2003 ek. 26 þús. Verð 2350, áhv 1760 þús.



Jeep Grand Cherokee árg 2000, ek. 92 þús. Verð 2200 þús, áhv 1300 þús,



Kristján



Stefán

Glæsilegur 700m<sup>2</sup> innisalur.

Vantar bíla á staðinn. Mikil sala. Óþið virka daga 10-18 og laugardaga 10-16.

www.100bilar.is • Funahöfði 1 • S. 517 9999.



## 500-999 þús.

**Nýskoðaður!**

Til sölu Opel Vectra 1.6 CD '99 ek. 92 þús. Geislasp., rafm í rúðum, speglum. Leðurklætt aðgerðastýri og gírstöng. Flottar 17" álfelgur. Einnig ný nagladekk á álfelgum. Verð 690 þús. Nýlega yfirfarinn, glæsilegur bíll.

**Upplýsingar í síma 821 8333.**



VW Passat árg. 10/98 ek. 85 þús., sk. '07, ssk., viðaninnrétting. Verð 820 þús. lán kr 390 þ. Uppl. í s 862 2545.



FREELANDER '99. ek. 89 þ. sk. '07 Gott viðhald, Gott verð. 698 6688, 893 6957, Hilmar.



Dekurbíll! VW Bora, 1.6L, árg. 2000, sjálfsk. EKIN AÐEINS 48 ÞÚS! Vindskeld, þjófavörn o.fl. EINS OG NYR!! Ásett verð 970 þús. S. 691 2572.



Nissan Patrol 2.8TD, ek. 138þús, 33" ný dekk. frábær jeppi, lítið ekinn. verð 750þús engin skipti. s:856 6445



VW Passat Trendline árg. '99, vel með farinn, nýlegir bremsu- klossar og diskar. Tilboð - staðgr. afsláttur. S. 867 1218.



250 þús. út og 15 þús. á mánuði! Passat 10/1999, 5 gíra, ek. aðeins 85. þús. Vetrardekk á felgum og auka umgangur af sumardekkjum. Bílalan 500 þús, 15 þús. afb. á mánuði. Listaverð 890 þús, TILBOÐ 750.000 kr. Sími 669 9333.

Góður konubíll rauður Micra árg. '02 ek. 58 þús. eyðir engu, ssk, vel með farinn. Uppl. í s. 820 6869.

Mazda 626 2.0 ssk., '99 árg., ek. 143. Listaverð 750 þ. TILBOÐ 590 þ. stgr. s. 868 4785.

## 1-2 milljónir

**Stórglæsilegur fjölskyldu-bíll, Subaru Legacy**

árg. '02, ek. 82 þ. Vinrauður, álfelgur, spoiler, CD o.fl. Bíll sem hefur fengið toppviðhald. Verð 1290 þús. TILBOÐ 1.090 þ. stg. Áhv. 900 þ. S. 869 7687 & 664 3623.



Nissan Patrol árg '99. 35" breyttur, kasstaragrind, stigbretti, tölvukubbur. Uppl. í s. 898 4829 eða 868 1918.



Trajet 7 manna árg.2001, 2000cc, 5 dyra, sjálfskiptur, ekinn 96.000. Verð 1.250.000. S:869-0903



Konur: 595-5555  
Karlar: 908-5555

langlífastu spjallrás á Íslandi

Símastefnumót... 905-2200  
Rómó-stefnumót... 905-5555

**Spjöllum saman!**

Konur (birt): 555-4321  
Karlar (19,90): 535-9940  
Karlar (39,90): 904-5454

Símaspjall við yndislegar konur. Hver verður vinkona þín í kvöld? Símar 908-6000 (símat, 299,90 mín) og 535-9999 (kort, 199,90 mín).

**TIL LEIGU****Glæsilegt skrifstofuhúsnæði til leigu!**

Tvö skrifstofuherbergi með móttöku og kaffistofu til leigu á 9. hæð í tumi Borgarkringlunnar, mikið útsýni. Einnig er mögulegt að leigja út alla eignina, samtals 5 herbergi henti það leigutaka. Herbergjunum geta fylgt vönduð ný húsgögn. Uppl. í síma 893-2047 og 895-8230

**allt**

... sem þig vantar til að hefja nýtt líf

**visir**

**ALLT SEM ÞIG VANTAR ER Á VISIR.IS/ALLT**

**FASTEIGNIR****Lúxus sumarhús við Sogið í Grímsnesi****Sölusýning**

laugardaginn 27.maí og

sunnudaginn 28.maí kl: 14:00 – 16:00

**Verð: 35.000.000**

Stærð: 115 fm

Fjöldi herbergja: 4

Byggingarár: 2006

Húsið er með steiptum sökklí, á 5.800 fm eignarlöð og staðsett í Grímsnesi á einu eftirsóknaverðasta sumarbústaðasvæði landsins. Húsið skiptist í forstofu, stofu og borðstofu, opið eldhús, þrjú svefnh., baðherbergi, þvottahús og geymslu. Eikarinnréttingar og skápar í öllu húsinu. Gólfefni er eikarparket og flísar. Upphitun er með gólfhitun. Verönd er 100 fm og með heitum potti. Húsið er klætt með báru- og lerkiklæðningu. Heitt/kalt vatn og internettenging. Afhending er í júlí.

**Sölumaður verður á svæðinu báða daga.**

*Leiðarlýsing þegar ekið er austur í Grímsnes: Eftir Prastarlund er beygt til vinstri í átt að Þingvöllum og ekið samhliða Soginu í um 10 mínútur. Sumarbústaðasvæðið er á vinstri hönd við Sogið stuttu eftir að ekið er framhá Álfvatni.*



**RE/MAX**  
**MJÓDD**

Jónas Örn  
Jónasson hdl.  
lögg. fasteignasali  
520 9550/699 5613



**birta**

» FRÁBÆR SJÓNVARPSDAGSKRÁ ALLA DAGA

FÖSTUDAGUR

LAUGARDAGUR

SUNNUDAGUR

MÁNUDAGUR

ÞRIÐJUDAGUR

MIDVIKUDAGUR

FIMMUDAGUR

**birta**





Okkur vantar lifsglatt fólk með mikla þjónustulund til að taka þátt í að efla enn frekar hróður Eden í Hveragerði:

- Almenn afgreiðslustörf - vaktavinna
- Handlaginn maður með fjölbreytta reynslu
- Aukafólk um helgar vegna mikillar aukningar á helgarafgreiðslu.
- Umsóknir berist á [bs@st.is](mailto:bs@st.is) fyrir 1. júní



Alltaf hlýtt - alltaf fjör

### SÖLUMAÐUR FASTEIGNA FASTEIGNASALI

Að vera sölumaður fasteigna er krefjandi starf sem getur gefið mikla vaxtar - og tekjumöguleika fyrir drifandi einstaklinga.

RE/MAX Lind er öflug fasteignasala sem setur kröfur um að veita öllum viðskiptavinum toppþjónustu.

RE/MAX Lind leitir að heiðarlegum einstaklingum sem hafa áhuga á fasteignaviðskiptum og metnað í að ná langt, sem og hafa gaman af því að þjónusta fólk.

RE/MAX Lind veitir öllum þeim sölumönnum sem hjá þeim starfa þjálfun og kennslu.

**HRINGDU NÚNA OG BÓKAÐU VIÐTAL GUNNAR VALSSON S: 822 3702**

Þórarinn Jónsson hdl. löggiltur fasteignasali

[www.remax.is](http://www.remax.is)

RE/MAX LIND

ÞITT - líf ÞINN - ferill ÞÍN - ferð

## FASTEIGNAKAUP

Ármúli 15 - Sími: 515 0500 - [www.fasteignakaup.is](http://www.fasteignakaup.is)

### TIL LEIGU - BÆJARHRAUN 2 220 Hafnarfirði



Til leigu 217 fm. húsnæði á 2. hæð í Bæjarhrauni 2 í Hafnarfirði. Húsnæði er í dag parketlagður salur ásamt eldhúsi, sérgreindum salernum auk rúm-góðrar móttöku/anddyris. Í húsnæðinu er öflug loftræsting. Húsnæðið hefur verið notað fyrir líkamsrækt, dans- og tónlistarkennslu en er upphaflega hannað sem veislusalur. Húsnæðið má nota til margvíslegrar starfsemi þ.á.m. sem skrifstofuhúsnæði.

Allar nánari uppl. veitir Guðmundur Valtýsson gsm 865 3022 Einnig má skoða myndir af húsnæðinu á vef síðunni [www.fasteignakaup.is](http://www.fasteignakaup.is)

Erna Valsdóttir lögg. fasteigna-, skipa- fyrirtækjasali

Það er gott að búa á austurlandi



## Kaupvangur, Egilsstaðir. TIL SÖLU

### 3. herbergja íbúðir (tilbúnað til afhendingar)

Íbúðirnar eru á besta stað í bænum, steinsnar frá þjónustukjarna bæjarins. Stórar og góðar svalir fylgja öllum íbúðum, með einstöku útsýni. Eldhúsinnréttingar eru úr eik, góðir skápar eru í herbergjum & anddyri. Hjóla og vagna-geymsla er á jarðhæð, og geymslur fyrir hverja íbúð í kjallara. Íbúðirnar afhendast tilbúnað án gólfefna.

FFA og fasteignasalar veita allar frekari upplýsingar.

**VERÐ FRÁ KR. 16.450.000\***








**ffa**  
FASTEIGNAFÉLAG AUSTURLANDS

Björn sími: 896-8934  
Ágúst sími: 894-7230  
Harry sími: 896 6900

Fasteignafélag Austurlands ehf · Melgerði 7 · 730 Reyðarfjörður · Sími: 567-3400 · GSM: 896-8934

## SÖLUFÓLK

Góð laun eru í boði fyrir rétta aðila. Greitt er fast tímakaup ásamt árangurstengdum bónusum og er vinnutími frá kl. 17-22. Hentar vel sem aukavinna eða aðalstarf.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Lára Guðrún Gunnarsdóttir í síma 515 6158 frá kl. 9-17 á virkum dögum. Einnig er hægt að senda ferilskrá og skriflega umsókn á netfangið: [lara.gudrun.gunnarsdottir@365.is](mailto:lara.gudrun.gunnarsdottir@365.is)

## Glæst framtíð

Við leitum að góðum sölumönnum sem búa yfir áræðni, metnaði og frumkvæði í eina öflugustu söludeild landsins.


**365**



## FRÉTTABLAÐIÐ

# AUGLÝSINGASÍMI 550 5000





## TOPP 5: TOM CRUISE

1. Magnolia (1999). Mynd af blómínu má finna í hverri stofu sem sést í myndinni. Paul Thomas Anderson, leikstjóri myndarinnar fór sérstaklega í heimsókn til Tom Cruise, meðan sá síðarnefndi var að vinna við *Eyes Wide Shut*, til þess að bjóða honum starfið. Cruise fékk tilnefningu til óskarsverðlaunanna fyrir leik sinn í myndinni.

2. Rain Man (1988). Dustin Hoffman vildi fá Bill Murray til þess að leika Charlie, hlutverkið sem Cruise síðan fékk. Persónan átti einnig að vera 56 ára. Sala á Ray Bansólgleraugum jókst um 15% eftir frumsýningu myndarinnar. Eina myndin sem hefur verið valin besta myndin á óskarnum og einnig unnið Gullbjörninn í Berlín.

3. Minority Report (2002). Bæði Yorick van Wageningen og Matt Dillon komu til greina í aðalhlutverkið auk Cruise. Myndin átti reyndar upprunalega að vera framhald *Total Recall* frá 1990 og átti Arnold Schwarzenegger að leika hlutverk Cruise.

4. A Few Good Men (1992). Orðið sir (herra) er að meðaltali sagt á 50 sekúndna fresti í myndinni. Ástarsena milli Cruise og Demi Moore átti að taka upp fyrir myndina en handritið kallaði ekki beint á það.

5. Top Gun (1986). Matthew Modine átti upprunalega að leika hlutverk Cruise. Til er handrit fyrir *Top Gun 2*. Framleiðendur myndarinnar fengu mikla hjálp frá bandaríska hernum en herinn lítur á myndina sem eina bestu auglýsingu sem hann hefur nokkurn tíma fengið.

## VISSIR ÞÚ...

...að sá sem lengst hefur farið í hjólastól er Kanadamaðurinn Rick Hansen? Rick lamaðist árið 1973 í umferðaslysi. Árið 1985 lagði hann af stað frá Vancouver og á tveimur árum lagði hann að baki 40.075 km í 34 löndum í fjórum heimsálfum.

...að lengsta ferðalag á hjólabretti fór Bandaríkjamaðurinn Jack Smith árið 1976 og aftur árið 1984? Leiðin lá milli borganna Lebanon í Oregon, og Williamsburg í Virginíu. Ferðin var í allt 4.830 km.

...að lengsta ökuferðin sem farin hefur verið er enn í gangi? Nú þegar hafa svissneksu hjónin Emil og Liliana Schmid lagt að baki 587.000 km á Toyota Landcruiser-jeppa sínum og heimsótt 150 lönd. Þau eru enn að.

...að indversku hjónin Saloo og Neene Choudhury eiga met í hröðustu hnattferð á bíl? Þau lögðu af stað frá Delhi á Indlandi 9. september 1989 á Hindustan Contessa classic-bíl og 69 dögum, 19 klukkustundum og 5 mínútum síðar voru þau komin aftur heim.

...að sú sem fljótust hefur verið kringum jörðina ein á báti er Ellen MacArthur frá Bretlandi? Á 71 og hálfum degi kláraði hún ferðina en hvergi á leiðinni hafði hún viðkomu á þurru landi.

...að á 657 dögum sigldi Jon Sanders einsamall þrjá hringi í kringum jörðina í einni lotu? Tveir hringir voru réttisælir um jörðina en til tilbreytingar var sá þriðji farinn rangsælir.

...að sá sem oftast hefur farið hringinn í kringum jörðina er rússneski geimfarinn Sergei Avdeyev? Hann hefur farið 11.968 hringi í kringum jörðina en hann er jafnframt sá sem lengst allra manna og kvenna hefur verið í geimnum.


## DRAUMAHELGI Hestar og heitur pottur

„Draumahelgin mín er hér á landi enda er ég nýkomin heim frá útlöndum og vil því eyða helgi hér heima,“ segir Þórdís Elva Þorvaldsdóttir Bachmann leikkona. „Á föstudegi myndi ég vilja byrja daginn á því að fara á góða leiksyningu og eftir hana myndi ég vilja borða upphaldsmatinn minn sem er sushi. Það myndi ég vilja gera í góðra vina hópi og eiga skemmtilegar rökraður yfir góðu víni. Það myndi ég kalla gott föstudagskvöld,“ segir Þórdís. „Á laugardegi myndi ég svo vilja heimsækja tengdafjölskylduna mína upp í Borgarfjörð þar sem hægt er að fara á hestbak. Það er hreinn fjársjóður að geta gengið að slíku og þar að auki væri hægt að enda daginn í heita pottinum. Í kvöld-

matinn myndi ég vilja fá íslenskt lamb úr sveitinni með íslenskum kartöflum, hvað varðar mat gerist það ekki mikið betra. Á sunnudeginum myndi ég vilja sofa út, alveg syndsamlega lengi,“ segir Þórdís og hlær. „Helst myndi ég svo vilja vera í afsliöppun með kærastanum mínum og eyða deginum í að knúsa hann. Frekari plön eru eiginlega ekki þörf því ég á aldrei leiðinlega stund með mínum manni. Við erum svo glöð með hvort annað og við finnum okkur alltaf eitthvað til dundurs.“

ÞÓRÐÍS ELVA ÞORVALDSDÓTTIR BACHMANN LEIKKONA SEGIR DRAUMHELGINA SÍNA VERA Í FADMI FJÖLSKYLDU OG VINA.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



FRÉTTABLAÐIÐ

– smáauglýsingar sem allir sjá

PANTANU Í  
SÍMASSO 5000  
EFA Á VÍSIR.IS





VÍSINDAVEFUR  
HÁSKÓLA ÍSLANDS

## Hvað eru stjórnsmál?

Til eru ýmsar skilgreiningar á stjórnsmálum, en samkvæmt flestum þeirra fjalla stjórnsmál um ákvarðanatöku. Þó eru ekki allar ákvarðanir stjórnsmál. Ákvarðanir einstaklinga sem fyrst og fremst varða þá sjálfa eru til dæmis ekki stjórnsmál. Því er iðulega bætt við skilgreininguna að ákvarðanataka varði tiltekinn hóp, hvort sem um er að ræða lítinn klúbb, heilt samfélag eða þjóðríki.

### Ákvörðunum þarf að fylgja vald

Ákvarðanir hafa ekki mikil áhrif nema þeim sé framfylgt. Þannig gerum við ennfremur ráð fyrir að um sé að ræða bindandi ákvarðanir sem ákveðið vald þurfi til þess að framfylgja. Slíkt vald getur verið fölgð í lögreglu- og dómsvaldi sem og þrýstingi frá viðkomandi hópi ef ákvörðunum er ekki fylgt eftir. Valdið getur líka verið lögmætt eða ólögmætt. Lögreglu- og dómsvald felur ekki endilega í sér lögmæti því beita má þess konar valdi jafnt í einræðisríkjum sem lýðræðisríkjum. Þrýstingur frá almenningi getur á hinn bóginn falið í sér ákveðið lögmæti. Almenn séð má segja að ákvarðanir séu lögmætar ef almenn sátt ríkir um það ferli sem notað er við ákvarðanatökuna.

Að lokum er oft gerður greinarmunur á ákvörðunum sem varða einkalíf fólks og opinbert líf þess. Þannig er yfirleitt litið svo á að ákvarðanir teknar innan fjölskyldna, til dæmis um hvert skuli fara í sumarfrí, séu ekki stjórnsmál þrátt fyrir að þar sé um vel skilgreindan hóp að ræða, ákvarðanir séu bindandi og að valdi sé dreift milli fjölskyldumeðlima. Í reynd má því segja að skilin á milli opinbers lífs og einkalífs séu ekki alltaf skýr.

### Viðtæk áhrif stjórnsmála

Draga má skilgreiningu á stjórnsmálum saman á þann hátt að stjórnsmál fjalli um bindandi ákvarðanir sem varða hópa. Í ljósi þessarar skilgreiningar er ljóst að stjórnsmál snerta líf okkar á nánast óendanlega marga vegu.

Ákvarðanirnar um það hvort við göngum í skóla, hversu lengi, hvað við lærum þar, hvaða kröfur eru gerðar, hvað við eða samfélagið borgum fyrir skólagönguna og hvaða réttindi námið veitir eru allar stjórnsmálalegs eðlis. Utan veggja skóla eða vinnustaða móta stjórnsmálaákvarðanir líf okkar áfram. Þær geta varðað frelsi okkar til að taka þátt í stjórnsmálum, hvort við getum ferðast til útlanda, hvort við keyrum hægra eða vinstra megin á götunni, hvort við eigum færi á að horfa á sjónvarpsútsendingar á fimmtudögum, og svo mætti lengi telja.

### Ákvarðanataka

Flestar þessara ákvarðana eru teknar af ríki eða ef til vill sveitarfélögum. Svo eru mörg okkar félagar í ýmsum félagasamtökum, til dæmis verkafélögum eða íþróttafélögum, sem taka ýmsar ákvarðanir sem snerta okkur.

Aðrar ákvarðanir sem hafa áhrif á líf okkar eru teknar í samskiptum ríkja. Slíkar ákvarðanir geta til dæmis haft áhrif á neyslunjur okkar og möguleika okkur til búsetu í öðrum ríkjum. Margar þess konar ákvarðanir eru teknar í alþjóðlegum stofnunum, til að mynda hjá Evrópusambandinu eða með samningnum um

evrópska efnahagssvæðið. Af þessari stuttu upptalningu má sjá að stjórnsmál snerta flesta þætti lífs okkar á einn eða annan hátt þó að vissulega megi líta svo á að ákvarðanirnar séu misjafnlega mikilvægar.

### Hvað er stjórnsmálafræði?

Stjórnsmálafræði er sú fræðigrein sem leitast við að auka þekkingu okkar á stjórnsmálum, það er að segja að öðlast skilning á því hvers vegna tilteknar ákvarðanir eru teknar. Í þeim tilgangi rannsaka stjórnsmálafræðingar hverjir koma að ákvörðunartökufærlinu og hverjir hafa möguleika á að hafa áhrif á niðurstöðurnar.

### Samspil einstaklinga og stofnana

Stjórnsmálaákvarðanir eru afurð tveggja þátta, einstaklinganna sem koma að ákvarðanatökunni og stofnana sem móta samskipti þeirra. Forsetaræði og þingræði eru dæmi um stofnanir sem hafa áhrif á samskipti þeirra sem að ákvarðanatökunni koma og hvernig valdi er dreift þeirra á milli. Í þingræðisríkjum er framkvæmdavaldið (ríkisstjórnin) háð stuðningi þingsins og getur ekki setið í óþökk þess. Í ríkjum með forsetaræði eru skilin á milli framkvæmdavaldsins og löggjafarvaldsins hins vegar skarpari. Þar getur þing ekki nema í undantekningartilfellum vikið forseta frá völdum. Skipting valdsins gerir það svo að verkum að þing slíkra ríkja eru að öðru jöfnu ekki jafnháð framkvæmdavaldinu og þing í þingræðisríkjum. Innan forsetaríkja eru síðan ýmsar stofnanir sem aukið geta áhrif forseta á löggjöf, til dæmis neitunarvald og heimild til að gefa út tilskipanir.



### Áhrif ákvarðana

Stjórnsmálafræðin leitast við að skýra hvaða áhrif stofnanir sem þessar hafa á þær ákvarðanir sem teknar eru og hvaða áhrif þær hafa á samfélagið. Tilgangurinn er að skapa forsendur fyrir skynsamlegri ákvarðanatöku. Ef raunin er til að mynda sú að þingræði auki jafnræði í samfélaginu eða að forsetaræði leiði til aukins hagvaxtar, þá er rétt að ný lýðræðisríki notfæri sér þá vitneskju þegar þau velja sér stjórnarskrá. Sömu leiðis geta gömul ríki nýtt slíkar upplýsingar þegar þau endurskoða sínar stjórnarskrár. Það sama á að sjálfsögðu við um ákvarðanatöku annarra en ríkisvaldsins. Hópur hlýtur að vilja velja sér reglur sem eru líklegar til að vera gagnlegar við að ná markmiðum hópsins, þótt vissulega geti ríkt ágreiningur um hver þau markmið eigi að vera.

Þetta svar er stytt útgáfa lengra svars sem hægt er að lesa á Vísindavefnum.

Indriði Haukur Indriðason,  
lektor í stjórnsmálafræði við HÍ

# GETUR NOKKURT LIÐ STÖÐVAÐ FH Í SUMAR?

-þú veist það ef þú lest  
Fréttablaðið



FRÉTTABLAÐIÐ

- Vel lesið!

Vísindavefur Háskóla Íslands fjallar um öll vísindi, hverju nafni sem þau nefnast. Að jafnaði birtast þar 15-20 ný svör í hverri viku. Meðal spurninga sem glímt hefur verið við að undanfórnu eru: Er hægt að stjórna þjörkum með huganum, er fátækt á Íslandi og hvað er afstæð fátækt, af hverju er svona mikill munur á útliti og persónuleika fólks, er hægt að deyja úr hræðslu, hver er ástæðan fyrir því að Snæfellsjökull var gerður að þjóðgarði og ef einhver er nirfill, hvað er hann þá? Hægt er að lesa svör við þessum spurningum og fjölmörgum öðrum á slóðinni [www.visindavefur.hi.is](http://www.visindavefur.hi.is).



# Reykjavík - Albany - Akureyri

**Brynhildur Þórarinsdóttir** rithöfundur er stundum spurð hvort hún ætli ekki að skrifa bækur fyrir fullorðna. Hún svarar jafnan neitandi en bætir við að fullorðnir geti haft gaman af bókunum hennar, alveg eins og börnin. Brynhildur hefur skrifað tvær skáldsögur og endursagt tvær Íslendingasögur og fleiri verk eru í smíðum. *Björn Þór Sigbjörnsson* spjallaði við hana yfir kaffi og heilveitihorni.

Það er setið við fá borð á Bláu könnunni í Hafnarstrætinu á Akureyri þennan miðvikudagsmorguninn. Við tyllum okkur við glugga og fylgjumst með fólki ganga inn í bókabúðina á móti. Við vitum ekki hvað það hefur með sér út í pokunum en hver veit nema Akureyri langi til að eiga bók eftir nýjan bæjarlistamann sinn. Það er að segja ef þeir eiga hana ekki fyrir.

Það er stutt síðan Brynhildur flutti til Akureyrar. Hún kom þangað eftir tveggja ára dvöl í Albany, höfuðborg New York-ríkis í Bandaríkjunum, en hafði áður búið alla sína tíð í Reykjavík. Síðustu árin í miðborginni. „Ég bjóst aldrei við að flytja frá Reykjavík og allra síst að ég myndi flytja til Akureyrar,“ segir hún og hlær. En svona geta mál æxlast og það var fyrst og fremst vegna þess að maður hennar, Þóroddur Bjarnason, fékk prófessorsstöðu við Háskólann á Akureyri að þau fluttu í bæinn. „En ég sé ekki eftir þessu,“ segir hún og það má auðveldlega greina í augunum að hún segir satt.

„Það var í raun ekkert erfitt að koma hingað frá Albany en hefði kannski orðið öðruvísi að koma beint frá Reykjavík. Munurinn á Akureyri og Albany er ekki jafn mikill og fólk gæti ímyndað sér. Þessar amerísku borgir eru miklar úthverfaborgir og í hverfinu sem við bjuggum í voru lítil hús með gördum og hver hugsaði um sig. Þetta var í raun svolítil Akureyri.“

Brynhildur segir miklu meira um að vera í menningarlífinu á Akureyri heldur en nokkurn tíma í Albany. Og að auki sé gott að vera komin í bæ með gangstéttum en þeim var ekki fyrir að fara ytra. Brynhildur og Þóroddur eiga saman dótturina Þorbjörgu sem er



á öðru ári og finnst, eins og börnum almennt, gott að ferðast um í vagninum sínum. „Það er engin göngumening barna úti. Það voru ekki einu sinni gangstéttar. Börnin fóru í skólabil í skólann þó það væri ekki nema tíu mínútna gangur og það var engin leið að labba út í búð þó hún væri nálægt.“ Þetta er öðruvísi á Akureyri þar sem hægt er að ganga með barnavagninn upp og niður brekkurnar og út og suður eftir firðinum – á sumrin.

## Úr varð barnabók

Brynhildur hafði lengst af starfsævinni unnið við fjölmiðlun. Fyrst á blaði Alþýðusambandsins, þá á Bylgjunni og loks á Tímariti Máls og menningar. Árið 1997 sigraði hún í smásagnsamkeppni Samtaka móðurmálskennara en fimm ár liðu þar til fyrsta bókinn hennar kom út. Reyndar dugði henni ekki að senda frá sér eina bók það haustið heldur tvær, Lúsastríðið og Njálu, og sama var uppi á teningnum 2004 þegar Leynardómur ljónsins og Eglu komu út, en fyrir þá fyrrnefndu hlaut hún Íslensku barnabókaverðlaunin. „Haustið núna verður svolítið sérstakt því það kemur bara út ein bók eftir mig,“ segir Brynhildur brosandí en þá er von á Laxdælu. En hvers vegna byrjaði hún að skrifa fyrir börn? „Ég ákvað það

ekkert sérstaklega heldur gerðist það bara. Ég settist niður og byrjaði að skrifa og úr varð barnabók.“

Öðru máli gegnir um Íslendingasögurnar sem hún hefur endursagt fyrir börn með teikningum Margrétar Laxness. Það verk var meðvitað. „Litli bróðir minn var mjög upptekinn af því að vera Arthúr konungur og aðrar erlendar hetjur í leikjum og mig langaði að athuga hvort hægt væri að kynna Íslensku hetjurnar fyrir börnum og gera þær spennandi.“

Það hefur gengið eftir og Brynhildur segist vita um fjölda polla sem leika Njál og þá garpa alla í frímínútum, berjast sem Otkell og Skammkell eða bregða sér í líki Egils. Og stelpurnar eru vitaskuld hrifnar af Hallgerði.

Þó Brynhildur hafi snemma hneigst til bóka las hún sína fyrstu Íslendingasögu í níunda bekk grunnskóla líkt og kveðið var á um í aðalnámsskrá. „Ég eins og flestir krakkar bar mig ekki eftir þessum sögum sem barn og unglingur og var ekkert að færa til stóla heima og teygja mig eftir leðurbindunum í efstu hillunum.“

Eins og áður sagði eru Njála og Eglu þegar komnar út og von er á Laxdælu með haustinu. Íslendingasögurnar hlaupa á tugum þegar allt er talið en Brynhildur reiknar ekki með að endursegja þær allar. „Ég held að ég taki ekki nema þessar stærstu. Hugmyndin var líka bara að koma krökkunum á bragðið.“

Hún segist reyndar spennt fyrir að endursegja annars konar bókmenntir. „Það er til svo margt frá þessum tíma sem gaman væri að vinna með eins og til dæmis riddarasögur og alls konar ævintýri sem eru á við bestu fantasíur. Þar eru drekar og risar og alls konar skeppur og meira að segja menn sem verða 300 ára,“ segir Brynhildur en getur þess að enn sé allt óráðið í þessum efnunum.

## Bæjarlistamaðurinn

Nú á vordögum ákvað menningarmálanefnd Akureyrarbæjar að gera Brynhildi að bæjarlistamanni Akureyrar. Henni finnst mikið til þess koma, er bæði glöð og stolt. Nafnbótinni fylgja ritlaun í hálf ár og þann tíma ætlar hún að nýta til að skrifa þriðju skáldsöguna sína. „Þetta breytir öllu fyrir mig.

Barnabókahöfundar fá, eins og aðrir rithöfundar, hlutfall af heildsöluverði bóka og það er ekki nokkur leið að lifa af því að skrifa fyrir börn.“ Ástæðan er sú að barnabækur eru að jafnaði helmingi ódýrari en hefðbundnar skáldsögur.

Brynhildur hefur því sinnt skriftunum meðfram kennslu við kennaradeild Háskólans á Akureyri en horfir fram á bjarta tíma. „Það er ótrúlegt tækifæri að fá að sitja í hálf ár og skrifa.“

Og fyrir vikið er viðbúið að hún bindist enn sterkari böndum við Akureyri og Akureyri. Henni er jú talsverður sómi sýndur. „Jú, jú, það gerir það. Maður hleypur ekkert svo auðveldlega í burtu,

„Ég var dauðstressuð þegar Njála kom út og hafði áhyggjur af að menn risu upp og klóruðu úr mér augun.“

enda stendur það svo sem ekki til,“ segir Brynhildur, sem öfugt við að skrifa skýrslu til menningarmálanefndar að starfstímanum loknum ætlar að fara í skólana á Akureyri og ræða við börnin um bækur. Þannig borgar hún fyrir sig.

Það er hins vegar tvennt ólíkt að skrifa skáldsögu og endursegja Íslendingasögurnar. Brynhildur segir hið síðarnefnda hálfgerð fræðistörf, mikið forvinna fylgi og lesa þurfi margvíslegt sem tengist sögunum. Að sama skapi fylgir því heilmikil ábyrgð að endursegja sjálfar Íslendingasögurnar. „Ég var dauðstressuð þegar Njála kom út og hafði áhyggjur af að menn risu upp og klóruðu úr mér augun. Það kom mér því þægilega á óvart þegar margir lýstu ánægju með að þetta hefði verið gert og að brú milli krakkanna og sagnanna hafi verið smíðuð.“

## Nafnlaus höfundurinn

Laxdæla kemur út í haust en upphaflega var ráðgert að hún kæmi út á síðasta ári. Brynhildur bjóst við að geta klárað bókina meðan hún var í fæðingarorlofi en það

**BROSIR FRAMAN Í HEIMINN** Brynhildur Þórarinsdóttir kann vel við sig á Akureyri þar sem hún leggur nú lokahönd á endursögn Laxdælu. Í haust sest hún niður til að skrifa þriðju skáldsöguna sína og þá á launum frá Akureyrarbæ enda nýjörðin bæjarlistamaður Akureyrar.

FRÉTTABLAÐIÐ/HEIDA.IS

fór á annan veg. „Þetta er mitt fyrsta barn og ég gerði mér ekki grein fyrir að maður vinnur ekki mikið meðfram uppeldisstörfunum fyrstu sex mánuðina. Bókin endaði því á að vera unnin meðfram kennslunni í vetur.“ Það hjálpaði að Brynhildur kenndi námskeið um málsögu og fornboókmenntir á vorönn og það hélt henni við efnið. Að auki fékk hún innblástur frá nemendum sínum. Það var svo heldur ekki til að spilla fyrir að eyfirsku landnemarnir Helgi magri og Þórunn hynna koma fyrir í Laxdælu en merkjum þeirra er haldið hátt á lofti á Akureyri og götur eru nefndar eftir báðum. Meira að segja vinnur Brynhildur við Þórunnarstrætið.

Það er auðhætt á Brynhildi að henni líkar lífið á Akureyri vel. Störfin tvö; skriftirnar og kennslan, fara vel saman auk þess sem menningarlíf bæjarins er ríkt. Það er því margt við að vera. „Ég er duglegri að sækja menningarviðburði hér en fyrir sunnan, við eignum ársmiða í leikhúsið, myndlistarsýningar hefjast svo að segja um hverja helgi og svo eru tónleikar og margt fleira. Þetta strandar eiginlega bara á barnaþóssun og viss galli að stórfjölskyldan er fyrir sunnan.“

Og innan um alla þessa menningu unni Þorbjörg litla hag sínum vel en hún mun að mestu verja sumrinu í sundi og á róló, ef að líkum lætur. „Hún er afskaplega mikill garpur og getur bæði verið stjórnsöm og skaphörð eins og sagt er um Hallgerði,“ segir Brynhildur um dóttur sína og bætir við að hún verði að gæta þess að temja hana.

Sjálf er hún ekki viss um hverri úr Íslendingasögunum hún líkist. „Það er svo mikil dramatík í þessu öllu saman. Maður gæti sagst vera Guðrún Ósvífursdóttir en því fylgja fjögur hjónabönd sem öll enda illa,“ segir hún hlær. „Ætli ég sé ekki bara hinn nafnlaus höfundur sem situr í nunnuklaustri og skrifar.“ ■



**NAFNLAUSI HÖFUNDURINN** Brynhildur á erfitt með að samsama sig einhverri persónu Íslendingasagnanna og segist helst vera hinn nafnlaus höfundur sem situr í nunnuklaustri og skrifar.

FRÉTTABLAÐIÐ/HEIDA.IS





ENINEMN / SIA / NM21888

**22**  
milljónir  
í fyrsta  
vinning!

Lýður Oddsson, Lottóvinningshafi

**Umhyggja,  
umhugsun, umræða**

**Fjórfoldur pottur!**

**X-Lottó**



Í árslok 1935 fóru bifreiðarstjórnar í Reykjavík og á Akureyri í allsherjarverkfalli til að mótmæla sérstökum bensínskatti sem stjórn Framsóknarflokksins og Alþýðuflokksins, eða „stjórn hinna vinnandi stétta“ eins og stjórnin var ávallt kölluð, fékk samþykktan á Alþingi.

Verkfallið var túlkað af stjórnvöldum sem tilraun til að kollvarpa samþykktum Alþingis með valdboði og líktu stjórnarþingmenn framgöngu þeirra við landráð. Svo alvarlegt töldu stjórnvöld ástandið að lögreglan fékk úrskurð dómsvaldsins til að hlera nokkur símanúmer eins og Hermann Jónasson forsætisráðherra upplýsti nokkrum mánuðum síðar. Svavar Hávarðsson leit sjötíu ár aftur í tímann og skoðaði viðbrögð samfélagsins við því þegar stjórnvöld urðu uppvís að símhlerunum í fyrsta sinn.

Hvort verkfallið hafi gefið til efni til svo sterkra viðbragða stjórnvalda er álitamál en ástæðan var ef til vill sú að verkfallsmenn gengu nokkuð hart fram. Þeir heimiluðu aðeins umferð sjúkrahúsa, lögreglubíla og líkvagna en hindruðu alla aðra umferð og það með valdi ef með þurfti. Sagan segir að einn verkfallsvörðurinn hafi opnað líkkistu til að fullvissa sig um að farþeginn væri örugglega liðinn en ekki lífs. Svo alvarlegum augum litu stjórnvöld deiluna að hermt var að ásamt símhlerunum hafi stjórnvöld sent hraðboða um Reykjavík til að kalla saman ríkislögregluna, sem var lítt notað valdataeki á fjórða áratugnum. Þó voru dæmi um að stjórnvöld hafi viljað hafa hana til taks í átökum við andstæðinga sína. Ekki kom til þess að stjórnvöld þyrftu á ríkislögreglunni að halda, verkfallinu lauk þá um áramótin. Stutt var þó í að skærast í odda að nýju en nú út af öðru óskyldu máli.

#### Bill með þykku teppi

Símhleranir stjórnvalda í bíl-stjóraverkfallinu komu fram í dagsljósi í tengslum við annað símhlerunarmál snemma árs 1936. Enn áttu bílstjórnar í Reykjavík í hlut. Lögreglan þóttist vita að Bæjarbílstöðin seldi áfengi á svörtum markaði og að salan færi þannig fram að brennivínsþyrstir Reykvikingar hringdu á stöðina og báðu um að fá flösku senda heim til sín. Þetta var þyrnir í auga Agnars Kofoed-Hansen lög- reglustjóra sem gekk á fund Guðmundar Hliðberg landsímastjóra og fór fram á að settur yrði upp búnaður til að hlusta á brennivins- pantanirnar svo mögulegt væri að uppræta þennan ófögnuð sem



FRÁ REYKJAVÍK Séð út Hafnarstræti í átt að Aðalstræti um 1930. Á þessum tíma voru að hefjast miklir átakatímar vegna kreppunnar. Þetta kom vel fram í stjórnmálum fjórða áratugarins og var baráttan oft harðvítug. MYND/LJÓSMYNDASAFN REYKJAVÍKUR

# Fyrsta símhlerunarmál Íslandssögunnar

honum fannst brennivínsmiðlun Bæjarbílastövarinnar vera.

Þegar lokið var við að ganga frá formsatriðum var hlerunarbúnaður settur upp og tveir lögregluþjónar ásamt tveimur símamönnum sáu um hleranirnar. Þær skiluðu fljótlega árangri og lögreglan lærði að flöskukaupin fóru fram með sérstöku dulmáli. Að fá „bil með þykku teppi“, er dæmi um slíkt en hver og einn hafði örugglega sína eigin aðferð. Þegar yfir lauk voru fjórir bílstjórnar fundnir sekir og dæmdir til að greiða sekt. Valtýr Stefánsson, ritstjóri Morgunblaðsins, skrifaði um málið grein undir fyrirsögninni „Var þetta leyndarmál?“ Hann hefur mál sitt á því að segja að hvert mannsbarn í Reykjavík hafi heyrt getið um „ömmu“, konuna sem talin hafi verið stórtæk-

asti leynivinsali bæjarins. „Til hennar hafa bæjarbúar sótt áfengi á öllum tímum sólarhringsins. Þar hefir verið úrval vintegunda og afgreiðsla greið.“ Valtýr heldur svo áfram með því að segja að aðalsala „ömmu“ sé rekin af syni hennar en gamla konan sé flutt upp á Þórs- götu. Augljóst er að ólögleg vinsala hafði viðgengist lengi fyrst hún gekk í erfðir.

#### Ósvifni ríkisvaldsins

Hleranir stjórnvalda í bílstjóraverkfallinu í desember og hleranir til að uppræta ólöglega brennivínsölu áttu ekki að verða opinberar. Það stóð aldrei til að þær yrðu lýðn- um kunnugar. En athæfið kvísaðist út og sjálfstæðismenn kröfðust þess á Alþingi að þessi gjörningur stjórnarinnar, sem þeir kölluðu ósvifni, yrði ræddur. Ólafur Thors, sem þá var orðinn formaður Sjálfstæðisflokksins, krafðist þess að fá að vita hjá hverjum hafði verið hlustað og að vita „hversu víðtækt þetta hneykslismál er“. Þingmenn Sjálfstæðisflokksins sátu heldur ekki við orðin tómu heldur lögðu fram þingsályktunartillögu um skipun rannsóknarnefndar og vísuðu í stjórnarskrána máli sínu til rökstuðnings.

Í umræðum á þinginu hélt Hermann Jónasson því fram að samkvæmt lögum (símálögum frá 1905) mættu stjórnvöld gera húsleitir, rannsaka bréf og loftskreyti og því hlyti það sama að gilda um símtöl. Hann sagði að ef símtöl væru notuð til að brjóta lög, þá væri lögreglunni ekki aðeins leyflegt heldur skylt að hlusta á símann því ekkert tæki mætti nota til að brjóta lög. Í ræðum sínum upplýsti hann um símhleranir í bílstjóraverkfallinu þegar hann spurði þingheim hvort það hafi ekki verið lögbrot að stöðva alla umferð með valdi. Þetta var sem olía á eldinn og Ólafur Thors fullyrði að forsætisráðherrann hefði staðið fyrir símhlerunum þessum persónulega.



„Ég slæ því föstu að hlustað hafi verið á númer saklausra manna vegna hræðslu hans í bílstjóraverkfallinu, að gera ætti byltingu.“ Og þá hlutu þetta að hafa verið pólitískar njósnir frekar en illnauðsynlegar varnaraðgerðir lögreglunnar. Aðrir þingmenn Sjálfstæðisflokks líktu símhlerunum lögreglunnar við „innbrot að næturþeli“.

Sjálfstæðismönnum varð ekki að þeirri ósk sinni að rannsóknarnefnd yrði sett á fót til að rannsaka símahleranir stjórnvalda. Þegar dæmt var í málum „sprútsalanna“ tók Hæstiréttur ekki afstöðu til þess að hvort hleranirnar stæðust lög og komst að þeirri niðurstöðu að málið hefði verið rekið „vitalaust“. Málstaður ríkisstjórnar og lögreglu fékk því stuðning Hæstaréttar með þessari niðurstöðu um rekstur málsins. Gagnrýni samfélagsins stóð þó eftir og þar fór í fararbroddi ungur lagaprófessor, sem síðar varð forsætis- og dómsmálaráðherra Sjálfstæðisflokksins, Bjarni Benediktsson að nafni.

#### Að fela sig inni í skáp

Bjarni setti gagnrýni sína á símhleranirnar fram í fjórum ítarlegum greinum í Morgunblaðinu í apríl og maí 1936. Titill fyrstu greinar hans má kalla niðurstöðu heildar röksemdarfærslu hans eða það er „engin heimild í lögum fyrir símahlerunum“. Hann full-

Á STÖÐINNI Altalað var að „miðstöðvarstelpurnar“ í Landsímahúsinu, sem tengdu símnótendur saman, hlustuðu á símtöl fólks. Það var mjög auðvelt að komast inn á símtöl ef vilji var fyrir hendi.

MYND/LJÓSMYNDASAFN REYKJAVÍKUR

yrta að „hvernig sem að er farið, verður niðurstaðan því ætíð sú, að þessi aðferð til að koma upp afbrotum, er alls-endis ófær. Til þess, að hún verði farið þarf að svipta borgarana frumskilyrðum fyrir heilbrigðu rjettarfari.“ Á öðrum stað í skrifum sínum gagnrýnir hann rök stjórnarinnar fyrir símhlerunum eða þar sem talað var um af ef húsleit væri leyfileg þá væri hlerun það líka. Hann líkti því við að fara inn í hóbýli manns með húsleitarheimild að næturlagi og fela sig inni í skáp svo að hægt væri að koma upp um væntanleg afbrot heimilismanna.

Árið 1941 voru sett fjarskiptalög þar sem skýrt var kveðið á um rétt stjórnvalda til að hlera síma þegar mikið lægi við. Það vekur athygli að Ólafur Thors var þá orðinn atvinnumálaráðherra og lögin féllu undir verksvið hans. Hann sem aðrir þingmenn virtust hafa gleymt umræðunni fáum árum fyrir því lögin voru samþykkt án minnstu athugasemda.

Heimildir:

Morgunblaðið 1936, Alþingistiðindi 1936-1941, Hæstaréttardómur 1937

VELFERÐ UMHVERFI NÝSKÖPUN



1 sæti

Ólafur F. Magnússon, lækni og borgarfulltrúi

✓ „Flugvöllinn áfram í Vatnsmýrinni.“







**HAFNARFJÖRÐUR**

***Þjart framundan***

**xS**



## Ráðhúsið

**Kjörsvæði 1**



**1. Kjördeild**  
Aðalstræti  
Amtmannsstígur  
Austurstræti  
Ásvallagata  
Bakkastígur  
Baldursgata  
Bankastræti  
Barónsstígur  
Bárgata  
Bergstaðastræti 3-51

**2. Kjördeild**  
Bergstaðastræti 52-86  
Bergþórugata  
Bjargarstígur  
Bjarkargata  
Bjarnarstígur  
Blómvallagata  
Bókhöðustígur  
Bragata  
Brattagata  
Brávallagata  
Brekustígur  
Brunnstígur  
Bræðraborgarstígur  
Drafnarstígur  
Egilsgata  
Eiríksgata  
Fischersund  
Fjólugata  
Fjölvisvegur

**3. Kjördeild**  
Frakkastígur  
Framnesvegur 1-54  
Framnesvegur 56 og 56a  
Framnesvegur 58-58b  
Freyjugata

Garðastræti  
Grettisgata 2-86  
Grjótagata  
Grófin  
Grundarstígur  
Haðarstígur  
Hallveigarstígur

**4. Kjördeild**  
Hávallagata  
Hellusund  
Hofsvallagata 15-23  
Holtsgata  
Hólatorg  
Hólavallagata  
Hrannarstígur  
Hringbraut sléttar tölur  
Hverfisgata

**5. Kjördeild**  
Ingólfsstræti  
Karástígur  
Kirkjugarðsstígur  
Kirkjustræti  
Kirkjutorg  
Klapparstígur  
Laufásvegur  
Laugavegur 4-100  
Leifsgata

**6. Kjördeild**  
Lindargata  
Ljósavallagata  
Lokastígur  
Lækjargata  
Marargata  
Miðstræti  
Mímisvegur  
Mjóstræti

Mýrargata  
Njarðargata  
Njálsgata 1-87  
Norðurstígur  
Nýlendugata  
Nönnugata

**7. Kjördeild**  
Óðinsgata  
Pósthússtræti  
Ránargata  
Seljavegur  
Sjafnargata  
Skálholtsstígur  
Skothúsvegur  
Skólalbrú  
Skólastræti  
Skólavörðustígur  
Skúlagata 10-46  
Smáragata

**8. Kjördeild**  
Smíðjustígur  
Snorrabraut sléttar tölur  
Sóleyjargata  
Sólavallagata  
Spítalastígur  
Stýrimannastígur  
Suðurgata 3-37  
Tjarnargata  
Tryggvagata  
Túngata  
Týsgata

**9. Kjördeild**  
Unnarstígur  
Urðarstígur  
Vatnsstígur  
Vegamótastígur

Veghúastígur  
Veltusund  
Vesturgata  
Vesturvallagata  
Vitastígur  
Píngholtsstræti  
Þorfinnsgata  
Þórgata  
Ægisgata  
Öldugata

**10. Kjördeild**  
Ísl. búsettir á Norðurlöndum  
Óstaðsettur  
Sendiráð

## Hagaskóli

**Kjörsvæði 2**



**1. Kjördeild**  
Aflagrandi  
Aragata  
Arnargata  
Álagrandi  
Bauganes  
Baugatangi  
Bárugrandi  
Birkimelur  
Boðagrandi  
Dunhagi  
Eggertsgata 2-8

**2. Kjördeild**  
Eggertsgata 10-34  
Einarsnes  
Einimelur  
Faxaskjól  
Fáfnisnes  
Fálkagata  
Fjörugrandi  
Flyðrugrandi  
Fornhagi  
Fossagata  
Framnesvegur 55 og 57  
Framnesvegur 59-68

**3. Kjördeild**  
Frostaskjól  
Gnitanes  
Granaskjól  
Grandavegur  
Grenimelur  
Grimshagi  
Hagamelur 2-32

**4. Kjördeild**  
Hagamelur 33-53  
Hjarðarhagi  
Hofsvallagata 49-62  
Hringbraut oddatölur

Hörpugata  
Kaplaskjólsvetur

**5. Kjördeild**  
Keilugrandi  
Kvisthagi  
Lágholtsvegur  
Lynghagi  
Meistaravellir  
Melhagi  
Neshagi  
Nesvegur  
Oddagata  
Rekagrandi

**6. Kjördeild**  
Reykjavíkurvegur  
Reynimelur  
Seilugrandi  
Skeljagrandi  
Skeljanes  
Skeljatangi  
Skerplugata  
Skildinganes  
Skildingatangi  
Smyrilsvetur  
Starhagi  
Suðurgata 100-121

**7. Kjördeild**  
Sörlaskjól  
Tómasarhagi  
Vatnsmýrarvegur  
Viðimelur  
Þjórsárgata  
Þormódsstaðvegur  
Þorragata  
Þrastargata  
Ægisíða  
Öldugrandi

## Kjarvalsstaðir

**Kjörsvæði 3**



**1. Kjördeild**  
Auðarstræti  
Ásholt  
Bollholt  
Bollagata  
Borgartún  
Bólstaðarhlíð  
Brautarholt  
Einholt  
Flókagata  
Grettisgata 90-98

**2. Kjördeild**  
Guðrúnargata  
Gunnarsbraut  
Háteigsvegur  
Hátún

**3. Kjördeild**  
Hjálmholt  
Hrefnugata  
Höfðatún  
Karlaga  
Kjartansgata  
Langahlíð  
Laugavegur 105-178  
Mánagata  
Mánatún  
Meðalholt  
Miðtún  
Miklabraut 3-15  
Mjólnisholt

**4. Kjördeild**  
Njálsgata 90-112  
Nóatún  
Rauðararstígur  
Samtún  
Skaftahlíð  
Skarphéðinsgata  
Skeggjagata  
Skiptholt

**5. Kjördeild**  
Skúlagata 52-80  
Snorrabraut  
oddatölur  
Sóltún  
Stakkholt  
Stangarholt  
Stórholt  
Stúfholt  
Úthlíð  
Vatnsholt  
Vífilsgata  
Þverholt

## Íþróttamiðstöðin í Grafarvogi

**Kjörsvæði 8**



**1. Kjördeild**  
Austurfold  
Baughús  
Básbryggja  
Bláhamrar  
Dalhús  
Dverghamrar  
Dyrhamrar  
Fannafold 1-157

**2. Kjördeild**  
Fannafold 158-251  
Frostafold  
Funafold  
Garðhús

**3. Kjördeild**  
Geithamrar  
Gerðhamrar  
Grundarhús  
Hesthamrar  
Hlaðhamrar  
Hlíðarhús  
Hverafold  
Höfðabakki  
Jöklafold  
Krosshamrar

**4. Kjördeild**  
Leiðhamrar  
Logafold  
Miðhús  
Naustabryggja

**5. Kjördeild**  
Neshamrar  
Rauðhamrar  
Reykjafold  
Salthamrar  
Smíðshófi  
Sporhamrar  
Stakkhamrar  
Suðurbús  
Svarthamrar  
Sveighús  
Vallarhús  
Vegghamrar  
Veghús  
Vesturfold  
Vesturbús  
Vesturlbr. Keldur

## Árbæjarskóli

**Kjörsvæði 9**



**1. Kjördeild**  
Álakvísl  
Árbæjarblettur  
Árkvörn  
Birtingakvísl  
Bleikjukvísl  
Brautarás  
Brekubær  
Brúarás  
Bröndukvísl  
Deildarás  
Disarás  
Eyktarás  
Fagrübær  
Fiskakvísl

**2. Kjördeild**  
Fjarðarás  
Glæsibær  
Grundarás  
Hábær  
Heiðarás  
Heiðarbær  
Hlaðbær  
Hólmvað  
Hraunbær 1-77

**3. Kjördeild**  
Hraunbær 78-198

**4. Kjördeild**  
Klapparás  
Kleifarás  
Kólguvað  
Krókavað  
Laxakvísl  
Lækjarás  
Lækjarvað  
Malarás  
Melbær  
Móvað  
Mýrarás  
Norðurás  
Næfurás  
Rafstöðvarvegur  
Rauðavað  
Rauðás  
Reiðvað

**5. Kjördeild**  
Reyðarkvísl  
Reykás  
Rofabær  
Sandavað  
Seiðakvísl  
Selásblettur  
Selásbraut  
Silungakvísl  
Sílakvísl

Skógarás  
Smálandabraut  
Stangarhylur  
Suðurás  
Suðurlandsbr. Árbæjarsafn  
Suðurlandsbr. Hella  
Suðurlandsbr. Hólmur  
Suðurlandsbr. Litlaland  
Suðurlandsbr. Reykhólar  
Suðurlandsbr. Sólnes  
Suðurlandsbr. Tungufell  
Suðurlandsbr. Vindheimar 2  
Urriðakvísl

**6. Kjördeild**  
Vallarás  
Vesturás  
Viðarás  
Vindás  
Vikurás  
Vorsabær  
Ystibær  
Þingás  
Þingvað  
Þverás  
Þykkvibær

## Íþróttamiðstöðin Austurbergi

**Kjörsvæði 10**



**1. Kjördeild**  
Arahólar  
Asparfell  
Austurberg  
Álftahólar  
Blikahólar  
Blöndubakki  
Breiðholtsvegur  
Brúnastekkur

**2. Kjördeild**  
Depluhólar  
Dúfnahólar  
Dvergabakki  
Erluhólar  
Eyjabakki  
Fannarfell  
Ferjubakki  
Fornistekkur  
Fremristekkur  
Fylshólar  
Gaukshólar  
Geitastekkur  
Gilsárstekkur  
Grýtubakki

**3. Kjördeild**  
Gyðufell  
Hamraberg  
Haukshólar  
Háberg  
Heiðnaberg  
Hjaltabakki  
Hólberg  
Hólalastekkur  
Hrafnhólar  
Hraunberg  
Íðufell  
Írabakki

**4. Kjördeild**  
Jórufell  
Jörfabakki  
Keilufell  
Klapparberg  
Kóngsbakki  
Kriuhólar  
Krummahólar

**5. Kjördeild**  
Köttlufell  
Lambastekkur  
Lágaberg

Leirubakki  
Lundahólar  
Mariubakki  
Máshólar  
Möðrufell  
Neðstabergr  
Norðurfell  
Núpabakki  
Nönnufell  
Orrahólar  
Ósabakki  
Þorbakki  
Réttarbakki  
Rituhólar

**6. Kjördeild**  
Rjúpufell  
Skriðustekkur  
Smyrilshólar  
Spóahólar  
Staðarbakki  
Starrahólar  
Stelkshólar  
Suðurbús  
Súlubakki  
Torufell

**7. Kjördeild**  
Trönuhólar  
Tungubakki  
Ugluhólar  
Unufell  
Urðarbakki  
Urðarstekkur  
Valshólar  
Vatnsveituvetur  
Vesturberg 1-100

**8. Kjördeild**  
Vesturberg 101-199  
Vesturbús  
Víkurbakki  
Völvufell  
Yrsufell  
Þangbakki  
Þórufell  
Þrastarhólar  
Æsufell

## Kjörstaðir í Reykjavík

við borgarstjórnarkosningar  
27. maí 2006

# Hvar kýst þú?





## Hlíðaskóli

## Laugardalshöll

### Kjörsvæði

# 4



- 1. Kjördeild**  
Barmahlíð  
Beykihlíð  
Birkihlíð  
Blönduhlíð  
Bogahlíð  
Drápuhlíð
- 2. Kjördeild**  
Engihlíð  
Eskihlíð  
Grænahlíð  
Hamrahlíð  
Háahlíð
- 3. Kjördeild**  
Hörgshlíð  
Lerkihlíð  
Mávahlíð  
Miklabraut 18-90  
Mjóahlíð  
Reykjahlíð  
Reynihlíð  
Stakkahlíð  
Stigahlíð  
Suðurhlíð  
Vesturhlíð  
Viðihlíð

### Kjörsvæði

# 5



- 1. Kjördeild**  
Austurbrún  
Álfheimar  
Álftamýri 2-39
- 2. Kjördeild**  
Álftamýri 40-75  
Ármúli  
Ásvegur  
Barðavogur  
Brekkuhlíð  
Brúnavegur  
Bugðulækur
- 3. Kjördeild**  
Dalbraut  
Dragavegur  
Drekavogur  
Dyngjuvegur  
Efstasund
- 3. Kjördeild**  
Eikjuvogur  
Engjateigur  
Faxafen  
Fellsmúli  
Ferjuvogur  
Glaðheimar

Gnoðarvogur  
Goðheimar  
Gulleigur  
Háaleitisbraut 14-26

- 4. Kjördeild**  
Háaleitisbraut 27-155  
Hjallavegur  
Hlunnavegur  
Hofteigur  
Hólmasund  
Hólsvegur

- 5. Kjördeild**  
Hraunteigur  
Hrísateigur  
Jökulgrunn  
Kambsvogur  
Karfavogur

Kirkjusundur  
Kirkjuteigur  
Kleifarvegur  
Kleppsvegur 2-40

- 6. Kjördeild**  
Kleppsvegur 42-150  
Kleppsvegur Hrafnista  
Kleppsvegur Kleppur  
Kleppur starfsm.hús

- 7. Kjördeild**  
Langholtsvegur  
Laugalækur  
Laugarásvegur  
Laugarnestangi

- 8. Kjördeild**  
Laugarnesvegur

Laugateigur  
Ljósheimar

- 9. Kjördeild**  
Mörkin  
Njörvasund  
Norðurbrún  
Nökkvavogur  
Otrateigur  
Rauðalækur  
Reykjavegur

- 10. Kjördeild**  
Safamýri  
Selvogsgrunn  
Sigluvogur  
Sigtún  
Silfurteigur  
Síðumúli

Skeiðarvogur  
Skipasund 1-54

- 11. Kjördeild**  
Skipasund 55-92  
Snekkjuvogur  
Sólheimar  
Spórðagrunn  
Starmýri  
Suðurlandsbraut  
Álfabrekka  
Sundlaugavegur  
Sunnuvegur  
Súðarvogur  
Sæviðarsund  
Vesturbrún

## Breiðagerðisskóli

### Kjörsvæði

# 6



- 1. Kjördeild**  
Aðalland  
Akraland  
Akurgerði  
Austurgerði  
Áland  
Álfaland  
Álftaland  
Ánaland  
Árland  
Ásendi  
Ásgarður  
Bakkagerði  
Básendi
- 2. Kjördeild**  
Bjarmaland  
Bleikargróf  
Blesugróf  
Borgargerði  
Brautarland  
Breiðagerði  
Brekkuvegur  
Brúnaland  
Búðagerði  
Búland  
Bústaðablaug  
Bústaðavegur
- 3. Kjördeild**  
Byggðarendi  
Dalaland  
Efstaland  
Efstaleiti  
Espigerði  
Fossvogsvegur  
Furugerði  
Garðsendi  
Gautland  
Geitland  
Giljaland  
Goðaland

Grensásvegur  
Grundargerði  
Grundarland  
Haðaland  
Hamarsgerði  
Háagerði  
Heiðargerði 1-57

- 4. Kjördeild**  
Heiðargerði 58-124  
Helluland  
Hjallaland  
Hlíðargerði  
Hlyngerði  
Hólmgarður  
Hulduland  
Hvammgerði  
Hvassaleiti 1-44

- 5. Kjördeild**  
Hvassaleiti 45-157  
Hæðargarður  
Hörðaland  
Jöldugróf  
Kelduland  
Kjalarland  
Kjarrvegur  
Klifvegur  
Kringlan

- 6. Kjördeild**  
Kúrland  
Kvistaland  
Langagerði  
Láland  
Littagerði  
Ljósaland  
Logaland

Markarvegur  
Markland  
Melgerði  
Miðleiti  
Mosgerði

- 7. Kjördeild**  
Neðstaleiti  
Ofanleiti  
Rauðagerði  
Réttarholtsvegur  
Seljaland  
Seljugerði  
Skálagerði  
Skógargerði  
Sléttuvegur  
Snæland

- 8. Kjördeild**  
Sogavegur  
Steinagerði  
Stjörnugróf  
Stóragerði  
Kelduland  
Teigagerði  
Traðarland  
Tunguvegur  
Undraland  
Viðjugerði  
Vogaland

## Borgaskóli

### Kjörsvæði

# 7



- 1. Kjördeild**  
Álfaborgir  
Bakkastaðir  
Barðastaðir  
Berjarími  
Breiðavík 1-16
- 2. Kjördeild**  
Breiðavík 17-89  
Brúnastaðir  
Dísaborgir  
Dofraborgir  
Dvergaborgir

Fifurími  
Flétturími

- 3. Kjördeild**  
Fróðengi  
Garðsstaðir  
Gautavík  
Goðaborgir  
Grasarími  
Gufunesvegur  
Gullengi  
Hamravík  
Hrísrími

- 4. Kjördeild**  
Hulduborgir  
Hvannarími  
Jötnaborgir  
Klukkurími  
Laufengi  
Laufrími  
Ljósavík

- 5. Kjördeild**  
Lyngrími  
Mosarími  
Mururími

Reyngi  
Rósarími  
Smárarími  
Sóleyjarími

- 6. Kjördeild**  
Stararími  
Starengi  
Tröllaborgir  
Vallengi  
Vesturlbr.  
Korpúlfsstaðir  
Viðarrími  
Vættaborgir  
Æsuborgir

## Ölduselsskóli

### Kjörsvæði

# 11



- 1. Kjördeild**  
Akrasel  
Árskógar  
Bakkasel  
Bláskógar  
Brekkuasel  
Dalsel  
Dynskógar  
Engjasel 1-64
- 2. Kjördeild**  
Engjasel 65-87  
Fifusel  
Fjarðarsel  
Fjótasel  
Flúðasel 2-79
- 3. Kjördeild**  
Flúðasel 80-95  
Giljasel  
Gljúfrasel  
Grjótasel  
Grófarsel  
Hagasel  
Hálsasel  
Heiðarsel  
Hjallasel  
Hléskógar  
Hnjúkasel  
Hóltasel  
Hólmasel  
Hryggjarsel  
Hæðarsel  
Jafnasel

- 4. Kjördeild**  
Jakasel  
Jórusel  
Jöklasel  
Kaldasel  
Kambasel  
Kleifarsel  
Klyfjarsel  
Kögursel

- 5. Kjördeild**  
Látrasel  
Lindarsel  
Ljárskógar  
Lækjarsel  
Melsel  
Mýrarsel  
Rangársel  
Raufarsel  
Réttarsel  
Seljabraut  
Síðusel  
Skagasel  
Skógarsel  
Skriðusel  
Staðarsel
- 6. Kjördeild**  
Stíflusel  
Strandasel  
Strýtusel  
Stuðlasel  
Teigasel  
Tindasel  
Tjarnarsel  
Tungusel  
Vaðlasel  
Vaglasel  
Vatnasel  
Vogasel  
Ystasel  
Þingasel  
Þjóttusel  
Þrándarsel  
Þúfusel  
Þverarsel

## Ingunnarskóli

### Kjörsvæði

# 12



- 1. Kjördeild**  
Andrésbrunnur  
Biskupsgata  
Grænlandsleið  
Gvendargeisli  
Jónsgeisli  
Katrinarlind  
Kirkjustétt
- 2. Kjördeild**  
Kristinbraut  
Mariubaugur  
Martainslaug  
Ólafsgesli 1-41

- 3. Kjördeild**  
Ólafsgesli 43-125  
Prestastígur  
Úlfarsfellsvegur  
Vesturlbr. Engi  
Vesturlbr. Fífílbekka  
Vesturlbr. Grafarholt  
Vesturlbr. Lambhagi  
Vesturlbr. Laxalón  
Vesturlbr. Lundur  
Vesturlbr. Mæri  
Vesturlbr. Tjarnarengi  
Vesturlbr. Viðimýri  
Vesturlbr. Úlfarsfell 1 og 3  
Þorláksgesli  
Þórðarsveigur

## Klébergsskóli

### Kjörsvæði

# 13



- 1. Kjördeild**  
Álfsnes og önnur  
bæjarnöfn  
Búagrund  
Esjugrund  
Furugrund

- Helgugrund  
Hofsbraut  
Jórfagrund  
Vesturlbr. Arnarholt  
Vikurgrund

## Kjörskráin er á vefnum:

Hægt er að slá inn kennitölu eða nafn og heimilisfang á [www.reykjavik.is](http://www.reykjavik.is) og fá upplýsingar um kjörstað og kjördeild.

## City Council Elections 2006

- **Voters must present personal identification.**
- Polling stations will be open Saturday May 27 from 9 am to 10 pm.
- The list of registered voters in Reykjavík is available on the website [www.reykjavik.is](http://www.reykjavik.is), where you can also find conditions for eligibility to vote.
- On election day, information from the list of registered voters will be available on tel. 411 4900.
- On election day, the headquarters of the Board of Elections will be in Reykjavík City Hall.
- All polling stations are accessible to the handicapped.

## Athugaðu þetta:

- **Kjösendum er skylt að framvísa persónuskilríkjum.**
- Kjörfundur hefst laugardaginn 27. maí kl. 09:00 og lýkur kl. 22:00.
- Kjörskrá vegna borgarstjórnarkosninga í Reykjavík 2006 er aðgengileg á vef Reykjavíkurborgar, [www.reykjavik.is](http://www.reykjavik.is). Þar er einnig að finna skilyrði þess að vera á kjörskrá.
- Á kjördegi eru upplýsingar um kjörskrá í Reykjavík veittar í síma 411 4900.
- Yfirkjörstjórn Reykjavíkur mun á kjördegi hafa aðsetur í Ráðhúsi Reykjavíkur og þar mun talning atkvæða fara fram.
- Aðgengi fatlaðra er tryggt á öllum kjörstöðum.



Reykjavíkurborg





**EINS OG JAPÖNSK GEISHA** Leikkonan Cate Blanchett sést hér á frumsýningu myndarinnar Babel sem hún leikur aðalhlutverkið í ásamt Brad Pitt. Hún var í fallegum svörtum og hvítum kjól úr smíðju Alexanders McQueen.



**SKUGGALÉG SAMAN** Rokkarinn Marilyn Manson og kærasta hans, fyrirsætan og dansarinn Dita Von Teese, voru svartklædd frá toppi til tár fyrir utan smá rautt þema sem greina í skónum hans og blóminu hennar.



**X-FÓLKID KOMIÐ AFTUR** Leikararnir Famke Janssen og Hugh Jackman koma á frumsýningu X-Men 3. Janssen er í fallegum hvítum síðkjól og hann í hefðbundnum svörtum jakkafötum.



**DA VINCI LYKILLINN** Franska leikkonan Audrey Tautou leikur aðalhlutverkið í myndinni Da Vinci lyklinum og er hér á frumsýningu myndarinnar ásamt leikstjóranum Ron Howard. Hún var í flottum stuttum hvítum kjól úr smíðju Balmain og silfurlituðum skóm.



**FRASIER MÆTTUR Á SVÆÐIÐ** Leikarinn góðkunnir Kelsey Grammer og kona hans Camille Grammer voru mætt á frumsýningu myndarinnar X-Men 3: The Last Stand. Hann leikur einmitt blátt loðið skrímsli í myndinni og því ekki annað við hæfi en að hjónin voru í bláu í stíl, hún í bláum kjól og hann með blátt bindi.



**HJÓLABRETTASTELPAN OG SÖNGKONAN AVRIL LAVIGNE** Avril var mætt til frumsýningar teiknimyndarinnar „Over the Hedge“ en hún ljáði rödd sína í myndinni. Hún var í flottum röndóttum kjól úr smíðju Giorgio Armani.



**FEGRÐARDROTTNING** Leikkonan Halle Berry er hér á frumsýningu myndarinnar X-Men 3 og er hún glæsileg í fallegum gulllituðum kjól og er berustykkið alsett skrauti.



**Í SILFRI FRÁ TOPPI TIL TÁAR** Paris Hilton var mætt til að sjá frumsýningu myndarinnar X-Men 3. Hún er þekkt partíljón og lætur sig sjaldan vanta á rauða dregilinn.

NORDICPHOTOS/GETTYIMAGES



**HÖNNUÐUR MEÐ PUTTANA Á PÚLSINUM** Bandaríski hönnuðurinn Tommy Hilfiger er hér mættur á hið árlega Grisogno-partí í Cannes. Hvítar buxur og dökkblár blazer klicka sjaldan.

## RAUÐI DREGILLINN Á CANNES-HÁTÍÐINNI

Mikið hefur verið um dýrðir í Cannes þessa vikuna en kvikmyndahátíðin er haldin í 59. skipti í ár og flykkjast stjórnurnar til Frakklands. Úti um allt eru partí og auðvitað hver frumsýningin á fætur annarri. Rauði dregillinn er því til staðar með tilheyrandi ljósmyndurum og allir kappkosta að skarta sínu fegursta. Kjólarnir eru í forgrunni og mikið um skemmtileg og tilraunakennd snið og fallega liti. Fjölbreytni var áberandi og kjólarnir jafnt stuttir sem síðir. Hátískuhönnuðir á borð við Dior, Versace og Balmain settu sinn svip á hátíðina sem og minna þekktir hönnuðir. Látum myndirnar tala sínu máli.



**SÆT Í BLÁU** Leikkonan unga Anna Paquin mætir hér á frumsýningu myndarinnar X-Men í flottum turkisbláum kjól með einum hlýra.



**FLAMENCO-HITI Í CANNES** Spænski dansarinn Joaquin Cortes er hér mættur ásamt unnustu sinni, spænsku fyrirsætunni Marisa Jara. Hún er í sægrænum síðkjól og hann er svartklæddur. Takið eftir skónum, sem eru með óvenjulega háum hæl.



**FALLEGAR MEÐ EINDÆMUM** Leikkonurnar Halle Berry og Rebecca Romijn voru mættar á frumsýningu X-Men 3: The Last Stand en þær leika báðar í myndinni og voru að vonum ánægðar með sitt. Þær stóllur eru í stíl í gulllituðum kjólum.

**SVART ER LITURINN** Hönnuðurinn Roberto Cavalli var mættur í hið árlega Grisogno-partí með Camilla Al-Fayed. Hann er í fallegum svörtum jakkafötum og hún í dimmbláum hippalegum kjól.



**JABARDROTTNINGINN** Leikkonan Chloë Sevigny sést hér á frumsýningu myndarinnar Babel. Hún er í flottum blöðrulaða svörtum kjól og poppuðum skóm í stíl. Smart eins og henni einni er lagið.



# Ótrúlegt verð!

## Ideline ryksuga

- 1000w
- Handhæg og kröftug
- Hljóðlát og vel búin
- Kraftstilling
- Fylgihlutir
- Þyngd 5,5 kg



4.990kr.  
áður 8.990kr.

## Kenwood VC1807

- 1800w
- Kröftug og vel búin
- Góður ryksugubursti tveir minni fylgja
- Stillanlegt rör



46%  
afsláttur

6.990kr.  
áður 12.990kr.

## Philips Pelican handryksuga

- 14w sogstyrkur
- 11 min í fullri notkun
- Þyngd 0,7 kg



4.490kr.  
áður 5.990kr.

## AEG ryksuga

- 2000w
- Kröftug og vel búin
- Vandaður míkro filter
- Stillanlegt rör



PUMA fótbolli  
í kaupauka

9.990kr.  
áður 14.990kr.

## Melissa ryksuga

- 1400w
- 5 filtera kerfi
- Ál rör í 2 pörtum



40%  
afsláttur

2.990kr.  
áður 4.990kr.

## DeLonghi handryksuga

- 3,6v
- 11 min í fullri notkun
- Þyngd 0,7 kg



2.490kr.  
áður 3.990kr.



INNFLYTJENDUR SKJÓTA FÁNUM Á LOFT Bandaríski og mexíkanski fáninn blöktu hlið við hlið þegar Bandaríkjamenn af öllum þjóðernum mótmæltu í vor fyrirhuguðum lögum George W. Bush til höfuðs ólöglegum innflytjendum í landinu. Talið er að ólöglegir innflytjendur í Bandaríkjunum séu hátt í tólf milljón talsins.

FRÉTTABLAÐIÐ/AFP



# Hafa löngum glímt við erfitt hlutskipti

Bandaríkjamenn af rómönsk-amerískum uppruna eru ört vaxandi hluti þjóðarinnar. *Kristín Guðrún Jónsdóttir* skoðar hér fjölbreyttan uppruna þessa stóra hóps sem á ættir sínar að rekja allt frá spænskum landnemum til farandverkamanna frá El Salvador.

Nú í vor hafa fjölmennar mótmælögöngur farið um götur bandarískra borga. Hinn 1. maí síðastliðinn safnaðist til dæmis um ein milljón manna saman til að mótmæla umdeildu frumvarpi sem hefur verið til umfjöllunar í bandaríska þinginu. Frumvarpið fjallar um ný lög sem George W. Bush forseti hyggst koma á um málefni innflytjenda og ólöglegra borgara í Bandaríkjunum. Er talið að ólöglegir þar í landi séu um tólf milljónir og þriðjungur þeirra af rómönskum uppruna. Þessi lög snerta óneitanlega hag spænskumælandi fólks í Bandaríkjunum, hvort sem um er að ræða löglega borgara eða ekki.

## Fjórtnán prósent íbúa landsins

Samkvæmt tölum U.S. Census Bureau, Manntalsstofnunar Bandaríkjanna, eru búsettar í Bandaríkjunum ríflega 42 milljónir Hispanics eða Latinos eins og þeir eru almennt kallaðir á ensku, það er fólk sem á rætur sínar að rekja til Rómönsku Ameríku. Þetta fólk er tæplega fjórtnán prósent af íbúum landsins og myndar því nú stærsta minnihlutahóp þar í landi.

En hverjir eru þetta og hvaðan kemur þetta fólk? Stór hluti þess er af mexíkönsku bergi brotinn, um 26 milljónir. Líðlega helmingur þess eru Mexíkóameríkanar (chicanóar) sem hafa búið í landinu frá því á 16. og 17. öld eða eru afkomendur síðari tíma innflytjenda frá Mexíkó. Hinn helmingurinn er Mexíkánar fæddir í Mexíkó og líklegt þykir að sex til átta milljónir þeirra séu ólöglegar. Þar á eftir koma Púertóríkanar, um 3,9 milljónir (og eru þá ekki meðtaldir íbúar Púertó Ríkó), sem eru fullgildir bandarískir borgarar frá því í byrjun 20. aldar eftir Kúbustríðið svonefnda 1898, þegar Bandaríkjamenn hernámu Púertó Ríkó. Um þrjár milljónir koma frá Mið-Ameríku – þar af flestir frá El Salvador og Guatamala – og 2,2 milljónir frá löndum Suður-Ameríku. 1,4 milljónir koma síðan frá Kúbu og ríflega milljón frá Dómínísku lýðveldinu. Þar að auki eru

um nokkur hundruð þúsund Spánverjar.

## Fjölbreyttur hópur

Lengi vel var fólk af rómönsk-amerískum uppruna kallað Spanish í Bandaríkjunum en gengur oftast í dag undir heitunum Hispanics eða Latinos. Ekki kallar það þó sjálfst sig þessu nafni heldur kys það að kenna sig við landið þaðan sem það kemur. Þetta er sundurleitur hópur frá mörgum löndum og af ólíkum stéttum sem er erfitt að setja undir sama hatt eins og reynt hefur verið að gera með yfirheitinu Latino. Hvernig er hægt að setja í einn hóp til dæmis afkomendur spænskra landvinningamanna, sem hafa búið í dölum í norðurhluta Nýju-Mexíkó allt frá 16. öld, og nýkomna farandverkamenn frá Mexíkó eða pólitíska flóttamenn frá Guatamala eða El Salvador? Og hvað með Púertóríkana sem eru sjálfkrafa bandarískir borgarar?

Tökum annað dæmi: Hvað sam-einar zapoteca-indíana, það er farandverkamenn frá suðurhluta Mexíkó, og Kúbverja sem flýðu á fyrstu árum Kastró-tímabilsins? Eða fólk frá Perú og Dómínísku lýðveldinu? Dæmið verður enn flóknara þegar latínóar þurfa að fylla út eyðublað þegar manntal fer fram. Fyrsta val sem þeir standa frammi fyrir er kynstofninn. Og næst er spurt: Ertu Spanish/Hispanic/Latino? Ef svarið er jákvætt eru eftirfarandi valkostir gefnir: 1) Mexíkani, Mexíkóameríkani, chicanói 2) Púertóríkani 3) Kúbverji 4) Annar hópur Spanish/Hispanic/Latino, og er þá átt við hvort viðkomandi sé frá öðru landi í Rómönsku Ameríku eða Spáni. En í hvaða reit krossar sá sem hefur fæðst í Bandaríkjunum, á púertóríkanska móður, föður sem er innflytjandi frá Mexíkó (mestisi með indíánablóð) og móðurömmu og afa frá Kúbu? Dæmi sem þetta eru ekki óalgeng. Og í hvaða hóp flokkast blökkumenn frá Dómínísku lýðveldinu, Kúbu, Brasilíu eða Kólumbíu? Eru þeir Hispanic eða blökkumenn? Eða þá zapotecar eða mixtecar frá Mexíkó? Eru þeir orðnir Native American?

## Afkomendur spænskra landvinningamanna

Þeir íbúar af rómönsk-amerísku bergi sem hafa búið hvað lengst í Bandaríkjunum eru Mexíkóameríkanar (chicanóar), afkomendur spænskra landvinningamanna og síðar Mexíkana sem bjuggu á landsvæðinu sem var hluti af Mexíkó til ársins 1844 er Mexíkánar seldu Bandaríkjamönnum liðlega helming lands síns sem myndar í dag fylkin Kaliforníu, Arizona, Nýju-Mexíkó, hluta af Utah og Texas. Mexíkanskir farandverkamenn hafa sótt til Bandaríkjanna í meira en öld og margir sest þar að. Fyrstu hópar Púertóríkana tóku að flykkjast til Bandaríkjanna, einkum New York-borgar, á fjórða áratug 20. aldar í leit að vinnu og betri lífskjörum en gáfust á eyjunni. Nokkru síðar, eða upp úr byltingunni, komu fyrstu hópar Kúbverja og settust þá aðallega að á Flórída. Einnig kom fjöldi þeirra árið 1980 þegar svokallaðir Marielitos-flóttamenn yfirgáfu eyjuna.

Segja má að þar til fyrir stuttu hafi þessir hópar skipst eftir landshlutum. Mexíkóameríkanar og Mexíkánar héldu sig að mestu í suðvesturríkjunum en Púertóríkanarnir voru í New York og Kúbverjar á Flórída. Þrátt fyrir að þetta séu enn svæðin þar sem fjölmennustu hópar þessa fólks dvelja hafa latínóar dreifst víða um Bandaríkin. Mexíkanskir farandverkamenn og innflytjendur eru t.d. farnir að leita til Suðurríkjanna og má nú heyra þá tala ensku með Suðurríkjahreim. Á undanföllum áratugum hefur svo bæst við fólk frá mörgum löndum Rómönsku Ameríku sem hefur ekki áður sótt í miklum mæli til Bandaríkjanna, svo sem frá Kólumbíu, Ekvador, Perú, Dómínísku lýðveldinu, Gvatemala og El Salvador. Ríki sem til þessa hafa ekki haft reynslu af innflytjendum frá þessum heimshluta hafa orðið fyrir valinu: Washington, Oregon, Ohio, Suður-Karólína, Kansas o.fl.

## Stækkar hratt

Latínóar eru sá hópur sem vex



VIÐ ERUM BANDARÍKIN Fólk af rómönsk-amerískum uppruna var mest áberandi í mótmælunum gegn frumvarpi Bandaríkjaforseta um nýju innflytjendalög.

FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

hvað hraðast í Bandaríkjunum. Árið 1960 voru þeir um 6,9 milljónir og eru nú orðnir ríflega 42 milljónir. Verði áframhald á þessari þróun er talið að árið 2025 verði íbúar Bandaríkjanna af rómönsk-amerísku bergi orðnir 52 milljónir og komnir yfir 100 milljónir árið 2050.

Hlutskipti latínóa hefur löngum þótt erfitt í Bandaríkjunum. Innflytjendur frá Rómönsku Ameríku hafa oft á tíðum komið úr lægri stéttum samfélagsins og stundað alhliða verkamannastörf. Í dag halda þeir uppi mörgum starfsgreinum sem ekki þykja eftirsóknarverðar eins og kom göðlátlega fram í kvikmyndinni Dagur án Mexíkana (A Day Without a Mexican - Un día sin mexicanos, 2004). Chicanos hafa þó mörgum tekist að vinna sig upp og þeir eru farnir að gegna ýmsum mikilvægum stöðum í þjóðfélaginu. Reyndar sitja ekki allir latínóar við sama borð eins og sjá má á móttöku sem Kúbverjar fá miðað við aðra hópa svo sem innflytjendur frá Ekvador eða El Salvador sem allflestir eru ólöglegir í landinu – að ekki sé minnst á Mexíkana sem eru sendir til

baka í stórum stíl og hafa þurft að líða fyrir að tilheyra nágrannaþjóð Bandaríkjanna.

Víst er að þessi hópur fólks á drjúgan þátt í þeim breytingum sem nú eiga sér stað í landinu. Stór hluti þess er ekki ólöglegur og er farinn að sækja í sig veðrið. Í dag eru gefin út að minnsta kosti fjöru-tíu dagblöð á spænsku í borgum Bandaríkjanna, og eru þá ekki meðtalin tímarit, sjónvarpsdagsskrár og þess háttar sem gefið er út á spænsku. Bókauitgefendur eru farnir að keppa um hylli þessa fólks. Auk lítilla og staðbundinna bókaforlaga, sem hafa gefið út bækur á spænsku áratugum saman, hafa tvö stærstu bókaforlög Bandaríkjanna (Random House og HarperCollins), sem fram að þessu hafa gefið út bækur á ensku, sett á fót undirforlög sem gefa aðeins út bækur á spænsku. Þá eru einnig ótal sjónvarps- og útvarpsstöðvar sem senda eingöngu út efni á spænsku. Ekki eru þó allir á eitt sáttir með framgang spænskrar tungu en nefna má að meirihluti þessa fólks er tvítýngdur og hefur barist fyrir því að kennt sé á bæði spænsku og ensku í skólum landsins. Slíkt hefur vissulega mætt andstöðu og þótt ógna veldi anglóa. En latínóar berjast einnig fyrir rétti á heilbrigðisþjónustu, skólagöngu barna ólöglegra foreldra og þjónustu almenn, og benda á að allir borga þeir skatta, jafnvel þótt þeir séu ólöglegir. Einnig má nefna að atkvæði þessa hóps geta haft afgerandi áhrif á stjórnmál í Bandaríkjunum eins og kom í ljós í síðustu forsetakosningum, enda stjórnmálamenn sér þess vel meðvitandi. Sömuleiðis hefur tónlist og matargerð latínóa haft sín áhrif á menningu í Bandaríkjunum. Ef til vill má túlka það sem eins konar táknræna vísbendingu um áhrif latínóa þar í landi að á veisluborðum forsetans á júlunum árið 2004 var ekki hinn hefðbundni kalkúnn heldur tamales – maískókur fylltar kjöti og chilipipar sem eiga uppruna sinn sunnan landamæra.

Höfundur er doktor í rómönsk-amerískum fræðum.





# HM TILBOÐ



**THOMSON**

**42PB120S5**

42" ED PLASMA BREIÐJALDSSJÓNVARP með 852x480 punkta upplausn og 3000:1 skerpu, 1000 cd/m<sup>2</sup> birtu, HDTV Ready, mynd í mynd (1 móttakari), 28w Nicam Stereo hljóðkerfi, textavarp með 2100 síða minni, 2 Scart, Component, SVHS og CVBS tengjum, PC tengi (DVI), borðstandi og fjarstýringu.

**TILBOÐ** ▶ **169.990**

FULLT VERÐ kr. 199.990



**THOMSON 20LB125B4**

20" LCD SJÓNVARP 800x600 punkta upplausn, Progressive Scan, 24w stereó hljóðkerfi með tónjafnara, Scart (með RGB), SVHS, CVBS og heymartólstengi, VGA tengi, textavarp og fjarstýringu.

**TILBOÐ** ▶ **79.990**

FULLT VERÐ kr. 99.990



**THOMSON 27LB130S5**

27" LCD BREIÐJALDSSJÓNVARP með 1366x768 punkta upplausn, Hi-Pix2 myndtækni, 2x20w Nicam Stereo hljóðkerfi með BBE Viva Surround, 3 Scart (með RGB), HDMI, Component, CVBS og heymartólstengi, kortalesara og USB tengi, VGA tengi, textavarp og fjarstýringu.

**TILBOÐ** ▶ **119.990**

FULLT VERÐ kr. 129.990



**THOMSON 32LB125B5**

32" LCD BREIÐJALDSSJÓNVARP með 1366x768 punkta upplausn, Hi-Pix myndtækni, Progressive Scan, 2x16w Nicam stereó hljóðkerfi með Virtual Dolby Surround, 2 Scart (með RGB), HDMI, Component, CVBS, VGA, heymartólstengi, textavarp og fjarstýringu.

**TILBOÐ** ▶ **149.990**

FULLT VERÐ kr. 159.990



**THOMSON 32LB220B4**

LCD BREIÐJALDSSJÓNVARP með 1366x768 punkta upplausn, Hi-Pix myndtækni, Progressive Scan, mynd í mynd (2 móttakarar), 2x12w Nicam stereó hljóðkerfi með 16w bassa, 3 Scart (með RGB), Component, CVBS, kortalesara og USB tengi, VGA og DVI tengi, textavarp og fjarstýringu.

**TILBOÐ** ▶ **169.990**

FULLT VERÐ kr. 229.990



Spilar DVD, DVD+R/RW, CD-R/RW, DivX, VCD/SVCD, MP3 og JPEG



**THOMSON DPL912VD**

HEIMABÍÓKERFI með fjólfærfa DivX DVD spilara, 160w (5x25 og 1x35) Dolby Digital/DTS magnara, 5 litlum umhverfshátölurum og bassaboxi, Dolby Digital, DTS og Dolby Pro Logic II, útvarpi með FM og 40 stöðvaminnum, SCART með RGB og fjarstýringu.

**TILBOÐ** ▶ **19.990**

FULLT VERÐ kr. 29.990



**THOMSON DPL953REC**

HEIMABÍÓKERFI með DVD upptökuspilara og 160w (5x20 og 1x50) Dolby Digital/DTS magnara, 5 litlum umhverfshátölurum og bassaboxi, Dolby Digital, DTS og Dolby Pro Logic II, útvarpi með FM og 40 stöðvaminnum, SCART með RGB og fjarstýringu.

**TILBOÐ** ▶ **29.990**

FULLT VERÐ kr. 49.990



# Sjónvarpsmiðstöðin

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • [www.sm.is](http://www.sm.is)

UMBODSMENN UM LAND ALLT ▶ REYKJAVÍK/KURSV/ÆÐIÐ: Hagkaup, Smáralind, VESTURLAND: Hljómsýn, Akranesi, Samkaup, Borgarnesi, Blómsturvellir, Hellissandi, VESTFIRDIR: Kaupfélag Steingrímsfjarðar, Drangnesi, Pristur, Ísafirði, NORÐURLAND: KF Steingrímsfjarðar, Hólmavík, KF V. Húsvetninga, Hvammstanga, Krákur, Blönduósi, Skagfirringabúð, Sauðárkrúki, Ljósgröf, Akureyri, Öryggi, Húsavík, AUSTURLAND: KF Héraðsbúa, Egilsstöðum, Verslunin Vík, Neskaupsstað, Kaupún, Vopnafirði, KF Héraðsbúa, Seyðisfirði, Tumbraður, Seyðisfirði, Sparkaup, Fáskrúðsfirði, Verslunin Vík, Reyðarfirði, Martólvan, Höfn Hornafirði, SUÐURLAND: Mosfell, Hellu, Fossvafn, Selfossi, Rás, Þorlákshöfn, Geisli, Vestmannaeyjum, Brimnes, Vestmannaeyjum, REYKJANES: Tölvaspítalinn, Grindavík, Rafeindatækni, Keflavík, Rafagnavinnustofa Sigurðar Ingvarssonar, Garði, Rafmætti, Hafnarfirði.



# Mannfækkun á landsbyggðinni

Tölur um aldursþróun landsmanna undanfarinn áratug sýna að yngra fólki fækkar víðast hvar á landsbyggðinni, líka þar sem íbúum hefur fjölgað. **Sigurður Sigurðarson** skoðar hér tölurnar á bak við þessa þróun og veltir fyrir sér hvaða afleiðingar hún hefur.

Gangandi fólk er sjaldgæf sjón á götum bæjarins, enn fátíðara að sjá konu með barnavagn, í verslunum eru viðskiptavinir svona flestir í eldri kantinum. Heldur fámenn er í bekkjum grunnskólans. Apótekið hætti rekstri fyrir nokkrum árum, hótelið er lokað nema yfir hásumarið, myndbandaleigan hætti, bakaríð á í erfiðleikum, enga afgreiðslu er að fá á bensínstöðinni, hún er sjálfvirk. Rækjuvinnslan fór á hausinn, eini báturinn landar annars staðar því enginn er til að vinna aflann.

Þetta er ekki alveg réttlát lýsing á bæjarfélagi á landsbyggðinni, en hluti hennar gæti samt átt víða við, því íbúum þeirra flestra hefur fækkað á undanförunum tíu árum, frá 1995 til 2005. Fækkunin hefur verið sár, hana má þess vegna nefna blóðtöku eða manntjón, enda beinlínis valdið miklu félagslegu og efnahagslegu tapi.

Tölur um aldursþróun í sveitarfélögum á landsbyggðinni benda til þess að langflesta þeirra séu hignandi, sérstaklega fækkar yngra fólki. Samt er undarleg þversögn fólgin í staðreyndum. Á Norðurlandi eystra svo dæmi sé tekið hefur íbúum fjölgað um 322 frá 1995, en á sama tíma fækkaði fólki yngra en 45 ára um 1.784. Skýringin er sú að á meðan yngra fólkið flyst burtu, kemur eldra fólk í staðinn.

Akureyri hefur svo einstaklega sterka stöðu meðal sveitarfélaga í landshlutunum, raunar á landsbyggðinni allri, að ef hún er undanskilin má sjá að Norðurland eystra hefur orðið fyrir víðlíka manntjóni og aðrir landshlutar rétt eins og fram kemur á töflunni hér við hliðina.

## EGILSSTAÐIR

### Ná framkvæmdirnar að stöðva strauminn?

Egilsstaðir eru nú hluti af stærri heild sem heitir Fljótshálfháland. Neikvæð aldursþróun hefur stöðvast vegna byggingar álvers og virkjunar við Kárahnjúka.

Þess vegna eru til dæmis karlar tæplega tíu prósentum fleiri en konur og þeir eru langflestir á aldrinum 20 til 44 ára og þar af leiðandi stendur vinnumarkaðurinn vel enda líka fjölmennari en landshlutfallið. Hugsanlega jafnast þessi munur þegar byggingaframkvæmdum lýkur og rekstur fyrirtækjanna hefst.

Ekki má gleyma því að Fljótshálfháland hefur orðið til við sameiningu níu tiltölulega fámennra sveitarfélaga og kunna nú að verða til sóknarfæri fyrir sterkara samfélag og ekki spilla framkvæmdirnar fyrir.

Pó að eldri borgurum hafi fjölgað um fjórðung á tíu árum í Fljótshálfhálandi er hlutfall þeirra enn 3,1 prósentu lægra en landshlutfallið. Fólki á aldrinum 20 til 44 ára hefur fjölgað um rúm 20 prósent en fólki yngra en 20 ára hefur þó fækkað um tæpt eitt prósent.

Í heildina virðist sem íbúum á Austurlandi hafi fjölgað en það er ekki rétt samkvæmt upplýsingum Hagstofunnar, aðfluttur erlendir starfsmenn við byggingu virkjana og álvers hafa breytt þróuninni að minnsta kosti tímabundið. Enn fækkar því fólki í landshlutunum, sem mun þó ef til vill breytast þegar álverið í Reyðarfirði tekur til starfa.

### Af hverju skiptir fólkið sem er yngra en 45 ára mestu máli?

Í sjálfu sér er 45 ára aldurinn ekkert merkilegur, hann er víðmiðun. Ef til vill mætti að skaðlausu miða við 40 ára aldur, 50 ára eða einhvern annan. Í flestum tilvikum er barneignum lokið þegar þessum aldri er náð og fólk býið að koma sér fyrir á þann hátt sem í meginatriðum endist út ævina. Þar með hefst annar kafli sem um margt er ólíkur hinum fyrri.

Yngra fólkið vinnur mikið, aflar fjár, „eyðir“ í skynsamlega hluti sem óskynsamlega, og ekki má gleyma því að það býr til börnin. Eldra fólk stendur alla jafnan ekki í sömu sporum og það yngra. Það er hætt að eignast börn, vinnur líklega minna, greiðir skuldir sínar og eyðir varla um efni fram.

Þannig er aldurinn ákvarðandi um athafnir og hegðun. Færa má jafnvel rök fyrir því að efnahagslífið byggji framfarir öðru á athöfnum yngri aldurshópsins.

### Þrjár meginstoðir samfélagsins?

Í raun skiptir litlu hvort fækki eða fjölgi í bæjarfélagi. Í báðum tilvikum hefst hreyfing sem getur stígmagnast eftir aðstæðum. Jú, auðvitað verður hraðinn meiri þegar fólki fækkar. Á útfiri, þegar fellur frá, finna fyrirtæki fyrir áhrifunum, starfsfólk er vandfundnara, veltan í verslunum minnkar, sérhæfð einkarekin þjónusta minnkar eða leggst af, eðlilegt viðhald á mannvirkjum í eigu sveitarfélagsins tefst, nýframkvæmdir eru engar og kannski rýrnar bæjarsjóðurinn svo að hann stendur varla undir eigin rekstri.

Til að skilja betur þróunina er þægilegt að skipta samfélaginu upp í þrjá hópa eftir eðli þeirra og til að skynja betur allar breytingar og draga ályktanir.

- 1. Fjölskyldan**
  - a. Grunnurinn, 0 til 19 ára
  - b. Hinn virki hluti fjölskyldunnar, 20 til 44 ára
- 2. Vinnumarkaðurinn**
  - a. Yngri hlutinn, 20 til 44 ára
  - b. Eldri hlutinn, 45 til 64 ára
- 3. Eldri borgarar, 65 ára og eldri**

Þó útlínur þessara hópa séu skýrar, skarast þær vissulega. Ekki er til dæmis víst að allir þeir sem eru undir tvítugu séu í skóla né heldur að eldri hluti þeirra hafi ekki stofnað fjölskyldu. Í heildina má kannski gera ráð fyrir að fólk á þessum aldri skapi ekki mikil verðmæti, en samt er menntun þess er engu að síður mjög mikilvægur hluti efnahagslífsins og skiptir þjóðfélagið miklu máli bæði í nútíð og til framtíðar.

Aldurshópin 20 til 44 ára má af eðlilegum ástæðum nefna hinn virka hluta fjölskyldunnar, en hann er einnig hluti af vinnumarkaðnum. Framfarir öðru ber hann þó merki þess að vera fjölskyldufólk og markmið hans og aðgerðir miðast við þá staðreynd.

Þeir sem eru á aldrinum 20 til 64 ára tilheyrja vinnumarkaði, en eins og fram hefur komið er mikill munur á eðli þeirra sem eru yngri en 45 og þeirra sem eru eldri. Og svo eru að sjálfsögðu margir yngri en tuttugu ára á vinnumarkaði og líka margir sem eru eldri en sextíu og fjögurra ára.



## AKUREYRI:

### Stendur vel en fjölgun yngra fólks undir landsmeðaltali

Akureyri stendur mjög vel miðað við aðra staði á landsbyggðinni en samt veldur það áhyggjum að fjölgun fólks yngra en 45 ára er aðeins undir landshlutfalli. Þó hún standi vel miðað við landsbyggðina er aldursþróunin langt frá því sem hún er á höfuðborgarsvæðinu.

Í heild má segja að Akureyri standi vel þrátt fyrir að hinum virka hluti fjölskyldunnar hafi fækkað örlítið. Hlutfall fólks yngra en 45 ára er engu að síður jafnt landshlutfalli og það verður að teljast mjög jákvætt. Lakara er að hlutfall fólks á vinnumarkaði er lægra en landshlutfall og í ofanálag er hlutfall eldri borgara hærra.

Atvinnumálin skipta Akureyri mikið máli og í þeim er mikið unnið og má því gera ráð fyrir að á næstu árum nálgist þau æ meir þróunina á höfuðborgarsvæðinu.

Íbúum á Akureyri hefur fjölgað á tíu árum um 12,1 prósent sem er mjög gott, að minnsta kosti er það meira en þjóðinni allri hefur fjölgað á sama tíma. Reykjanesbær og Akranes njóta tvímælalaust nálægðar við höfuðborgarsvæðið en á fyrirnefnda staðnum var fjölgunin 9,7 prósent og á hinum 13,3 prósent.

Með eldri borgurum er átt við þá sem eru eldri en 64 ára og gert ráð fyrir því að flestir séu hættir störfum, en það er þó ekki heldur einhlýtt.

Samt fjölga þjóðinni!

Frá árinu 1995 hefur þjóðinni fjölgað um 5,9 prósent, en íbúum landsbyggðarinnar á sama tíma um aðeins tæplega 1 prósent og er varla furða því þar hefur yngri aldurshópnum fækkað allhressilega.

Það er þó ekki mikið að marka

svona tölur, meiru skiptir hvernig staðan er í einstökum sveitarfélögum. Á höfuðborgarsvæðinu er einn stór markaður, eitt samfélag þrátt fyrir öll mörk sveitarfélaga. Þannig er það yfirleitt ekki á landsbyggðinni heldur skiptist hún í fjölda lítilla sveitarfélaga, þéttbýlisstaði og dreifbýli, og þar hefur víðast enginn samruni orðið, hvorki í markaði né samfélagi, að því ógleymdu að landið er miklu stærra en höfuðborgarsvæðið.

Það var pólitísk ákvörðun Alþingis í byggðamáli um leggja áherslu á þrjá staði á landsbyggðinni; Akureyri, Egilsstaði og Ísafjörð. Rökin fyrir því eru góð, því áhrifasvæði sterkra byggðakjarna ná langt út fyrir hin eiginlegu mörk sveitarfélagana.

### Hvers vegna fækkar ungu fólki á landsbyggðinni?

Þyngst vegur tækni til og upplýsingabygging undanfarins áratugar sem valdið hefur gríðarlegum breytingum á atvinnuháttum, framleiðsluhættir hafa breyst og þá ekki síst í frumframleiðslunni, landbúnaði og fiskveiðum, og nýjar atvinnugreinar hafa orðið til. Nú afkasta fyrirtæki margfalt meiru en áður með margfalt færri starfsfólki. Afleiðingarnar hafa orðið margvíslegar á þjóðfélagið, lífs-hætti, veysluhætti, viðhorf og fleira. Vægi hefðbundinna burðarása í atvinnulífnum hefur minnkað, þeir eru ekki eins mannfrekir eins og áður. Mikill mannaúdur hefur orðið til á höfuðborgarsvæðinu, m.a. í krafti fjöldans. Hinn stóri markaður þar og ekki síður útrásin styður við fjölbreytta uppbyggingu nýrra atvinnugreina sem byggja á menntun og hugviti í meira mæli en áður þekktist. Þessi þróun hefur ekki orðið á landsbyggðinni í sama mæli og víða er enn stólað á vöðvaflíð. Endalaust er hægt að kenna margvíslegri óáran um fækkun íbúa, t.d. kvóta-kerfinu, byggðastefnum, Byggða-

stofnun, vinstri stefnu, hægri stefnu, slökum samgöngum, skorti á menningu, skorti á menntun, of fáum málverkasýningum, tíðarfari og svo framvegis. Hvernig sem menn rembast við að finna sennileg rök má samt ekki gleyma tækni- og upplýsingabyggingunni sem dregið hefur úr þörf á vinnuafli og þeirri staðreynd að unga fólkið menntar sig. Þjóðfélagið hefur gjörbreytt, ungt fólk er ekki lengur bundið sömu áttahagfjötrum og fyrri kynslóðir og því er frjálst að gera það sem hugur þess stendur til. Til þess að vega upp á móti þessu þarf að leggja megináherslu á atvinnumál á landsbyggðinni, allt annað er aukaatriði sem kemur síðar þegar samfélagið áttar sig.

### Áhrif höfuðborgarsvæðisins

Sá stóri markaður sem myndast hefur á höfuðborgarsvæðinu, mannaúdur og nýjar atvinnugreinar snerta að sjálfsögðu allt þjóðfélagið á marga lund auk þeirra efnahagslegu. Áhrif höfuðborgarsvæðisins eru þó ekki bundin landfræðilegum mörkum þess og njóta fjölmörg sveitarfélög góðs af nálægðinni. Sé þetta á annað borð rétt kenning og að því gefnu að samgöngnetið sé gott, má ráða af töflunni hér til hliðar að áhrifasvæðið nái til Suðurnesja, Borgarfjarðar og vítt um Árnessýslu.

Þau sveitarfélög sem næst eru höfuðborgarsvæðinu standa hvað best að vígi. Í nær öllum þeirra er hlutfallslega meiri fjölgun meðal fólks sem er yngra en 45 ára heldur en á landinu öllu. Þarna er vinnumarkaðurinn líka mun sterkari.

Fullyrða má að áhrif höfuðborgarsvæðisins séu innan fimmtíu til sjötíu kílómetra hrings frá Reykjavík miðað við loftlínu. Innan hans eru meðal annars öll Suðurnes, Akranes, nýtt sameinað sveitarfélag við Hvalfjörð og Melasveit og Borgarbyggð með Borgarnesi og jafnvel rúmlega það.



**FRÁ ÍSAFIRÐI** Bærinn hefur mikla sérstöðu og hefur þar náðst að draga meira úr fólksfækkun en annars staðar á Vestfjörðum. Þó hefur fólki yngra en 45 ára fækkað.



yfir landshlutfalli með þeirri undantekningu að neikvæðar tölur í þriðja dálki eldri borgara, eru í eðli sínu jákvæðar, sem merkir að sé hlutfall þeirra undir landshlutfalli eru yngri aldursflokkar fjölmennari og það er af hinu góða.

Nágrannasveitarfélögin Grundarfjarðarbær og Snæfellsbær standa mjög vel að vígi með fólki sem er yngra en 45 ára, aldurshópurinn er hátt í tíu prósent yfir landshlutfalli. Þar á eftir koma sunnlensku sveitarfélögin í Ölfusi og Hrunamannahreppur. Í fimmta sæti er Höfðahreppur sem betur er þekktur sem Skagaströnd og ætti það að vekja mikla athygli. Staðreyndin er hins vegar sú að þar hefur verið rekin öflug atvinnustefna með aðaláherslu á útgerð. Sveitarfélagið hefur verið leiðandi í mótun hennar auk þess sem öflugir einstaklingar hafa lagt sitt lóð á vogarskálarnar. Þetta

hefur skilað sér í unglegu samfélagi. Hins vegar er fólki á vinnu- markaðsaldri um 1,7 prósent undir landshlutfalli.

Séu sveitarfélögin á Austurlandi undanskilin vegna álsins og virkjunarframkvæmda, þá stendur Sveitarfélagið Ölfus vel að vígi með fólki á vinnu- markaðsaldri með tæplega eitt prósent umfram landshlutfall. Þar á eftir koma Bolungarvík og Seyðisfjörður, sem vekur nokkra undrun. Að vísu er Bolungarvík aðeins undir landshlutfalli með fólki undir 45 ára, en fólki á vinnu- markaðsaldri er aðeins yfir landshlutfalli. Á Seyðisfirði er greinilega sterkur markaður fólks á vinnu- markaðsaldri sem er að sjálfsgöðu jákvætt.

*Sigurður Sigurðarson er rekstrarráðgjafi og hefur meðal annars unnið að rannsóknum á byggðapróun fyrir Bygðastofnun.*

#### ÍSAFJÖRÐUR:

### Bærinn sterkur á mjög veikum svæði

Aldursþróunin á Vestfjörðum hefur verið mjög neikvæð á undanföllum tíu árum. Ungu fólki hefur fækkað um fjórðung og sömuleiðis hefur fólki á aldrinum 20 til 64 ára fækkað mikið á vinnu- markaðnum. Það merkilega er hins vegar sú staðreynd að samanburðurinn við landshlutfall er ekki svo ýkja óhagstæður fyrir og munar yfirleitt aðeins tæpum tveimur prósentum.

Ísafjörður hefur mikla sérstöðu og hefur þar náðst að draga meira úr fólksfækkun en annars staðar í landshlutanum. Þótt fólki yngra en 45 ára hafi fækkað þar um rúm 16 prósent á síðustu tíu árum er hlutfall aldurshópsins enn hærra en landshlutfallið.

Við nánari athugun sést að fólki á vinnu- markaðsaldri hefur fækkað um 6 prósent. Samt hefur þeim sem eru í eldri hlutanum á vinnu- markaðsaldri, 45 til 64 ára, fjölgað um tæp 3 prósent, en það er þó engin nýlunda á landsbyggðinni. Hins vegar er hlutfall fólks á vinnu- markaðsaldri aðeins 1,9 prósent lægra en landshlutfallið.

Merkilegt er þó sú staðreynd að þó að eldri borgurum hafi fjölgað um tæp 17 prósent á tíu árum er hlutfall þeirra svo til hið sama og landshlutfallið og það er hins vegar mjög sjaldgæft.

Hugsanlega eru þetta merki um að neikvæð aldursþróun á Ísafirði eigi skammt í það að stöðvast, jafnvel að þar fari að fjölga. Ýmislegt á Ísafirði bendir til að svo sé, t.d. uppgangur í byggingariðnaði, vöxtur í ferðaþjónustu og fleira.

Á Suðurlandi eru bæir eins og Þorlákshöfn, Hveragerði og Árborgarsvæðið innan áhrifasvæðisins. Auk þess má fullyrða að uppsveitir Árnassýslu njóti áhrifanna að meira eða minna leyti, og jafnvel má teygja svæðið langleiðina austur á Hvolsvöll sem raunar tilheyrir sveitarfélaginu Rangárfingi ytra.

Annars staðar utan áhrifasvæðis höfuðborgarinnar er aldursþróun íbúa neikvæð og er eiginlega sama hvar borið er niður. Áhrif höfuðborgarsvæðisins dvína eftir því sem lengra dregur og aldursþróunin verður neikvæð. Eyjafjarðarsveit virðist þó standa heldur skár og má vera að það sé vegna nálægðar við Akureyri, en Ólafsfjörður er fjær og virðist njóta lítils af þessum sterkasta bæ landsbyggðarinnar.

Önnur undantekningin er Austurbyggð, sem er nýtt sveitarfélag sjávarbyggða á Austurlandi og Fljótsdalshérað sem áður hefur verið nefnt. Þar hefur íbúum fjölgað og vinnu- markaðurinn styrkst líklega vegna álvers og virkjunarframkvæmda. En eins og er bent á í rammanum um Egilsstaði hér til hliðar er fjölgunin fyrst og fremst vegna erlendra farandstarfsmanna en vonir standa þó til að þegar framkvæmdum lýkur fjölgi þar fólki með íslenskt ríkisfang.

#### Ljósu punktarnir

Af þessari samantekt má vissulega ráða að miklir erfiðleikar steðji að sveitarfélögum á landsbyggðinni og það er í stórum dráttum rétt. Hins vegar eiga mörg sveitarfélög borð fyrir báru, sem þýðir að innviðir þeirra eru enn svo sterkir að áföll undanfarins áratugar hafa enn ekki náð að draga aldursþróunina að öllu leyti niður fyrir landshlutfall. Á meðfylgjandi töflu eru talin upp þau sveitarfélög sem standa vel að vígi miðað við landshlutfall. Blátt letur og jákvæðar tölur þýðir að þau eru

# FYRSTA PLATA

# JET BLACK JOE

## SÍÐAN 1994



„ÞVÍLÍK ENDURKOMA!“  
„PÁLL HEFUR ALDREI SUNGIÐ BETUR“  
„LÍKLEGA BESTA PLATA ÁRSINS HINGAÐ TIL“  
- ÍVAR PÁLL JÓNSSON, VIÐSKIPTABLAÐIÐ

„MELÓDÍSK LÖG, ÞRUNGIN KUNNUGLEGUM STÍL“  
- ORGELIÐ ALDREI LANGT UNÐAN“  
„GUNNAR BJARNI ER STÓRKOSTLEGUR HLJÓÐFERALEIKARI OG LAGASMIÐUR“ ★★★  
- HELGA ÞÓREY JÓNSDÓTTIR, MORGUNBLAÐIÐ

„NOKKUR LÖG Á PLÖTUNNI GÆTU KOMIST Í HÓP MEÐ ÞEIM BESTU Í SÖGU SVEITARINNAR“  
- FREYR BJARNASON, FRÉTTABLAÐIÐ

„FULL CIRCLE STENDUR VEL UNDIR ÞEIM VÆNTINGUM SEM GERÐAR ERU TIL SVO FORNFRÆGRAR HLJÓMSVEITAR“  
- ANDREA JÓNSDÓTTIR, RÁS 2

„FULL CIRCLE HEFUR AÐ GEYMA NOKKUR FRÁBÆR LÖG; 7, FAR AWAY, FULL CIRCLE...“ ★★★  
- TRAUÐI JÚLÍUSSON, DV

„...A PARTICULARLY SATISFYING RETURN TO FORM FOR JET BLACK JOE, AS SURE TO GLADDEN OLD FANS AS IT IS TO SURPRISE SKEPTICS.“ ★★★  
- THE REYKJAVÍK GRAPEVINE



WWW.COD.IS



# MARKAÐURINN

FYLGIR FRÉTTABLAÐINU ALLA MIÐVIKUDAGA



AUGLÝSINGASÍMI  
**550 5000**

VELFERÐ UMHVERFI NÝSKÖPUN



„Lifi  
Laugavegurinn!“

2 sæti

Margrét K. Sverrisdóttir,  
framkvæmdastjóri og  
varaborgarfulltrúi



VILTU SKJÓL Á  
VERÖNDINA?



MARKISUR



[www.markisur.com](http://www.markisur.com)

Firein Fjárfesting ehf

REX


Dalbraut 3, 105 Reykjavík • Nánari upplýsingar í síma  
567-7773 og 893-6337 um kvöld og helgar

FRÉTTABLAÐIÐ

AUGLÝSINGASÍMI  
**550 5000**

ÚRVAL LJÓSAKRÓNA

Opið laugardag kl.: 11-16



Rafkaup

Ármúla 24 • S: 585 2800



Sjálfstæðisflokkurinn

Sjálfstæðismenn hugsa sér gott til glóðarinnar enda hefur flokknum gengið vel í skoðanakönnunum. Þeir ætla að hittast á Hótel Nordica á Suðurlandsbraut klukkan 22 og fylgjast með talningu atkvæða. Jón Kristinn Snæhólm, kosningastjóri flokksins í Reykjavík, er vígreifur og lofar því að fjörið verði á sínum stað þar sem menn ætli að fagna ærlega sigri. „Þetta er aðeins spurning um hvort við fáum sjö eða átta menn. Hvort sem er þá er það sigur fyrir okkur,“ segir Jón Kristinn og býður alla velkomna.

## Hvar verða partíin?

Þegar kjörstöðum er lokað klukkan 22 tekur við spennandi bið eftir úrslitum kosninganna og flokkarnir tryggja vitaskuld sér og sínum athvarf til að fylgjast með framvindunni. Fréttablaðið kannaði hvert má fara í leit að raf-

### Samfylkingin



Dagur B. Eggertsson, oddviti Samfylkingarinnar í Reykjavík, lofar rífandi stuði á „Sigurhátíð“ á Hótel Íslandi í kvöld. Reykjavíkurlistinn hélt sínar kosningavökur alla jafna á Broadway og þekkingu eiga margir Samfylkingarmenn því góðar minningar þaðan og vona vitaskuld að ein slík bætist við í kvöld. Plötusnúður þeytir skífum og sér til þess að hægt verður að dansa og tjúttu fram á nótt. Húsið opnar klukkan 21 og allir eru velkomnir.

### Framsóknarflokkurinn



Spennan er sjálfsgott óviða meiri en í herbúðum Framsóknarflokksins enda mikið í húfi þessar kosningar. Þeir sem leggja leið sína í Þjóðleikhúskjallarann upp úr klukkan 22 ættu að minnsta kosti að komast í tæri við rafmagnað andrúmsloftið og gæti því lyktað með trylltum fagnaðarlátum ef lánið leikur við Björn Inga og félagi.

### Vinstri græn



Stundum er sagt að listamenn hneigist alla jafna til vinstri. Hvort sem það er rétt eða ekki höfðu Vinstri græn uppi á þremur tónlistarmönnum innan sinna raða sem mynda VG-tríóíð og ætla að halda uppi fjörinu á kosningavöku flokksins í Tónlistarhúsinu Ými í Skógarhlíð. Þeim til halds og trausts verður hljómsveitin Barduka en risastórir sjónvarpsskjáir verða á svæðinu til að tryggja að úrslit kosninga fari ekki framhjá neinum. Húsið er opnað klukkan 21 og allir eru velkomnir.

### Frjálslyndi flokkurinn



Er nokkur staður meira viðeigandi til að halda kosningavöku í Reykjavík en Hótel Borg? Það finnst Ólafi F. Magnússyni og frjálslyndum félögum hans að minnsta kosti ekki og bjóða kjósendum á kosningavöku í hjarta borgarinnar upp úr klukkan 22.



**HONDA**  
The Power of Dreams



## Accord Kraftur



Færi á 190 hestafla Accord krafti sem samhæfir  
meistaralega Honda gæði og Honda gott verð

[honda.is](http://honda.is)



Komdu og sannreyndu hvernig hinn nýi Honda Accord er jafnvígur í samkvæmið sem á keppnisbrautina. Með 2,0 lítra 155 hestafla standardvélinni eða 2,4 lítra og 190 hestafla eldflaug, sem þú átt val um, finnur þú kraftinn og lúxusinn sem hentar þinni akrein í lífinu. Sportleg og straumlínulöguð hönnunin umlykur Accordþægindin. Spennandi nýjungar og enn ríkulegri staðalbúnaður færir nýjan Honda Accord feti framur samkeppninni. Komdu og finndu kraftinn þinn – ræstu Accord.









# í Bónus!



BÓNUS PYLSUR  
**479** KR.  
Merkt verð 599 KR.

TÓMATSÓSA  
**98** KR.  
KÍLÓ!



SINNEP  
**89** KR.  
500g



STEIKTUR LAUKUR  
**69** KR.  
200g

## Gott við grillið!



BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS



### Bónusfeti

BÓNUSFETA  
**198** KR.  
250g

Sólpuurkaðir tómatar  
300g



SÓLPURKAÐIR TÓMATAR  
**179** KR.  
300g

Hvítlaukur í olíu - 250g



HVÍTLAUKUR Í OLÍU  
**179** KR.  
250g



7up FREE  
**95** KR.  
2 LÍTRAR



250g túnfiskssteikur  
GÓÐAR Á GRILLIÐ  
OG PÖNNUNA

FROSIN  
TÚNFISKSSTEIK

**99** KR.  
250g

### Frábært úr frystinum!



2 MAÍSKÓLFAR  
**98** KR.  
450g

### Sjáðu verðið!

LOKKANDI OG LJÚFT Á GRILLIÐ

### Sorbetís



Ítalskur sorbetís  
**359** KR.  
400 ml box

ÍTALSKUR FITUSNAUÐUR SORBETÍS - MINNA EN 1% FITA!

Klárt í sólina!

[www.bonus.is](http://www.bonus.is)



## STUÐ MILLI STRÍÐA Úr 101 Reykjavík upp á jökul

JÓHANNA SVEINSDÓTTIR STEIG ÚT ÚR ÞÆGINDAHRINGNUM



Ég hreinlega verð að segja ykkur frá nýju lífsuppgötvuninni minni.

Þetta byrjaði allt á því að mér, drottningu miðbæjarlífsins, var boðið með í ferð upp á jökul þar sem ætlunin var að klífa ís. Litla borgarrottan hún ég skildi því háu hælana og maskarann eftir heima, skellti broddum undir gönguskóna og þrammaði eins og bjáni af stað með exi í hendinni upp á jökul í leit að sprungu til að hamast í.

Eftir nokkuð labb og fikr á bröttum jökulbreiðum var kerlingin farin að þreytast nokkuð í rassvöðvum og farin að sakna mjúka

sófans á Kaffi Óliver. En þegar fráír fætur náðu loks niður í jökulsprunguna fuku allar minningar um 101 Reykjavík út í veður og vind.

Vígaleg með hjálm og axir, línur og brodda réðst ég til atlögu við ísvegginn og barði mér leið upp að brúninni eins og sónn hetja. Ég fann hvernig vöðvarnir öskruðu af álagi, heyrði Mission Impossible lagið óma í huga mínum og orgaði af krafti meðan ég hífði mig upp á aflinu og atorkunni einni saman ... ókei, þetta var kannski ekki alveg þannig. Eiginlega komst ég bara upp fjóra metra og orgaði meira af þreytu og eftir að ég gafst auðmjúk upp fyrir náttúruöflunum þá danglaði ég fram og til baka í

öryggislínunni eins og grjónapoki og gat hvorki hreyft legg né lið.

Stuttu seinna hvíldi ég lúinn líkamann við ilinn frá grillinu og meðan ég gæddi mér á grilluðum súkkulaðibanana horfði ég á ponsu ískubba fljóta á jökullóninu og falleg fjöll í fjarska. Og fjarskalega leið mér vel.

Og þá uppgötvaði ég það, að lífið snýst um að stíga út úr þægindahringnum. Við eigum öll okkar rútínu sem við teljum lífið snúast um. En lífið á ekki að vera fast í einum farvegi, það er ekki líf, það er áætlanafær. Því þurfum við að stíga út úr þægindahringnum og reyna eitt-hvað nýtt. Munuð að þeir hugrökku lifa kannski skemur en þeir varkáru lifa hreint ekki neitt. Góða helgi.



# X

2006

Um helgina ganga landsmenn til sveitarstjórnarkosninga. NFS byrjar strax kl. 10 á laugardagsmorgun og stendur vaktina allan daginn með nýjustu fréttir af kosningum og lifandi umræður um frambjóðendur og flokkana.

Kosningavakan hefst strax að loknum kvöldfréttum og fá áhorfendur glóðvolgar fréttir af niðurstöðum kosninganna um leið og þær berast, ásamt því að fá hita og spenning frambjóðenda beint í æð.

## STÆRSTA KOSNINGASJÓNVARP Í SÖGU ÍSLANDS

Hefst í dag kl. 10 og stendur í 34 klukkustundir



digital island | vísir

## myndasögur

### ■ Pondus

Ég hringdi bara til að láta þig vita að hún var í klippingu.



Ég lofaði að hringja þegar hún færi frá mér...



Nú vona ég að þú standir við þinn hluta samkomulagsins. Ókeypis mánaðarkort. Já! Fínt!



Ég var í klippingu eins og þú sérð.



Eftir Frode Överli

### ■ Gelgjan



Eftir Jerry Scott & Jim Borgman

### ■ Kjölturakkar



Eftir Patrick McDonnell

### ■ Barnalán



Eftir Kirkman/Scott

AUGLÝSINGASÍMI  
**550 5000**  
FRÉTTABLAÐIÐ





# Verðhrun!



Settu X við BT

**0% VEKTIR**  
**Ódýrasta**  
fartölvun á Íslandi!

**Alþjóðleg ábyrgð**  
Ef þú ert að fara að ferðast þá er gott að vita af því að Tölvun er í ábyrgð hvar sem þú ert.


**Práðlaust net**

Vélin er með innbyggðu práðlausu neti sem er nauðsynlegt í ferðavélum í dag. Nýjasti 54Mbps staðallinn að sjálfsgöðu.



**Risa diskur!**

Loksins nóg pláss á fartölvunni, getur geymt ógrynni kvikmynda og annað sem tekur mikið pláss t.d. Videovinnslu.



**Veldu Toshiba!**

Toshiba fann upp fartölvuna fyrir meira en 20 árum og hefur verið leiðandi í þrón, hönnun og sölu á þeim alla tíð síðan. Toshiba hefur ávallt verið þekkt fyrir hæstu gæði og bestu þjónustu sem völ er á - spurðu þá sem eiga Toshiba.



20<sup>th</sup> anniversary



x2 FYLGIR

Þú velur gæðisluform sem hentar þér

## TOSHIBA

- PSL2XE-01201MED
- TOSHIBA SATELLITE L20-153**
- Intel® Celeron M 360
- 512MB DDR Minni (Mest 1GB)
- 40GB diskur
- 15" XGA skjár (1024 x 768 upplausn)
- ATI Radeon® Xpress 200M
- DVD Super Multi brennari
- VGA, TV-OUT
- 33.2 x 27 x 3.7cm, 2.7 kg
- Práðlaus netstýring 802.11BG
- Windows XP Home
- 2 ára alþjóðleg ábyrgð á vinnu og varahlutum

20.000kr. lækkun

69.988

2.234\*

VÁÁÁÁ

2.234\*  
Tölvukauplán 48 mán.

5.799\*\*  
Vaxtalaust 12 mán.

69.988  
Staðgreitt

## Harður diskur



Hannaður af Porche

LACIE

300700EK  
LaCie 160GB  
USB2.0 7200 RPM

11.999

12.999

Taktu atrið af sumarmyndunum!

## MP3 spilari

SONY

NWE405B  
SONY MP3 512MB SVARTUR 405

- Aðeins 37gr
- 50 klist ending á hleðslu
- 3 klist hleðsla á 3 mín



SONY GÆÐI


Snilldargræja á botnverði

Verðlækkun!

9.999

11.999

## DVD spilari



DENVER®

DENVER DVD SPILARI DVD-816

- Spilar MP3 og WMA skrár og skrifaða diska
- Fjölkerfa og NTSC/PAL samhæfur

Spilar allt!

6.999

## Flottasta græjan


Taska fyrir MP3 spilara með innbyggðum hátalara!

Algjör snilld!

Tilvalið í útileguna!



2.999



Hvaða fáviti verðlagði þetta?!



699  
Hver mynd

Ódýrustu DVD myndirnar

BT



**Kl. 14.00**

Jónas Kristjánsson flytur fyrirlestur í Þjóðminjasafni Íslands um leiðangur Þorfinns Karlsefnis til Vínlands hins góða.

# menning

menning@frettabladid.is

## Hlegið dátt á Hláturtíð

Hláturinn lengir lífið og léttir geðið en nú í vor hefur staðið yfir heljarinnar hláturtíð í Borgarleikhúsinu. Þeir sem enn hafa ekki séð sér fært að skella upp úr eða leggja það ekki almennt í vana sinn að hlæja hafa tækifæri til þess að kynna sér tækni hláturjoga á námskeiði sem haldið verður í leikhúsinu annað kvöld.

Ásta Valdimarsdóttir og Kristján Helgason hláturjógakennarar hafa um nokkurt skeið kynnt þessa aðferð hérlendis en hún var upphaflega þróuð af Dr. Madan Kataria, indverskum lækni sem rannsakað hefur jákvæðar afleiðingar hláturs. Aðferðin byggist í grunninn á því að sameina hlátur og jógaöndun og þeirri trú að



ÁSTA VALDIMARSDÓTTIR HLÁTURJÓGAKENNARI

allir geti hlegið án þess að hafa frábært skopskyn eða stöðugt grín í kringum sig. Líkaminn gerir ekki greinarmun á alvöru innilegum hlátri og hlátri sem komið er af stað með skemmtilegum æfingum sem þátttakendur prófa á námskeiðinu en mikilvægt er allir hlæja með en ekki hver að öðrum. Ásta og Kristján hafa ferðast víða um land og haldið námskeið fyrir fyrirtæki og stofnanir en þau standa einnig fyrir „Hláturkæti-klúbbnum“ sem heldur reglulega opna hláturjógatíma í húsnæði verslunarinnar Maður lífandi í Borgartúni í Reykjavík.

Námskeiðið fer fram í Borgarleikhúsinu kl. 20 annað kvöld.

### Ekki missa af...

Íslandsvinagöngu í nafni íslenskrar menningar og náttúru í dag. Lagt verður af stað frá Hlemmi kl. 13.00 og endað á Austurvelli þar sem boðið verður upp á fjölbreytta dagskrá.

Danssýningum á vegum Trans Dance Europe í Borgarleikhúsinu. Spannandi verk frá Belgíu og Danmörku í kvöld og pólskar ástríður á morgun.

Óvenjulegum 15:15 tónleikum í Norræna húsinu á sunnudaginn. Nærandi tónlist fyrir sálina, þar sem með fögnum tónum verða flutt glettnisleg ljóð og rómantískar kvöldlokur.

## Dramatískt Hlutskipti

Skagaleikflokkurinn skreppur í bæinn um helgina og sýnir nýjasta leikrit Kristjáns Kristjánssonar, Hlutskipti, í Bæjarleikhúsinu í Mosfellsbæ í kvöld kl. 19. Leikstjóri sýningarinnar er Inga Bjarnason. Gagnrýnendur hafa lokið lofsorði á sýninguna og hlaut hún nýlega sérstaka viðurkenningu Þjóðleikhússins í vali á áhugaleiksflokkum ársins. Í umsögn

Þjóðleikhússins kom fram að um væri að ræða afar metnaðarfullt fjölskyldudrama þar sem athyglisverð úrvinnsla í handriti hefði gefið leikhópi og leikstjóra tækifæri til að skapa eftirminnilega sögu á sviðinu.

Kristján Kristjánsson hefur áður skrifað verkin Alltaf má fá annað skip og Lífðu - yfir dauðans haf fyrir leikflokkinn.

- khh



SKAGALEIKFLOKKURINN SÝNIR HLUTSKIPTI Sýning í Bæjarleikhúsinu í Mosfellsbæ í kvöld.



BRAGI ÁSGEIRSSON MYNDLISTARMÁÐUR „Myndlistin er hverfipunktur í mínu lífi og hefur alltaf verið, það snýst allt í kringum hana.“

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## „Myndlistin er enginn hasar“

Í dag opnar sýning á málverkum Braga Ásgeirssonar í Galleríu Fold en listamaðurinn fagnar 75 ára afmæli á morgun.

Bragi Ásgeirsson er um margt brautryðjandi í íslensku myndlist, sem listamaður, kennari og gagnrýnandi hefur hann mótað víðtökur landsmanna á nútímalist og lagt sitt af mörkum til þess að efla skilning kynslóðanna á mikilvægi listarinnar. Rúmlega fimm ár eru liðin frá síðustu einkasýningu Braga en rúm fimm tíu frá þeirri fyrstu sem hann hélt í Listamanskálanum við Kirkjustræti.

Á sýningunni í Galleríu Fold eru tæplega fimm tíu verk sem Bragi hefur málað á undanföllum fimm árum. „Það eru líka örfáar eldri myndir sem hafa ekki verið sýndar áður en falla inn í sýninguna, inn í heildina.“ Hann kveðst ekki hafa neina yfirskrift eða meginþráð til hliðsjónar heldur fylgja jafnan eigin þræði, listin spretti af hans eigin frumkvæði þegar áhrifin úr umhverfinu, landslaginu, veðráttunni og skapgerð hvers dags komi saman.

Bragi segist reyna að koma á vinnustofuna sína á hverjum degi og áréttar að listamaður eigi ekki marga frídaga. „Auðvitað á ég mér önnur áhugamál en það er erfitt að telja þau öll upp. Myndlistin er hverfipunktur í mínu lífi og hefur alltaf verið, það snýst allt í kring-

um hana,“ segir hann og kveðst því skiljanlega hafa mikinn áhuga á ferðalögum og listsýningum.

Verk Braga þykja kröftug og tilfinningarík en þau hafa alla tíð einkennst af djarfri litameðferð, fágúðum línunum og sterkri myndbyggingu. Á síðari árum hafa verk hans orðið einfaldari og kyrrari en um leið sterk og grípanði. Verk Braga eru í eigu allra helstu listasafna landsins og á mörgum erlendum söfnum. Verk hans eru enn fremur í eigu fjölmargra stofnana og fyrirtækja sem og í einkasöfnum víða um heim.

Bragi hefur starfað sem listgagnrýnandi Morgunblaðsins um árabíl og fylgist með listalífi hérlendis og erlendis af miklum áhuga og elju. Hann segir að það sé þó örðugara nú til dags þar sem sýningarstöðum hérlendis hafi fjölgað mjög og sýningarhaldið sé dreifðara. „Þetta er svo mikill glundroði, svo mörg lítil gallerí sem vakna og deyjá eins og fiðrildi, eins og dægurflugur. Fólk er að sýna verk í heimahúsum og það er ekki nokkur leið að fylgjast með þessu öllu. Þetta færir fólk frá, það eru til að mynda fáar stórar samsýningar.“

„Núna er málverkið ofan á en menn verða að passa sig að einangrast ekki. Það er ekki verið að rífa niður hugmyndafræðilega list en þegar hún er ofan á er sífell verið að rífa niður málverkið, tala illa um það. Það er ekki rétta pólitíkin. Þetta getur þrífist hvert fyrir sig og saman. Þessi svonefnda

nútímalist í dag er rangnefni. Þetta ætti að heita fjöltækni, það er svo margt í henni, leiklist, ljóðlist og allt mögulegt. Myndlistin kemur inn á klassísku miðlana, málverkið, teikninguna, höggmyndir og grafík. Þetta þarf að aðskilja.“

Bragi hefur einnig sitthvað að segja um þá sjónarspilsáráttu sem brýst fram í myndlistinni. „Það er svo mikið show og flipp. Fólk er að gera þetta hefur voða gaman af en fáir aðrir,“ segir hann. Í því tilliti eru tengsl milli listamannsins og áhorfandans rofin því listamanninum er sama um áhorfandann en áherslan færir á sjónarspilið. „Myndlistin er enginn hasar heldur grafalvarlegt atriði sem gerir miklar kröfur,“ segir hann spskur. „Nám í myndlist gerir ekki minni kröfur en nám í læknisfræði, þess vegna gengur maður ekki syngjandi í gegnum þann skóla.“

Sýningin er haldin að frumkvæði Galleríu Foldar og sjálfur hafði Bragi ekki í hyggju að fagna afmælinu sérstaklega. „Ég er ekkert að fela mínar myndir en ekki heldur að þrýsta þeim fram,“ útskýrir hann og kveðst hafa ætlað sér að vera staddur erlendis þegar tímamótin rynnu upp en þurft að breyta þeirri tilhögun. Hvað framhaldið varðar segist hann einfaldlega ætla að halda áfram að lifa.

Sýningin opnar kl. 15 í dag og stendur til 11. júní.

- khh

**Geisladiskurinn er komin út!**  
Ronja kemur í heimsókn, tekur lagið og áritar diskinn í Skíflunni í Kringlunni, í dag klukkan 15:00.

**BORGARLEIKHÚSIÐ**



# Listahátíð fagnað á Austurlandi

Listahátíð teygir sig um víðan völl og á morgun verður mikið um dýrðir á Austurlandi. Breska söngsveitin I Fagiolini heldur tónleika í Kirkju- og menningarmiðstöðinni á Eskifirði og flytur tónleikadagskrána „Brennandi hjarta“ þar sem mörg frægustu verk ítalska endurreisnartónskáldsins Claudio Monteverdi verða flutt. Síðar um kvöldið gefst gestum síðan tækifæri á að hlýða á meistaraverk Haydns, Sköpunina, í flutningi Sinfóníuhljóm-sveitar Norðurlands undir stjórn Guðmundar Óla Gunnarssonar og með fulltingi valinkunnra listamanna.

Meðal þeirra sem koma fram eru einsöngvararnir Keith Reed, Xu

Wen, Tinna Árnadóttir, Þorbjörn Rúnarsson og Þorbjörn Björnsson en þess má geta að þau þrjú síðastnefndu eru fyrrverandi nemendur Keiths Reed sem er einn mesti frumkvöðull á sviði óperutónlistar þar eystra og stofnandi Óperustúdíós Austurlands og Kammerkórs Austurlands. Keith segist fullur eftirvæntingar vegna tónleikanna og ánægður með framtakið. „Tónlistin er bráðfalleg, Sköpunin er magnað verk en mjög erfitt og krefjandi.“ Hann telur mikilvægt að skapa tækifæri fyrir listafólk á svæðinu til þessa koma í veg fyrir að héraðið missi sitt góða listafólk í burtu. „Það er líka svo fallegt hér á Eskifirði og gaman að koma aftur heim



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT NORÐURLANDS Metnaðarfullir tónleikar um helgina.

og vinna með góðu fólki,“ segir Keith en hann er nú búsettur á höfuðborgarsvæðinu.

Tónleikar I Fagiolini verða haldnir kl. 16 en Sköpunin verður flutt kl. 20. Á milli tónleikanna gefst gestum

kostur á þriggja rétta kvöldverði sem borinn verður fram í nýrri og glæsilegri sundlaugarbyggingu Eskifirðinga. Hópurinn mun síðan flytja Sköpunina á tónleikum í Egilsstaðakirkju á morgun kl. 15. - khh

**KALDÁRSEL**  
sumarbúðir fyrir káta krakka  
Skráningarsími  
**588 8899**

**www.sturta.is**  
allan sólarhringinn!  
Pú verður bara líka...  
Reykjavíkuvægur 64, Hafnarfjörður.  
Sími: 565-5566  
sturta.is



LITRÍK VERK Halldór blandar litunum vel saman og í myndunum má einnig greina ýmis form. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

## Blindlist

Nú fer hver að verða síðastur að kílkja á sýningu á verkum Halldórs Dungals sem hanga uppi á kaffihúsinu Café Milanó í Faxaferni. Það sem gerir þessa sýningu sérstaka er sú staðreynd að listamaðurinn er blindur en hann lætur það þó ekki aftra sér frá því að skapa fallegar myndir. Halldór sýnir tólf litrík olíumálverk á sýningunni og eru ellefu þeirra máluð eftir að hann missti sjónina eftir slysi fyrir sex árum. Halldór malar nú eftir minni en hann hefur alla tíð málað mikið og fór á sínum tíma í nám í Myndlistar- og handíðarskólanum. - snæ

# HELGARTILBOÐ!

**1.799kr.**

**Lordi**  
Arockalypse

**1.799kr.**

**Tool**  
10,000 Days

**1.799kr.**

**Neil Young**  
Living With War

**2CD**  
**2.199kr.**

**Eurovision 2006**  
Öll lögin sem kepptu í Athens

**2CD**  
**1.799kr.**

**Til hamingju Ísland!**  
20 ÁR Í EUROVISION

**2CD**  
**2.199kr.**

**Red Hot Chili Peppers**  
Stadium Arcadium

**PS2**  
**4.999kr.**

**Da Vinci Code**

**DVD**  
**1.999kr.**

**Brokeback Mountain**

**DVD**  
**3.799kr.**

**Family Guy**  
Sería 4

Umsóknafrestur fyrir skólavist 2006 / 07

# 7 júní

Háskólanám í LBHÍ grunnur að framtíð

Umhverfisskipulag  
Búvísindi  
Náttúru- og umhverfisfræði  
Skógræði og landgræðsla

Kynntu þér námsleiðir við LBHÍ,  
www.lbhi.is



Landbúnaðarháskóli Íslands  
Hvanneyri • 311 Borgarnes • s. 433 5000  
www.lbhi.is

**MESTA ÚRVALIÐ ER Í SKÍFUNNI**  
YFIR 20.000 TITLAR AF TÓNLIST, DVD OG TÖLVULEIKJUM



skemmtir þér :)



Café/Restaurant



Stuðbandalagið  
frá Borgarnesi  
í kvöld

Stór og fjölbreyttur sérráttasæðill  
ásamt tilbodsæðli öð kvöld.

á góðri stund

**LOKAUPPGJÖRIÐ**



**X-MEN**  
HEIMSFUMSYND 26x05x06

**SMS LEIKUR**  
SENDU SMS SKEYTIÐ  
JA XMF Á NÚMERIÐ  
1900 OG ÞÚ GÆTIR UNNIÐ  
MIÐA FYRIR TVO!

9. HVER VINNUR!

VINNINGAR ERU:  
BÍOMÍÐAR FYRIR TVO  
DVD MYNDIR  
TÖLVULEIKIR  
X-MEN VARNINGUR  
OG MARGT FLEIRA!

PlayStation 2

sjáðu myndina!  
spilaðu leikinn!

www.xm.is

BÍÓ.IS

MOBILE

DS

X

VINNINGAR VERÐA AFHENDIR HJÁ BT SMARALIND. KÓPAVAÐI, MEÐ ÞVI AD TÁKA ÞATT ERTU KOMINN Í SMS KLÚB. 99 KR/SKEYTIÐ.

## Málverk malla í Kröfluhrauni

Þýski listamaðurinn Rudolf Reiter opnar sýningu í Listasafni Akureyrar í dag. „Sýningin skiptist í fjóra fasa og minnir um margt á upprisuna“, segir Hannes Sigurðsson, forstöðumaður safnsins. „Reiter kom hingað til lands fyrir ári til að kanna aðstæður og finna hentugan stað til að sökkva myndum sínum í eld. Fyrir valinu varð gífurlega stór gjá í Kröfluhrauni, en þarna í iðrum jarðar munu verk hans malla á lágum hita í 3-4 vikur. Að því búnu verða verkin sótt og höfð til sýnis í þeirri mynd sem náttúran hefur skilað þeim af sér. Þetta er ferlið og verkin fullgerð þegar þau koma upp úr gjánni,“ heldur Hannes áfram. Verkin málaði Reiter að lokinni Íslandsför sinni en um 10 metra stóra stranga er að ræða sem verða til sýnis í Ketilhúsinu á Akureyri, áður en þeir verða matreiddir í Kötlugjánni og loks aftur færðir í hús til sýnis. Verkin hafa einnig verið til sýningar í Þýskalandi, nú síðast á flugvellingum í München.

Sýning listamannsins er gjörningur sem ber heitið „Tími endurkomunnar“ („Zeit der Widerkehr“) og er síðasti liðurinn í heimsfræðilegum gjörningi hans. Hann hófst fyrir rúmum áratug þegar Reiter gróf nokkrar myndir í jörð á Ólympíuleikvanginum í München. Reiter er að sögn Hannesar mikill gjörningarmaður og vinnur töluvert með náttúruna í list sinni. „Þessi lokagjörningur þar sem hann lætur eldinn vinna með verkin er partur af þema hans sem tengist frumefnunum fjörum, vatni, lofti, jörð og eldi. Fyrir utan að grafa verk í jörð þá dýfði listamaðurinn verki í Atlantshafið og lét hafið handleika það. Þá tók hann annað verk og hengdi það upp í námunda við hraðbraut



ELDVERKIN EFTIR RUDOLF REITER Heimsþekktur listamaður nýtir sér náttúruöflin.

FRÉTTABLAÐIÐ/KK

í Þýskalandi og lét það blakta í vindinum. Það er umbreytingin sem slík, bæði í okkar eigin lífi og eins í náttúrunni sem Reiter er að koma til skila með þessum gjörningi sínum“, segir Hannes og bætir við að það verði mjög spennandi að sjá hver útkoman verði þegar Kröfluhraunin hefur mallað verkin í allt aðra mynd en þá upprunalegu. Með listamanninum verður frítt föruneysi aðdá-

enda, blaðamanna og kvikmyndagerðarmanna, en í vinnslu er heimildarmynd um þau verk sem listamaðurinn hefur unnið og mun vinna, bæði hið ytra og hérlandis.

Aðstandendur sýningarinnar eru Listasafn Akureyrar, Ícelandair og Menningarmiðstöðin í Listagili. Sýningin verður opnuð í Ketilhúsinu kl. 15 í dag.

- brb

**Samfylkingin | Reykjavík 2006**

**Borgarstjórnarkosningar  
27. maí**

# Allir saman nú!

Vantar þig akstur á kjörstað?

Hringdu í  
síma 578 0880

Komdu í kaffi!

Samfylkingin býður kjósendum í kaffi á Broadway kl. 14-18

Kosningavaka Samfylkingarinnar verður á Broadway

Líf og fjör  
Húsið opnar kl. 21:00  
Aðgangur ókeypis

Kosningamiðstöðvar opnar frá 9-22

Heitt kaffi á könnunni og nánari upplýsingar um kjörstaði og kjörskrá

**XS**

**allir með**

Skúlagata 51  
sími 578 0880

Vesturgata 5  
sími 578 3378

Mjódd (Vísu-húsið)  
sími 824 3371

Laugavegi 12b  
sími 824 3362



**HVAÐ? HVENÆR? HVAR?**

MAÍ

24 25 26 **27** 28 29 30

**Laugardagur**

**TÓNLEIKAR**

- 09.00 **Kársneskórarnir** halda marabontónleika í **Félagsheimili Kópavogs**.
- 20.00 Hljómsveitir **Mount Eerie, Woelv, Micah Blue Smaldone** og **Rökkurró** spila í **Gamla bókasafninu** í Hafnarfirði.
- 23.00 Pönksveitin **Morðingjarnir** halda útgáfutónleika á **Grand Rokk**.

**OPNANIR**

- 15.00 Þýski myndlistarmaðurinn **Rudolf Reiter** opnar sýningu í **Listasafni Akureyrar**.
- 17.00 **Þórunn Hjartardóttir** opnar sýningu í gallerí **Suðsuðvestur** í **Reykjanesbæ**.

**ÚTIVIST**

- 14.00 Ganga um gamla verksmiðju-hverfið á **Gleráreyrum** á vegum **Minjasafns Akureyrar**. Lagt verður af stað frá bílastæðinu sunnan við **Glerártorg**.

**FYRIRLESTRAR**

- 13.30 **Jan-Christoph Hauschild** heldur fyrirlestur um þýska skáldið **Heinrich Heine** í **Þjóðarbókhöðunni** á vegum **Goethe Centrum**.
- 14.00 **Jónas Kristjánsson** heldur fyrirlestur á **Þjóðminjasafni** Íslands

**DANSLIST**

- 17.00 **Trans Dance Europe** í **Borgarleikhúsinu**. Dansverkið

**www.sturta.is**  
allan sólarhringinn!

Reykjavíkuregur 64, Hafnarfjörður.  
Ótrúleg verð!!!  
Sturta.is  
Sími: 565-5566

**Le Sing**  
Syngjandi þjónar  
Ein vinsælasta leiksyning landsins.  
Alla laugardaga  
Alltaf jafn fersk - alltaf jafn skemmtileg  
**BROADWAY**  
Sími: 533-1100

**GERÐUBERG**

Jón Ólafsson  
**Kvunn dagsfólk**  
Ketill Larsen  
**Andblær frá öðrum heimi**  
Guðjón Stefán Kristinnson  
**Sagnir og seiðmenn**

Athugið að í júní og ágúst eru sýningar opnar virka daga kl. 11-17.  
Lokað vegna sumarleyfa 1. júlí - 14. ágúst

**Vissir þú...**  
...að í **GERÐUBERGI** er fjölbreytt og góð aðstaða fyrir fundi fyrirlestra, námskeið og ráðstefnur?

**www.gerduberg.is**

AUGLÝSINGASÍMI  
**550 5000**  
FRÉTTABLAÐIÐ

**OBSTRUCSONG** eftir **Palle Granhøj** verður sýnt kl. 17 og **Hélium** eftir **Patric Bonté** kl. 20.00.

**UPPÁKOMUR**

- 10.30 Fjölbreytt afmælisdagskrá í **FIH** frá morgni til kvölds. Íslandsmet í Rythm Change, kaffihús, afróðans, trommukennsla og fjölmargar hljómsveitir nemenda og kennara.
- 13.00 **Íslandsvinir** standa fyrir göngu frá **Hlemmi**, niður **Laugaveg**

sem endar með útifundi á **Austurvelli** þar sem fjölmargir listamenn munu koma fram.

**SKEMMTANIR**

- 00.00 Dúettinn **Sessý** og **Sjónni** leikur á **Paddy's** í **Reykjanesbæ**.
- 20.00 Kosningavaka, dansleikur og félagsvíst á vegum **SÁÁ** í **Ásgarði** að **Stangarhyl 4**.

Upplýsingar um viðburði og sýningar

**LITLA HRYLLINGSBÚÐIN**  
Sett upp í samstarfi við Leikfélag Akureyrar

LAU. 27. MAÍ KL. 15 - Aukasyning - **ÖRFÁ SÆTI LAUS**  
LAU. 27. MAÍ KL. 19 - **UPPSELT**  
LAU. 3. JÚNÍ KL. 19 - **ÖRFÁ SÆTI LAUS**  
LAU. 3. JÚNÍ KL. 22 - Aukasyning  
FIM. 8. JÚNÍ KL. 19 - Aukasyning  
LAU. 10. JÚNÍ KL. 19 - **NOKKUR SÆTI LAUS**

Frábær sýning sem hefur slegið aljarlega í gegn. Sýnd í Óperunni í maí og júní. Miðasala hafin

www.opera.is | opera@opera.is | Sími: 511 4200

Miðasalan er opin alla daga nema mánudaga frá kl. 14-18 og fram að sýningu sýningardaga Símasala kl. 10-18. Þriðjudaga - föstudaga. Miðasala á Óperuvefnum allan sólarhringinn

ÍSLENSKA ÓPERAN

**Þjóðleikhúsið - leikhúsið þitt!**

**STÓRA SVIÐIÐ KL. 20.00**  
FAGNAÐUR  
8. sýn. í kvöld lau. 27/5 nokkur sæti laus, 9. sýn. sun. 28/5 örfá sæti laus.  
**Allra síðustu sýningar í vor.**  
GALDRASKYTTAN - DER FREISCHÜTZ  
Frumssýning fös. 2/6 uppselt, mið. 7/6, fös. 9/6, lau. 10/6. **Aðeins þessar 4 sýningar. Samstarfsverkefni Sumaróperunnar, Sinfóníuhljómsveitar unga fólksins, Dansleikhússins og Listahátíðar í Reykjavík.**

**KASSINN KL. 20:00**  
PÉTUR GAUTUR  
Sala hafin á sýningar í september.  
Fös. 15/9 nokkur sæti laus, lau. 16/9 örfá sæti laus, sun. 17/9 nokkur sæti laus.  
UMBREYTING - LJÓÐ Á HREYFINGU  
Í kvöld lau. 27/5, sun. 28/5 nokkur sæti laus. **Allra síðustu sýningar í vor. Brúðleikhús fyrir fullorðna. Samstarfsverkefni Þjóðleikhússins og Listahátíðar í Reykjavík.**

**PURÍÐUR OG KAMBRÁNÍÐ**  
Fös. 2/6 nokkur sæti laus.  
**Leikfélag Selfoss - Athyglisverðasta áhugaleiksýning ársins.**

**LEIKHÚSKJALLARINN**  
**Art, Truth and Politics - Nóbelsræða Harolds Pinter.**  
Uptaka sýnd í Leikhúskjallarunum að loknum sýningum á Fagnaði.  
**Leikhúskjallarinn - gerðu meira úr góðri kvöldstund í leikhúsinu!**  
Leikhúsveisla í mat og drykk fyrir sýningar um helgar frá kl: 18:00.  
Smáréttir og veigar eftir sýningar. Borðapantanir í síma **585 1295**.

MÍÐASALA Á NETINU ALLAN SÓLARHRINGINN - WWW.LEIKHUSID.IS  
AFGREIÐSLA ER OPIN FRÁ KL. 12:30-18:00 MÁN.-ÞRI. AÐRA DAGA KL. 12:30-20:00.  
MÍÐASÓLUSÍMI: 551 1200, SÍMAPANTANIR FRÁ KL. 10:00 VIRKA DAGA.

**BORGARLEIKHÚSIÐ**

|   |   |
|---|---|
| <b>RONJA RÆNINGJADÓTTIR</b><br>Sun 28/5 kl. 14 <b>UPPS</b> .<br>SÍÐASTA SÝNING Í VOR.<br>Miðasala hafin á sýningar í haust!   | <b>NAGLINN</b><br>Fi 1/6 kl. 20 <b>SÍÐASTA SÝNING</b>   |
| <b>FULLKOMIÐ BRÚÐKAUP</b><br>Su 28/5 kl. 20 <b>UPPS</b> . Fi 1/6 kl. 20 <b>UPPS</b> .<br>Fö 2/6 kl. 20 <b>UPPS</b> . Fö 2/6 kl. 22:30<br>Má 5/6 kl. 20 Þri 6/6 kl. 20<br><b>UPPS</b> . Fö 9/6 kl. 20 <b>UPPS</b> . Fö 9/6 kl. 23<br>Má 12/6 kl. 20 Þri 13/6 kl. 20                                      | <b>TENÓRINN</b><br>Í kvöld kl. 19 <b>ALLRA SÍÐASTA SÝNING</b><br><b>ATHUGIÐ: Breyttan sýningartíma</b>  |
| <b>VILTU FINNA MILLJÓN?</b><br>Mi 31/5 kl. 10 <b>UPPS</b> .<br>Fö 2/6 kl. 20 <b>UPPS</b> . Lau 3/6 kl. 20 <b>UPPS</b> .<br>Má 5/6 kl. 20 Fi 8/6 kl. 20 <b>UPPS</b> .<br>Fö 9/6 kl. 20 <b>UPPS</b> . Lau 10/6 kl. 20 <b>UPPS</b> .<br>Su 11/6 kl. 20 <b>AUKASÝNING</b><br>Fi 15/6 kl. 20 Sun 18/6 kl. 20 | <b>25 TÍMAR</b><br><b>DANSLEIKHÚSSAMKEPPNIN 2006</b><br>9 verk verða frumsýnd sem keppa til verðlauna.<br>Fi 8/6 kl. 20<br>Teldu mig með. Höf. Ólöf Ingólfsdóttir og Þórdís Elva Þorvaldsdóttir Bachman.<br>Elsku bróðir. Höf. Steinunn Ketilsdóttir.<br>Blind ást. Höf. Rebekka Rán Samper.<br>Tommi og Jenni. Höf. Elma Backman, Stefán Hallur Stefánsson og Halldóra Malín Pétursd.<br>Boðorðin 10. Höf. Marta Nordal.<br>Guðæri. Höf. Ólafur Darri Ólafsson og Lovísa Ósk Gunnarsdóttir<br>Dillir dó og Dummi. Höf. Benóný Ægisson.<br>Shoe size nine months. Höf. Peter Anderson.<br>Stigma. Höf. Andreas Constantinou.<br>MÍÐAVERÐ 2.500. Miðasala hafin. |
| <b>HLÁTURHÁTÍÐ</b><br>Su 28/5 kl. 20:00<br>HLÁTURNÁMSKEIÐ MÍÐAVERÐ 1.000<br>Ásta Valdimarsdóttir og Kristján Helgason kenna hláturjoga.   | <b>RONJUVÖRUR</b><br>Bolir, sundpokar, nælur, geisladiskur ofl.<br>Fæst í miðasölu Borgarleikhússins.   |

Miðasala í síma 568 8000 - www.borgarleikhus.is

**Um helgina á Listahátíð**

**Le Pays** **Alfesca**

Ástsælastu söngvarar þjóðarinnar, Sigrún Hjálmtýsdóttir, Gunnar Guðbjörnsson og Bergþór Pálsson ásamt Sinfóníuhljómsveit Íslands frumflytja **Le Pays / Föðurlandið**.  
**Týnda óperan sem gerist á Íslandi.** Seinni sýning í portu Hafnarhússins í dag kl. 16.00. Miðaverð: 3.900 kr.



**Tónlistarhópur ársins í Bretlandi - I Fagiolini**

**Brennandi hjarta Monteverdis** í Kirkju og menningarmiðstöðinni Eskifirði í dag kl. 16.00 og **Íslensku óperunni** á morgun, sunnudag kl. 17.00. Miðaverð: 3.200 kr.  
**Sköpunin eftir Haydn** í Kirkju og menningarmiðstöðinni Eskifirði í kvöld kl. 20.00. Samstarfsverkefni með Sinfóníuhljómsveit Norðurlands. Sex einsöngvarar og hundrað manna kór. Stjórnandi: Guðmundur Óli Gunnarsson.



Landsbankinn

**Danshátíð á Listahátíð**

**Trans Danse Europe**  
Í dag, laugardag í **Borgarleikhúsinu**:  
OBSTRUCSONG, Granhøj Dans, Danmörk kl. 17.00.  
Hélium, Moussoux-Bonté, Belgía kl. 20.00.  
Á morgun, sunnudag í **Borgarleikhúsinu**:  
Magnolia, Dada von Bzdülów Theatre kl. 20.00.  
Miðaverð: 2.000 kr.



**Mugison og hljómsveit**

Skærasta stjarnan í íslensku tónlistarlífi í dag flytur nýtt efni í nýjum búningi með hljómsveit. Á morgun, sunnudagskvöld, kl. 21.00. Miðaverð: 2.500 kr.

**Í kvöld og á morgun:**  
Miðnæturmúsík með Trío Björns Thoroddsen og Andreu Gyfadóttur í Iðná í kvöld kl. 23.30.  
Sunnudagsmorgnar með Schumann í Ými í fyrramálið kl. 11.00.  
Flytjandi: **Kristín Jónína Taylor** píanó.  
Góða skemmtun!



KB BANKI  
ICELANDAIR  
SAMSKIP  
Radisson  
www.listahatid.is

Listahátíð í Reykjavík  
**2006** hátíðin

**Miðasalan Bankastræti 2:**  
Opin virka daga kl. 12 til 18, um helgar kl. 12 til 16.  
Sími 552 8588 - Miðasala á netinu á www.listahatid.is  
Miðasala við innganginn hefst klukkustund fyrir viðburð.





### > Nýi herrailmurinn

...frá Versace er ferskur og eitthvað sem karmmenn ættu ekki að láta fram hjá sér fara.

## Útlit

utlit@frettabladid.is



## SMEKKURINN MINN: HELENA JÓNSDÓTTIR VERSLUNARSTJÓRI Í SPÚÚTNIK Í KRINGLUNNI

### Er ekki mikið fyrir skart eða dúllerí

**Spáir þú mikið í tiskuna?** Já, mér finnst gaman að fylgjast með því sem er að gerast.

**Hvernig myndirðu lýsa stílnum þínum?** Hann er frekar klassískur, er ekki mikið fyrir skart og dúllerí. Mér finnst skemmtilegra að rokka hlutina aðeins upp.

**Uppáhaldshönnuðir eða fata-merki?** Hjá second hand grúskurum eins og mér skipta merkin ekki öllu máli en það er rosa gaman þegar við finnum gamlar merkjavörur niðri á lager, til dæmis Chanel tösukur, Yves Saint Laurent stuttbuxur og Dior kápur.



**Flottustu litirnir?** svartur og ferskjulitur. **Hverju ertu veikust fyrir?** Kjólum og kápum.

**Hvaða flík keyptir þú þér síðast?**

Ég keypti mér þrjá kjóla og tvær hálsfestar í Rokki og rósum.

**Hvað finnst þér flottast í tiskunni núna?** Hnésokkar af öllum gerðum, sokkabönd, rosa háir hælur, ökklastíg-vél og mittisháar gallabuxur.

**Hvað ætlarðu að kaupa þér fyrir sumarið?** Fullt af flottum sundbolum og einhver crazy sóglæraugu fyrir utanlandsferðina með hlunknum mínum.

**Uppáhaldsverslun?** Spúútnik og Rokk og Rósir.

**Hvað eyðir þú miklum peningum í fót á mánuði?** Jjji, segjum skynsamlega miklum.

**Hvaða flíkur gætir þú ekki verið án?** Eins og er væru það svartar gallabuxur, nýji blómakjöllinn og beislitaða sumar-kápan sem er tekin saman í mittið.

**Uppáhaldsflík?** Ferskjulitaður kjóll sem ég keypti í London.

**Hvert myndir þú fara í verslunarferð?** Til New York, Berlínar eða London.

**Ljótasta flík sem þú hefur keypt þér?** Ætli það sé ekki ljótasta dragt í heimi sem ég keypti mér fyrir mörgum árum þegar pabbi fór með mig í verslunarferð til Canada.



## MÓÐUR VIKUNNAR

> BORGHILDUR GUNNARSDÓTTIR

## Pínupils og hlýrabolir

Jæja þá er íslenska sumarið komið með sínum vindum, regndropum og kuldaköstum. Á meðan ég bólsótast yfir kuldanum sem hefur plagað okkur undanfarna daga þá er ég um leið pínulítið fegin að ég bý ekki í „Sunny California“ eða einhverju þviumlíku.

Það er nú einfaldlega staðreynd lífs míns að pínupils og hlýrabolir fara mínum grannvaxna líkama ekkert sérstaklega vel og ég ætti bara að þakka fyrir að geta klæðst ágætlega þykkum peysum og síðbuxum. Þarf ekki að vera sprangandi um með bláhvítu spóaleggina mína fyrir alla til að sjá og jafnvel hæðast að í laumi. Föt fara konum vel eins og við feminístararnir segjum gjarnan og sumarleg og um leið efnislítill fót fara fæstum líkómum eitthvað betur en þau venjulegu. Ekki það að mér sé eitthvað sérstaklega annað um kuldan og að sjálfsögðu verð ég óskaplega fegin þegar ég get farið að hætta að nota rauða glossið mitt til að fela fjólubláu varirnar.

Íslenskt sumar býður tískudrósum landsins bara alls ekki upp á það sama og sumar í öðrum heitari löndum. Hérna til dæmis skiptum við ekki strigaskónum út fyrir sandala eða hettupeysum fyrir hlýraboli á sumrin. Ó nei. Í staðinn losum við okkur kannski við gammósiurnar en þá verður líka að vera alveg extra heitt. Einnig skiptum við út hvítri húð fyrir freknótta og kannski örlítið brúnleita ef heppnin er með okkur. Úlpan vikur fyrir vindjakka sem verður helst að vera frekar regnheldur og trefillinn fer af hálsinum og ofan í tösku - til öryggis ef það skyldi allt í einu bresta á vont veður. En eins og ég segi er ég bara frekar fegin á meðan ég þarf ekki að taka þátt í keppinni „Hver er með brúnustu lappirnar, stæltustu kálfana eða brjóstin sem fylla mest út í hlýrabolinn?“ - á meðan ég slappa af á Austurvelli.



SEAFOLLY Fallett bikini frá Seafolly. Fæst í Útillfi.



SANDALAR Töff skór úr Oasis.



FEDORA Hattur úr Topshop.

SUNDSKÝLA Strákarnir geta líka fundið eitthvað sniðugt. Þessi er úr Spúútnik.

## Gæsa húð á sundlaugarbakkannum

Veðrið undanfarna daga hefur ekki beinlínis boðið upp á mikil sólböð eða legu við sundlaugarbakkann en bikiníin og sumarlegu sundbolirnir eru samt sem áður komnir í búðirnar. Það er reyndar frekar gott mál því eflaust eru margir sem hafa ákveðið að flýja þessa íslensku lélegu afsökun fyrir sumar og fara eitthvert þar sem þeir geta spókað sig um í einhverju öðru en vetrarkápu og leðurstígvélum.

Úrvalið af fallega munstruðum og sumarlegum sundfötum er mjög gott í búðum bæjarins og markaðurinn fyrir þau væri sennilega mun minni ef ekki væru allar

dásamlega heitu sundlaugararnar okkar. Reyndar virðast íslenskar stúlkur sjaldan láta kuldan á sig fá og stripla hiklaust um á bikiníin allan ársins hring þrátt fyrir glamrandi tennur og gæsa húð.

Sundfatatískan nú er fremur fjölbreytt og það gengur nánast allt upp. Það besta við hana er þó að háskornu buxurnar í anda níunda áratugarins þykja virkilega lummó og lágsbornar bikiníbuxur sem minna helst á boxerbuxur ráða sundfatatískunni í dag. En þær virka einmitt vel á nánast hvaða líkama sem er og því yfir litlu að kvarta.

hilda@frettabladid.is alfrun@frettabladid.is



RAUTT Petta bikini fæst í Centrum.



SEVENTIES Fallett og örlítið í anda áttunda áratugarins. Fæst í Topshop.

JASPER CONRAN Töff bikini sem fæst í Debenhams.



GAMLI STÍLLINN Gamaldags sundbolir eru frekar heitir í dag og fást meðal annars í Spúútnik.

GLÆSILEGT Með Hawai bragði. Fæst í Oasis.



SUNDTASKA Þessi væri sæt á ströndinni. Fæst í Spúútnik.



BLÓMABOLUR Sætur og sumarlegur. Úr Spúútnik.



GRÆNT OG GULT Töff bikini frá Nikita. Fæst í Retro.

## ★ STJÖRNUFRÉTTIR ★ LÍFSSTÍLL ★ ALVÖRU FÓLK

3 BLÖÐ Í FINNU

AGUSTA EVA DAUÐPREYTT EFTIR EYRUVÍÐIÐ SLAPPAR AF Á GRISKRI EYJU

GOMMI JÓNS ÚR SÁLANNI TRÖIR Á FYRIRGEFNINGUNA OG MEÐ NYJA PLOTU

395 kr

IDOLSTJARNAN GÍSLI HVANNDAL (20)

FRÖN ÚR KASTI JÓSSINS ALSÆL Á LAUSU LÉT MINNKA Á SÉR MAGANN

FLOTTASTA PARTI ÁRSINS

ÞESSUM ER BOÐIÐ - ALLUR GESTALISTINN

hér&nú kemur út alla fimmtudaga



## Franska dúllan

Krúttspregjan Audrey Tautou heillaði alla upp úr skónum í hlutverki sínu sem hin franska Amélie Poulain sem átti upphaflega að vera leikin af Emily Watson. Þar



**BERT BAK** í einföldum kjól í myndatöku á hátíðinni í Cannes.

var Audrey sæt, stutthærð og með dásamlegan stíl í anda Parísar. Í raunveruleikanum er hún þetta allt saman og hefur slegið öllum stjórnunum við með óaðfínanlegum kjólum á kvikmyndahátíðinni í Cannes en þar er hún til að kynna nýjustu mynd sína, The Da Vinci Code.

Á myndunum frá Cannes skartar hún dásamlega smart dregjakolli en það er engin spurning að stutt hár fer henni best. Hún er með frekar sérstakan stíl og sker sig úr á rauða dreglinum, virðist vera lítið fyrir galakjólana sem allar hinar stórleikkonurnar eru svo hrifnar af. Guði sé lof fyrir fólk eins og Audrey sem koma með ferska vinda inn í tískuna á rauða dreglinum.



**Á FRUMSÝNINGU THE DA VINCI CODE** Hér er hún í sérstökum og afar töff kjól frá Balmain, með Chopard demanta og í Pierre Hardy gull- og silfursandöllum.



**CESAR-VERÐLAUNIN** Audrey í glæsilegum kjól á frönsku Cesar-verðlaununum sem eru oft kölluð franskir Óskarinn.



**FLOTTUR KJÓLL** Enn einn flotti kjóllinn frá kvikmyndahátíðinni í Cannes.



**FJÖLBREYTT ÚRVAL** Buxurnar frá Cheap Monday passa bæði á stelpur og stráka og mörg ólík snið eru í boði.

## Cheap Monday komið hingað

Sænska gallabuxamerkið Cheap Monday er nú loksins komið til landsins og fæst það í versluninni Kronkron á Laugarvegi. Merkið er mjög ungt en það kom fyrst í verslanir árið 2004 í Svíþjóð. Seldar voru um 200.000 gallabuxur fyrsta ári sem verður að teljast nokkuð gott.

Hönnuðir merkisins eru tveir ungir strákar sem heita Örjan Andersson og Adam Friberg. Hugmyndin kom vegna þess að þeim fannst vanta niðurmjóar gallabuxur með frekar háu mitti á markaðinn fyrir stráka og bjuggu þá til vinsælasta sniðið sem heitir Tight. Sniðið mokseldist strax og ekki bara fyrir stráka heldur eru stelpur einnig mjög hrifnar af því og í dag er merkið með sér stelpu- og strákalinur.



**HÖNNUÐURINN AÐ STÖRFUM** Hinn sænski Örjan Andersson á heidurinn að þessum flottu gallabuxum.

Cheap Monday hefur einnig á sínum snærum fylgihluti, skó, jakka og boli úr skemmtilegum munstrum fyrir bæði kynin. Merkið stendur undir nafni hvað verðið varðar því buxurnar eru seldar á 6.900 krónur hér á landi.

Örjan var orðin mjög leiður á hvað gallabuxur voru orðnar dýrar og ákvað að fólk þyrfti ekki að eyða aleigunni til þess að kaupa sér eitt stykki gallabuxur og vildi hann að fólk ætti að geta keypt sér margar gallabuxur í einu. Verðið er því orðið að hugmyndafræði á bak við merkið og buxurnar eru einfaldar og vel sniðnar.

Cheap Monday hefur verið líkt við Ikea og HM enda selja þeir grimmt úti um allan heim. Einkennismerki Cheap Monday er svört og hvít hauskúpa og voru umræður um hvort merkið táknaði djöfladýrkun, en Örjan og Adam hafa alfarið neitað slíkum vangaveltum.

**LÓGÓIÐ** Fræga lógóið sem hefur vakið athygli úti um allan heim.



# SONY Sony pakkar

## Stóri pakkinn



Þráðlausir bakhátalarar

50% afsláttur af Sony heimabíói með Sjónvarpi

Sjónvarp og heimabíói saman 35.406,- á mán. í 12 mánuði

DAVDZ700FW  
SONY heimabíói DAVDZ700FW  
· Fjölkerfa · S-Master Digital Magnari · 1000 Wött  
· S-DIAT þráðlausir bakhátalarar · Spilar allar gerðir diska  
· Fjarstýring sem virkar einnig á Sony sjónvarpi

Verð  
89.950 krónur

KDL-40S2000K  
40" Sony LCD sjónvarp  
með nýjum S-PVA panil sem skilar betri litumen sést hafa til þessa  
· HDMI tengi fyrir HDTV · VGA tengi fyrir tölvu  
· Upplausn 1366x768 · Svartími 8ms · Skerpa 1300:1  
· Snúningsfótur fylgir

Verð  
31.992 krónur  
vaxtalaust\* í 12 mán. eða  
379.900 krónur staðgreitt

## Minni pakkinn



50% afsláttur af Sony heimabíói með Sjónvarpi

KLD-32S2000K  
32" Sony LCD sjónvarp  
með nýjum S-PVA panil sem skilar betri litum en sést hafa til þessa  
· HDMI tengi fyrir HDTV  
· VGA tengi fyrir tölvu  
· Upplausn 1366x768  
· Svartími 8ms · Skerpa 1300:1  
· Snúningsfótur fylgir

Verð  
19.992 krónur  
vaxtalaust\* í 12 mán. eða  
239.900 krónur staðgreitt

Sjónvarp og heimabíói saman 22.494,- á mán. í 12 mánuði



DAVDZ300  
SONY heimabíói DAVDZ300  
· Fjölkerfa  
· S-Master Digital Magnari  
· 800 Wött (5x133W + 135W)  
· Spilar allar gerðir diska  
· Fjarstýring sem virkar einnig á Sony sjónvarpi

Verð  
59.950 krónur

like.no.other™

Sony Center Kringlunni

588-7669 / 588-SONY www.sonycenter.is



**Nýtt í bíó**

**HEIMSFUMSÝNING**

**X-MEN THE LAST STAND**

NÚ ER KOMIÐ AÐ ÞVI LOKAUPPGJÖRIÐ Í HINUM STÖRKOSTLEGA X-MEN SAGNABÁLKI. NÚNA MUNU HINIR STÖKKBREYTTU BERJAST INNBYRÐIS. SIGURVEGARINN RÆÐUR ÖRLÖGUM MANNKYNS.

HUGH JACKMAN HALLE BERRY

MEÐ HVERJUM HELDUR ÞÚ? THE LAST STAND

MAGNADUR SUMARSMELLUR SEM ENGINN MÁ MISSA AF!

★★★ - SV MBL

**THE DA VINCI CODE**

LEITIÐ SANNALEIKANS - HVERJU TRÚIR ÞÚ?

VINSÆLASTA MYND Í HEIMI

★★★ - VVV TOPP5.IS

**ÍSÖLD 2** **50.000 MANNS**

STÆRSTA MYND ÁRSINS SÝND MEÐ ÍSLENSKU OG ENSKU TALI

**PRIME**

**RAUÐHETTA**

MAGNADUR SPENNUTYLLIR SEM FÆR HÁRIN TIL AÐ RÍSA!

**CRY WOLF**

MAGNADUR SPENNUTYLLIR SEM FÆR HÁRIN TIL AÐ RÍSA!

**SKROLLA & SKELFIR Á SALTKRÁKU**

**SMÁRA BÍÓ** SÍMI 564 0000

|                         |                                 |             |
|-------------------------|---------------------------------|-------------|
| X-MEN 3                 | kl. 1, 3, 20, 5, 40, 8 og 10:20 | B.I. 12 ÁRA |
| DA VINCI CODE           | kl. 2, 4, 5, 7, 8, 10 og 11     | B.I. 14 ÁRA |
| SÝND Í LÚXUS            | kl. 2, 5, 8 og 11               | B.I. 14 ÁRA |
| CRY WOLF                | kl. 10                          | B.I. 16 ÁRA |
| RAUÐHETTA M/ENSKU TALI  | kl. 12, 6 og 8                  |             |
| RAUÐHETTA M/ISL. TALI   | kl. 12 og 2                     |             |
| ÍSÖLD 2 M/ISLENSKU TALI | kl. 12 og 2                     |             |

**REGNBÖGINN** SÍMI 551 9000

|                        |                          |             |
|------------------------|--------------------------|-------------|
| X-MEN 3                | kl. 3, 6, 8, 30 og 10:50 | B.I. 12 ÁRA |
| DA VINCI CODE          | kl. 3, 6 og 9            | B.I. 14 ÁRA |
| RAUÐHETTA M/ENSKU TALI | kl. 3, 6 og 10           |             |
| RAUÐHETTA M/ISL. TALI  | kl. 3 og 6               |             |
| PRIME                  | kl. 8 og 10:15           |             |
| CRY WOLF               | kl. 8                    | B.I. 16 ÁRA |

**400 KR. Í BÍÓ!** eldri á starfsbyrjunni í Regnboginum gefur með rauðu

**Þróunarbíó** SÍMI 462 3500

|                               |                      |             |
|-------------------------------|----------------------|-------------|
| X-MEN 3                       | kl. 2, 4, 6, 8 og 10 | B.I. 12 ÁRA |
| DA VINCI CODE                 | kl. 5, 8 og 11       | B.I. 14 ÁRA |
| RAUÐHETTA M/ISL. TALI         | kl. 2                |             |
| SKROLLA & SKELFIR Á SALTKRÁKU | kl. 3:25             |             |

- allt á einum stað

**LAUGARÁS BÍÓ** - bara lúxus

Sími 553 2075

NÚNA MUNU HINIR STÖKKBREYTTU BERJAST INNBYRÐIS

**X-MEN THE LAST STAND**

LEITIÐ SANNALEIKANS, HVERJU TRÚIR ÞÚ? VINSÆLASTA MYND Í HEIMI

★★★ - SV MBL

★★★ - VVV TOPP5.IS

KL. 2, 4, 6, 8 og 10:20-POWER NA. 12

Sýnd kl. 5, 8 og 10:50 B.I. 14 ÁRA

**INSIDE MAN**

Sýnd kl. 8 B.I. 16 ÁRA

**BANDÍDAS**

Sýnd kl. 6 og 10:20 B.I. 10 ÁRA

**400 KR. Í BÍÓ** eldri á allan styrkingu í hringnum með rauðu

Margar gerðir af **ljósum!**

**RAFSÓL**

Skipholti 33 • 105 Reykjavík  
Sími 553 5600 • www.rafsol.is  
rafsol@rafsol.is

**AUGLÝSINGASÍMI**

**550 5000**

**FRÉTTABLAÐIÐ**

## Heitt í kolunum

Leynilegt partí í boði Coca-Cola-fyrirtækisins í Evrópu verður haldið í Iðuhúsinu í Lækjargötu í Reykjavík í kvöld.

300 manns hefur verið boðið í partíið, þar af 200 Íslendingum sem margir hverjir eru þekktir.

Ýmiss konar tónlistaratriði verða í boði og verður aðalnumur kvöldsins danska danshljómsveitin Filur sem kemur fram ásamt Josephine Philip. Einnig troða upp Kasper Björke frá Danmörku sem er einnig meðlimur Filur, Hermigervill, Blake, Jack Schidt, Dr. Mister & Mr. Handsome og DJ Margeir.

Margeir er tónlistarstjóri kvöldsins og lofar hörkustuði í kvöld. „Ég fékk einföld fyrirmæli um að finna það ferskasta í dansmúsík fyrir partíið með áherslu á lifandi flutning. Ég fór á stúfana og fann mjög spennandi listamenn bæði frá Danmörku og vel valda frá Íslandi,“ segir Margeir.

Eins og áður sagði er partíið haldið í Iðuhúsinu þar sem skemmtistadurinn Tunglið var áður til húsa. „Það má eiginlega segja að maður sé kominn í Tunglið aftur, sem er mjög skemmtilegt. Ég held að ég hafi spilað síðasta kvöldið áður en Tunglið brann,“ segir Margeir. „Við skulum vona að það gerist ekki á laugardagskvöldið þótt það verði örugglega heitt í kolunum.“ - fb



**DJ MARGEIR** Plötusnúðurinn DJ Margeir er tónlistarstjóri leyneisluunar í Iðuhúsinu í kvöld.

## Málin gerð upp með látum og dramatík

### [KVIKMYNDIR]

#### UMFJÖLLUN

Stökkbreyttu ofurhetjurnar sem kenna sig við X hafa oft barist í bókum en hefur ekki verið ógnað jafn harkalega og í The Last Stand. Komið hefur á daginn að hægt er að „lækna“ hetjurnar af ofurmannlegum eiginleikum sínum með einfaldri lyfjagjöf og yfirvöld eru mjög áfram um að uppræta liðið í eitt skipti fyrir öll.

Okkar fólk sættir sig ekki við þetta og er tilbúið að berjast fyrir tilveruþéttu sínum. Góða gengið hans Professor X vill að sjálfsögðu gera það með góðu en Magneto og hans lið er reiðubúið að beita ofbeldi. Togstreitan endar vitaskuld með því að fylkingunum lýstur harkalega saman í mögnuðum lokabardaga þar sem framtíð mannkyns er undir.

Leikstjóranum Bryan Singer (The Usual Suspects) tókst með glæsibrag að flytja X-Men frá hasarblöðunum yfir á hvíta tjaldið með myndunum X-Men og X2. Aðdáendur myndasagnanna voru sáttir og í þessum bransa fær fólk ekki betri staðfestingu á að það sé á réttri leið.

Singer leyfði persónunum að þróa milli mynda og með því að að teygja dæmið upp í þrjúleik fékk hann svigrúm til þess að grafa djúpra í fortíð lykilmagnanna og gefa vísbendingar um það sem beðið þeirra í framtíðinni.

Singer gat þó ekki glárað þrjúleikinn þar sem hann sneri sér að endurlífsgun Súpermanns í bíó og það kom því í hlut Bretts Ratner að loka hringnum. Honum ferst verk- ið ágætlega úr hendi og lokakafli- inn kemur í rökréttu framhaldi af myndum Singers þótt honum takist ekki að toppa forverann.

Singer er einfaldlega hæfileikaríki kvikmyndagerðarmaður og hafði mjög skýra sýn á það sem hann vildi fá frá Ratner. Ratner reynir þó að hlaða The Last Stand meiri tilfinningum en þar sem hann eykur einnig á hasarinn gengur það upp og ofan. The Last Stand er þrátt fyrir þetta fyrirtaks skemmtun og svíkur alls ekki.

Þar sem myndin lokar sögunni er enginn skortur á dramatískum uppgjörum á milli persóna sem gefa tilfinningum sínum lausan tauminn. Þetta hjálpar The Last



**X-MEN: THE LAST STAND**  
LEIKSTJÓRI: BRETT RATNER

**ADALHLUTVERK:** HUGH JACKMAN, HALLE BERRY, IAN MCKELLEN, FAMKE JANSSEN

**Niðurstaða:** The Last Stand er ekta sumar- smellur; hlaðinn sprengingum, bardögum og stórstjörnum. Myndin jafnast þó ekki á við fyrri myndirnar tvær en ætti þó ekki að svikja dygga aðdáendur. Hún kemur í rökréttu framhaldi þess sem á undan er gengið og lokar sögunni á sannfærandi og eftirminnilegan hátt.

Stand mikið og þegar manni stendur ekki á sama um blessað fólknið getur maður ekki annað en hrifist með. Heildaráhrif The Last Stand eru því býsna góð og þegar upp er staðið gæti maður vel hugsað sér að fá að sjá meira af ævintýrum X-fólksins.

Wolverine hefur hingað til verið í forgrunni en dregur sig aðeins til baka að þessu sinni til þess að Jean Grey fái notið sín betur en hún rís nú upp úr öskustó síðustu myndar sem náttúruaflið Phoenix sem getur á vöndum degi lagt heiminn í rúst.

Leikararnir standa sig upp til hópa með þrjú. Hugh Jackman getur leikið Wolverine blindandi, Patrick Stewart er traustur að vanda sem X og Ian McKellen fer hamförum sem Magneto. Þá gerir Famke Janssen tvöföldu eðli Jean Grey góð skil og Halle Berry fær loksins að móða eitthvað úr Storm.

Nokkrir nýliðar bætast í hópinn og þar er mestur fengur í Kelsey Grammer í hlutverki Beast auk þess sem fótboltabullann Vinnie Jones er sjálfum sér líkur og á ágætis innkomu.

The Last Stand er því fyrirmyndar sumar-smellur sem klinkar ekki á neinum grundvallaratriðum þótt hún jafnast ekki fyllilega á við forverana.

Þóririnn Þóririnsson

**TILBOÐS BÍÓ** **ÓDYRT Í BÍÓ KR. 400**

**X-MEN THE LAST STAND** **ATH. SÝND KL. 2** **400 KR.**

**RAUÐHETTA** **ATH. SÝND KL. 2** **400 KR.** **ISLENSKT TAL**

**SKROLLA OG SKELFIR Á SALTKRÁKU** **ATH. SÝND KL. 4** **400 KR.** **ISLENSKT TAL**

**ÍSÖLD 2** **ATH. SÝND KL. 2** **400 KR.** **ISLENSKT TAL**

**TILBOÐ Á FYRSTU SÝNINGAR DAGSINS - AÐEINS 400 KR -**



**FRUMSÝNING**

**HEIMSRUMSÝNING**

Nú er komið að því!  
Lokaupplagið í hinum stórkostlega X-Men sögnabálki. Núna munu hinar stökkbreyttu berjast innbyrðis. Sigurvegarinn ræðir orlogum mannkyns.

**MED HVERJUM HELDUR ÞÚ?**

**X-MEN THE LAST STAND**

**ÁLFABAKKA**

|                      |                            |         |
|----------------------|----------------------------|---------|
| X-MEN 3              | KL. 1:30-3:45-6-8-15-10:30 | B.I. 12 |
| X-MEN 3 VIP          | KL. 1:30-3:45-6-8-15-10:30 |         |
| AMERICAN DREAMZ      | KL. 1:30-3:45-6-8-15-10:30 |         |
| THE SHAGGY DOG       | KL. 1:30-3:45-5:50-8       |         |
| MISSION IMPOSSIBLE 3 | KL. 1:30-3:45-6-8:30-10:30 | B.I. 14 |
| SCARY MOVIE 4        | KL. 4-6                    | B.I. 10 |
| FAILURE TO LAUNCH    | KL. 8:15                   |         |
| FIREWALL             | KL. 10:30                  | B.I. 16 |
| BAMBI 2 1st. tal     | KL. 2                      |         |

ÁLFABAKKI S: 587-8900

Nýjasta gamanmynd leikstjóra  
**American Pie & About a Boy**

**AMERICAN DREAMZ**

Þú þarft allir að eiga töl...  
\*\*\*

**KEFLAVÍK**

|                   |                    |         |
|-------------------|--------------------|---------|
| X-MEN 3           | KL. 3-5:45-8-10:45 | B.I. 12 |
| THE DA VINCI CODE | KL. 8-10:15        | B.I. 14 |
| THE SHAGGY DOG    | KL. 2-4-6          |         |

**AKUREYRI**

|                      |              |         |
|----------------------|--------------|---------|
| AMERICAN DREAMZ      | KL. 4-6-8-10 |         |
| THE SHAGGY DOG       | KL. 4        |         |
| MISSION IMPOSSIBLE 3 | KL. 8-10:20  | B.I. 14 |
| SCARY MOVIE 4        | KL. 6        | B.I. 10 |

AKUREYRI S: 461-4666 • KEFLAVÍK S: 421-1170

V.I.V. - TOPPSÍÐIS  
DUSTY STRATTON

FRÁ J.J. ABRAMS,  
HÓFUNDI ALIAS OG LOST!  
**TOM CRUISE**  
ADGERDIN ER HAFIN

**SHAGGY DOG**

**KRINGLUNNI**

|                      |                              |         |
|----------------------|------------------------------|---------|
| AMERICAN DREAMZ      | KL. 2-2:15-4:30-6:45-9-11:15 |         |
| MISSION IMPOSSIBLE 3 | KL. 5:30-8-10:40             | B.I. 14 |
| SHAGGY DOG           | KL. 12-2-10-3:45-6           |         |
| SCARY MOVIE 4        | KL. 12-2-8-10-10:20          | B.I. 10 |

SYND Í STAFRÆNNI ÚTGÁFU MYND OG HLÓÐ

**HÁDEGISBÍÓ**: 400 KR MIDAVERÐ Á ALLAR MYNDIR KL.12 27. og 28. maí

KRINGLAN S: 588-0800

VINSÆLASTA MYND HEIMS Í DAG!  
**THE DA VINCI CODE**  
LEITID SANHLEIKANS

FRÁ J.J. ABRAMS,  
HÓFUNDI ALIAS OG LOST!  
**TOM CRUISE**  
ADGERDIN ER HAFIN

Fjórði og síðasti kafli af þrjúleiknum  
**SCARY MOVIE 4**

**HÁSKÓLABÍÓ**

|                      |                |         |
|----------------------|----------------|---------|
| THE DA VINCI CODE    | KL. 2-4-6-8-10 | B.I. 14 |
| THE SHAGGY DOG       | KL. 3-6-8      |         |
| MISSION IMPOSSIBLE 3 | KL. 6-8-10     | B.I. 14 |
| SCARY MOVIE 4        | KL. 3          | B.I. 10 |
| V FOR VENDETTA       | KL. 10         | B.I. 16 |

HÁSKÓLABÍÓ S: 530-1919

# Zidane Sigurjóns vekur athygli

Heimildarmyndin Zidane, A 21st Century Portrait eftir Douglas Gordon og Philippe Parreno var frumsýnd í Cannes á mánuðaginn og vakti að vonum mikla athygli. Frakkar eru vitaskuld hæstánægðir með þessa nærmynd sem dregin er upp af knattspyrnugóðinu þeirra en í myndinni er Zidane fylgt eftir í gegnum heilan knattspyrnuleik með fjölda myndavéla og ótrúlegum tókutöktum sem þykja brjóta blað í þeim efnum. Magnaðar nærmyndir og djarfar skiptingar milli sjónarhorna þykja í raun gera myndina að sjónrænu listaverki.



Sigurjón Sighvatsson er einn framléiðenda myndarinnar og hann er vongóður um að myndin muni spjara sig vel en þegar hefur verið gengið frá umfangsmikilli dreif-

ingu hennar í Frakklandi. Dómar um myndina eru þó misjafnir. Variety segir í sinni umsögn að í augum ástríðufulls knattspyrnuáhugasólks og þeirra sem hafa gaman af tilraunum með kvikmyndaformið verði myndin meistarverk en áhugi annarra muni ráðast af því hversu sterkt þessir tveir þættir höfði til þeirra. Þeir sem hins vegar geri sér vonir um hefðbundna heimildarmynd muni óhjákvæmlega verða fyrir vonbrigðum.

**ZINEDINE ZIDANE** Er sýndur í mögnuðum nærmyndum í heimildarmyndinni Zidane, A 21st Century Portrait sem Sigurjón Sighvatsson framléiðir.



**JENNIFER CONNELLY** Slasaðist við tökur á myndinni Blood Diamond og var flutt á spítala í snatri.

## Connelly slasaðist

Leikkonan Jennifer Connelly var flutt í skyndi á spítala í Nelspruit í Suður-Afríku eftir að hún rak höfuðið illa í við tökur á nýrri mynd sem heitir Blood Diamond. Connelly kvartaði yfir höfuðverk eftir að hún rak höfuðið í en ekki var um alvarlegan áverka að ræða. Vonandi mun leikkonan jafna sig fljótt því hún mun fara með aðalhlutverk í íslensku kvikmyndinni Journey Home innan skamms.

## VELFERÐ UMHVERFI NÝSKÖPUN



3 sæti  
Guðrún Ásmundsdóttir, leikkona, leikstjóri og leikritahöfundur

✓ „Stórlækkum fasteignagjöld aldraðra og öryrkja.“



### LISTAHÁTIÐ

- 14.00 Benedikt Erlingsson flytur einleik sinn **Mr. Skallagrímsson í Landnámssetrinu í Borgarnesi**. Önnur sýning kl. 19.
- 16.00 Sinfóníuhljómsveit Íslands flytur frönsku óperuna **Le Pays** ásamt einsöngvurum í porti **Hafnarhússins**.
- 16.00 Tónlistarveisla á Eskifirði. **I Fagiolini** flytur dagskrána **Brennandi hjarta** kl. 16 og **Sinfóníuhljómsveit Norðurlands** flytur **Sköpunina** eftir Haydn ásamt einsöngvurum kl. 20. Tónleikarnir fara fram í **Kirkju- og Menningarmiðstöðinni**.
- 16.00 Sönghópurinn **I Fagiolini** flytur dagskrána **Brennandi hjarta** í **Kirkju- og menningarmiðstöðinni** á Eskifirði.
- 17.00 **Trans Dance Europe** í **Borgarleikhúsinu**. Dansverkin **OBSTRUCSONG** og **Hélium** kl. 17 og 20.
- 20.00 **Sköpunin** eftir Haydn verður **Kirkju- og menningarmiðstöðinni** á Eskifirði af **Sinfóníuhljómsveit Norðurlands** og einsöngvurum.
- 23.30 **Miðnætur músík í Iðná**. **Andrea Gylfadóttir** ásamt tríói **Björns Thoroddsen**.

**SHAGGY DOG**

Fjórði og síðasti kafli af þrjúleiknum  
**SCARY MOVIE 4**

Þú þarft allir að eiga töl...  
\*\*\*

**3 BÍÓ - 400 KR.**

400 KR. MIDAVERÐ Á ALLAR MYNDIR KL. 3 UM HELGAR Í HÁSKÓLABÍÓ, LAUGARDAGA OG SUNNUDAGA.

**AMERICAN DREAMZ**

FRÁ J.J. ABRAMS,  
HÓFUNDI ALIAS OG LOST!  
**TOM CRUISE**  
ADGERDIN ER HAFIN

**SHAGGY DOG**

Fjórði og síðasti kafli af þrjúleiknum  
**SCARY MOVIE 4**

**HÁDEGISBÍÓ - 400 KR.**

400 KR. MIDAVERÐ Á ALLAR MYNDIR KL. 12 UM HELGAR Í SAMBÍÓUNUM KRINGLUNNI, LAUGARDAGA OG SUNNUDAGA.





### Hjörtur semur við Fram

Hinn örvhenti Hafnfirðingur, Hjörtur Hinriksson, er búinn að skrifa undir þriggja ára samning við Íslandsmeistara Fram í handknattleik. Hjörtur hefur leikið með FH alla sína hundstíð en hefur nú ákveðið að söðla um og ganga í raðir Fram líkt og fleiri leikmenn.

**sport**  
sport@frettabladid.is

KNATTSPYRNUSTJÓRINN GUÐJÓN ÞÓRÐARSON: ER ÞEGAR BYRJAÐUR AÐ LEITA AÐ NÝRRI VINNU

## Hef ekki áhuga á því að koma heim

Guðjón Þórðarson er hættur sem knattspyrnustjóri Notts County en hann stýrði liðinu aðeins í eitt ár. „Ég tjáði stjórninni það að ég teldi best að leiðir myndi skilja. Það er margt sem liggur þar að baki. Það hafa smám saman orðið breytingar á félaginu og það sést alveg hvað er í gangi, eigandi félagsins er ekki að leggja peninga í þetta. Ef þú ætlar þér eitthvað verður þú að hafa einhvern pening á milli handanna,“ sagði Guðjón við Fréttablaðið í gær.

Guðjón er þegar byrjaður að spyrjast fyrir um nýja vinnu og þær fréttir að hann sé laus allra mála berast nú sem eldur um sinu á Englandi. „Ég á alltaf einhverja kosti í stöðunni, það er alltaf von einhvers staðar. Ég vil bara fá almennilegan fótboltaklúbb, það er

ekkert flóknara en það. Ég vil helst vera áfram á Englandi, ég er farinn að þekkja þetta vel hérna en það kemur allt til greina hjá mér og ég útiloka ekki neitt. Það eina sem þú veist í fótbolta, er að þú veist ekki neitt,“ sagði Guðjón sem ætlar þó ekki að taka við liði á Íslandi, í bili að minnsta kosti.

„Ég held að það væri fínt að skoða það þá í haust þegar sumaríð er búíð, ég hef ekki áhuga á því að koma heim og stíga inn í starfið þar núna, ég vil alls ekki skapa neinn óróa

þó svo að ég sé á lausu,“ sagðu Guðjón sem sá nokkra leiki í Landsbankadeildinni um daginn og er væntanlegur til Íslands þar sem hann mun væntanlega skella sér á völinn.

Guðjón segir að hann yfirgefi herbúðir Notts County alls ekki sáttur. „Nei, ég fer ekki sáttur. Ég hefði viljað klára það sem ég ætlaði mér að gera sem var að koma liðinu upp, það eru ákveðin vonbrigði þegar maður nær ekki þeim markmiðum sem maður setur sér,“ sagði Guðjón Þórðarson.



### > Góður árangur Heiðars

Kylfingurinn Heiðar Davíð Bragason endaði í fjórða til sjötta sæti á móti í sænsku mótaröðinni í golfi í gær. Heiðar lék lokahringinn á tveimur höggum yfir pari vallarins og var samtals á einu höggi undir pari. Heiðar var í efsta sæti á mótinu á þremur höggum undir pari fyrir síðasta keppnisdag. Fyrir mótið var hann í fimmtánda sæti á styrkleikalistu mótaröðarinnar en hefur nú styrkt stöðu sína þar.



**FJÖR Á FUNDI** Það var létt stemning á Loffleiðum í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

HSÍ gerir samning við VR:

## Frábært fyrir kvennaboltann

**HANDBOLTI** HSÍ og VR hafa gert með sér þriggja ára samstarfs-samning um lyfta grettistaki hvað íslenska kvennalandsliðið varðar. „Við eigum karlalíð í heims-klassa, af hverju ættum við ekki að eiga kvennalið í sama klassa?“ spurði Einar Þorvarðarson, framkvæmdastjóri HSÍ, í gær.

Skammtíamarkmiðið er að vinna leikina gegn Makedóníu og komast á EM, en langtíamarkmið að vinna sér reglulega sæti á stórmótum og festa Ísland í sessi á topp tíu styrkleikalistanum. „Það er stórkostlegt að VR skuli taka þátt í þessu. Þegar ég byrjaði með landsliðið vildi enginn spila við okkur en það hefur margt vatn runnið til sjávar síðan. Með hjálp VR er hægt að taka enn stærra skref í rétta átt. Þetta er frábært fyrir íslenskan kvennahandbolta,“ sagði Stefán Arnarson landsliðsþjálfari. - hph

## Ætlum að spila hraðan handbolta

Íslenska kvennalandsliðið í handbolta mætir stöllum sínum frá Makedóníu í fyrri umspilsleiknum um laust sæti á EM í Svíþjóð á sunnudag. Stefán Arnarson landsliðsþjálfari er hvergi banginn fyrir leikina tvo.

**HANDBOLTI** Ísland mætir Makedóníu í tveimur umspilsleikjum um laust sæti á Evrópumóti kvennalandsliða í Svíþjóð í desember síðar á árinu. Fyrri leikurinn fer fram í Laugardalshöllinni á morgun klukkan 16.15 en frítt verður inn á leikinn í boði VR. Síðari leikurinn fer svo fram viku síðar, í Makedóníu.

„Landslið Makedóníu er byggt upp á liði sem heitir Kometal sem er á meðal allra sterkustu liða í heimi. Þær eru stórar og búa yfir miklum líkamlegum styrk, sem við verðum að hafa til að vinna á móti þeim. Þá eru þær með örvhenta skyttu frá Kongó sem er geysioflug og styrkir liðið mjög mikið,“ sagði Stefán Arnarson landsliðsþjálfari sem er nýkominn heim úr æfingaferð í Hollandi með stelpunum, en þær sóttu ekki gull í greipar Niðurlanda að þessu sinni.

„Ferðin til Hollands var virkilega góð. Við höfum alltaf reynt að spila við þessar sterku þjóðir, það styrkir bara okkar lið. Við töpuðum reyndar nokkuð stórt þarna úti, en hefðum vel gætað haldið þeim nær okkur. Þetta er bara munurinn á liði í 5. sæti styrkleikalista og okkur,“ sagði Stefán en Ísland er númer 23 á listanum og Makedónía númer 18.



**Í ELDLÍNUNNI** Anna Úrsula Guðmundsdóttir og félagar í kvennalandsliðinu verða í eldlínunni á sunnudag gegn Makedóníu.

„Það er ljóst að við erum litla liðið í þessari viðureign. Makedónía hefur verið að taka þátt í öllum stórmótum en við höfum

verið að bæta okkur og eru að sýna framfarir. Það er allt hægt í íþróttunum. Ég er alltaf bjartsýnn, annars væri maður ekki að standa í þessu, ég hef mikla trú á þessu verkefni,“ sagði Stefán, sem hefur kortlagt leikinn í þaula.

„Við ætlum að spila mjög hraðan leik og nýta þann mikla hraða sem liðið okkar hefur yfir að ráða. Það er lykiltríði hjá okkur og við þurfum að treysta á að spila góða vörn og fá hraðauppflaupin í gang. Stemningin í hópnum er mjög góð og það hlakka allar til að takast á við verkefnið, samheldnin í liðinu er mjög mikil. Það er engin pressa á okkur þar sem lið Makedóníu á að vera sterkara en okkar,“ sagði Stefán.

Ljóst er að mikill ókostur er að spila seinni leikinn á útivelli, sérstaklega þar sem hann er ekki sá auðveldasti. „Það er mikill ókostur að spila síðari leikinn í Makedóníu. Þetta er talinn vera erfiðasti útívöllur í heimi og Makedónía fékk bann fyrir tveimur árum vegna óláta meðal áhorfenda og aðstæðna inni í höllinni. Þetta er einn alræmdasti völlur í Evrópu,“ sagði Stefán Arnarson landsliðsþjálfari og hvatti síðan alla til að mæta í Höllina á morgun. hjalti@frettabladid.is

## DYRASÍMAR

með svarhvítum skjá á stórlækkuðu verði!



**49.900**

Verð áður 67.900

**RAFSÓL**

Skipholti 33 • 105 Reykjavík • Sími 553 5600 • www.rafsol.is • rafsol@rafsol.is

Bo Henriksen líklega ökklabrotinn:

## Þetta er gríðarlegt áfall fyrir okkur

**FÓTBOLTI** Danski framherjinn Bo Henriksen er líklega ökklabrotinn, sem þýðir að hann spilar ekki mikið með ÍBV í sumar. Henriksen stókk upp í skallabolta og lenti illa á ökklanum í 3-0 tapleiknum gegn Valsmönnum á fimmtudaginn og var samstundis farið með hann á sjúkrahúsið í Vestmannaeyjum.

„Við fáum niðurstöður líklega ekki fyrr en á morgun [í dag] en það er mjög líklegt að hann sé brotinn. Það er gríðarlegt áfall fyrir okkur. Hann er fenginn til okkar til að skora mörkin og vera lykilmáður fyrir okkur í sumar, ég fer ekkert í grafgötur með það. Við verðum bara að horfa fram á veginn og leysa þau mál,“ sagði Guðlaugur Baldursson, þjálfari



**GUÐLAUGUR** Segir það vera mikið áfall fyrir ÍBV að missa Henriksen. Maður kemur þó í manns stað og verður forvitnilegt að sjá hvernig Dröst plummar sig hér á landi. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

ÍBV, við Fréttablaðið í gær og ætti niðurstaða því að liggja fyrir í dag.

ÍBV er þegar búíð að fá til sín annan danskan framherja, Ulrich Dröst, sem kemur frá Greve í heimalandi sínu. „Hann kemur frá Danmörku og þekkir Bo reyndar ágætlega. Hann á að vera góður leikmaður og hefur skorað mjög mikið í dönsku deildunum, ég held að hann sé nánast með mark í öðrum hverjum leik í deildunum í Danmörku,“ sagði Guðlaugur um Dröst. „Við ætluðum alltaf að bæta við okkur sóknarmanni, til að auka breidd og samkeppni.“

ÍBV byrjaði Íslandsmótið vel, vann fyrsta leikinn gegn Keflavík á heimavelli, 2-1, en tapaði svo 4-1 fyrir Breiðablik og 3-0 fyrir Val. „Fyrsti leikurinn var finn hjá okkur en síðan hefur hallað undan fæti. Við höfum verið að gera of mörg einstaklingsmistök, bæði gegn Blikum og Val. Gegn þeim vorum við undir eftir fyrri hálfleikinn, ætluðum að taka seinni hálfleikinn með trompi en erum komnir 2-0 undir eftir eina mínútu. Það hefur verið smá klaufaskapur hjá okkur,“ sagði þjálfarinn. - hph



**TVÖ MÖRK** Arnar hefur skorað tvö mörk í deildinni til þessa. Hér fagnar hann öðru þeirra, gegn KR á Akranesi. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Arnar Gunnlaugsson:

## Frá í viku vegna meiðsla

**FÓTBOLTI** Arnar Gunnlaugsson verður ekki með ÍA gegn Valsmönnum í fjórðu umferð Landsbankadeildar karla á mánudaginn. Arnar haltraði af velli í fyrri hálfleik í 3-0 tapi Skagamanna gegn Íslandsmeisturum FH á þriðjudaginn en Arnar hefur þegar skorað tvö mörk í deildinni.

„Það tóku sig upp einhver nármeiðsli. Ég er aumur í þessu og verð ekki með í leiknum gegn Val, enda stutt í hann. Vonandi tekur þetta bara fljótt yfir og ég verði orðinn góður eftir viku til tíu daga,“ sagði Arnar en Skagaliðið hefur tapað öllum þremur leikjum sínum á mótinu til þessa, fyrir Grindavík, KR og FH. - hph



# Besta verðið í heimi!



**Veldu BT fyrir besta verðið!**

**BT**

**xBT**



Settu X  
við BT

[www.bt.is](http://www.bt.is)





**GARCIA** Fagnar ávallt á táknrænan hátt þegar hann skorar, eitthvað sem hann mun líklega gera í Englandi á næsta tímabili.

NORDICPHOTOS/AFP

Rafael Benítez:

## Luis Garcia ekki á förum

**FÓTBOLTI** Rafael Benítez, knattspyrnustjóri Liverpool, hefur tekið af allan vafa um að Luis Garcia sé á förum frá félaginu. Garcia hefur leikið mjög vel með Liverpool en hann var sagður hafa heimþrá og var sterklega orðaður við lið á Spáni.

„Ég er mjög ánægður með Luis og ég veit að hann er ánægður hjá Liverpool. Hann er mjög mikilvægur leikmaður fyrir okkur og fólk sem segir að hann sé ósáttur veit ekki sínu viti,“ sagði Benítez um landa sinn.

Fernando Morientes yfirgaf Liverpool í vikunni og vangaveltur um nýjan framherja sem tekur hans stað hafa vaxið hratt. Miklar líkur eru taldar á því að Hollendingurinn Dirk Kuyt gangi í raðir enska liðsins, en báðir aðilar hafa lýst yfir hrifningu sinni hvor á öðrum.

- hþh



**ALONSO** Sést hér í hægri beygju á æfingu í Mónakó í gær.

NORDICPHOTOS/AFP

Fernando Alonso:

## Margt óvænt getur gerst

**FORMÚLA-1** Heimsmeistarinn Fernando Alonso telur að sitthvað óvænt gæti gerst í Formúlu-1 keppni helgarinnar sem fram fer í Mónakó. Það verður mikið í húfi í tímatökunni í dag þar sem lykilaríði er að ná góðum stað á rásþól þar sem gríðarlega erfitt er að taka framúr í brautinni.

„Brautin í Mónakó býður alltaf upp á eitthvað óvænt, við sáum það til dæmis á síðasta ári þegar Williams náði öðru og þriðja sæti. Það eru án efa mörg lið sem geta gert toppliðunum skráveifu um helgina,“ sagði Alonso.

„Maður þarf að vera mjög þolinmóður í brautinni, hún er mjög stutt og menn eru ávallt þétt upp við hvern annan,“ sagði Spánverjinn.

- hþh

Enska landsliðið í knattspyrnu hefur orðið fyrir miklu áfalli fyrir HM í sumar:

## Wayne Rooney líklega ekki með á HM

**FÓTBOLTI** Versta martröð Englendinga er að rætast en eftir myndatöku kom í ljós að Wayne Rooney getur líklega ekki spilað með enska landsliðinu á HM í sumar. Rooney braut bein í fætinum á sér undir lok aprílmánaðar og hefur gert allt sem í sínu valdi stendur til að spila á mótinu. Nýjustu myndatökur segja að Rooney megi ekki byrja að æfa aftur fyrr en í fyrsta lagi eftir þrjár vikur, þann 14. júní.

Það er því ljóst að Rooney missir í það minnsta af riðlakeppninni með Englendingum, en hvort hann fari til Þýskalands yfirhöfuð er ákvörðun sem Sven Göran-Eriksson þarf að taka. Ef hann getur byrjað að æfa 14. maí, hefur hann tíu daga fyrir 16 liða úrslit keppinnar, að því gefnu að England komist upp úr riðlinum.

Læknalið Manchester United gaf út yfirlýsingu um málið í gær



**ÓHEPPINN** Rooney hélt að hann yrði orðinn nægilega góður fyrir HM en svo er ekki. Hann gengur enn um með spelku á hægri fæti.

NORDICPHOTOS/AFP

en hennar hefur verið beðið með mikilli óþreyju. Rooney hefur átt gott tímabil með United og eru HM-vonir Englendinga nú að fara fyrir bí, enda einn allra mikilvægasti leikmaður liðsins.

„Wayne hefur lagt gríðarlega hart að sér. Við munum halda áfram að styðja Wayne í baráttunni um að komast á Heimsmeistararamótið en augljóslega verður hann að vera í góðu standi, and-

- hþh

## Mikil samheldni einkennir Víking

Víkingur er leikmaður þriðju umferðar Landsbankadeildarinnar að mati Fréttablaðsins. Hann átti magnaðan leik fyrir Víking þegar liðið vann Breiðablik 4-1, skoraði tvö mörk og lagði eitt upp.

**FÓTBOLTI** „Ísinn er brotinn. Við vorum óheppnir í fyrstu tveimur leikjunum, áttum að vinna Keflavík og gegn Fylki var spurningin bara hvort liðið næði að skora á undan. Það var því ljúft að fá fyrstu stigin,“ segir Viktor Bjarki Arnarsson, leikmaður Víkinga, sem átti stórleik á fimmtudag þegar liðið vann Breiðablik á fimmtudaginn. Viktor gerði varnarmönnum Breiðabliks lífið leitt allan leikinn, skoraði tvö mörk og lagði upp eitt á glæsilegan hátt.

„Það gekk mjög vel gegn Blikunum en það borgar sig að komast strax niður á jörðina því næsti leikur er strax á sunnudaginn í Vestmannaeyjum. Það má reikna með því að leikmenn ÍBV mæti kolbrjálaðir í þann leik líkt og við gerðum í leiknum við Breiðablik enda hafa þeir tapað tveimur síðustu leikjum. Þeir hafa líka sterkan heimavöll en það gekk vel hjá mér þar í fyrra og ég náði að skora eitt í 3-0 sigri Fylkis. Öll fjölskylda mín býr í Vestmannaeyjum og það væri ekki leiðinlegt að skora aftur fyrir framan hana,“ segir Viktor.

„Ég er í fínu líkamlegu formi og mér hefur gengið vel. Það er mikil samheldni og góður mórall í liðinu, við erum mikið saman og samheldnin innan félagsins er mikil. Berserkirnir styðja vel við bakið á okkur og við höfum reynt að vera í mikilli nálægð við þá.

Við buðum þeim í gleðskap og svo höfum við verið að hitta þá í Víkingi í vetur og horft með þeim á Meistaradeildina. Þetta hefur allt saman mikið að segja,“

Meðan Víkingur var í 1. deildinni í fyrra var Viktor lánaður til Fylkis þar sem hann lék vel. Fylkismenn reyndu að halda Viktori sem sjálfur lýsti því yfir að hann vildi vera áfram í Árbanum.

„Það gerði mér mjög gott að spila með Fylki í fyrra. Það gekk ekki að óskum með Víkingi 2004 en hjá Láka fékk ég mikið sjálfsþraust og spilaði ágætlega. Ég vissi þó að ég myndi geta gert miklu betur og ég hef náð mér vel á strik í fyrstu þremur leikjum sumarsins, vona að það haldi bara áfram,“ segir Viktor sem stefnir á að komast út í atvinnumenskuna eftir sumarið.

„Ég stefni á að reyna að komast eitthvert út í haust og setti mér þaðmarkmið eftir tímabilið með Fylki í fyrra. Ég ætla að reyna að gera



**Í HAM** Viktor Bjarki reyndist Blikum óþægur ljár í þúfu á fimmtudaginn. Hér reynir Hjörvar Hafliðason, markvörður Breiðabliks, að stöðva hann.

FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

mitt besta hjá Víkingi og reyna mitt besta til að hjálpa liðinu að halda sér uppi og vona að einhver lið erlendis sýni mér áhuga,“ segir Viktor.

Honum líður vel í Víkingi og tekur undir að aðstæðurnar séu orðnar frábærar hjá félaginu. „Það vantar gervigras á svæðið til

að við fáum meiri fótbolta yfir vetrartímamann, við vorum mikið í hlaupum í vetur. Ef við fáum gervigras þá verður svæðið okkar eitt það flottasta á landinu. Við höfum flottan aðalvöll með glæsilegri stúku og þar er ekki leiðinlegt að spila.“

elvar@frettabladid.is



www.xb.is/kopavogur

exbé

## KÓPAVOGSBÚAR

Kosningakaffi Framsóknarflokksins verður að Digranesvegi 12 í allan dag.

Þeir sem óska eftir akstri á kjörstað geta haft samband í síma 554 1300.

**Kosningavaka** verður að Digranesvegi 12 og mun standa fram eftir nóttu.

Allir velkomnir

Framsóknarflokkurinn í Kópavogi

Höldum áfram



VELFERÐ UMHVERFI NÝSKÖPUN



4 sæti

Ásta Þorleifsdóttir, jarðfræðingur

✓ „Verndum ósnortna náttúru. Mætum í göngu Íslandsvina í dag.“



## Úr Hafnarfirði í Fossvoginn: Rodney Perry til Víkinga

**FÓTBOLTI** Víkingar hafa bætt við sig sóknarmanni en Rodney Perry hefur fengið félagaskipti í liðið. Perry er 25 ára smár en knár leikmaður frá Bandaríkjunum en hann lék með Haukum úr Hafnarfirði í 1. deildinni í fyrra þar sem hann skoraði eitt mark í þeim fimmtán leikjum sem hann spilaði. Hann hefur æft með Víkingum í mánuð og var ákveðið að gera við hann eins mánaðar samning til að byrja með.

Englendingurinn Keith Thomas er farinn aftur heim í Stoke og þar með losnaði pláss fyrir sóknarmann í herbúðum Víkinga. Eftir að hafa tapað tveimur fyrstu leikjum sínum í Landsbankadeildinni vann liðið öruggan 4-1 sigur í nýliðaslag gegn Breiðablik á fimmtudag.

- egm



# Nicotinell®

Njótum lífsins saman, reyklaus!

**Reyklausi  
dagurinn  
31. maí.**

Í tilefni **reyklausa dagsins 31. maí** munum við ekki hækka verðið strax á **Nicotinell** tyggigúmmi, þrátt fyrir þá dýfu sem íslenska krónan hefur tekið að undanfögnu.

Þú getur því enn keypt **Nicotinell** á lága genginu á meðan birgðir endast.



Farðu í næsta apótek og berðu verðið á **Nicotinell** saman við verðið á öðru nikótíntyggigúmmi.







EMERSON Mun leika lykhillutverk með Brasilíu á HM í sumar en gæti yfirgefið herbúðir Juve ef illa fer. NORDICPHOTOS/AFP

Brasilíumaðurinn Emerson:

## Ég spila alls ekki í Serie-B

**FÓTBOLTI** Eins og búast mátti við þá hafa leikmenn Juventus gefið það út að þeir hafi það alls ekki í hyggju að spila í Serie-B deildinni á næsta tímabili. Eftir skandal hvað varðar stjórnarmenn Juventus, á liðið á hættu að vera dæmt niður um deild auk þess sem háar fjársektir og svipting titla mun væntanlega verða niðurstaðan fyrir félagið.

„Ég veit að ég er kannski að tala of langt inn í framtíðina, en það kemur ekki til greina að ég spili í Serie-B. Ég á enn tvö ár eftir af samningi mínum en við verðum að bíða og sjá hvað gerist,“ sagði Brasilíumaðurinn í áfingabúðum landsliðsins í Sviss.

Alessandro Del Piero, Fabio Cannavaro og Cristiano Zanetti hafa allir sagt að þeir muni vera áfram, sama hvað gerist en það sama er ekki hægt að segja um menn á borð við Patrick Vieira, David Trezeguet og Zlatan Ibrahimovic.

- hph

Kaupæði Chelsea nær nýjum hæðum þegar nýjasti liðsmaðurinn skrifar undir á næstu dögum:

# Shevchenko mun fara frá AC Milan

**FÓTBOLTI** „Ég er að fara frá AC Milan af fjölskylduástæðum. Þetta var alls ekki spurning um vandamál í samskiptum og síður en svo um peninga,“ sagði Andriy Shevchenko, einn allra besta framherji heims, við ítalska fjölmiðla í gær.

Úkraínumaðurinn var á fundi með forráðamönnum AC Milan í gær þar sem framtíð hans var til umræðu og niðurstaðan var sú að hann ætlaði að færa sig um set. „Þetta er klárlega allra sárasta brottvarf sem ég hef orðið vitni að á tíma mínum hjá AC Milan. Við munum hefja samningaviðræður við Chelsea og það verður ekki auðvelt fyrir okkur,“ sagði Adriano Galliani, varaforseti AC Milan, á blaðamannafundi í gær.

Shevchenko á konu sem er frá Bandaríkjunum og þau ku vilja að Jordan, sonur þeirra, læri ensku. Ráðist var að konu hans nýverið fyrir leik Milan og Lecce og spilaði



MAGNAÐUR Shevchenko er að mörgum talinn vera besti framherji í heimi og ljóst er að liðsuppstilling Chelsea verður ógnvænleg í haust. NORDICPHOTOS/AFP

Eiður Smári Guðjohnsen er eftirsóttur:

## Fengi mun lægri laun hjá Barcelona en Chelsea

**FÓTBOLTI** Íslenski landsliðsfyrirliðinn Eiður Smári Guðjohnsen þyrfti að taka á sig nokkra launalækkun gengi hann til liðs við Evrópumeistara Barcelona, að því er spænska blaðið Marca sagði frá í gær. Blaðið segir að Eiður Smári hljóti rúmar þrjár milljónir evra í árslaun hjá Chelsea, eða tæpar sex milljónir á viku, og að það sé upphæð sem Barcelona er ekki tilbúið að borga.

Marca fullyrðir að Diego Forlan hjá Villarreal sé fyrsti kostur

Franks Rijkaard, þjálfara Barca, en þar sem forráðamenn Villarreal gætu vel sett óraunhæfan verðmiða á leikmanninn væri hollenski þjálfarinn ekki búinn að útiloka möguleikann á að fá Eið Smára eða hollenska sóknarmanninn Dirk Kuijt. Í tilfelli Kuijt er einnig rætt um að peningar gætu verið vandamál, en Feyenoord vill fá að minnsta kosti átta milljónir evra fyrir Kuijt, þremur milljónum meira en Barcelona er reiðubúið að greiða.

- vig



EIÐUR SMÁRI GUÐJOHNSEN Fengi ekki sömu laun hjá Barca og hjá Chelsea. NORDICPHOTOS/GETTY IMAGES

U21 landsliðshópurinn:

## Sjö leikmenn spila erlendis

**FÓTBOLTI** Lúkas Kostic, þjálfari U21 landsliðsins, hefur valið hópinn sem mætir Andorra á Akranesvelli á fimmtudaginn. Leikurinn er seinni leikur þjóðanna og er leikið um sæti í riðlakeppni EM 2007, fyrri leikurinn endaði með markalausum jafntefli. Sigurvegari þessarar viðureignar fer í riðlakeppni EM og leikur þar gegn Ítalíu og Austurríki.

David Þór Viðarsson er reynslu- mestri leikmaðurinn í hópnum en Birkir Már Sævarsson úr Val er sá eini sem á engan U21 landsleik að baki. Sjö leikmenn í hópnum eru á mála hjá erlendum liðum: Emil Hallfreðsson hjá Malmö, Gunnar Þór Gunnarsson hjá Hammarby, Bjarni Þór Viðarsson hjá Everton, Hjálmar Þórarinnsson hjá Hearts, Rúrik Gíslason hjá Charlton, Birkir Bjarnason hjá Viking og þeir Theódór Elmar Bjarnason og Kjartan Henry Finnbogason hjá Celtic.

- egm



WALCOTT Gæti komið á óvart í HM í sumar. NORDICPHOTOS/AFP

Jermaine Jenas:

## Walcott gæti slegið í gegn

**FÓTBOLTI** Varalið enska landsliðsins beið lægri hlut fyrir Hvít-Rússum í æfingaleik á fimmtudaginn. Jermaine Jenas skoraði mark Englands í 2-1 tapi þar sem ungstirninn Aaron Lennon og Theo Walcott sýndu hvað bestu taktana.

Markaskorarin Jenas hrósaði Walcott sérstaklega en það olli miklu fjaðrafoki þegar hann var valinn sem einn af fjórum framherjum enska landsliðsins. Walcott lék ekki eina einustu mínútu með Arsenal á tímabilinu, sem þýðir þó að enginn landsliðsþjálfari á HM veit hvað hann getur, utan Eriksson, að sjálfsögðu. Það gæti verið mjög sterkt útspil.

„Hann er ungur, með mikla hæfileika og í heimsklassaliði á borð við England getur hann virkilega komið sterkur inn á HM. Hann hefur yfir miklum hraða að ráða en það er ekki það eina, hann tekur varnarmenn á taugum og er stöðugt til trafala. Hann gæti komið mjög á óvart í sumar,“ sagði Jenas um hinn 17 ára Walcott.

- hph

# Við erum stoltar af stefnunni okkar!

HEFUR ÞÚ KYNNT ÞÉR HANA?



Kær kveðja,  
Margrét, Guðrún, Ásta og Anna Sigga







SÁTTUR VIÐ HÓPINN Kristján Guðmundsson segist ekki ætla að bæta við sig leikmönnum.

FRÉTTABLAÐIÐ/VÍKURFRÉTTIR

Meiðsli hjá Keflavík:

## Pórarinn ekki með gegn KR

**FÓTBOLTI** Varnarmaðurinn Buddy Farah hjá Keflavík verður ekki orðinn leikfær á nýjan leik fyrr en eftir um tvær vikur. Hann tagnaði aftan í læri í leik liðsins gegn Víkingi í 2. umferð og þurfti að yfirgefa völlinn í hálfleik. Næsti leikur liðsins er annað kvöld þegar það tekur á móti KR en sóknarmaðurinn Pórarinn Brynjar Kristjánsson, sem gekk til liðs við Keflavík frá Þrótti í vetur, verður einnig fjarri góðu gamni í þeim leik.

Pórarinn hefur ekki spilað með Keflavík í tveimur síðustu leikjum liðsins í Landsbankadeildinni vegna meiðsla en Kristján Guðmundsson, þjálfari liðsins, segir að búist sé við því að hann fari að æfa aftur með liðinu í næstu viku.

„Það er alltaf virkilega gaman að mæta KR og mikil stemning sem fylgir því,“ sagði Kristján sem var farinn að hlakka til leiksins á morgun.

- egm

Aganefnd KSÍ:

## Sektar tvö félög

**FÓTBOLTI** Aganefnd knattspyrnusambands Íslands hefur ákveðið að sekta Grindavík um 20 þúsund krónur vegna óláta stuðningsmanna félagsins í leik gegn Fylki í Árbænum sem fram fór þann 19. maí sl.

Þá sektaði aganefndin KR um 15 þúsund krónur vegna framkomu stuðningsmanna félagsins, en þeir kveiktu á blysum í miðjum leik sem er stranglega bannað.



GAMLA KEMPAN Gary Payton sýndi að hann er ekki dauður úr öllum æðum í fyrrinótt.

NORDICPHOTOS/AFP

Úrslitin í NBA:

## Detroit Pistons jafnaði metin

**NBA** „Þeir komu til Detroit með það að augamiði að stela einum sigri, og það tókst hjá þeim. Það sama gildir hjá okkur núna, við ætlum okkur til Miami til að ná í að minnsta kosti einn sigur,“ sagði Chauncey Billups, leikmaður Detroit, eftir 92-88 sigur sinna manna í fyrrinótt. Detroit náði þar með að jafna metið í einvíginu en Miami vann fyrsta leikinn nokkuð óvænt.

Það var einungis fyrir klaufaskap heimamanna að þeir hleyptu Heat nálægt sér undir lok leiksins eftir að hafa náð öruggri forystu. Góður lokaspættur dugði Miami þó ekki til og liðið tapaði leiknum, 92-88.

„Það er ekki hægt að spila þannig að maður sé að verja forskotið. Það getur verið stórhættulegt,“ sagði Flip Saunders, þjálfari Detroit. „Við ætlum að beita þessari leikaferð frá fyrstu mínútu í næsta leik,“ sagði Pat Riley, þjálfari Miami glottandi, þegar hann var spurður út í áhlaup Miami í lokin.

- hþh

Handknattleiksdeild Fram sendir frá sér yfirlýsingu vegna Sverris Björnssonar:

## Látum ekki keppinautana fá leikmenn

**HANDBOLTI** Kjartan Ragnarsson, formaður handknattleiksdeildar Fram, sendir frá sér yfirlýsingu í gær vegna máls Sverris Björnssonar. Yfirlýsingin birtist hér í heild sinni en Kjartan hafnaði því að ræða málið við Fréttablaðið og sendi þess í stað frá sér eftirfarandi yfirlýsingu.

„Í apríl 2005 setti stjórn handknattleiksdeildar Fram sér háleit þriggja ára afreksmarkmið sem voru kynnt leikmönnum félagsins. Fram hefur unnið að framgangi markmiðanna eftir fremsta megni. Hluti af markmiðasetningu handknattleiksdeildar Fram lýtur að þátttöku í evrópukeppnum en þátttaka í slíkum keppnum er kostnaðarsöm fyrir lítil félög. Þann 19.

apríl sl. tjáði Sverrir Björnsson formanni handknattleiksdeildar Fram að eitt stærsta félagslið heims, Gummersbach, hefði áhuga á starfskröftum hans og að hann hefði hug á að ganga til liðs við félagið. Nokkrum dögum síðar var stjórnarmönnum Fram tilkynnt að tveggja ára samningur á milli Sverris og Gummersbach væri frágenginn. Þann 13. maí hittu stjórnarmenn Alfreð Gíslason á fundi og var niðurstaða þess fundar að félög- in ræddu sín í milli félagskipti Sverris. Þann 18. maí sl. barst handknattleiksdeild Fram loks tilboð í umræddan leikmann frá Gummersbach. Tilboði Gummersbach var hafnað þann 24. maí sl. þar sem það þótti ekki viðunandi.

Á komandi leiktíð tekur Fram þátt í Meistaradeild Evrópu í fyrsta skipti í sögu félagsins og gæti þar m.a. mætt liði Gummersbach sem einnig hefur unnið sér þátttökurétt í keppninni. Það samræmist ekki markmiðum Fram að láta keppinauta félagsins taka til sín bestu leikmenn Fram gegn vægu gjaldi sem þeir ákveða einhliða. Stjórn handknattleiksdeildar Fram fagnar áhuga erlendra stórlíða á leikmönnum félagsins. Sé um samningsbundna leikmenn að ræða gera reglur ráð fyrir að félögin nái samkomulagi sín í milli áður en samið er við leikmanninn. Hvað varðar Sverri Björnsson er handknattleiksdeild Fram tilbúin til frekari viðræðna við Gummersbach. Það



KJARTAN RAGNARSSON Formaður handknattleiksdeildar Fram er mikið á milli tannanna á fólki þessa dagana.

skal tekið fram að fleiri lið í Evrópu hafa sýnt Sverri áhuga. Fram telur að hagsmunum hlutadeigandi aðila sé ekki vel borgið með því að reka málið í ósifréttastíl í fjölmiðlum.

Stjórn handknattleiksdeildar Fram.“

## HVAÐ BEIÐ MÍN?

### Opið bréf til eldri borgara

Kæru eldri borgarar.

Síðastliðinn vetur, þegar ég varð 70 ára, komst ég í ykkar hóp og fékk því að reyna það á eigin skinni við hvaða kjör eldra fólki er ætlað að búa í okkar velmegunar borg. Ég hef verið leikari og leikstjóri við Borgarleikhúsið frá því að það var byggt og listamenn Leikfélags Reykjavíkur fluttu þangað inn með vonir um bjarta framtíð listamanna starfandi við elsta menningarfélag þessarar borgar. Í fimmtíu ár hef ég starfað sem leikari, verið stolt af að tilheyra hóp fastráðinna leikara við Borgarleikhús. En varð auðvitað fyrir léttu áfalli því við starfslok kom í ljós að eftirlaunasjóður starfsmanna fékk engan stuðning frá borginni. Auðvitað hafði ég alltaf haldið, að þar sem Leikfélag Reykjavíkur hafði skemmt Reykvikingum í meir en hundrað ár, fengi ég eftirlaun sem borgarstarfsmaður og sendi inn fyrirspurn til borgarstjórnar. Var það Ólafur F. Magnússon oddviti Frjálslyndra sem bar fram fyrirspurnina. En fékk þau svör frá núverandi meirihluta að eftirlaunamál Leikfélags Reykjavíkur kæmu borgarstjórn Reykjavíkur ekkert við.

Mér fannst þetta harður biti að kyngja. Og langaði að hrópa á frambjóðendur þessara sömu flokka sem sýna allt í einu rétt fyrir kosningar svo geysilega umhyggju fyrir öldruðum. Kæru vinir, eldri leikarar eru líka eldri borgarar! Nú hefur þessi eldri borgari Guðrún Ásmundsdóttir ákveðið að snúa vörn í sókn. Hefur gengið til liðs við Frjálslynda og óháða er þar boðin velkomin sem þriðja manneskja á lista hjá því ágæta fólki sem vinnur af hugsjón með hag eldri borgara í huga. Mér finnst það stundum guðleg forsjón að hafa fengið að kynnast því í raun hvernig hagur aldraðra er fyrir borð borinn. Ég þekki það stolt, sem við eigum sem eldri erum og eigum við það að búa, að fólk stundum svo ungt, að það er næstum ennþá blautt á bakvið eyrun, sé að tala niður til okkar og lofa bágum kjörum okkar svolitla hagsbót.

Hjálpnið mér til að sameinast um gott fólk til stjórnar í þessari borg og það gerum við með því að kjósa F – listann.

Baráttu kveðja, ykkar Guðrún Ásmundsdóttir.



3 sæti

Guðrún Ásmundsdóttir, leikkona, leikstjóri og leikritahöfundur





## ÚR BÍÓHEIMUM

Í hvaða kvikmynd hljómaði þessi setning:

„I love scotch. Scotchy, scotch, scotch. Here it goes down, down into my belly.“

Svar: Ron Burgundy í Anchorman frá 2004.

# dagskrá



Í TÆKINU COLIN MOCHRIE LEIKUR Í THE DREW CAREY SHOW Á SKJÁ EINUM KL. 20.50

## Dreymdi um að verða sjávarlíffræðingur

Colin Andrew Mochrie fæddist 30. nóvember árið 1957 í Kilmarnock í Skotland. Hann er sonur flugvélafræðings og fjölskyldan þurfti því að ferðast talvert mikið. Hann flutti til Kanada árið 1964 og bjó þar í nokkur ár.

Í barnæsku hélt Colin sig út af fyrir sig sökum feimni. Hann dreymdi um að verða sjávarlíffræðingur eða kokkur en þegar hann var sextán ára mönudu vinir hans hann að taka þátt í leikriti í miðskóla. Hann vakti mikla lukku og uppgötvaði að hann var nokkuð myndinn.

Árið 1971 útskrifaðist Colin úr Killarney skólanum og fór þá í leiklistarskóla í Vancouver í fjögur ár. Colin fékk grín og spuna á heilann og gekk til liðs við spunahóp í Vancouver og lærði listina. Þar hitti hann Ryan Stiles, annan þekktan grínista.

Þeir spunnu saman og hafa verið vinir og samstarfsfélagar síðan.

Seint á níunda áratugnum flutti Colin til Toronto og fékk inngöngu í grínleikhúsið The Second City þar sem hann kynntist konu sinni, Debru McGrath. Þau eignuðust soninn Luke árið 1989 og árið 1991 fluttu til Los Angeles. Fjölskyldan kunnir ekki vel við sig þar og flutti aftur til Toronto eftir þriggja ára dvöl.

Colin sást fyrst í breska spunagamanþættinum Whose Line is it Anyway árið 1991 en árið 1998 var þátturinn seldur til ABC í Bandaríkjunum þar sem Drew Carey, Colin og Ryan Stiles réðu ríkjum, og gera enn.


Vegna velgengni þáttanna er Colin nú virtur í Bandaríkjunum og er þessa dagana að skrifa nýjan CBC gamanþátt með konu sinni sem heitir Getting Along Famously.



▶ 19.40

GAMAN

MY FAMILY



▶ 15.30

TÓNLEIKAR

U2



▶ 19.00

GAMAN


VINIR



▶ 21.10

VERULEIKI

DR. 90210



▶ 11.00

DÆGURMÁL

FRÉTTAVIKAN

### SIJÓNVARPIÐ

8.00 Morgunstundin okkar 8.01 Alda og Bára (4:26) 8.06 Búi (16:26) 8.17 Lubbi læknir (13:52) 8.30 Arthúr (111:115) 8.57 Sigga liggja lá (13:52) 9.10 Skoppa og Skríttla (4:10) 9.20 Matta fóstura og ímynduðu vinirnir hennar (38:40) 9.42 Gló magnaða (52:52) 10.05 Ástfangnar stelpur (9:13)

10.30 Latibær 10.55 Villi spæta 11.20 Formúluvöld 11.50 Formúla 1 13.15 Þróttakvöld 13.30 Stórfiskar 14.00 HM í íshokki 17.50 Táknmálsfréttir 18.00 Hope og Faith (52:73) 18.25 Kokkar á ferð og flugi (6:8) 18.54 Lottó

19.00 Fréttir, íþróttir og veður  
▶ 19.40 Fjölskylda mín (8:13) (My Family) Aðalhlutverk leika Robert Lindsay, Zoë Wanamaker, Gabriel Thompson, Daniela Denby-Ashe og Siobhan Hayes.

20.15 Litlar flugur Kynnir er Ómar Ragnarsson og um dagskrágerð sér Jón Egill Bergþórsson.

21.00 Kosningavaka Kosningavaka Sjónvarpsins hefist klukkan 21.00 með fjölbreyttu og skemmtilegu efni um sveitarstjórnarkosningarnar um land allt. Milli kl. 21 og 22 verður hitað upp með viðtölum við stjórnmálamenn, sérfræðinga og spaugara og kosningumfjöllun vökunna kynnt. Strax og kjörstöðum er lokað kl. 22 hefist spennan fyrir alvöru með talnahríf frá öllum stærstu sveitarfélögum landsins. Dagskrárlök óákveðin.

7.00 Barnatími Stöðvar 2 (William's Wish Wellingtons, Sullukollar, Engie Benjy, Animaniacs, Myrkfælnu draugarnir, Kærleiksbrinirni, Tiny Toons, Barney, Með afa, Leðurblókumadurinn, Kalli kanína og félagar, Kalli kanína og félagar, Kalli kanína og félagar)

12.00 Hádegisfréttir 12.20 Bold and the Beautiful 12.45 Bold and the Beautiful 13.05 Bold and the Beautiful 13.25 Bold and the Beautiful 13.50 Idol – Stjörnuleit 14.40 Meistarinn(e) ▶ 15.30 U2 Vertigo – Live from Chicago 17.10 Sjálfstætt fólk 17.45 Martha

18.30 Fréttir, íþróttir og veður Fréttir, íþróttir og veður frá fréttastofu NFS í sam tengdri og opinni dagskrá Stöðvar 2, NFS og Sirkuss.

19.00 Íþróttir og veður

19.05 Lottó  
19.10 Kosningasjónvarp 2006 Kosningasjónvarp NFS þar sem tíðindi frá sveitarstjórnarkosningunum 2006 verða færð um leið og þau berast, á skýran og aðgengilegan máta. Beinar útsendingar verða frá því er nýjustu tölur liggja fyrir, um land allt; stjórnmálaskýrendur spá í spilin og vel valin skemmtiatriði fá að fljóta með þegar við á; til að stytta stundurnar milli nýjustu talna og gera biðina bærilgri.

5.10 Fréttir Stöðvar 2 5.55 Tónlistarmyndbönd frá Popp TÍVÍ

### SIRKUS TV

18.00 Fashion Television (e)

18.30 Fréttir NFS

▶ 19.00 Friends (7:23) (e) (Vinir) Chandler og Joey finna videóspólu sem gæti verið af Monica með fyrverandi elskhuga.

19.30 Friends (8:23) (e) (Vinir) Amy, hin sjálfseka systir Rachel, sem Christina Applegate leikur, tekst að eyðileggja þakkargjörðarhátíðina fyrir hópnun.

20.00 Jake in Progress (1:13) (Krisustjórinn) Nýr bandarískur grínþáttur um ungan og metnaðarfullan kynningarfulltrúa í New York.

20.30 Sirkus RVK (e)

21.00 American Idol (38:41) (e) (Bandaríska stjórnmuleitin)

21.50 American Idol (39:41) (e) (Bandaríska stjórnmuleitin)

22.40 Clubhouse (4:11) (e) (Clubhouse)

23.25 Supernatural (15:22) (e) (Bönnuð börnum) 0.10 Extra Time – Footballers' Wive 0.35 Splash TV 2006 (e)

### SKJÁREINN

10.30 Dr. Phil (e)

12.45 Yes, Dear (e) 13.15 Life with Bonnie (e) 13.40 Top Gear (e) 14.30 Game tívi (e) 15.00 One Tree Hill (e) 15.50 Less than Perfect (e) 16.15 Run of the House (e) 16.45 Dr. 90210 (e) 17.15 Survivor: Panama – tvöfaldur úrslitþáttur (e)

19.00 Family Guy (e)

19.30 Courting Alex (e)

20.00 All of Us

20.25 Run of the House Run of the House eru stórskemmtilegir þættir um óvenjulega fjölskyldu.

20.50 The Drew Carey Show Drew Carey frá Cleveland, Ohio er líklega ein skrifasta sjónvarpspersóna sem sækir SKJÁ EINN heim. Svo ekki sé minnst á Mimi.

▶ 21.10 Dr. 90210 Í þáttunum Dr. 90210, frá E sjónvarpsstöðinni, er fylgst með lýta-læknum fina og fræga fólksins í Beverly Hills við störf sín.

21.45 The Dead Zone Bandarískur framhaldsmyndaflokkur. Byggður á sögu Stephen King.

22.30 Rockface Frábærir breskir þættir.

23.15 The Bachelorette (e) 0.45 Boston Legal (e) 1.35 Wanted (e) 2.20 Tvöfaldur Jay Leno (e) 3.55 Óstöðvandi tónlist

### NFS

10.00 Fréttir 10.10 Óþekkt ▶ 11.00 Fréttavikan m. Þorfinni Ómarss12.00 Hádegisfréttir12.30 Skaftahlíð 14.00Kosningavakt og fréttir á heila tímanum

18.30 Kvöldfréttir

19.10 Kosningasjónvarp 2006 Kosningasjónvarp NFS þar sem tíðindi frá sveitarstjórnarkosningunum 2006 verða færð um leið og þau berast, á skýran og aðgengilegan máta. Beinar útsendingar verða frá því er nýjustu tölur liggja fyrir, um land allt; stjórnmálaskýrendur spá í spilin og vel valin skemmtiatriði fá að fljóta með þegar við á; til að stytta stundurnar milli nýjustu talna og gera biðina bærilgri.

### BIÓ STÖÐ 2 BIÓ

6.00 One True Thing 8.05 My House in Umbria 10.00 The Man Who Sued God 12.00 Lost in Translation 14.00 One True Thing 16.05 My House in Umbria 18.00 The Man Who Sued God 20.00 Lost in Translation (Rangtúlkun) Frábær verðlaunamynd sem hreppi m.a. Óskarsverðlaun fyrir handritgerð. Aðalhlutverk: Bill Murray, Scarlett Johansson. Leikstjóri: Sofia Coppola. 2003. Leyfð öllum aldurshópum. 22.00 Monster's Ball (Skrimslaball) Hank Grotowski er kynþáttahatari sem starfar á dauðadeild fangelsis. Sjálfur hefur hann ekki alltaf

átt auðvelda daga og eftir fjölskylduharmleik kynnist hann blökkukonunni Leticia Musgrove. Þau taka upp náið samband en hvorugt veit að Hank kom að aftöku eiginmanns hennar. Aðalhlutverk: Billy Bob Thornton, Halle Berry, Peter Boyle, Heath Ledger. Stranglega bönnuð börnum. 0.00 American Psycho 2 (Stranglega bönnuð börnum) 2.00 Threshold (Stranglega bönnuð börnum) 4.00 Monster's Ball (Str. b. börnum)

### OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

### E! ENTERTAINMENT

12.00 E! News 12.30 Extreme Close-Up 13.00 10 Ways 13.30 Gastineau Girls 14.00 The E! True Hollywood Story 15.00 The E! True Hollywood Story 16.00 The E! True Hollywood Story 17.00 10 Ways 17.30 Gastineau Girls 18.00 E! News Weekend 19.00 50 Best Chick Flicks: Sex, Cries & Videotape 21.00 Dr. 90210 22.00 The E! True Hollywood Story 23.00 Wild On Tara 23.30 Wild On Tara 0.00 50 Best Chick Flicks: Sex, Cries & Videotape 2.00 Wild On Tara

### AKSJÓN

Fréttapátturinn Korter er sýndur kl.18.15 og endursýndur á klukkutíma fresti til kl. 9.15

515 6100 | SYN.IS | SKÍFAN | OG VODAFONE

# M

## 9. JÚNÍ

# 2006

**2.966 kr. á mánuði\***  
Sýn í þrjá mánuði í viðbót við Stöð 2  
Sýn Extra fylgir frítt með

**4.966 kr. á mánuði\***  
Sýn í þrjá mánuði  
Sýn Extra fylgir frítt með

\*gegn eingreiðslu



## VIÐ MÆLUM MEÐ ...

Kosningasjónvarpi NFS

NFS kl. 10.00

## Viðamesta kosningasjónvarp Íslandssögunnar

Kosningasjónvarp NFS verður óumdeilanlega stærsta og viðamesta kosningaumfjöllun sem boðið hefur verið upp á í íslensku sjónvarpi. Starfsfólk fréttastofu NFS mun standa vaktina sleitulaust frá morgni kosningadags og allt fram til klukkan 20 á sunnudagskvöldið. Hér er því klárlega um að ræða lengstu samfelldu sjónvarpsútsendingu Íslandssögunnar. Eins og hefð er fyrir á kosningavökum hér á landi þá verður boðið upp á fjörug skemmtiatriði til að stytta þjóðinni biðina eftir nýjustu tölum. Norðlenski gríndúettinn Hundur í óskilum verður á staðnum, slær á léttu strengi og tekur vel valda slagara þegar við á. Pétur Jóhann Sigfússon bregður sér í gervi Jóns Ársæls og fjallar um kosningarnar á mannlegum nótum og hinar einu sönnu Stelpur verða í gríninu. Samtengd kosningavaka NFS og Stöðvar 2 hefst síðan strax á eftir fréttum, klukkan 19.10.



## Sudoku dagsins

Fylltu út í reitina þannig að hver lína, hver dálkur og hver 3x3 kassi rúmi allar tölurnar á bilinu 1 til 9. Sama talan má ekki koma fyrir tvisvar sinnum í sömu línu, sama dálki eða sama 3x3 kassa. Engin stærðfræðikunnátta er nauðsynleg þó leikið sé með tölum. Þrautin er leyst með rökhugsun og útsjónarsemi. Lausnir, ráðleggingar og upplýsingar eru á [www.sudoku.com](http://www.sudoku.com). Lausn þrautarinnar birtist á sama stað í blaðinu á morgun.

Lausn á gátu gærdagsins

|   |   |   |   |   |   |   |   |   |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 7 | 5 | 1 | 8 | 4 | 3 | 6 | 2 | 9 |
| 4 | 6 | 9 | 7 | 1 | 2 | 3 | 8 | 5 |
| 2 | 8 | 3 | 5 | 9 | 6 | 7 | 1 | 4 |
| 1 | 2 | 4 | 6 | 7 | 5 | 9 | 3 | 8 |
| 9 | 7 | 8 | 4 | 3 | 1 | 5 | 6 | 2 |
| 6 | 3 | 5 | 2 | 8 | 9 | 4 | 7 | 1 |
| 3 | 4 | 7 | 1 | 5 | 8 | 2 | 9 | 6 |
| 8 | 9 | 2 | 3 | 6 | 4 | 1 | 5 | 7 |
| 5 | 1 | 6 | 9 | 2 | 7 | 8 | 4 | 3 |

|   |   |   |   |   |   |   |   |   |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
|   |   |   |   | 3 |   |   |   |   |
| 8 |   |   | 2 | 7 |   |   |   | 1 |
|   | 7 | 4 | 1 | 8 | 5 | 2 |   |   |
|   |   | 6 |   |   | 8 |   |   |   |
| 4 |   |   |   |   |   |   |   | 9 |
|   |   | 8 |   |   | 2 |   |   |   |
|   | 4 | 7 | 8 |   | 5 | 9 | 1 |   |
| 2 |   |   | 9 |   | 4 |   |   | 6 |
|   |   |   |   | 7 |   |   |   |   |



20.40

HNEFALEIKAR

FLOYD MAYWEATHER VS. SHARMBBA MITCHELL



10.45 Gillette HM 2006 sportpakinn 11.15 US PGA í nærmynd 11.45 US PGA 2005 – This Is the PGA

12.45 NBA-úrslitakeppnin 14.45 Sænsku nördarnir 15.35 Motorworld 16.05 World Poker

18.35 Unichef Soccer Aid

20.40 Hnefaleikar (Box – Floyd Mayweather vs. Sharmba Mitchell) Magnaður boxbardagi sem fram fór 19. nóvember í Rose Garden í Bandaríkjunum. Í hringnum mættust Floyd Mayweather og Sharmba Mitchell. Floyd hafði aldrei tapað bardaga áður en hann mætti Sharmba.

21.45 Hnefaleikar (Box – Ricky Hatton vs. Carlos Maussa) Endursýndur bardagi sem fram fór fyrir hálfum mánuði síðan þegar Englendingurinn Hatton hækkaði sig um þyngdarflokk.



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

6.50 Bæn 7.05 Laugardagur til lukku 8.05 Músik að morgni dags 9.03 Út um græna grundu 10.05 Veðurfregin 10.15 Andi Andalusíu 11.00 Víkuloðin 12.00 Hádegisútlit 12.20 Hádegisfréttir 12.45

Veðurfregin 13.00 Laugardagsþátturinn 14.00 Töfrar Bollywoodmynda 14.40 Með laugardagskaffinu 15.00 Til í allt 16.08 Veðurfregin 16.10 Spegill tímans: Galdráfar 17.05 Til allra átta 18.00 Kvöldfréttir

18.25 Auglýsingar 18.26 Leikhúsmýslan 18.52 Dánarfregin og auglýsingar 19.00 Kringum kvöldið 19.30 Stefnumót 20.15 Frakkneskir fiskimenn á Íslandi 20.55 Kvöldtónar

21.30 Kosningavaka Útvarpsins

## RÁS 2 FM 90,1/99,9

8.05 Morguntónar 9.03 Helgarútgáfan 10.05 Helgarútgáfan 12.20 Hádegisfréttir 12.45 Helgarútgáfan

16.08 Geymt en ekki gleymt 18.00 Kvöldfréttir 18.25 Auglýsingar

18.28 Tónlist að hætti hússins 19.00 Sjónvarpsfréttir 19.20 PZ 21.50 Kosningavaka Útvarpsins 22.10 Veðurfregin 22.15 Kosningavaka Útvarpsins 2.03 Næturtonar

## BYLGJAN FM 98,9

9.00 Gullí Helga

12.00 Hádegisfréttir 12.20 Rúnar Róbertsson 16.00 Ragnar Már

18.30 Kvöldfréttir 19.00 Ívar Halldórsson

## AÐRAR STÖÐVAR

FM 90,9 TALSTÖÐIN  
FM 99,4 ÚTVARP SAGA  
FM 95,7 FM957 / Topp tónlistarstöðin  
FM 102,2 Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp  
FM 102,9 Lindin / Kristilegt efni  
FM 96,7 Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying  
FM 105,5 Útvarp Boðun / Kristilegt efni  
FM 89,5 Kiss / Nýja bítið í bænum  
FM 88,5 XA-Radíó / 12 spora efni  
FM 91,9 XFM / Tónlist og afþreying  
FM 97,7 X-ið / Enginn viðbjóður

Um helgina ganga landsmenn til sveitarstjórnarkosninga. NFS byrjar strax kl. 10 á laugardagsmorgun og stendur vaktina allan daginn með nýjustu fréttir af kosningum og lífandi umræður um frambjóðendur og flokkana.

Kosningavakan hefst strax að loknum kvöldfréttum og fá áhorfendur glóðvolgar fréttir af niðurstöðum kosninganna um leið og þær berast, ásamt því að fá hita og spenning frambjóðenda beint í æð.



# STÆRSTA KOSNINGASJÓNVARP Í SÖGU ÍSLANDS

Hefst í dag kl. 10 og stendur í 34 klukkustundir



digital ísland | vísir VEF.TV





## HRÓSIÐ

...fær Jónas Örn Helgason fyrir glæstan sigur í Meistararum.

## NÚNA



**Víðar buxur.**  
Hægt og sígandi munu niðurþröngu gallabuxurnar tynast í tískunni og víðu buxurnar koma sterkar inn. Flottast er ef mittið er hátt.



**Sushi take away.**  
Almennilegur skyndibítamatur. Farðu í Sushismiðjuna við smábátahöfnina og kjamsaðu á þessu góðgæti.



**Cheap Monday.**  
Loksins eru þessar ofursvölu gallabuxur komnar til landsins og fást í Kronkrón.



**G-strengir.**  
Hættu að láta eins og þér finnst þægilegt að ganga með band á milli rasskinnanna. Farðu í ömmubuxur og lífðu þægilegu lífi.



**Geitungar.**  
Þeir eru glataðir og orðið á götunni er að kuldakastið hafi eyðilagt stofn þeirra örlítið. Mikjið væri það nú dásamlegt.



**VIP party.**  
Það er einfaldlega ekkert kúl að halda eitthvað tryllt „high profile“ party og bjóða svo bara einhverjum nokkrum útvöldum.

|    |    |    |    |    |    |
|----|----|----|----|----|----|
| 1  |    | 2  | 3  | 4  | 5  |
| 6  | 7  |    | 8  |    |    |
| 9  |    | 10 |    | 11 |    |
| 12 |    |    | 13 |    |    |
|    | 14 |    |    |    | 15 |
| 16 |    |    | 17 |    |    |
| 18 |    | 19 |    | 20 |    |
| 21 |    |    |    |    |    |

### LÁRÉTT

2 eyja 6 í röð 8 efni 9 þunnur vökví 11 til dæmis 12 tala óskýrt 14 hroki 16 skóli 17 snúningshraði 18 skörp brún 20 komast 21 ættgöfgi.

### LÓÐRÉTT

1 mylsna 3 bor 4 bætiefni 5 á móti 7 á 10 samstæða 13 starfsgrein 15 fituskán 16 besti árangur 19 tveir eins.

### LAUSN:

LÁRÉTT: 2 Jáva, 6 áb, 8 lín, 9 lap, 11 tít, 12 dráfa, 14 dramb, 16 ma, 17 gtr, 18 egg, 20 ná, 21 tígr.  
LÓÐRÉTT: 1 sáid, 3 al, 4 vítamín, 5 and, 7 þarðagí, 10 þar, 13 fæg, 15 þrák, 16 met, 19

### [ VEISTU SVARIÐ ]

- Jónas Örn Helgason
- Kenneth Lay og Jeffrey Skilling
- Valencia

Reykjavíkurvegur 64, Hafnarfjörður.

**www.sturta.is**  
allan sólarhringinn!

**Fyrir hornið...**

Sími: 565-5566 [sturta.is](http://sturta.is)



NYLON FLOKKURINN ERU AÐ GERA ÞAÐ GOTT Í BRETLANDI Halda tónleika á hverjum degi með bresku stúlknasveitinni Girls Aloud en þær eru mjög vinsælar þar á landi og daglegir gestir á síðum þarlandra slúðurblaða.

NYLON: MIKIL KEYSLSA Í BRETLANDI

# Umvafðar breskum stjörnum

„Maður hefur bara tíma til að hugsa um einn dag í einu og það er aldrei að vita hvað morgundagurinn ber í skauti sér,“ segir Alma Guðmundsdóttir söngkona í vinsælustu stúlknasveit landsins, Nylon. Sveitin hefur verið að gera það gott undanfarið í Bretlandi og 19. maí síðastliðinn kláruðu þær hljótleikaferðalag með strákasveitinni vinsælu Westlife. Þar komu þær fram í öllum helstu tónleikahöllum í Bretlandi og fengu frábærar viðtökur. „Þetta var alveg ótrúleg reynsla og höfum við aldrei spilað fyrir svona mikið af fólki áður. Strákarnir í hljómsveitinni voru mjög almennilegir og sjóaðir í þessum bransa enda búnir að vera lengi að. Það var líka fyndið að sjá að aldur tónleikagesta var allt frá 5 ára upp í sjöugt,“ segir Alma.

Eftir ferðalagið með Westlife fengu stelpurnar aðeins tveggja daga frí áður en þær slógust í för með bresku stúlknasveitinni Girls Aloud. „Það er alveg æðislegt að fá að spila með þeim og þetta er allt

öðruvísi en með Westlife. Við erum að spila á hverjum degi í 10 daga og það er miklu meiri stemning á tónleikunum. Fólk er að dansa og syngja með lögum. Ótrúlega gaman og við hlökkum til hverra tónleika.“ Mikil keyrsla hefur verið á stelpunum en þær fóru út rétt eftir áramót til þess að taka upp plötu á ensku og mun smáskífa þeirra koma út í Bretlandi 27. júní. Það er lagið „Losing a friend“ sem er farið í spilun hér á landi og mun hafa toppað vinsældarlista. „Við erum svakalega ánægðar með viðtökur og erum núna á fullu að kynna lagið hér úti. Það er erfitt að komast að hjá breskum útvarpsstöðvum enda mikil samkeppni en lagið er komið í spilun og það hjálpar okkur náttúrulega mjög að hafa spilað með Westlife og erum núna með Girls Aloud en þær eru fánalega vinsælar hérna, alltaf á síðum slúðurblaðanna.“ Tvær af meðlimum sveitarinnar eiga fræga kærasta en Nadine er að slá sér upp með garðyrkjumanninum sæta úr sjónvarpsþættinum „Aðþrengdar

eiginkonur“, leikaranum Jesse Metcalfe, og Cheryl Tweedy er unnusta fótboltakappans Ashley Cole sem spilar með Arsenal.“ Við erum búnar að hitta stelpurnar og eru þær mjög hressar og almennilegar. Það vottar ekki fyrir stjörnutælum hjá þeim og þær eru jarðbundnar. Við biðum spennar eftir að hitta þessa frægu kappna en það er ekkert víst að við hittum þá, ef svo er þá verðum við með myndavélarnar á lofti,“ segir Alma og hlær.

Stelpurnar eiga allar kærasta og eru þær búnar að koma í heimsókn en stelpurnar hafa lítinn tíma þessa stundina. Þær eru á fullu alla daga en vonast þó til þess að komast til Íslands í byrjun júní en þá lýkur ferðalagi þeirra með Girls Aloud. Annars munu stelpurnar vera í Bretlandi í allt sumar að kynna smáskífuna með því að fara í sjónvarps- og útvarpsviðtöl. „Þetta er spennandi og alveg ómetanleg reynsla fyrir okkur allar,“ segir Alma að lokum.

alfrun@frettabladid.is

## FRÉTTIR AF FÓLKI



Tónlistarþátturinn Hlaupanótan stóð fyrir vorhátíð á miðvikudagskvöldið þar sem boðið var upp á fjölbreytt tveggja tíma tónlistarprogramm sem sent var beint út á RÚV. Rúsinan í pylsuenda

þáttarins var hljómsveitin Flís en margir tónleikagesta komu gagnert til þess að hlusta á sveitina sem er hvað þekktust fyrir að hafa gefið út hugljúfan disk með lögum **Hauks Mortens**. Þegar sveitin var kynnt á sviði byrjaði **David Þór** á því að skella bjórdósum ofan í pianóið og svo tóku hljómsveitarmedlimir við að stilla hljóðfæri sín af miklum móð. Þegar sveitin virtist enn vera að stilla hljóðfærin fimm mínútum seinna var farið að renna tvær grímur á tónleikagesti sem smátt og smátt áttuðu sig á því að stillingarnar voru í raun fyrirfram ákveðið tónverk. Fannst mörgum þessi ný Flístónn afar hressandi og skemmtilegur meðan aðrir hristu hausinn og hefðu frekar viljað fá Hauks Morteinslöggin frá þeim piltum.

Hljómsveitin Singapore Sling með **Henrik Björns-son** fremstan í flokki er á tónleikaferðalagi um Bretland með **Brian Jonestown Massacre** um þessar mundir. Leik- og söngkonan **Patsy Kensit** var gestur á tónleikum sveitarinnar í London á miðvikudagskvöld og tókst með lagni að komast baksviðs að þeim loknum þar sem

hún reyndi að gera sér dælt við forvígismenn Singapore Sling. Kensit er sjálfsgætt ein frægasta grúppa heims en hún giftist **Liam Gallagher**, Oasibróður, eftir að frægðarsól

hennar tók að hniga. Því hjónabandi lauk með látum á sínum tíma en hún hefur greinilega ekki gefið tónlistarmenn upp á bátinn. Kensit hefði einhvern tíma þótt auðsugestur enda þótti hún mikil bomba þegar hún sangaði hjá **Mel Gibson** í Lethal Weapon 2 árið 1989. Sjarminn virðist þó eitthvað hafa fólnað með árunum þar sem Singaporemenn sýndu henni engan áhuga og sendu hana með skottið milli lappanna með orðunum „sama og þegið“.

## Sungið og gengið fyrir Ísland

Í dag stendur hópurinn Íslandsvinir fyrir miklilli dagskrá sem vekja á athygli á íslensku náttúru, stóriðjuframkvæmdum og einhæfu atvinnulífi. Dagskráin hefst með göngu frá Hlemmi klukkan 13 og endar gangan á Austurvelli þar sem haldinn verður útifundur með fjölbreyttri dagskrá. Meðal þeirra sem fram koma á útifundinum eru hljómsveitirnar Hjálmar og Flís og tónlistarmennirnir KK, Benni Hemm og Bogomil Font. Að sögn aðstandenda uppkomunnar verður þáttakendum göngunnar boðið að skrifa undir áskorun til stjórnvalda um að vernda menningararf Íslendinga, íslenska náttúru, efnahagslegt sjálfstæði, frumkvæði



SPILA Á AUSTURVELLI Hjálmar er ein þeirra hljómsveita sem spila á Austurvelli í dag og vekja þar með athygli á náttúrugerssemum landsins og efnahagslegu sjálfstæði.

og sköpunarkraft. Sýnt verður fræðslumyndband um áhrif stóriðju á landið og upplýsingabæk-

lingum verður dreift. Nánari upplýsingar má fá á heimasíðunni [www.islandsvinir.org](http://www.islandsvinir.org)

**Nýr humar, grillpinnar sigin grásleppa, sólpurrkaður saltfiskur**

**FISKBÚÐIN HAFBERG**

Gnoðarvogi 44, sími 588 8686  
opið alla laugardaga 10-14



# Gleðilegan kjördag!



## AKSTUR Á KJÖRDAG

Óskir þú eftir akstri á kjördag getur þú hringt í síma 552 2600.




## KOSNINGAKAFFI

Kíktu í kaffi til okkar á kosningaskrifstofuna í Aðalstræti 9. Heitt á könnunni allan daginn.



## KOSNINGAVAKA

Kosningavaka F-listans verður á Hótel Borg (Gyllta sal og Skuggabar). Hún hefst kl. 21:30 og allir eru hjartanlega velkomnir.  
Létt stemning allt kvöldið.







## BAKÞANKAR

GUÐMUNDAR  
STEINGRÍMSSONAR

### Kjördagur

Í þjóðfélagi sem hneigist heldur til þess að líta svo á að stjórnsmál séu til óþurftar og leiðinda og stjórnsmálsmenn séu arfavitlausir og innantómir vindhanar, jafnvel holdsveikir, þá er ekki laust við að mér líði dálítið eins og á AA fundi – að ég sé afbrigðilegur maður sem glími við mikinn vanda – þegar ég lýsi því yfir hér og nú, og án nokkurra orðalenginga að ég semsagt hef bara nokkuð gaman af svona kosningum og stjórnsmálum. Mér finnst pólitík bara ansi hreint skemmtileg.

OG þar hafiði það. Ég hef gaman af HM í fótbolta, ég glotti yfir Eurovision, ég sit líndur við sjónvarpið þegar þjóðfélagslegir stórvíburðir eru á dagskrá. Ég er fíkill á Twentyfour. Og í rökréttu samhengi við allt þetta og á mjög svipaðan hátt hef ég gaman af pólitík.

ÉG spyr mig: Af hverju hefur það gerst á Íslandi að svona lítil stemning er fyrir pólitík? Af hverju eru fjölmiðlamenn ekki heitari í aðdraganda kosninga, eins og fjölmiðlamenn í Bretlandi, sem halda fram upplýsandi kenningum um hitt og þetta af fádæma áhuga og andagift, þannig að áhorfendur hrífast með? Þræðir stjórnsmálanna liggja úti um allt. Góður blaðamaður færir þá upp á yfirborðið, þannig að góðborgarar hrópa upp yfir sig já hérna og fjárin og heitu pottarnir sjóða upp úr. Það er gaman.

HÉR ríkir einhverra hluta vegna fullkomin uppgjöf gagnvart viðfangsefninu. Ég veit að ég hljóma eins og gaurinn í Iceland Express auglýsingunum, en ég ætla að segja það samt: Úti í heimi, í alvöru þjóðfélögum, er stjórnsmálaumræðan áhugaverð. Í þættinum Hardball með Chris Matthews er til dæmis fjallað um stjórnsmál í Bandaríkjunum líkt og um íþróttakappleiki væri að ræða. Vissulega umdeildur þáttur, en ansi hreint skemmtilegur. Þökk sé ástríðu þáttastjórnandans.

HÉR á landi hafa blöðin meiri áhuga á skoðanakönnunum heldur en raunverulegum átakalínum. Auðveldasta leiðin, sem flestir fara, er að halda því fram að átakalínur séu engar, sem er ekki bara rangt heldur alrangt. En þetta er skiljanlegt. Með því að halda þessu fram er hægt að komast fyrir úr vinnunni ef maður er áhugalaus stjórnsmálskýrandi á lágum launum.

OKKUR ber að sjálfsögðu öllum skylda til þess að hrísta höfuðið yfir stjórnsmálsmönnum, fussa og sveia yfir gjörðum þeirra og láta stórar yfirlýsingar flakka um litla vitsmuni þeirra og allt það. Það er hluti af leiknum. Það sem hefur aftur á móti gerst á Íslandi er það að fólk upp til hópa er farið að trúá því að þar með sé málið útrætt. Punktur. En það er mikill misskilningur.

Í dag er kjördagur. Stjórnsmál snerta ekki bara okkar daglega líf og allt það, framtíð þjóðarinnar og svoleiðis. Þau eru líka spennandi. Skemmtileg. Ég ætla að grilla með vinum og kunningjum og spá í spilin fram á nótt. Kosningar eru árs-hátíð stjórnsmálanna. Dagur er risinn til að kjósa.

# Blómamarkaður 18. - 28. maí



REVELN hengipottur  
Ø25xH19 cm 690,-



SOMMAR blómappottar 3 stk.  
m/undirskál Ø8,5xH7 cm 190,-



PETÚNÍA sumarblóm  
ýmsir litir 490,-



# 590,-

BETA garðkanna  
galvaniseruð 2,7 l



BJURÖN blómakassi  
51x19x17 cm 1.490,-  
FEJKA gerviblóm 690,-



SOMMAR blómakassi  
56x24x18 cm 890,-



BLADET þrír blómappottar  
m/bakka Ø6xH8 cm 350,-



BETA blómavagn  
Ø30 cm 550,-



BJURÖN blómappottur  
16x16x13 cm 390,-



LÓBELÍA sumarblóm 390,-



SOMMAR blómappottur  
Ø18xH18 cm 490,-



690,-  
MYNTA blómappottur  
Ø37xH30 cm



ARRAK blómappottur  
Ø15xH13 cm 190,-



990,-  
STJÚPUR sumarblóm  
20 stk. ýmsir litir

Grilluð  
pylsa  
og gos  
um helgina  
**150,-**  
IKEA Restaurant

LAGERSALA  
30-80%  
afsláttur um helgina  
af sýnishornum og útlits-  
gölluðum vörum á meðan  
birgðir endast.

